

Útgefandalýsing

BLÁA LÓNIÐ

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 2

1 Áhættuþættir útgefanda 7

1.1 Áhætta tengd efnahagsumhverfi 7

1.2 Rekstraráhætta 8

1.2.1 Náttúruhamfarir og hætta á óviðráðanlegum ytri atvikum 8

1.2.2 Áhætta tengd fasteignum, baðstöðum og landfræðilegri staðsetningu eigna 10

1.2.3 Samningsáhætta og mikilvægir samningar 11

1.2.4 Áhætta tengd vöruþróun 12

1.2.5 Áhætta tengd þróunarverkefnum 12

1.2.6 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta 13

1.2.7 Áhætta tengd kjarasamningum 13

1.2.8 Útvistunaráhætta 14

1.2.9 Áhætta vegna framleiðslu á vörum 14

1.2.10 Áhætta vegna birgja og aðfanga í framleiðslu 15

1.2.11 Áhætta tengd upplýsingatækni 15

1.2.12 Áhætta vegna áætlana 16

1.2.13 Stefnumótunaráhætta 16

1.2.14 Vátryggingaráhætta 16

1.2.15 Áhættustýring félagsins og innra eftirlit 17

1.3 Markaðs-, atvinnugreina- og orðsporsáhætta 17

1.3.1 Áhætta tengd aðgengi að mörkuðum og erlendri eftirspurn 17

1.3.2 Áhætta tengd samkeppni 17

1.3.3 Orðsporsáhætta 18

1.3.4 Áhætta tengd vörumerkjum og hugverkaréttindum 18

1.4 Laga-, leyfis- og regluáhætta 19

1.4.1 Laga áhætta 19

1.4.2 Stjórnmálaumhverfi, lög og reglur 19

1.4.3 Skattaleg áhætta 20

1.4.4 Verðbréfalöggjöf 21

1.4.5 Umhverfis- og loftslagstengd áhætta 21

1.5 Fjárhagsleg áhætta 22

1.5.1 Lausafjáráhætta 22

1.5.2 Markaðsáhætta 23

1.5.3 Lánsáhætta (mótaðilaáhætta) 25

1.5.4 Reikningsskilaáhætta og samanburðarhæfni fjárhagsupplýsinga 26

1.6 Áhætta vegna uppbyggingar á eignarhaldi Bláa Lónsins 27
1.7 Áhættuþættir vegna kaupa á Arctic Adventures hf. 28
1.7.1 Samþætting Arctic Adventures við starfsemi útgefanda 28
1.7.2 Þynning eignarhluta og breyting á hluthafasamsetningu 28
1.7.3 Áhætta vegna áreiðanleikakannana og ófyrirséðra skuldbindinga 28
1.7.4 Áhætta vegna lykilstarfsmanna og viðskiptasambanda 29
2 Tilkynning til fjárfesta 30
2.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar 33
2.2 Ráðgjafar og umsjón með töku til viðskipta 34
2.3 Skjöl felld inn með tilvísun 35
2.4 Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis 35
2.5 Upplýsingar frá þriðja aðila 36
2.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda 36
2.7 Skilgreiningar og tilvísanir 37
2.8 Skammstafanir og hugtök 39
3 Upplýsingar um útgefandann 40
3.1 Útgefandi 40
3.2 Tilgangur 41
3.3 Lagaumhverfi 41
3.4 Landfræðileg staðsetning Bláa Lónsins 42
3.4.1 Umhverfisþættir sem kunna að hafa áhrif á útgefanda 43
3.5 Ágrip af sögu Bláa Lónsins 44
3.6 Skipulag samstæðunnar og starfsemi 50
3.6.1 Hlutverk og markmið 50
3.6.2 Skipulag starfseminnar 50
3.6.3 Starfsemi í Svartsengi 57
3.6.4 Dóttur- og hlutdeildarfélög 60
3.6.5 Framleiðsla 66
3.6.6 Hugverkaréttindi, vörumerki og leyfi 68
3.6.7 Gæðakerfi og vottanir 71
3.6.8 Stefnur og viðurkenningar 71
3.7 Rannsóknar- og þróunarverkefni 71
3.7.1 Rannsóknir og þróun 71
3.7.2 Þróunarverkefni 72
3.8 Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð útgefanda 73
3.8.1 Hringrásarhagkerfi 74

3.8.2 Umbúðir og plastnotkun 74
3.8.3 Hagaðilar og samfélag 74
3.9 Markaðir og samkeppni 75
3.9.1 Ferðaþjónusta í alþjóðlegu samhengi 75
3.9.2 Styrkleikar Bláa Lónsins í ljósi þróunar ferðaþjónustu 76
3.9.3 Samkeppnisstaða Bláa Lónsins 77
3.9.4 Íslensk ferðaþjónusta 78
3.9.5 Hótel, veitinga- og vellíðunarþjónusta 83
3.9.6 Húð- og snyrtivörur 85
3.10 Mikilvægir samningar 87
3.10.1 Samningur við HS Orku 87
3.10.2 Lóðarleigusamningar 89
3.10.3 Einkanytjaleyfissamningur 89
3.10.4 Samningur um kaup á Arctic Adventures 89
3.11 Fasteignir og aðrar eignir Bláa Lónsins 91
4 Upplýsingar um Arctic Adventures hf. 94
4.1 Almennar upplýsingar um Arctic Adventures 94
4.2 Saga og þróun 94
4.2.1 Helstu áfangar 95
4.2.2 Nýlegir mikilvægir atburðir 96
4.3 Meginstarfsemi 97
4.3.1 Viðskiptalíkan og tekjustoðir 97
4.3.2 Ferðir og afþreying 97
4.3.3 Áfangastaðir 97
4.3.4 Hótel og gisting 98
4.3.5 Ferðabílaleiga 98
4.3.6 Vörumerki 98
4.4 Lýsing á samstæðu og stjórnskipulag 98
4.4.1 Móðurfélag 98
4.4.2 Skipurit samstæðunnar 99
4.5 Félög samstæðunnar og hlutverk þeirra 99
4.5.1 Fyrirhuguð einföldun samstæðunnar 101
4.6 Upplýsingar um þróun 101
4.6.1 Verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum 101
4.6.2 Verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu 101
4.6.3 Afkomuáætlun Arctic Adventures fyrir árið 2027 101

4.7 Stjórn og framkvæmdastjórn 102
4.7.1 Stjórn 102
4.7.2 Framkvæmdastjórn 106
4.8 Stærstu hluthafar og yfirráð 110
4.8.1 Hlutafé og hluthafar 110
4.8.2 Hluthafasamkomulag AA 111
4.8.3 Fyrirhuguð breyting á yfirráðum 111
4.9 Fjárhagsupplýsingar Arctic Adventures 112
4.9.1 Sögulegar fjárhagsupplýsingar 112
4.9.2 Samantekinn rekstrarreikningur samstæðunnar 112
4.9.3 Samantekin fjárhagsstaða og sjóðstreymi 112
4.9.4 Endurskoðun sögulegra fjárhagsupplýsinga 113
4.9.5 Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu 113
4.10 Dómsmál og gerðardómsmál 113
4.11 Mikilvægir samningar 113
4.11.1 Kaupsamningur Bláa Lónsins um allt hlutafé í AA 113
4.11.2 Hluthafasamkomulag um Arctic Circle Hotels 114
4.11.3 Víkjandi lán til Arctic Circle Hotels 114
4.12 Löggiltir endurskoðendur 115
4.13 Áhættuþættir 115
4.13.1 Markaðs- og rekstraráhætta 115
4.13.2 Fjárhagsleg áhætta 117
4.13.3 Laga- og reglusetningaráhætta 118
4.14 Yfirlýsing Arctic Adventures 119
5 Fjárhagsupplýsingar 120
5.1 Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda 121
5.2 Rekstrarreikningur samstæðunnar 122
5.2.1 Rekstrarreikningur 122
5.3 Efnahagsreikningur samstæðunnar 124
5.3.1 Efnahagsreikningur 125
5.4 Sjóðstreymi 129
5.5 Fjárfestingar, þróun og horfur 131
5.5.1 Fjárfestingar, framkvæmdir og fjármögnun 131
5.5.2 Þróun og horfur 134
5.6 Afkomuáætlanir Bláa Lónsins 2026 og 2027 135
5.7 Pro forma fjárhagsupplýsingar 135

5.7.1 Pro forma rekstrarreikningur 136
5.7.2 Pro forma efnahagsreikningur 137
5.7.3 Skýrsla óháðs endurskoðanda um pro forma fjárhagsupplýsingarnar 139
6 Stjórnarhættir, stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur 141
6.1 Stjórnarhættir 141
6.2 Stjórn og yfirstjórn útgefanda 141
6.2.1 Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn 153
6.3 Undirnefndir stjórnar 154
6.3.1 Endurskoðunarnefnd 154
6.3.2 Starfskjaranefnd 155
6.4 Laun og hlunnindi stjórnar, yfirstjórnar og nefndarmanna fyrir fjárhagsárið 2025 . 156
6.4.1 Tengdir aðilar 158
6.5 Endurskoðendur 159
7 Hluthafar og hlutafé 159
7.1 Hluthafar 160
7.2 Hlutafé 161
7.3 Réttindi 161
7.3.1 Atkvæðisréttur 162
7.3.2 Arður 163
7.4 Hækkun eða lækkun hlutafjár 163
7.5 Þróun hlutafjár 164
7.6 Kaupréttir 165
8 Fjárfestakynning Bláa Lónsins 166

1 Áhættuþættir útgefanda

Hér er fjallað um þá áhættuþætti sem Bláa Lóninu hf., kt. 431023-1130, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík (hér eftir „**Bláa Lónið**“, „**útgefandinn**“, „**félagið**“ eða „**samstæðan**“) er kunnugt um og sem að mati félagsins eiga sérstaklega við um það og þá atvinnugrein sem það starfar innan.

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um þátttöku í almennu útboði á hlutum í Bláa Lóninu, sem fyrirhugað er dagana 10. – 13. nóvember 2026, eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins dagsettri 5. nóvember 2026, sem samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu þessari. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflunum um áhættuþætti sem finna má í lýsingu félagsins og gætu haft veruleg áhrif á rekstur Bláa Lónsins og fjárfestingar í hlutabréfum félagsins.

Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættuþáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og þar af leiðandi hrint af stað fleiri áhættuþáttum. Ekki er mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættuþátta á afkomu, efnahag eða virði hlutabréfa í Bláa Lóninu og slíkt mat væri þá háð því að aðrir áhættuþættir væru óbreyttir í einhvern tíma, sem sjaldnast er raunin. Hver áhættuþáttur getur haft margþætt og ítrekuð áhrif á rekstur og efnahag félagsins og þar með á verðmæti hlutabréfa í Bláa Lóninu, í meira eða minna mæli, bæði til skemmri og lengri tíma. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa. Framsetning og uppröðun eftirfarandi áhættuþátta fer eftir alvarleika þeirra, þar sem áhættuþættirnir eru flokkaðir og í hverjum flokki eru fyrst taldir upp alvarlegustu þættirnir, að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á hlutabréfin og líkunum á að þeir raungerist. Umfjöllun um þá áhættuþætti sem félaginu er kunnugt um og telur skipta máli varðandi mat á hlutabréfum í félaginu er að finna í fyrrgreindri verðbréfalýsingu Bláa Lónsins í kafla 1 „Áhættuþættir“. Sá kafli í verðbréfalýsingunni inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur samkvæmt bestu vitund eiga sérstaklega við um verðbréfin svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim.

Áhættuþættirnir eru háðir óvissu og útgefanda er ekki unnt að meta með vissu líkur á því að þeir raungerist. Þá kann útgefandi að verða ófær um að standa við skuldbindingar sínar vegna annarra atvika eða aðstæðna en þeirra sem hér eru tilgreindar sem áhættuþættir, miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um. Ekki er tryggt að umfjöllunin taki til allra þátta sem kunna að hafa áhrif á afkomu, fjárhagsstöðu eða rekstur félagsins í framtíðinni. Áhættuþættir sem teljast óverulegir í dag geta þróast þannig að þeir hafi veruleg áhrif síðar og nýir áhættuþættir, sem ekki eru þekktir á dagsetningu lýsingarinnar, kunna að koma fram.

1.1 Áhætta tengd efnahagsumhverfi

Starfsemi félagsins er að verulegu leyti háð erlendum ferðamönnum, en viðskiptavinir Bláa Lónsins eru að langmestu leyti erlendir ferðamenn. Almennar efnahagsaðstæður á Íslandi og á helstu markaðssvæðum félagsins geta því haft áhrif á rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu þess. Breytingar á efnahagsaðstæðum, svo sem hagvexti, ráðstöfunartekjum, atvinnustigi, verðbólgu, vaxtastigi og gengi, sem og breytingar á pólitískum stöðugleika og samgöngum, geta haft áhrif á vilja, getu og frelsi fólks til að ferðast. Sama gildir um vinnudeilur, náttúruhamfarir, heimsfaraldra, styrjaldir eða alþjóðlegar viðskiptadeilur. Vegna smæðar íslenska hagkerfisins getur það verið næmt fyrir breytingum á einhverjum framangreindra þátta og haft þau áhrif að almennar efnahagsaðstæður sveiflast meira en hjá öðrum ríkjum.

Bláa Lónið starfar í ferðaþjónustu með áherslu á heilsu- og vellíðunartengda þjónustu og rekur meðal annars baðstaði, hótel, veitingastaði og verslanir, auk þess sem félagið þróar og selur húðvörur á innlendum og erlendum mörkuðum. Ferðaþjónusta er almennt næm fyrir breytingum á efnahagsástandi. Lækkun kaupmáttar, aukið atvinnuleysi, hægari hagvöxtur, hækkun ferðakostnaðar eða lakari efnahagshorfur á helstu markaðssvæðum geta dregið úr fjölda ferðamanna til Íslands og eftirspurn eftir þjónustu og vörum félagsins.

Verðlagning á vörum og þjónustu félagsins er að grunni til í íslenskum krónum, en uppgjörsmynt félagsins er evra. Gengisþróun íslensku krónunnar getur því haft áhrif á tekjur, kostnað og afkomu félagsins. Styrking krónunnar getur að öðru óbreyttu haft jákvæð áhrif á tekjur félagsins í evrum, en kann jafnframt að draga úr samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar og hafa neikvæð áhrif á eftirspurn. Veiking krónunnar kann á hinn bóginn að hafa áhrif á kostnað, skuldir eða aðra liði eftir myntsamsetningu þeirra. Sjá nánar kafla 1.5.2.3 „Gjaldmiðlaáhætta“.

Verðbólga, verðbólguvæntingar og vaxtastig geta einnig haft áhrif á rekstrarkostnað, launakostnað, opinber gjöld, innlend aðföng, leigugreiðslur og fjármagnskostnað félagsins. Atvinnustig og samkeppni um starfsfólk geta jafnframt haft áhrif á launakostnað og getu félagsins til að manna starfsemi sína. Neikvæð þróun í efnahagsumhverfi, hvort sem er hér á landi eða erlendis, getur því haft neikvæð áhrif á gestafjölda, eftirspurn eftir þjónustu og vörum félagsins, tekjur, rekstur, afkomu, sjóðstreymi og fjárhagsstöðu þess.

1.2 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi eða tjóni sem getur orðið vegna fjölda þátta í allri starfsemi samstæðunnar. Rekstraráhætta getur skapast vegna ýmissa þátta í nærumhverfi félagsins, s.s. vegna vinnu starfsmanna, upplýsingatækni, viðskiptalegra ákvarðana, skipulags eða verkferla, en einnig vegna ytri þátta svo sem breytinga á lögum og reglum, efnahagsaðstæðna, almennra viðhorfa til starfsemi félagsins, náttúruhamfara, jarðhræringa eða annarra umhverfisþátta.

Félagið leitast við að stýra rekstraráhættu með það að markmiði að draga úr líkum á fjárhagslegu tjóni og vernda orðspor sitt. Í því felst meðal annars viðeigandi aðskilnaður starfa, eftirlit með viðskiptum, úttektir á fylgni við lög og reglur, þjálfun starfsfólks, innleiðing á virkum verkferlum, kaup á vátryggingum og markviss rekstraráætlanagerð. Félagið framkvæmir jafnframt reglulega áhættumat og endurmat á rekstrar- og ytri áhættum. Þrátt fyrir framangreindar ráðstafanir er ekki unnt að útiloka að rekstraráhætta raungerist og hafi neikvæð áhrif á rekstur, fjárhagsstöðu, afkomu eða orðspor félagsins.

1.2.1 Náttúruhamfarir og hætta á óviðráðanlegum ytri atvikum

Hugtakið *Force majeure* er notað yfir óviðráðanleg ytri atvik sem ekki verða séð fyrir og ekki er unnt að koma í veg fyrir þótt gerðar séu eðlilegar öryggisráðstafanir. Ýmis óviðráðanleg ytri atvik geta haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu félagsins. Slík atvik geta meðal annars falist í náttúruhamförum, svo sem eldgosum, jarðhræringum, jarðskjálftum, gróðureldum, flóðum, snjóflóðum og aurflóðum. Auk þess geta önnur ytri atvik, svo sem verkföll í ferðaþjónustu, heimsfaraldrar, stríðsátök, röskun á flugsamgöngum eða aðrar verulegar samgöngutruflanir, haft áhrif á ferðalög til Íslands og þar með á starfsemi félagsins. Slík atvik geta leitt til niðurfellingar eða tafa á flugi og öðrum samgöngum, raskað aðgengi að starfsstöðvum félagsins og valdið tekjutapi, auknum kostnaði og neikvæðum áhrifum á rekstur, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

Meginstarfsemi félagsins fer fram á háhitasvæðinu í Svartsengi á Reykjanesskaga þar sem meðal annars eru rekin baðlón, hótel, veitingastaðir og rannsókna- og þróunarsetur. Félagið á jafnframt fasteign í Grindavík, sem er leigð starfsmönnum félagsins. Svartsengi og Grindavík eru staðsett á virku jarðskjálfta- og eldfjallasvæði og er starfsemi félagsins því sérstaklega útsett fyrir áhrifum jarðhræringa og eldgosa.

Töluverðar jarðhræringar hófust á Reykjanesskaga árið 2021 og hafa staðið með hléum síðan. Frá desember 2023 til og með ágúst 2025 urðu níu eldgos á Sundhnúksgígaröðinni í nágrenni Svartsengis. Jarðhræringarnar höfðu bein áhrif á starfsemi félagsins. Í nóvember og desember 2023 og hluta janúar 2024 þurfti að rýma starfsstöðvar félagsins í Svartsengi, þar á meðal baðlónið, hótelin, veitingastaði, skrifstofur og rannsókna- og þróunarsetur, með tilheyrandi tekjuskerðingu.

Frá lokum síðasta eldgoss 5. ágúst 2025 hefur landris og kvikusöfnun undir Svartsengi haldið áfram. Samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands frá 27. október 2026 mælist landris áfram við Svartsengi með nokkuð stöðugum hraða og jarðskjálftavirkni er lítil. Nýjustu líkanreikningar Veðurstofu Íslands benda til þess að rúmmálsbreyting undir Svartsengi frá júlí 2025 til 16. ágúst 2026 hafi numið um 29,1 milljón rúmmetra. Jarðskjálftavirkni á Sundhnúksgígaröðinni og í grennd við Grindavík er áfram lítil og hættumat Veðurstofunnar er óbreytt. Hættumatið gildir til 5. janúar 2027, að því gefnu að virkni breytist ekki áður. Veðurstofa Íslands telur að á meðan kvikusöfnun undir Svartsengi heldur áfram sé líklegasta sviðsmyndin sú að kvikusöfnunartímabilinu ljúki með kvikuhlaupi og mögulegu eldgosi á Sundhnúksgígaröðinni.[1]

Í ljósi framangreinds eru jarðhræringar í nágrenni Svartsengis áfram verulegur áhættuþáttur fyrir félagið. Ekki er unnt að útiloka frekari jarðhræringar, eldgos, kvikuhlaup, landris, gasmengun, gosmóðu, sprungumyndun eða hraunrennsli á svæðinu. Þrátt fyrir að varnargarðar hafi verið reistir til að draga úr hættu af hraunrennsli er ekki unnt að útiloka að slík atvik leiði til rýminga, tímabundinna lokana, skerts aðgengis að starfsstöðvum félagsins eða skemmda á mannvirkjum og öðrum innviðum. Slík atvik geta haft veruleg neikvæð áhrif á getu félagsins til að veita þjónustu og þar með á tekjur, sjóðstreymi, rekstur, fjárhagsstöðu, afkomu og orðspor þess.

Í september 2026 voru birtar fyrstu niðurstöður endurskoðaðs áhættumats vegna öryggis fólks í Grindavík, sem Verkís hf., kt. 611276-0289, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík, vann fyrir Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Grindavíkurbæ og forsætisráðuneytið. Matssvæði skýrslunnar er Grindavíkurbær innan varnargarða og nær því ekki til Svartsengis. Skýrslan tekur ekki sérstaklega til áhættumats á starfsemi fyrirtækja, en í framhaldsvinnu verkefnisins er gert ráð fyrir að tekið verði tillit til annarrar starfsemi í Grindavík. Niðurstaða matsins er sú að öryggi fólks í Grindavík sé ásættanlegt, að því gefnu að mikilvægar vöktunar-, varnar- og viðbragðsaðgerðir haldist virkar. Áhættumatið er lifandi og niðurstöður þess geta breyst með skömmum fyrirvara ef aðstæður eða forsendur breytast. Niðurstöður skýrslunnar breyta ekki einar og sér mati á þeirri áhættu sem náttúruvá getur skapað fyrir starfsemi félagsins í Svartsengi, en þær kunna að hafa þýðingu við mat á öryggi og búsetu í íbúðum í eigu félagsins í Grindavík.[2]

Félagið endurmetur rekstraráhættu reglulega með hliðsjón af þróun jarðhræringa og annarra ytri áhættuþátta. Áhættumat félagsins, sem unnið var af verkfræðistofunni Eflu hefur verið uppfært eftir þörfum. Félagið hefur jafnframt innleitt viðbragðs- og rýmingaráætlanir vegna jarðhræringa

[1] https://www.vedur.is/um-vi/frettir/stadan-a-reykjanesskaga
[2] Sjá nánar greinargerð um endurskoðun áhættumats fyrir Grindavík: https://www.almannavarnir.is/wp-content/uploads/2026/09/Greinargerd-Grindavik-endurskodad-ahaettumat-fyrstu-nidurstodur.pdf

og eldgosa og starfrækir öryggisteymi sem hefur umsjón með öryggismálum og yfirferð öryggisáætlana. Þrátt fyrir framangreindar ráðstafanir er ekki unnt að útiloka að náttúruhamfarir eða önnur óviðráðanleg ytri atvik leiði til skemmda á eignum, rýminga, tímabundinna lokana eða skerts aðgengis að starfsstöðvum félagsins og hafi þar með veruleg neikvæð áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins.

Bláa Lónið vinnur jafnframt, í gegnum dótturfélög sín, að uppbyggingu ferðaþjónustu og afþreyingar utan Svartsengis, meðal annars í Kerlingarfjöllum og Þjórsárdal. Rekstur í Kerlingarfjöllum hófst í júlí 2023, en áfangastaðurinn er staðsettur á hálendi Íslands þar sem veður, ófærð og aðrar samgöngutakmarkanir geta haft áhrif á starfsemina. Slík atvik geta leitt til þess að félagið geti ekki efnt skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða þurfi að endurgreiða bókaða þjónustu, sem getur haft neikvæð áhrif á rekstur, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

Félagið getur ekki stjórnað þeirri áhættu sem stafar af náttúruhamförum eða öðrum óviðráðanlegum ytri atvikum og því er ekki unnt að útiloka að slík atvik hafi veruleg neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, sjóðstreymi og fjárhagsstöðu félagsins.

1.2.2 Áhætta tengd fasteignum, baðstöðum og landfræðilegri staðsetningu eigna

Félagið á flestar þær fasteignir sem hýsa kjarnastarfsemi þess, þar á meðal baðlón, rannsókna- og þróunarsetur og önnur mannvirki í Svartsengi. Hluti fasteigna félagsins er staðsettur á leigulandi í eigu Grindavíkurbæjar. Félagið á jafnframt fasteign í Grindavík og hefur gert leigusamninga við utanaðkomandi aðila um húsnæði undir skrifstofur, verslanir, lagera, verkstæði og þvottahús.

Kjarnastarfsemi félagsins er að verulegu leyti staðsett á háhitasvæðinu í Svartsengi á Reykjanesskaga, þar sem jarðhræringar og eldvirkni hafa verið viðvarandi á síðustu árum. Byggingar félagsins í Svartsengi eru hannaðar með tilliti til jarðskjálftahættu og hafa skemmdir á fasteignum félagsins verið óverulegar þrátt fyrir jarðhræringar síðustu ára. Önnur mannvirki, svo sem þjónustuhús og bílastæði, hafa hins vegar orðið fyrir beinum áhrifum af hraunrennsli. Þrátt fyrir óverulegar skemmdir á fasteignum félagsins er ekki unnt að útiloka að frekari jarðskjálftar, eldgos, hraunrennsli, gasmengun, skemmdir á innviðum eða skert aðgengi hafi áhrif á möguleika félagsins til að nýta fasteignir, baðlón og aðrar eignir sínar. Slík atvik geta gert eignir félagsins ótekjuberandi um lengri eða skemmri tíma, valdið skemmdum á eignum eða haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi félagsins.

Félagið vinnur jafnframt að uppbyggingu ferðaþjónustu og afþreyingar utan Svartsengis, meðal annars í Kerlingarfjöllum og Þjórsárdal. Rekstur hófst í Kerlingarfjöllum í júlí 2023, en áfangastaðurinn er á hálendi Íslands þar sem veður og færð geta takmarkað aðgengi. Í Þjórsárdal stendur yfir uppbygging hótelsins Mountain Retreat í Rauðukömbum og baðstaðarins Fjallabaðanna, ásamt tengdri ferðaþjónustu. Þar sem þessir áfangastaðir eru fjarri þéttbýli geta óveður, ófærð eða aðrar samgöngutruflanir takmarkað aðgengi viðskiptavina og starfsfólks og þar með getu félagsins til að veita bókaða þjónustu. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á tekjur, rekstur, afkomu og orðspor félagsins. Sjá nánar kafla 3.6.4.2 „Kerlingarfjöll ehf.“ og kafla 3.6.4.1 „Íslenskar Heilsulindir ehf. – Rauðukambar ehf.“.

Félagið ber ábyrgð á viðhaldi og endurnýjun eigin húsnæðis og annarra eigna þannig að þær fullnægi þörfum rekstrarins og kröfum opinberra aðila, viðskiptavina og starfsfólks. Ef viðhaldi eða nauðsynlegum fjárfestingum er ekki sinnt tímanlega, kostnaður reynist umfram áætlanir eða félagið nær ekki að afla nauðsynlegs fjármagns til framkvæmda, getur það haft neikvæð áhrif á

rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu félagsins. Þá eru margar fasteignir og aðrar eignir félagsins sérhannaðar fyrir starfsemi þess, þar á meðal baðlón félagsins. Ef starfsemi í Svartsengi eða á öðrum starfsstöðvum félagsins raskast verulega kann félaginu að reynast erfitt, kostnaðarsamt eða ómögulegt að finna sambærilegt húsnæði eða aðstöðu innan ásættanlegs tíma.

Framangreindir þættir geta takmarkað möguleika félagsins til að nýta fasteignir, baðlón og aðrar eignir sínar, leitt til þess að eignir verði tímabundið eða varanlega ótekjuberandi eða valdið tjóni á eignum félagsins. Slík staða getur haft veruleg neikvæð áhrif á tekjur, rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu, orðspor og rekstrarhæfi félagsins.

Fasteignamat, lóðarleiga, fasteignagjöld og önnur opinber gjöld geta tekið breytingum frá ári til árs. Breytingar á álagningu fasteignagjalda, lóðarleigu eða annarra opinberra gjalda geta aukið kostnað félagsins og haft neikvæð áhrif á afkomu þess. Við upptöku félagsins á IFRS-reikningsskilastöðlum 1. janúar 2022 var framkvæmt virðismat á fasteignum félagsins og virði þeirra uppfært til samræmis við það mat.

1.2.3 Samningsáhætta og mikilvægir samningar

Félagið er aðili að ýmsum samningum sem skipta máli fyrir rekstur þess, þar á meðal fjármögnunar-, leigu-, innkaupa-, sölu-, dreifingar- og þjónustusamningum. Samningar félagsins kunna að fela í sér áhættu vegna vanefnda, ágreinings um túlkun samningsákvæða, riftunar, endurskoðunar skilmála eða þess að gagnaðilar standi ekki við skuldbindingar sínar. Slík atvik geta haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu, sjóðstreymi eða orðspor félagsins.

Lánssamningar félagsins fela í sér hefðbundin vanefndaákvæði, meðal annars vegna vanskila á samningsbundnum greiðslum, afleiddra vanefnda, veðsetningarbanns og takmarkana á verulegum breytingum á starfsemi félagsins án samþykkis lánveitenda. Tilteknir samningar félagsins innihalda jafnframt ákvæði sem kunna að veita viðsemjendum, svo sem lánveitendum félagsins, gjaldfellingarheimild eða heimild til uppsagnar við breytingar á eignarhaldi félagsins. Verði félagið ófært um að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lánssamningum kann það að leiða til gjaldfellingar lána eða annarra úrræða lánveitenda. Sjá nánar kafla 5.3.1.3 „Lánaskilmálar“.

Viðskiptasambönd félagsins við birgja, endursöluaðila og aðra samstarfsaðila eru mikilvæg fyrir rekstur félagsins, þótt framlegð eða rekstrarafkoma þess ráðist ekki af viðskiptum við einn einstakan endursöluaðila. Sumir samningar félagsins eru formbundnir skriflegir samningar en önnur viðskiptasambönd byggjast á staðfestu samkomulagi, meðal annars með tölvupósti eða öðrum viðskiptavenjum. Riftun, vanefndir eða verulegar breytingar á slíkum samningum eða viðskiptasamböndum geta haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

Kjarnastarfsemi félagsins í Svartsengi byggist að verulegu leyti á samningi við HS Orku hf. um notkun jarðsjávar. Samningurinn veitir félaginu rétt til notkunar jarðsjávar í Svartsengi til afþreyingar, heilsubaða, lækninga og framleiðslu húð- og heilsuvara þar sem nýtt eru steinefni og lífræn efni jarðsjávarins. Samningurinn gildir til ársloka 2044. Riftunarákvæði samningsins eru hefðbundin og lúta meðal annars að greiðslufalli samningsbundinna greiðslna. Verði samningurinn ekki framlengdur í óbreyttri mynd, verði skilmálar hans teknir til endurskoðunar á óhagstæðum forsendum fyrir félagið eða verði HS Orka ófær um að efna skuldbindingar sínar, meðal annars vegna óviðráðanlegra atvika, getur það haft veruleg neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll, afkomu, fjárhagsstöðu og sjóðstreymi félagsins. Sjá nánar kafla 3.10 „Mikilvægir samningar“ og kafla 1.2.1 „Náttúruhamfarir og hætta á óviðráðanlegum ytri atvikum“.

Félagið hefur jafnframt gert leigusamninga við utanaðkomandi aðila vegna húsnæðis undir skrifstofur, verslanir, lagerhúsnæði, verkstæði og þvottahús, auk þess sem félagið leigir rými og kaupir þjónustu í vöruhúsum erlendis. Leigusamningar félagsins eru að hluta verðtryggðir og einn þeirra tengdur veltu verslunar. Gildistími samninganna er allt að fimm ár frá dagsetningu lýsingar þessarar. Verði félagið ófært um að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt leigusamningum geta leigusalar eftir atvikum nýtt vanefndaúrræði, þar á meðal riftun. Slík staða getur haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið, einkum ef sambærilegt húsnæði fæst ekki á sambærilegum kjörum, með sambærilegri staðsetningu eða innan ásættanlegs tíma.

1.2.4 Áhætta tengd vöruþróun

Breyttar neysluvenjur, auknar kröfur neytenda og breytingar á eftirspurn geta haft áhrif á sölu vara félagsins og þar með á rekstur og afkomu þess. Vöruþróun er hluti af starfsemi félagsins og miðar meðal annars að því að þróa nýjar vörur, nýta auðlindir nærumhverfisins og mæta breyttum þörfum viðskiptavina.

Í rannsókna- og þróunarsetri félagsins í Svartsengi eru stundaðar hagnýtar rannsóknir á jarðhitavökva, uppleystum steinefnum, lífríki og orku tengdri Bláa Lóninu. Rannsóknirnar styðja meðal annars við þróun og framleiðslu húðvara, snyrtivara, baðvara og annarra heilsutengdra vara sem félagið markaðssetur innanlands og erlendis. Félagið hefur þróað þrjár meginvörulínur: Spa vörulínu, meðferðarlínu og BL+ línu.

Ekki er tryggt að vöruþróun félagsins skili tilætluðum árangri, að nýjar vörur nái fótfestu á markaði eða að þær mæti væntingum viðskiptavina. Þá kann kostnaður vegna rannsókna og vöruþróunar að verða óafturkræfur ef verkefni skila ekki markaðshæfum vörum eða ásættanlegri arðsemi. Verði rannsókna- og þróunarsetur félagsins óstarfhæft, meðal annars vegna náttúruhamfara, eða ef félagið hefur ekki áfram aðgang að þeim hráefnum eða réttindum sem starfsemin byggist á, getur það haft neikvæð áhrif á tekjur, vaxtaráform, afkomu, virði vörumerkja og orðspor félagsins. Sjá nánar kafla 1.2.1 „Náttúruhamfarir og hætta á óviðráðanlegum ytri atvikum“ og kafla 1.5.1 „Lausafjáráhætta“.

1.2.5 Áhætta tengd þróunarverkefnum

Félagið vinnur að þróunarverkefnum og fjárfestingum sem miða að því að viðhalda og auka verðmæti félagsins, meðal annars með nýtingu sérþekkingar þess á sviði vellíðunartengdrar þjónustu. Auk uppbyggingar og viðhalds í Svartsengi og þróunar húð- og snyrtivara hefur félagið sett sér stefnu um uppbyggingu vellíðunartengdrar ferðaþjónustu víðar á Íslandi.

Þróunarverkefni fela almennt í sér meiri óvissu en fjárfestingar í fullbúnum eignum. Slík verkefni byggja meðal annars á áætlunum um eftirspurn, kostnað, framkvæmdatíma, fjármögnun, leyfi, arðsemi, rekstrarkostnað eftir opnun og ytri aðstæður. Rangt mat á þessum þáttum, tafir, kostnaðarframúrkeyrsla, breyttar forsendur eða óhagstæð þróun markaðsaðstæðna getur leitt til þess að virði þróunarverkefna eða eigna í rekstri verði lægra en fjárfestingarkostnaður eða bókfært virði þeirra. Sjá nánar kafla 1.2.12 „Áhætta vegna áætlana“.

Félagið vinnur, í gegnum dóttur- og hlutdeildarfélög, að uppbyggingu á nokkrum stöðum á landinu, meðal annars í Þjórsárdal og Hoffelli. Verkefnin eru á mismunandi þróunar- og rekstrarstigi og kunna að vera háð skipulagsmálum, umhverfismati, framkvæmda- og nýtingarleyfum, starfsleyfum, samningum við ríki, sveitarfélög eða aðra aðila og öðrum opinberum heimildum. Engin vissa er fyrir því að félagið fái öll nauðsynleg leyfi eða heimildir fyrir núverandi eða

framtíðarþróunarverkefni, eða að slík leyfi fáist á þeim tíma, með þeim skilyrðum eða á þeim kostnaði sem áætlanir félagsins gera ráð fyrir.

Öflun leyfa, breytingar á skipulagi, krafa um umhverfismat eða önnur stjórnsýslumeðferð getur leitt til tafa, aukins kostnaðar, breytinga á umfangi verkefna eða þess að verkefni verði ekki framkvæmd í fyrirhugaðri mynd. Sama á við ef framkvæmdir reynast flóknari, dýrari eða tímafrekari en áætlað var. Slík frávik geta haft neikvæð áhrif á vænt sjóðstreymi, rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og arðsemi félagsins.

1.2.6 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Starfsemi félagsins byggist að verulegu leyti á reynslu og þekkingu stjórnenda, lykilstarfsmanna og annars starfsfólks, meðal annars á sviði ferðaþjónustu, reksturs baðstaða, hótela, veitinga, verslana og rannsókna og vöruþróunar. Áframhaldandi vöxtur og rekstrarárangur félagsins er háður því að félaginu takist að laða að, þjálfa og halda í hæft starfsfólk.

Félagið leggur ríka áherslu á að laða að, þróa og halda í hæft starfsfólk með markvissri mannauðsstjórnun, góðum starfsskilyrðum og samkeppnishæfum kjörum. Í því skyni hefur félagið meðal annars innleitt jafnlaunastefnu, launastefnu, fræðslustefnu og stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað. Þrátt fyrir þessar áherslur getur samkeppni um starfsfólk, skortur á hæfu vinnuafli, aukin starfsmannavelta eða brotthvarf lykilstarfsmanna haft áhrif á þjónustugæði, rekstur, þróun starfseminnar og orðspor félagsins, auk þess sem það kann að leiða til aukins launa- og þjálfunarkostnaðar.

Atvik á borð við jarðhræringar, eldgos eða aðra óvissu í nærumhverfi starfsstöðva félagsins kunna að hafa áhrif á vilja eða getu starfsfólks til að starfa áfram hjá félaginu. Á dagsetningu lýsingarinnar hefur félagið ekki orðið fyrir verulegu brottfalli starfsfólks í tengslum við undangengnar jarðhræringar.

Takist félaginu ekki að ráða til sín hæft starfsfólk, halda í lykilstarfsmenn eða tryggja fullnægjandi þjálfun og þjónustugæði getur það haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

1.2.7 Áhætta tengd kjarasamningum

Starfsemi félagsins er háð starfsfólki þess og þjónustu aðila sem sinna verkefnum fyrir félagið. Vinnudeilur, verkföll eða verkbönn sem varða starfsfólk félagsins, þjónustuaðila þess eða aðra aðila sem hafa áhrif á ferðaþjónustu og samgöngur geta hamlað starfsemi félagsins eða stöðvað hana að hluta eða öllu leyti um lengri eða skemmri tíma.

Starfsfólk Bláa Lónsins tilheyrir fjölmörgum stéttarfélögum, en meirihluti þess tilheyrir Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, Verkalýðsfélagi Grindavíkur og VR. Ef kjarasamningar renna út án þess að nýir samningar náist getur skapast hætta á vinnudeilum eða verkfallsaðgerðum sem kunna að hafa neikvæð áhrif á getu félagsins til að halda uppi þjónustu, manna starfsstöðvar og sinna viðskiptavinum.

Launahækkanir eða breytt kjör samkvæmt kjarasamningum geta aukið rekstrarkostnað félagsins. Félagið kann að þurfa að mæta slíkum kostnaðarhækkunum með verðhækkunum, hagræðingu eða öðrum mótvægisaðgerðum. Takist slíkar aðgerðir ekki, eða hafi þær neikvæð áhrif á eftirspurn, getur það haft neikvæð áhrif á framlegð, rekstur, afkomu og sjóðstreymi félagsins.

Vinnudeilur hjá öðrum aðilum, svo sem í flugsamgöngum, almenningssamgöngum, vöruflutningum, ferðaþjónustu eða hjá þjónustuaðilum félagsins, geta jafnframt takmarkað aðgengi ferðamanna, starfsfólks eða aðfanga að starfsstöðvum félagsins. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á tekjur, rekstur, afkomu og orðspor félagsins, einkum ef aðgerðir vara lengi eða koma fram á háannatíma.

1.2.8 Útvistunaráhætta

Félagið útvistar tilteknum verkefnum til þriðju aðila, meðal annars verkefnum sem tengjast framleiðslu húðvara, arkitektúr og verkfræði áfangastaða, hluta upplýsingakerfa, samskiptakerfum söludeildar og akstri viðskiptavina og starfsfólks. Bókunarvél og framendavefir eru hins vegar rekin og þróuð af félaginu sjálfu. Útvistun getur falið í sér áhættu vegna minni yfirsýnar og stjórnunar félagsins, aukins kostnaðar, rekstrartruflana eða þess að þjónusta útvistunaraðila sé ekki í samræmi við samninga eða þarfir félagsins.

Útvistunaraðilar félagsins kunna jafnframt að verða fyrir rekstrartruflunum, fjárhagslegum erfiðleikum, gjaldþroti eða öðru tjóni sem getur haft áhrif á getu þeirra til að veita félaginu umsamda þjónustu. Verði félagið fyrir slíkum truflunum kann það að þurfa að finna nýja þjónustuaðila með skömmum fyrirvara, sem getur leitt til aukins kostnaðar, tafa, skertrar framleiðslu eða þjónustu og neikvæðra áhrifa á rekstur, afkomu, sjóðstreymi og orðspor félagsins. Sjá nánar kafla 1.2.9 „Áhætta vegna framleiðslu á vörum“.

1.2.9 Áhætta vegna framleiðslu á vörum

Bláa Lónið framleiðir húð- og heilsuvörur þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni úr jarðsjó Bláa Lónsins. Félagið stefnir að aukinni sölu vara erlendis og er því háð því að framleiðsluferlar, aðföng, hráefnavinnsla, gæðakerfi og dreifing styðji við þá eftirspurn.

Í rannsókna- og þróunarsetri félagsins í Svartsengi fer fram hluti hráefnavinnslu, framleiðslu, blöndunar og pökkunar. Hluta framleiðsluferlisins er jafnframt útvistað til undirverktaka erlendis, meðal annars í Frakklandi og Danmörku. Framleiðsla félagsins er því háð bæði eigin búnaði og starfsfólki félagsins, en einnig getu þriðju aðila til að framleiða og afhenda vörur, hráefni, íhluti og þjónustu í samræmi við þarfir félagsins. Truflanir í aðfangakeðju, lengri afhendingartími, skortur á tilteknum íhlutum eða röskun hjá undirverktökum geta leitt til tafa, vöruskorts, aukins kostnaðar eða tekjutaps.

Hráefnavinnsla og framleiðsluferlar félagsins eru tæknilega flókin og byggjast á sérhæfðum búnaði, viðhaldi, þjálfun starfsfólks og virkum gæðakerfum. Framleiðslan fer fram samkvæmt stjórnkerfi félagsins, sem er meðal annars vottað samkvæmt ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001. Framleiðsla hráefna er jafnframt byggð á verklagi í samræmi við ISO 22716 um góða framleiðsluhætti í snyrtivöruframleiðslu. Þrátt fyrir slíkar ráðstafanir er ekki unnt að útiloka bilanir, mannleg mistök, mengun, framleiðslugalla eða frávik frá gæðakröfum.

Ef félaginu tekst ekki að framleiða vörur í samræmi við áætlanir, uppfylla eftirspurn eða tryggja fullnægjandi gæði vara, kann það að leiða til tafa, vöruskorts, innkallana, aukins kostnaðar eða tekjutaps. Ítrekuð gæðavandamál eða afhendingartruflanir geta jafnframt haft neikvæð áhrif á eftirspurn eftir vörum félagsins, tekjur, afkomu, orðspor og virði vörumerkja þess.

1.2.10 Áhætta vegna birgja og aðfanga í framleiðslu

Starfsemi félagsins er háð því að félagið hafi aðgang að vörum, hráefnum og öðrum aðföngum á ásættanlegum kjörum. Verð á vörum, hráefnum og flutningi getur tekið örum breytingum, bæði til skemmri og lengri tíma, vegna markaðsaðstæðna sem félagið hefur takmarkaða stjórn á. Hækkanir á innkaupsverði, flutningskostnaði eða öðrum aðfangakostnaði geta aukið rekstrarkostnað félagsins og haft neikvæð áhrif á framlegð, afkomu og arðsemi þess.

Tiltekin hráefni og aðföng skipta sérstaklega miklu máli fyrir starfsemi félagsins, þar á meðal hráefni sem notuð eru í húðvörur félagsins, jarðsjór frá HS Orku sem nýttur er í baðlóni og hráefnavinnslu í Svartsengi, auk aðfanga vegna veitingareksturs. Aðgangur að jarðsjó og tengdum hráefnum byggist á samningi félagsins við HS Orku, dags. 21. febrúar 2011. Skortur á lykilhráefnum, truflanir á afhendingu eða verulegar verðhækkanir geta haft hamlandi áhrif á framleiðslu, þjónustu og rekstur félagsins, einkum ef truflanir eru viðvarandi. Sjá nánar kafla 1.5.1 „Lausafjáráhætta“ og kafla 1.2.1 „Náttúruhamfarir og hætta á óviðráðanlegum ytri atvikum“.

Félagið kann að eiga erfitt með að finna staðgengla fyrir tiltekin hráefni, vörur eða þjónustu án þess að það hafi áhrif á gæði, sérstöðu eða afhendingargetu félagsins. Brestur í viðskiptasambandi við birgja, skortur á aðföngum eða verulegar verðhækkanir geta því leitt til tafa, aukins kostnaðar, skertrar framleiðslu eða þess að félagið þurfi að velta hækkunum út í verð til viðskiptavina. Slík staða getur dregið úr eftirspurn eftir vörum eða þjónustu félagsins og haft neikvæð áhrif á tekjur, rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

Öryggi og gæði vara félagsins eru jafnframt háð því að birgjar uppfylli viðeigandi kröfur um gæði, rekjanleika, heilbrigði og öryggi. Ef birgjar félagsins uppfylla ekki slíkar kröfur, eða ef félagið nær ekki að bregðast tímanlega við breytingum á lagaumhverfi, gæðakröfum eða neysluvenjum, getur það haft neikvæð áhrif á framleiðslu, sölu, orðspor og traust viðskiptavina til félagsins.

1.2.11 Áhætta tengd upplýsingatækni

Rekstur félagsins er háður skilvirkum og öruggum upplýsingakerfum, meðal annars vegna bókana, greiðslumiðlunar, vefverslunar, samskipta við viðskiptavini, verslunarreksturs og innri starfsemi. Truflanir, bilanir eða öryggisbrestir í upplýsingakerfum félagsins geta haft neikvæð áhrif á daglega starfsemi, þjónustugæði, tekjuöflun og rekstur félagsins.

Upplýsingakerfi félagsins eru að hluta rekin og hýst af utanaðkomandi aðilum, en tiltekin grunnupplýsingakerfi eru hýst í eigin kerfisrýmum félagsins. Félagið tekur afrit af gögnum samkvæmt skipulögðum verkferlum og hefur unnið að uppfærslu upplýsingakerfa, innviða og stafrænna lausna. Þrátt fyrir slíkar ráðstafanir er ekki unnt að útiloka truflanir vegna bilana í vélbúnaði, hugbúnaði, netkerfum, nettengingum, rafmagni eða kælibúnaði, eða vegna vandamála hjá hýsingaraðilum, greiðslumiðlum, gagnaveitum, útvistunaraðilum eða öðrum þjónustuaðilum félagsins.

Félagið kann jafnframt að verða fyrir netöryggisatvikum, svo sem óheimilum aðgangi að kerfum, tölvuárásum, dulkóðun eða eyðingu gagna, tölvuvírusum, innri brotum eða öðrum öryggisbrestum. Slík atvik geta leitt til taps eða röskunar á gögnum, óheimils aðgangs að viðkvæmum upplýsingum, truflana á þjónustu, aukins kostnaðar, stjórnvaldsviðurlaga, málaferla eða tjóns fyrir viðskiptavini félagsins.

Ef félagið nær ekki að viðhalda öruggum, skilvirkum og nægilega þróuðum upplýsingakerfum, eða bregðast tímanlega við tæknilegum breytingum og auknum öryggiskröfum, getur það haft neikvæð áhrif á rekstur, tekjur, afkomu, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

1.2.12 Áhætta vegna áætlana

Félagið gerir reglulega áætlanir, þar á meðal rekstrarspár, og tekur viðskiptalegar ákvarðanir á grundvelli þeirra. Slíkar áætlanir byggja á fjölda forsendna, meðal annars um fjölda ferðamanna til landsins, eftirspurn eftir þjónustu félagsins og sölu vara innanlands og erlendis.

Ekki er tryggt að þær forsendur gangi eftir eða að raunverulegar niðurstöður verði í samræmi við áætlanir félagsins. Ytri efnahagslegir þættir, breytingar á ferðaeftirspurn, gengissveiflur, óviðráðanleg atvik eða skert aðgengi að vörum og þjónustu félagsins geta leitt til verulegra frávika frá áætlunum. Slík frávik geta haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins, einkum ef áætlanir reynast ítrekað ekki í samræmi við raunverulegar niðurstöður.

1.2.13 Stefnumótunaráhætta

Stefnumótunaráhætta er hætta á að viðskiptalegar ákvarðanir félagsins, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi hafi neikvæð áhrif á rekstur, afkomu eða fjárhagsstöðu félagsins. Félaginu kann að mistakast að framfylgja yfirlýstri stefnu sinni, meðal annars vegna rangra forsendna, ófullnægjandi framkvæmdar, eigin ákvarðana eða breytinga á ytri aðstæðum.

Rekstur félagsins er meðal annars næmur fyrir breytingum á fjölda ferðamanna til Íslands, gengissveiflum, þróun efnahagslífs á helstu markaðssvæðum og breytingum á eftirspurn eftir þjónustu og vörum félagsins. Reynist stefna félagsins röng, verði henni ekki hrint í framkvæmd með skilvirkum hætti eða bregðist félagið of seint við breytingum í rekstrarumhverfi sínu getur það haft neikvæð áhrif á tekjur, rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og samkeppnisstöðu félagsins.

1.2.14 Vátryggingaráhætta

Félagið kaupir almennar vátryggingar vegna starfsemi sinnar, þar á meðal bruna- og húseigendatryggingar, ábyrgðartryggingar, ökutækjatryggingar, tryggingar vegna lausafjár, rekstrarstöðvunartryggingar[3], persónutryggingar og slysatryggingar. Lausafé og byggingar félagsins eru jafnframt brunatryggð hjá vátryggingafélagi félagsins og beint tjón vegna náttúruhamfara fellur undir bótaskyldu Náttúruhamfaratryggingar Íslands.[4]

Ekki er tryggt að vátryggingar félagsins eða bætur frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands bæti allt tjón sem félagið kann að verða fyrir. Bótagreiðslur geta meðal annars takmarkast af sjálfsábyrgð, vátryggingarfjárhæðum, undanþágum, skilyrðum eða öðrum takmörkunum á bótaskyldu. Félagið kann því að þurfa að bera sjálft kostnað vegna tjóns að hluta eða öllu leyti.

Ófullnægjandi vátryggingavernd, takmörkuð bótaskylda eða tafir á uppgjöri tjóna geta haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og sjóðstreymi félagsins. Þá getur hækkun iðgjalda eða breytingar á vátryggingakjörum aukið kostnað félagsins og dregið úr arðsemi þess.

[3] Rekstrarstöðvunartryggingar Bláa Lónsins bæta ekki tjón af völdum rekstrarstöðvunar vegna náttúruhamfara.

[4] Sjá nánar reglugerð nr. 770/2023, um Náttúruhamfaratryggingu Íslands: https://island.is/reglugerdir/nr/0770-2023
og lög um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga: https://www.althingi.is/altext/154/s/0563.html

1.2.15 Áhættustýring félagsins og innra eftirlit

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að greina, meta, vakta og stýra helstu áhættum sem hún stendur frammi fyrir. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega með hliðsjón af breytingum á rekstri, markaðsaðstæðum og ytra umhverfi samstæðunnar.

Stjórnkerfi Bláa Lónsins er vottað samkvæmt ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001, sem lúta að gæðastjórnun, umhverfisstjórnun og stjórnun heilsu- og öryggismála. Staðlarnir byggjast á áhættumiðaðri nálgun og styðja við skilgreiningu, mat og stýringu mikilvægra þátta í rekstri félagsins. Bláa Lónið hlaut jafnlaunavottun samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012 árið 2018 og hefur viðhaldið vottun síðan þá. Félagið heldur skrár yfir helstu rekstrar- og viðskiptalegar áhættur. Þar eru áhættur metnar með hliðsjón af líkindum og mögulegum afleiðingum, auk þess sem skilgreindar eru stýringar vegna þeirra áhætta sem teljast mikilvægastar. Áhættuskrárnar eru rýndar reglulega af framkvæmdastjórn félagsins og neyðaráætlanir félagsins taka mið af þeim, meðal annars í samvinnu við viðeigandi viðbragðsaðila í nærumhverfi félagsins.

Þrátt fyrir að félagið hafi innleitt áhættustýringu, öryggisráðstafanir og innra eftirlit er ekki unnt að útiloka að slík kerfi eða ferlar reynist ófullnægjandi, að áhættur séu ekki greindar tímanlega eða að ráðstafanir félagsins dugi ekki til að koma í veg fyrir tjón. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

1.3 Markaðs-, atvinnugreina- og orðsporsáhætta

1.3.1 Áhætta tengd aðgengi að mörkuðum og erlendri eftirspurn

Starfsemi félagsins er að verulegu leyti háð erlendum ferðamönnum og aðgengi þeirra að Íslandi og starfsstöðvum félagsins. Stærstur hluti gesta á starfsstöðvum Bláa Lónsins eru erlendir ferðamenn. Óviðráðanleg atvik eins og ófærð og náttúruhamfarir, skertar flugsamgöngur, hækkun ferðakostnaðar eða breytingar á ferðaeftirspurn geta takmarkað aðgengi ferðamanna að þjónustu félagsins. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á gestafjölda, tekjur, rekstur, afkomu og sjóðstreymi félagsins. Sjá nánar kafla 1.2.1 „Náttúruhamfarir og hætta á óviðráðanlegum ytri atvikum“.

Félagið selur húðvörur sínar á alþjóðlegum mörkuðum, í verslunum félagsins á Íslandi, í gegnum aðrar söluleiðir á Íslandi og í gegnum vefverslanir. Sala og dreifing á erlendum mörkuðum er háð aðgengi að viðkomandi mörkuðum, viðeigandi leyfum, tollum, reglum um snyrtivörur og neytendavörur, dreifileiðum og virkni innri ferla og samstarfsaðila félagsins. Skert aðgengi að lykilmörkuðum, tafir eða takmarkanir á sölu og dreifingu, skortur á tilskildum leyfum eða breytingar á regluverki geta haft neikvæð áhrif á sölu, tekjur og afkomu félagsins. Sjá nánar kafla 3.6.6 „Hugverkaréttindi, vörumerki og leyfi“.

Félagið er í samkeppni við innlenda og erlenda aðila sem bjóða sambærilega eða staðgengla þjónustu og vörur. Aukin samkeppni, breyttar aðstæður á helstu markaðssvæðum, aðgerðir stjórnvalda eða breytingar á dreifileiðum geta haft neikvæð áhrif á eftirspurn, verðlagningu, tekjuflæði, framlegð og afkomu félagsins.

1.3.2 Áhætta tengd samkeppni

Félagið starfar á samkeppnismörkuðum, bæði hér á landi og erlendis. Starfsemi félagsins felst einkum í ferðaþjónustu með áherslu á heilsu- og vellíðunartengda þjónustu, rekstri baðstaða, hótela, veitingastaða og verslana, auk þróunar og sölu húðvara á innlendum og erlendum mörkuðum. Hörð eða aukin samkeppni á þeim mörkuðum sem félagið starfar á getur leitt til minni

markaðshlutdeildar, verðþrýstings, aukins markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga eða breytinga á viðskiptamódeli félagsins. Slík þróun getur haft neikvæð áhrif á tekjur, framlegð, afkomu, arðsemi og samkeppnisstöðu félagsins.

Félagið keppir um erlenda ferðamenn við aðra áfangastaði, afþreyingu og vellíðunartengda þjónustu, bæði á Íslandi og erlendis. Baðstaðir félagsins eru ekki aðeins í samkeppni við aðra baðstaði hér á landi heldur einnig aðra upplifun og afþreyingu sem ferðamönnum stendur til boða. Hótel félagsins eru jafnframt í samkeppni við önnur hótel á Suðurnesjum, á höfuðborgarsvæðinu og víðar á Íslandi, þar á meðal hótel sem bjóða sambærileg gæði eða vellíðunartengda þjónustu. Takist félaginu ekki að viðhalda samkeppnishæfu verði, þjónustustigi, gæðum og aðdráttarafli getur það haft neikvæð áhrif á gestafjölda, nýtingu, tekjur og afkomu.

Félagið er einnig í samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum fyrir húðvörur. Takist félaginu ekki að markaðssetja og selja húðvörur sínar í samræmi við áætlanir, eða nái vörurnar ekki fótfestu á lykilmörkuðum, getur það haft neikvæð áhrif á væntar tekjur, afkomu, arðsemi, virði vörumerkja og orðspor félagsins.

Starfsemi félagsins lýtur jafnframt samkeppnislögum og eftirliti Samkeppniseftirlitsins. Ef félagið telst vera í markaðsráðandi stöðu á tilteknum markaði kann það að sæta auknum takmörkunum á háttsemi sinni, sem getur haft áhrif á verðlagningu, viðskiptakjör, vaxtarmöguleika eða önnur viðskiptaleg úrræði. Brot gegn samkeppnislögum geta leitt til stjórnvaldssekta, annarra viðurlaga, skaðabótakrafna, takmarkana á starfsemi eða neikvæðra áhrifa á orðspor félagsins.

Breyttar markaðsaðstæður, aðgerðir stjórnvalda, breytingar á regluverki, gengissveiflur, þróun dreifileiða eða skert staða vörumerkja og hugverkaréttinda geta jafnframt haft áhrif á samkeppnisstöðu félagsins. Ef félagið nær ekki að bjóða vörur og þjónustu sem uppfylla væntingar viðskiptavina um gæði, verð og upplifun getur það haft neikvæð áhrif á eftirspurn, tekjur, rekstur, afkomu og orðspor félagsins. Sjá nánar kafla 3.9 „Markaðir og samkeppni“.

1.3.3 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er hætta á að neikvæð umfjöllun, gagnrýni eða breytt viðhorf viðskiptavina, almennings eða annarra hagsmunaaðila hafi neikvæð áhrif á tekjur, rekstur eða vaxtarmöguleika félagsins. Slík áhætta getur meðal annars tengst þjónustuupplifun, aðstæðum á hótelum, baðstöðum eða veitingastöðum félagsins, gæðum vara, viðskiptaháttum, mistökum í rekstri, umhverfismálum, öryggisatvikum eða viðbrögðum félagsins við gagnrýni eða fjölmiðlaumfjöllun.

Orðspor félagsins kann jafnframt að skaðast ef félagið, stjórnendur þess, starfsmenn eða tengdir aðilar eru sakaðir um eða verða uppvísir að háttsemi sem samrýmist ekki lögum, reglum, viðurkenndum viðskiptaháttum eða væntingum viðskiptavina. Þá geta orðrómur, rangar upplýsingar eða neikvæð umræða um vörur, þjónustu, öryggi eða starfsemi félagsins haft neikvæð áhrif á traust til félagsins.

Skaðist orðspor eða trúverðugleiki félagsins getur það haft neikvæð áhrif á eftirspurn, gestafjölda, sölu vara, tekjur, rekstur, afkomu og möguleika félagsins til vaxtar.

1.3.4 Áhætta tengd vörumerkjum og hugverkaréttindum

Félagið á og nýtir vörumerki, hugverkaréttindi og samningsbundin réttindi sem skipta máli fyrir starfsemi þess, vörusölu og markaðssetningu. Þar á meðal eru vörumerkin „BLÁA LÓNIÐ“ og „BLUE LAGOON“, sem félagið hefur byggt upp á undanförnum árum og skráð í fjölmörgum

lögsögum. Félagið hefur meðal annars skráð orð- og myndmerki á Íslandi, í Evrópusambandinu, Bandaríkjunum og Kína, auk þess sem vörumerkið „BLUE LAGOON“ hefur verið skráð í flokkum snyrtivara og lyfja á helstu mörkuðum erlendis og, eftir atvikum, í flokkum ferðaþjónustu og vellíðunarþjónustu.

Félagið er jafnframt aðili að nytjaleyfissamningi við HS Orku sem gildir til ársins 2044 og varðar nýtingu jarðsjávar og innihaldsefna hans í húðvörur. Aðgangur að þessum réttindum, ásamt vernd vörumerkja félagsins, er mikilvægur þáttur í sérstöðu félagsins og samkeppnisstöðu á mörkuðum fyrir ferðaþjónustu, vellíðunarþjónustu og húðvörur. Sjá nánar kafla 3.6.6 „Hugverkaréttindi, vörumerki og leyfi“.

Ef vörumerkjavernd félagsins reynist ófullnægjandi, skráningar fást ekki, renna út eða verða ógildar, eða ef félagið verður fyrir brotum á hugverkaréttindum sínum, getur það haft neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu, tekjur, afkomu og orðspor félagsins. Sama á við ef félagið missir, eða fær ekki endurnýjuð á ásættanlegum kjörum, þau samningsbundnu réttindi sem tengjast nýtingu jarðsjávar og innihaldsefna hans. Slík staða gæti meðal annars leitt til aukinnar samkeppni, kostnaðar við réttindavernd, endurmerkingar eða þróunar nýs markaðsefnis og haft neikvæð áhrif á virði vörumerkja félagsins.

1.4 Laga-, leyfis- og regluáhætta

1.4.1 Laga áhætta

Starfsemi félagsins lýtur ýmsum lögum, reglugerðum, leyfum og fyrirmælum stjórnvalda. Breytingar á lögum eða reglum sem gilda um starfsemi félagsins, nýjar reglur eða íþyngjandi fyrirmæli stjórnvalda geta haft neikvæð áhrif á starfsemi, rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu félagsins. Sjá nánar kafla 1.4.2 „Stjórnmálaumhverfi, lög og reglur“ og kafla 3.3 „Lagaumhverfi“.

Starfsemi félagsins krefst ýmissa leyfa frá þar til bærum yfirvöldum, meðal annars vegna reksturs baðstaða, hótela og veitingastaða, auk framleiðslu húðvara. Allar rekstrareiningar félagsins hafa tilskilin rekstrarleyfi. Verði leyfi félagsins ekki endurnýjuð, þeim breytt, þau afturkölluð eða sett ný eða íþyngjandi skilyrði fyrir starfseminni, getur það haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og orðspor félagsins.

Stjórnsýslu-, dóms- og gerðardómsmál

Félagið kann á hverjum tíma að vera aðili að einhvers konar ágreiningsmálum sem upp koma af hálfu félagsins eða á hendur félaginu. Ágreiningsmál geta verið af ýmsum toga og geta til dæmis snert viðskiptavini félagsins, birgja, starfsfólk, opinberar stofnanir og fleiri sem eru í samskiptum við félagið á hverjum tíma.

Félagið er ekki og hefur ekki verið aðili að stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa, eða hafa nýlega haft, veruleg áhrif á fjárhagsstöðu þess eða arðsemi undanfarna tólf mánuði. Félaginu er jafnframt ekki kunnugt um að slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við dagsetningu útgefandalýsingarinnar.

1.4.2 Stjórnmálaumhverfi, lög og reglur

Bláa Lónið er hlutafélag, skráð og starfrækt samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög (hér eftir **„hlutafélagalög“**). Önnur félög innan samstæðu Bláa Lónsins falla, eftir atvikum, undir hlutafélagalög eða lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög (hér eftir **„einkahlutafélagalög“**).

Starfsemi félagsins lýtur jafnframt fjölmörgum öðrum lögum, reglum, leyfum og stjórnsýsluframkvæmd, meðal annars vegna ferðaþjónustu, hótelreksturs, baðstaða, veitingareksturs, framleiðslu og sölu húðvara, vinnuverndar, umhverfismála, samkeppni og verðbréfamarkaða. Þar undir falla meðal annars samkeppnislög nr. 44/2005 (hér eftir „**samkeppnislög**“). Nánari umfjöllun um gildandi lagaumhverfi félagsins er að finna í kafla 3.3 „Lagaumhverfi“.

Félagið þarf að afla og viðhalda ýmsum leyfum og heimildum frá þar til bærum yfirvöldum, meðal annars vegna uppbyggingar og reksturs hótela, baðstaða og veitingastaða, framleiðslu snyrtivara og sölu þeirra á erlendum mörkuðum. Verði tilskilin leyfi ekki veitt, ekki endurnýjuð, afturkölluð, þeim breytt eða sett ný eða íþyngjandi skilyrði fyrir starfseminni getur það haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

Breytingar á lögum, reglum, stjórnsýsluframkvæmd eða stefnu stjórnvalda geta haft bein eða óbein áhrif á starfsemi félagsins. Slíkar breytingar kunna meðal annars að tengjast stjórnmálaþróun, viðbrögðum stjórnvalda við heimsfaröldrum, náttúruhamförum, stríðsátökum, umhverfismálum, ferðaþjónustu, vinnumarkaði eða verðbréfamarkaði. Nýjar eða breyttar kröfur geta leitt til aukins kostnaðar, tafa, takmarkana á starfsemi, breytinga á viðskiptamódeli eða skertrar arðsemi.

Uppfylli félagið ekki þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögum, reglum, leyfum eða ákvörðunum stjórnvalda getur það leitt til stjórnvaldssekta, annarra viðurlaga, íþyngjandi fyrirmæla, tímabundinna takmarkana á starfsemi eða málaferla. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu, orðspor og verðmyndun verðbréfa félagsins.

1.4.3 Skattaleg áhætta

Bláa Lónið er íslenskt félag og ber ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (hér eftir „**tekjuskattslög**“). Starfsemi félagsins lýtur jafnframt öðrum skattalögum og reglum, þar á meðal lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (hér eftir **„virðisaukaskattslög“**), auk reglna um opinber gjöld, tolla, vörugjöld og önnur gjöld sem kunna að eiga við um starfsemi félagsins.

Breytingar á skattlagningu lögaðila, virðisaukaskatti, gistináttaskatti, tollum, vörugjöldum eða öðrum opinberum gjöldum geta aukið kostnað félagsins eða haft áhrif á verðlagningu vara og þjónustu. Félagið kann í slíkum tilvikum annaðhvort að þurfa að velta auknum kostnaði út í verð, með tilheyrandi hættu á samdrætti í eftirspurn, eða bera kostnaðaraukann sjálft, sem getur haft neikvæð áhrif á framlegð, rekstur og afkomu félagsins.

Fjárhagsuppgjör félagsins er í evrum en skattskil þess eru í íslenskum krónum. Af því kann að leiða mismun á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt fjárhagsuppgjörum félagsins, einkum vegna gengisbreytinga. Slíkur mismunur getur haft áhrif á skattgreiðslur, samanburðarhæfni fjárhagsupplýsinga og afkomu félagsins.

Gistináttaskattur (e. Lodging tax) er lagður á sölu gistinátta og getur haft áhrif á kostnað eða verðlagningu gistiþjónustu félagsins. Gistináttaskattur var tímabundið felldur niður á tímabilinu 1. apríl 2020 til 31. desember 2023 vegna aðgerða stjórnvalda í tengslum við Covid-19, en tók aftur gildi 1. janúar 2024 með breyttu fyrirkomulagi. Frekari breytingar á gistináttaskatti eða öðrum sköttum og gjöldum sem tengjast ferðaþjónustu geta haft neikvæð áhrif á verðlagningu, eftirspurn, rekstur og afkomu félagsins.

Í fjármálaáætlun stjórnvalda[5] fyrir árin 2027–2031 koma fram áform um að færa baðlón úr neðra þrepi í almennt þrep virðisaukaskatts en frumvarp þess efnis liggur við dagsetningu lýsingar þessarar fyrir Alþingi[6]. Í fjármálaáætluninni koma jafnframt fram áform um að taka upp gjald vegna aðgengis að ferðamannastöðum sem eru í eigu þjóðarinnar, en endanleg útfærsla slíkrar gjaldtöku liggur ekki fyrir. Verði slík áform að veruleika kunna þau að leiða til aukins kostnaðar eða verðhækkana og hafa neikvæð áhrif á eftirspurn, framlegð, rekstur og afkomu félagsins.

1.4.4 Verðbréfalöggjöf

Verðbréf útgefanda eru rafrænt skráð í kerfum Nasdaq CSD SE, útibús á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq verðbréfamiðstöð**“) og um þau gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Útgefandi mun óska eftir því að verðbréf félagsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Aðalmarkaður Nasdaq Iceland**“). Við slíka töku til viðskipta mun félagið þurfa að fylgja þeim lögum, reglum og viðmiðum sem gilda hverju sinni um útgefendur fjármálagerninga á skipulegum markaði, þar á meðal reglum um upplýsingaskyldu, flöggun, innherjaupplýsingar, markaðssvik, yfirtökur og reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur.

Vanefni félagið skyldur sínar samkvæmt framangreindum lögum eða reglum getur það haft neikvæðar fjárhagslegar og rekstrarlegar afleiðingar í för með sér. Brot kunna meðal annars að leiða til athugasemda, áminninga, stjórnvaldssekta eða annarra viðurlaga af hálfu eftirlitsaðila eða Nasdaq Iceland hf. Alvarleg eða ítrekuð brot geta jafnframt haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins, traust fjárfesta og verðmyndun verðbréfa félagsins og, eftir atvikum, leitt til tímabundinnar stöðvunar viðskipta eða þess að verðbréf félagsins verði tekin úr viðskiptum.

1.4.5 Umhverfis- og loftslagstengd áhætta

Umhverfisáhætta félagsins tengist einkum breytingum á lögum og reglum, auknum kröfum stjórnvalda, hækkun gjalda eða skatta sem tengjast losun eða mengun, breyttum viðhorfum neytenda og mögulegum áhrifum loftslagsstefnu á ferðaþjónustu. Nýjar eða breyttar kröfur á sviði umhverfis- og loftslagsmála kunna að leiða til aukins kostnaðar, fjárfestingaþarfar eða breytinga á starfsemi félagsins. Ef félagið nær ekki að bregðast við slíkum kröfum tímanlega eða með hagkvæmum hætti getur það haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu þess. Sjá nánar kafla 1.4.2 „Stjórnmálaumhverfi, lög og reglur“.

Breytingar á regluverki sem varðar losun frá flugsamgöngum, þar á meðal viðskiptakerfi með losunarheimildir í flugi, kunna jafnframt að hafa áhrif á eftirspurn eftir ferðum til Íslands. Hærri kostnaður flugfélaga, hækkun flugfargjalda, fækkun flugleiða eða skert tengihlutverk Íslands milli Evrópu og Norður-Ameríku gæti haft neikvæð áhrif á fjölda ferðamanna til landsins. Slík þróun getur haft neikvæð áhrif á gestakomur, tekjur, rekstur og afkomu félagsins.

Félagið er hluti af starfsemi sem hefur byggst upp í grennd við jarðvarmaver HS Orku í Svartsengi, innan Reykjanes UNESCO Global Geopark[7], og kaupir meðal annars endurnýjanlega raforku frá HS Orku. Starfsemi félagsins er háð lögum, leyfum og samningsbundnum skyldum sem lúta að umhverfismálum. Félagið hefur tilskilin leyfi fyrir starfsstöðvar sínar og starfar samkvæmt

[5] Sjá Fjármálaáætlun fyrir árin 2027–2031, þingskjal 1317, 577. mál á 157. löggjafarþingi, Alþingi, kafla um tekjur ríkissjóðs.
[6] Sjá frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2027, þingskjal 2, 2. mál á 158. löggjafarþingi, Alþingi, 39. gr.
[7] Sjá nánari umfjöllun um UNESCO Global Geoparks: https://www.unesco.org/en/iggp/geoparks/about

umhverfisstjórnunarkerfi sem er vottað samkvæmt ISO 14001. Sjá nánar kafla 3.8 „Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð útgefanda“.

Félagið hefur kortlagt helstu umhverfisáhrif í rekstri sínum og vinnur að því að draga úr þeim með markvissum úrbótum. Komi til þess að félagið uppfylli ekki lögbundnar kröfur, skilyrði leyfa, samningsbundnar skyldur eða eigin markmið á sviði umhverfismála getur það leitt til aukins kostnaðar, stjórnvaldsviðurlaga, takmarkana á starfsemi eða neikvæðra áhrifa á orðspor félagsins. Þá getur bein eða óbein umhverfismengun, hvort sem hún verður af ásetningi, gáleysi eða slysni, haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og orðspor félagsins.

1.5 Fjárhagsleg áhætta

Starfsemi félagsins felur í sér fjárhagslega áhættu, meðal annars vegna gengissveiflna, vaxtabreytinga, lánaviðskipta, hlutabréfaeignar, fjármögnunar og lausafjárstöðu. Slíkir þættir geta haft áhrif á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu, sjóðstreymi og virði félagsins.

Áhættustýring félagsins miðar að því að greina, meta, vakta og stýra fjárhagslegum áhættuþáttum í rekstri þess. Stjórnendur meta slíka áhættu meðal annars með hliðsjón af eftirspurn, stöðu markaða, gengisþróun, vaxtastigi, lausafjárstöðu, lánaskilmálum og öðrum þáttum sem kunna að hafa áhrif á fjárhagslega stöðu félagsins.

1.5.1 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hætta á að félagið geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar þegar þær falla á gjalddaga. Markmið félagsins er að stýra lausafé með þeim hætti að það hafi nægt handbært fé eða aðgang að fjármögnun til að mæta skuldbindingum sínum á gjalddaga og takmarka þannig hættu á fjárhagslegu tjóni eða neikvæðum áhrifum á orðspor félagsins.

Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni á hverjum tíma, meðal annars með greiningu á útgjöldum, gjalddögum fjáreigna og fjárskulda og væntu sjóðstreymi. Handbært fé félagsins samanstendur af bankainnstæðum og peningamarkaðsinnlánum hjá fjármálastofnunum. Handbært fé er nýtt til að mæta skuldbindingum til skamms tíma og félagið getur losað þau verðmæti sem teljast til handbærs fjár innan skamms tíma. Til að mæta lausafjársveiflum í rekstri og standa við skuldbindingar sínar hefur félagið tryggt sér lánalínu. Ekki hefur reynst þörf á að draga á lánalínuna.

Aðgengi félagsins að lausafé og fjármögnun er háð fjárhagsstöðu þess, rekstrarafkomu, sjóðstreymi, markaðsaðstæðum og orðspori. Minnki aðgangur félagsins að lausafé eða fjármögnun, eða verði veruleg frávik frá áætluðu sjóðstreymi, getur það haft neikvæð áhrif á getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar og þar með á rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu, sjóðstreymi og orðspor félagsins.

Tafla 1: Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum 30. september 2026[8]

Fjárhæðir í EUR þús.	**Bókfært verð**	**Umsamið sjóðstreymi**	**Innan árs**	**2-5 ár**	**Síðar**
Langtímalán	138.272	161.150	16.348	143.298	1.505
Framkvæmdalán langt	44.727	44.727	0	44.727	0[9]
Skammtímalán	13.434	13.434	13.434	0	0[10]
Leiguskuldir	11.975	25.202	2.817	7.247	15.138
Viðskiptaskuldir	19.725	19.725	19.725	0	0
Fyrirfram innheimtar tekjur	6.446	6.446	6.446	0	0
Samtals	**234.579**	**270.684**	**58.770**	**195.271**	**16.643**

Handbært fé sem skiptist í bankainnstæður og peningamarkaðsinnlán nam þann 30. september 2026 EUR 25.746 þús. Í árslok 2025 nam handbært fé EUR 6.598 þús., samanborið við EUR 17.824 þús. í árslok 2024 og EUR 14.105 þús. í árslok 2023. Handbært fé er notað til að mæta skuldbindingum til skamms tíma og samanstendur af bankainnstæðum og peningamarkaðsinnlánum hjá fjármálastofnunum.

Tafla 2: Sundurliðun á handbæru fé[11]

Fjárhæðir í EUR þús.	**30.09.2026**	**2025**	**2024**	**2023**
Bankainnstæður	10.746	4.186	3.835	2.280
Peningamarkaðsinnlán	15.000	2.412	13.989	11.825
Samtals	**25.746**	**6.598**	**17.824**	**14.105**

1.5.2 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hætta á að breytingar á vöxtum, verðbólgu eða gengi gjaldmiðla hafi neikvæð áhrif á afkomu, fjárhagsstöðu, sjóðstreymi eða virði fjáreigna og fjárskulda félagsins. Markmið félagsins með stýringu markaðsáhættu er að greina, vakta, dreifa og takmarka slíka áhættu eftir því sem við á.

Þann 30. september 2026 námu peningamarkaðsinnlán félagsins EUR 15.000 þús. Í árslok 2025 námu þau um EUR 2.412 þús., samanborið við EUR 13.989 þús. í árslok 2024 og EUR 11.825 þús. í árslok 2023. Önnur markaðsáhætta félagsins er takmörkuð að því marki sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi þess. Breytingar á

[8] Upplýsingar eru fengnar úr könnuðum árshlutareikningi samstæðunnar fyrir fyrstu níu mánuði 2026.
[9] Vextir innifaldir í bókfærðu verði.
[10] Vextir innifaldir í bókfærðu verði.
[11] Upplýsingar fyrir árin 2023-2025 eru fengnar úr endurskoðuðum uppgjörum félagsins og upplýsingar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026 eru fengnar úr könnuðum samstæðuárshlutareikningi, gerðum í samræmi við IAS 34.

markaðsaðstæðum, vaxtastigi, verðbólgu eða gengi gjaldmiðla geta þó haft neikvæð áhrif á fjármagnskostnað og tekjur, rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu félagsins.

1.5.2.1 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hætta á að breytingar á markaðsvöxtum hafi neikvæð áhrif á vaxtatekjur, vaxtagjöld, sjóðstreymi, afkomu eða fjárhagsstöðu félagsins. Vaxtastig getur meðal annars ráðist af gengisþróun, verðbólgu, verðbólguvæntingum, peningastefnu og almennum aðstæðum á fjármálamörkuðum.

Langtímaskuldir félagsins eru að stærstum hluta í evrum og bera breytilega vexti. Breytingar á markaðsvöxtum geta því haft bein áhrif á vaxtagreiðslur félagsins og fjármagnskostnað. Félagið býr jafnframt við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna, þar sem breytingar á vöxtum geta haft áhrif á vaxtatekjur þess. Langtímaskuldir félagsins námu EUR 138.272 þús. þann 30. september 2026 og báru meðalvexti 5,8%.

Félagið hefur framkvæmt næmnigreiningu á áhrifum vaxtabreytinga miðað við stöðu fjáreigna og fjárskulda í árslok 2025. Næmnigreiningin gerir ráð fyrir að fjárhæð fjárskulda með breytilega vexti í lok tímabilsins hafi verið óbreytt allt árið. Að öðru óbreyttu hefði 1% breyting á vöxtum haft áhrif á afkomu og eigið fé eftir skatta um EUR 1.149 þús.

Hækkun vaxta eða óhagstæðari vaxtakjör geta aukið fjármagnskostnað félagsins, meðal annars vegna lána með breytilegum vöxtum, endurákvörðunar vaxta eða endurfjármögnunar lána. Ekki er tryggt að framtíðarfjármögnun félagsins verði á sambærilegum eða hagfelldari kjörum en núverandi fjármögnun. Slík þróun getur haft neikvæð áhrif á fjármagnskostnað, sjóðstreymi, afkomu og fjárhagsstöðu félagsins.

Tafla 3: Langtímaskuldir félagsins[12]

Fjárhæðir í EUR þús.	**30.09.2026**	**2025**	**2024**	**2023**
Næsta árs afborganir	8.328	7.850	7.561	5.081
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	129.945	102.861	102.925	85.396
Samtals	**138.272**	**110.711**	**110.486**	**90.477**

1.5.2.2 Verðbólguáhætta

Verðbólga á Íslandi getur leitt til hækkunar á innlendum rekstrarkostnaði félagsins, þar á meðal launakostnaði, leigugreiðslum, aðföngum og öðrum kostnaðarliðum sem tengjast vísitölu neysluverðs. Mikil verðbólga getur því haft neikvæð áhrif á framlegð og afkomu félagsins, einkum ef félaginu tekst ekki að mæta auknum kostnaði með verðhækkunum á vörum og þjónustu eða öðrum mótvægisaðgerðum.

[12] Upplýsingar fyrir árin 2023-2025 eru fengnar úr endurskoðuðum uppgjörum félagsins og upplýsingar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026 eru fengnar úr könnuðum samstæðuárshlutareikningi, gerðum í samræmi við IAS 34.

1.5.2.3 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins felst einkum í því að tekjur, kostnaður, eignir eða skuldir kunna að vera í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli félagsins, sem er evra. Ef ójafnvægi myndast í myntsamsetningu tekna, kostnaðar, eigna og skulda getur gjaldmiðlaáhætta félagsins aukist.

Verðskrá félagsins er að grunni til í íslenskum krónum og eru tekjur í íslenskum krónum færðar yfir í evrur á gengi þess dags sem þær falla til. Rekstrarkostnaður félagsins er að stærstum hluta í íslenskum krónum og jafnframt færður yfir í evrur á gengi þess dags sem hann fellur til. Gengisáhrif á rekstur eru því takmörkuð þar sem tekjur og gjöld hreyfast að mestu í takt. Ef evra hefði styrkst um 10% gagnvart íslenskri krónu á árinu 2025 hefði rekstrarhagnaður (EBITDA) samstæðunnar lækkað um EUR 2.674 þús. á árinu, að öðru óbreyttu og að því gefnu að gjaldskrá hefði ekki verið aðlöguð að breyttu gengi.

Félagið leitast við að takmarka gjaldmiðlaáhættu með því að fylgjast með samsetningu lausafjár, eigna og skulda eftir gjaldmiðlum og með eftirliti með gengisþróun. Langtímaskuldir félagsins eru að stærstum hluta í evrum. Félagið getur, eftir því sem við á, óskað eftir því að greiðsluuppgjör frá færsluhirðum berist í erlendri mynt, að hluta eða öllu leyti.

Eignir og skuldir dótturfélaga og eignarhlutir í hlutdeildarfélögum með annan starfrækslugjaldmiðil en evru eru umreiknaðar í evrur á gengi í lok tímabils, en rekstrarárangur þeirra á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við slíkan umreikning er færður á sérstakan eiginfjárreikning og, ef viðkomandi starfsemi er seld að hluta eða öllu leyti, færður í rekstrarreikning. Aukin viðskipti eða eignir í öðrum gjaldmiðlum en evru geta aukið gengisáhættu félagsins og haft neikvæð áhrif á tekjur, afkomu, sjóðstreymi og fjárhagsstöðu þess.

1.5.2.4 Fjármögnunar- og endurfjármögnunaráhætta

Félagið er að hluta fjármagnað með lántöku og býr því við fjármögnunar- og endurfjármögnunaráhættu. Ekki er tryggt að félagið geti aflað nýrrar fjármögnunar eða endurfjármagnað skuldir sínar á gjalddaga, né að slík fjármögnun verði fáanleg á sambærilegum eða hagfelldari kjörum en núverandi fjármögnun félagsins. Aðgengi að lánsfjármögnun kann meðal annars að ráðast af fjárhagsstöðu félagsins, rekstrarafkomu, sjóðstreymi, tryggingum, markaðsaðstæðum, vaxtastigi og áhættuvilja lánveitenda.

Takmarkað aðgengi að lánsfjármögnun, óhagstæðari lánskjör, auknar kröfur lánveitenda eða frávik frá fjárhagsáætlunum geta skapað hættu á að félagið nái ekki að endurfjármagna skuldir sínar fyrir eða á gjalddaga. Sjá nánar kafla 1.5.1 „Lausafjáráhætta“ og kafla 5.3.1.3 „Lánaskilmálar“.

Takist félaginu ekki að endurfjármagna skuldir sínar á ásættanlegum kjörum, eða þurfi félagið að ráðast í endurfjármögnun við óhagstæðar markaðsaðstæður, getur það haft veruleg neikvæð áhrif á fjármagnskostnað, sjóðstreymi, rekstur, afkomu, fjárhagsstöðu og getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar.

1.5.3 Lánsáhætta (mótaðilaáhætta)

Lánsáhætta og mótaðilaáhætta er hætta á fjárhagslegu tapi ef viðskiptavinur eða annar mótaðili félagsins getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart félaginu. Áhættan tengist einkum viðskiptakröfum, öðrum kröfum, handbæru fé og viðskiptum með fjármálagerninga.

Að baki viðskiptakröfum félagsins stendur fjölmennur hópur viðskiptavina, en stærstu viðskiptavinirnir eru meðal annars erlendir söluaðilar og innlendar ferðaskrifstofur. Tíu stærstu viðskiptavinir Bláa Lónsins m.v. 30. september 2026 standa að baki um 18,8% af heildarstöðu viðskiptakrafna. Félagið beitir sértækri niðurfærslu við mat á áætlaðri virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra krafna.

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti sem miða að því að draga úr lánsáhættu. Við mat á lánsviðskiptum er meðal annars horft til fjárhagsstöðu viðskiptavina, lánshæfismats eftir því sem við á, starfsemi viðskiptavina og stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í. Félagið sendir jafnframt innheimtukröfur með reglubundnum hætti.

Ef mótaðilar félagsins standa ekki við skuldbindingar sínar, stór hluti viðskiptakrafna tapast eða stærstu viðskiptavinir félagsins draga verulega úr viðskiptum eða hætta þeim, getur það haft neikvæð áhrif á tekjur, sjóðstreymi, rekstur, afkomu og fjárhagsstöðu félagsins.

Tafla 4: Yfirlit viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna[13]

Fjárhæðir í EUR þús.	**30.09.2026**	**2025**	**2024**	**2023**
Langtímakrafa	0	1.397	0	300
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	6.691	4.664	4.903	10.886
Handbært fé	25.746	6.598	17.824	14.105
Samtals	**32.437**	**12.659**	**22.727**	**25.291**

Tafla 5: Aldurgreining viðskiptakrafna og skammtímakrafna á reikningsskiladegi[14]

Fjárhæðir í EUR þús.	**30.09.2026**	**2025**	**2024**	**2023**
Ógjaldfallnar kröfur	6.441	4.517	4.591	10.550
Gjaldfallnar kröfur	250	147	313	336
Samtals	**6.691**	**4.664**	**4.903**	**10.886**

1.5.4 Reikningsskilaáhætta og samanburðarhæfni fjárhagsupplýsinga

Ársreikningar félagsins hafa frá og með árinu 2023 verið gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, International Financial Reporting Standards, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Breyting á reikningsskilaumgjörð kann að hafa áhrif á samanburðarhæfni fjárhagsupplýsinga milli tímabila.

Reikningsskil félagsins byggja að hluta á mati stjórnenda og forsendum sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og bókfært virði eigna, skulda, tekna og gjalda. Helstu matskenndu liðir félagsins lúta meðal annars að virði viðskiptakrafna, skuldabréfa, birgða og óefnislegra eigna, þar

[13] Upplýsingar fyrir árin 2023-2025 eru fengnar úr endurskoðuðum uppgjörum félagsins og upplýsingar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026 eru fengnar úr könnuðum samstæðuárshlutareikningi, gerðum í samræmi við IAS 34.

[14] Upplýsingar fyrir árin 2023-2025 eru fengnar úr endurskoðuðum uppgjörum félagsins og upplýsingar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026 eru fengnar úr könnuðum samstæðuárshlutareikningi, gerðum í samræmi við IAS 34.

á meðal viðskiptavildar og vörumerkja. Reynist mat stjórnenda eða forsendur þeirra ekki í samræmi við raunverulega þróun getur það haft áhrif á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim eru endurskoðuð reglulega og breytingar á stöðlum eða túlkunum geta haft áhrif á framsetningu og niðurstöðu ársreikninga eða árshlutareikninga félagsins. Slíkar breytingar geta haft áhrif á reiknaðan hagnað, eigið fé, lykiltölur og samanburðarhæfni fjárhagsupplýsinga félagsins. Sjá nánar kafla 5 „Fjárhagsupplýsingar“ og samstæðuársreikninga félagsins, sem felldir eru inn með tilvísun samkvæmt kafla 2.3 „Skjöl felld inn með tilvísun“.

1.6 Áhætta vegna uppbyggingar á eignarhaldi Bláa Lónsins

Skipan eignarhalds getur verið áhættuþáttur fyrir fjárfesta. Samþjappað eignarhald, takmarkaður fjöldi hluthafa eða skortur á nægilegri dreifingu hlutafjár getur haft neikvæð áhrif á seljanleika hlutabréfa félagsins, virkni viðskipta og verðmyndun á markaði.

Á dagsetningu lýsingarinnar nemur nafnverð útgefins hlutafjár félagsins 874.763.489 kr., en þar af á félagið sjálft 129.088 kr. Hluthafar félagsins eru 103 talsins. Atkvæðisréttur hluthafa er í beinu hlutfalli við eignarhlut þeirra. Stærsti hluthafi félagsins er Kólfur ehf. með 24,85% hlut í félaginu.

Aðrir stærstu hluthafar félagsins eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna með 10,52% hlut, og Gildi – Lífeyrissjóður með 10,17% hlut og Frjálsi lífeyrissjóðurinn fer með 5,65% hlut. Aðrir hluthafar fara með undir 5% eignarhlut í félaginu, sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu samkvæmt lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Sjá nánar kafla 7 „Hluthafar og hlutafé“.

Í fyrirhuguðu útboði er gert ráð fyrir hækkun hlutafjár. Markmið útboðsins og skráningu hluta félagsins á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er meðal annars að auka dreifingu hlutafjár, styðja við virkari verðmyndun, afla félaginu fjár og gera upplýsingar um félagið aðgengilegri hluthöfum, viðskiptavinum og almenningi. Ekki er þó tryggt að útboðið og skráning hluta á skipulegan markað leiði til nægilegrar dreifingar, virkra viðskipta eða stöðugrar verðmyndunar með hlutabréf félagsins.

Samkvæmt lögum um yfirtökur nr. 108/2007 ber aðila sem nær beint eða óbeint yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum markaði, að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð. Með yfirráðum er meðal annars átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við fari samanlagt með að minnsta kosti 30% atkvæðisréttar í félaginu, hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir slíku hlutfalli atkvæða eða hafi öðlast rétt til að tilnefna eða víkja frá meirihluta stjórnar. Aðilar sem fara með yfirráð þegar verðbréf félags eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði eru þó undanþegnir skyldu til að gera yfirtökutilboð, nema þeir missi yfirráðin og nái þeim síðar að nýju.

Samþjappað eignarhald stærstu hluthafa kann að hafa áhrif á niðurstöðu mála sem borin eru undir hluthafafund, þar á meðal kosningu stjórnar, breytingar á samþykktum, hlutafjárbreytingar, arðgreiðslur og aðrar mikilvægar ákvarðanir. Stærstu hluthafar kunna jafnframt, einir eða í samstarfi við aðra, að hafa veruleg áhrif á stefnu félagsins, koma í veg fyrir breytingar á yfirráðum eða styðja aðgerðir sem minnihlutahluthafar kunna að vera ósammála. Slík staða getur haft áhrif á hagsmuni minnihlutahluthafa og verðmæti hlutabréfa félagsins.

Eignarhald félagsins getur breyst hratt og án fyrirvara. Ef stærri hluthafar selja verulegan hluta eignarhluta sinna eftir útboð, eða ef markaðurinn telur líkur á slíkri sölu, getur það haft neikvæð áhrif á framboð og eftirspurn eftir hlutabréfum félagsins, seljanleika þeirra og verðmyndun.

Hagsmunir minnihlutahluthafa eru varðir samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og, frá þeim tíma sem hlutabréf félagsins hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, ákvæðum yfirtökulaga. Slík vernd útilokar þó ekki að samþjappað eignarhald eða ákvarðanir stærri hluthafa geti haft neikvæð áhrif á minnihlutahluthafa, seljanleika hlutabréfa eða verðmyndun á markaði.

1.7 Áhættuþættir vegna kaupa á Arctic Adventures hf.

Útgefandi hefur gert bindandi kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í Arctic Adventures hf. („**Arctic Adventures**“ eða „**AA**“). Afhending hins selda félags samkvæmt kaupsamningnum hefur þó ekki farið fram á dagsetningu lýsingar en öll skilyrði kaupsamnings, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, hafa verið uppfyllt. Sjá nánari umfjöllun um kaupsamninginn í kafla 3.10.4 „Samningur um kaup á Arctic Adventures“. Þegar afhending hins selda fer fram mun Arctic Adventures verða hluti af samstæðu útgefanda og kaupin hafa mikil áhrif á umfang starfsemi, eignir, skuldir, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu samstæðunnar. Ekki er þó unnt að tryggja að sá rekstrarlegi, fjárhagslegi eða stefnumótandi ávinningur sem liggur til grundvallar kaupunum muni nást.

1.7.1 Samþætting Arctic Adventures við starfsemi útgefanda

Þegar afhending hins selda félags verður að veruleika mun útgefandi standa frammi fyrir samþættingu Arctic Adventures við starfsemi samstæðunnar. Slík samþætting tekur meðal annars til rekstrar, upplýsingakerfa, stjórnunar, innra eftirlits, verkferla og fyrirtækjamenningar og kann að reynast flóknari, kostnaðarsamari eða taka lengri tíma en áætlað hefur verið. Á samþættingartímabilinu kann jafnframt að verða tímabundin röskun á starfsemi, aukinn rekstrarkostnaður eða minni rekstrarhagkvæmni en gert hefur verið ráð fyrir. Ef samþættingin tekst ekki sem skyldi kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstrarafkomu, fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur samstæðunnar. Þá er ekki unnt að tryggja að sá rekstrarlegi, fjárhagslegi eða stefnumarkandi ávinningur sem liggur til grundvallar kaupunum muni nást eða nást innan þeirra tímamarka sem vænst er.

1.7.2 Þynning eignarhluta og breyting á hluthafasamsetningu

Samkvæmt kaupsamningnum verður kaupverðið greitt með útgáfu nýrra hluta í útgefanda til seljenda Arctic Adventures. Við útgáfu hinna nýju hluta mun eignarhlutur núverandi hluthafa þynnast og hluthafasamsetning útgefanda taka breytingum. Seljendur Arctic Adventures munu við afhendingu hins selda verða stórir hluthafar í útgefanda og geta, einir eða í sameiningu, haft aukin áhrif á ákvarðanatöku á hluthafafundum, þar á meðal varðandi kjör stjórnar og aðrar ákvarðanir sem háðar eru samþykki hluthafa. Slíkar breytingar á eignarhaldi og atkvæðavægi geta haft áhrif á stjórnarhætti félagsins og hagsmuni annarra hluthafa.

1.7.3 Áhætta vegna áreiðanleikakannana og ófyrirséðra skuldbindinga

Þrátt fyrir að útgefandi hafi framkvæmt áreiðanleikakannanir á Arctic Adventures er ekki unnt að útiloka að skuldbindingar, rekstraráhætta eða önnur atriði komi í ljós eftir afhendingu hins selda sem ekki voru þekkt við gerð kaupsamningsins, reyndust ekki að fullu metin eða voru undir

umsömdum mikilvægismörkum í kaupsamningi. Slík atriði kunna að leiða til aukins kostnaðar, skerðingar eigna eða annarra neikvæðra áhrifa á rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar.

1.7.4 Áhætta vegna lykilstarfsmanna og viðskiptasambanda

Verðmæti kaupanna byggist að hluta á því að Arctic Adventures haldi lykilstjórnendum, lykilstarfsmönnum og mikilvægum viðskiptasamböndum. Takist ekki að halda slíkum starfsmönnum eða viðskiptavinum eftir afhendingu hins selda getur það haft neikvæð áhrif á tekjur, rekstrarafkomu og þann ávinning sem vænst er af kaupunum.

2 Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi, dagsett 5. nóvember 2026 („**útgefandalýsingin**“), er hluti af lýsingu Bláa Lónsins, dagsettri 5. nóvember 2026 („**lýsingin**“), sem samanstendur af þremur skjölum, útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu og samantekt, auk þeirra viðauka sem kunna að vera birtir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin er útbúin í tengslum við almennt útboð á nýjum hlutum í Bláa Lóninu, eins og lýst er í lýsingunni, og umsókn um að öll útgefin hlutabréf í Bláa Lóninu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Útgefandalýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2017/1129 (hér eftir „**lýsingarreglugerðin**“). Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis útgefandalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í lýsingarreglugerðinni. Ekki skal líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á útgefandalýsingu þessari sem stuðning við útgefandann sem útgefandalýsingin varðar.

Lýsingin er útbúin í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129, og uppfyllir kröfur um upplýsingagjöf samkvæmt viðaukum 1, 7, 11 og 20 við framselda reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 2019/980, með síðari breytingum. Útgefandalýsingin uppfyllir kröfur viðauka 1 við framseldu reglugerðina um lágmarksupplýsingar sem skulu koma fram í útgefandalýsingu vegna hlutabréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Þar sem fyrirhuguð kaup útgefanda á Arctic Adventures hf. fela í sér verulega fjárhagslega skuldbindingu í skilningi 18. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 2019/980 er í kafla 4 „Upplýsingar um Arctic Adventures“ veitt heildstæð upplýsingagjöf um Arctic Adventures hf. og samstæðu þess með hliðsjón af kröfum 7. viðauka, auk þess sem settar eru fram pro forma fjárhagsupplýsingar í kafla 5.7 „Pro forma fjárhagsupplýsingar“ í samræmi við kröfur 20. viðauka. Við undirbúning lýsingarinnar og fyrirhugaðrar töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland var einnig höfð hliðsjón af reglum fyrir útgefendur hlutabréfa (e. „Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares“), útgefnum af Nasdaq Exchanges, í útgáfu sem tók gildi 6. júní 2026.

Útgefandalýsingin inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda á þeim degi sem hún er dagsett. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran, greinargóðan og aðgengilegan hátt. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum. Útgefandalýsingin er á íslensku, birt á Íslandi og hana má nálgast á vef útgefanda, https://www.blaalonidhf.is. Fjárfestar geta óskað eftir útprentuðu eintaki sér að kostnaðarlausu hjá Bláa Lóninu og nálgast hana á skrifstofu félagsins.

Eftir birtingu lýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Bláa Lóninu eða varða félagið og/eða verðbréf útgefin af Bláa Lóninu. Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest af Fjármálaeftirlitinu og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með verðbréf á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda sem máli geta skipt við mat fjárfesta á verðbréfunum koma fram á þessu tímabili þá skal útbúa og birta viðauka við lýsingu í samræmi við ákvæði laga nr.

14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunaleg lýsing. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 14/2020 og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 eiga fjárfestar sem hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir fjármálagerningum sem viðkomandi lýsing varðar, áður en viðauki við hana er birtur, rétt til að afturkalla samþykki sitt innan tveggja virkra daga frá birtingu viðaukans.

Stjórn útgefanda telur að félagið uppfylli öll skilyrði fyrir töku hlutabréfa þess til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, að undanskildu skilyrði um dreifingu hlutafjár. Samkvæmt reglum Nasdaq Iceland telst skilyrði um dreifingu hlutafjár uppfyllt ef annaðhvort a.m.k. 25% hlutabréfa í sama hlutaflokki eru í eigu almennra hluthafa eða a.m.k. 10% hlutabréfa í sama hlutaflokki eru í eigu almennra hluthafa, að því gefnu að verðmæti þeirra nemi að lágmarki jafnvirði 50 milljóna evra. Jafnframt skulu hlutabréf í viðkomandi hlutaflokki vera í eigu að minnsta kosti 500 hæfra hluthafa.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutafjár með almennu útboði á nýjum hlutum í félaginu, eins og nánar er lýst í verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettri 5. nóvember 2026. Markmið útboðsins er að gera félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og dreifðara eignarhaldi, afla félaginu fjár og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar hluthöfum félagsins, viðskiptavinum og almenningi.

Stærð útboðsins nemur 14,64% af útgefnu hlutafé í Bláa Lóninu eftir útboðið. Áskriftartímabil mun standa yfir frá kl. 10:00 þriðjudaginn 10. nóvember 2026 til kl. 16:00 föstudaginn 13. nóvember 2026. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins muni liggja fyrir í síðasta lagi mánudaginn 16. nóvember 2026.

Stjórn Bláa Lónsins mun óska eftir því að öll útgefin hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu mun Nasdaq Iceland fara yfir umsóknina og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og hvort hlutabréfin verði tekin til viðskipta. Í tilkynningunni verður jafnframt greint frá fyrsta viðskiptadegi hlutabréfanna á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Félagið áskilur sér rétt til að falla frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf félagsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 20. nóvember 2026. Félagið áskilur sér jafnframt rétt til að falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir öllum boðnum hlutum og verður það þá tilkynnt með niðurstöðum útboðs. Félagið áskilur sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem félagið telur gefa tilefni til þess að ætla að markmið þess með útboðinu náist ekki, svo sem atvik sem varða útboðið sjálft eða útgefandann, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða á verðbréfamarkaði á Íslandi eða erlendis. Ef félagið tekur ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir að hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra falla úr gildi. Komi til þess að fallið verði frá útboðinu eða útboðstímabilið verði framlengt verður tilkynnt þar um opinberlega. Komi til þess að útboðinu verði frestað verður birtur viðauki við lýsingu útgefanda, í samræmi við 2. mgr. 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar, þar sem gerð verður grein fyrir hvenær útboðið hefst að nýju og hvað það mun standa lengi yfir. Jafnframt verða birtar allar mikilvægar nýjar upplýsingar sem komið

hafa fram frá staðfestingu útgefandalýsingar þessarar sem máli skipta fyrir mat fjárfesta á hlutabréfum í félaginu.

Þátttaka fjárfesta í útboðinu er háð skilyrðum sem m.a. varða markaðssetningu útboðsins og fjárræði. Útboðið er markaðssett á Íslandi og er þátttaka í því heimil öllum þeim einstaklingum sem hafa íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997, sem og þeim lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu og eru ekki ógjaldfærir í skilningi laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, með þeim takmörkunum sem af lögum kunna að leiða. Þar af leiðir að einstaklingum sem ekki hafa náð 18 ára aldri sem og þeim einstaklingum og lögaðilum sem ekki ráða búi sínu sjálfir eða standa í gjaldþrotaskiptum í áskriftartímabilinu er ekki heimil þátttaka í útboðinu.

Fjárfestar sem ekki hafa íslenska kennitölu geta sent inn tilboð í tilboðsbók B í gegnum umsjónaraðila útboðsins. Umsjónaraðilar áskila sér rétt til að krefjast fullnægjandi staðfestingar á gildi tilboða.

Útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, sem dagsett er 5. nóvember 2026, má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila útboðs, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og fjárfesting í verðbréfum sem gefin eru út af Bláa Lóninu er alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum Bláa Lónsins og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, fjárhagsstöðu þess, framtíðarhorfa, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestar eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér kafla 1 „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu félagsins dagsettri 5. nóvember 2026.

Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 5. nóvember 2026 skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða annarra aðgerða en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Útgefandalýsingu þessari skal þannig meðal annars ekki dreifa á einn eða annan hátt til landa utan Íslands. Útgefandi eða umsjónaraðilar eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingunni.

Lýsing þessi inniheldur í einhverjum tilvikum framsýnar yfirlýsingar (e. Forward Looking Statements). Þessar framsýnu yfirlýsingar eru byggðar á núverandi áætlunum og væntingum en fela ekki í sér loforð, ábyrgð eða tryggingu fyrir tilteknum árangri í framtíðinni. Þær byggja á ákveðnum væntingum og forsendum sem taldar eru sanngjarnar við útgáfu framsýnnar yfirlýsingar en geta reynst rangar. Þá eru slíkar framsýnar yfirlýsingar háðar ýmsum áhættum, óvissu og forsendum sem kunna að breytast og raunveruleg þróun, afkoma eða fjárhagsstaða útgefanda kann að verða verulega frábrugðin því sem slíkar yfirlýsingar gefa til kynna. Fjárfestar ættu ekki að treysta á þessar framsýnu yfirlýsingar. Félaginu og ráðgjöfum þess ber ekki skylda til að uppfæra eða endurskoða framsýnar yfirlýsingar eftir dagsetningu lýsingarinnar, nema slíkt leiði af lögum eða reglum sem gilda um útgefanda.

Frá því að útgefandi óskar eftir því að hlutabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland gilda um útgefandann og hlutabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og þau eru á hverjum tíma. Þar undir falla meðal annars lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, ákvæði laga nr. 108/2007 um yfirtökur, lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, reglugerðir settar á grundvelli framangreindra laga, reglur Seðlabanka Íslands nr. 1290/2025 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur hlutabréfa, eftir því sem við á. Umsókn útgefanda um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar lýsing sem staðfest hefur verið af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt.

2.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hugsanlegum hagsmunaárekstrum aðila sem sitja í stjórn og yfirstjórn Bláa Lónsins sem koma fram í kafla 6.2.1.2 „Mögulegir hagsmunaárekstrar“.

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, (hér eftir „**Landsbankinn**“) hefur í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Bláa Lónsins og ósk um að hlutabréf Bláa Lónsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

- Landsbankinn hefur umsjón með töku hlutabréfa útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, þar með talið umsjón með gerð lýsingar, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Landsbankinn hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hlutabréf útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Landsbankinn er lánveitandi Bláa Lónsins en Fyrirtækjasvið bankans annast þau viðskipti.
- Landsbankinn er viðskiptabanki útgefanda og annast Fyrirtækjasvið bankans þau viðskipti. Landsbankinn, sem viðskiptabanki útgefanda, veitir einnig þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, gjaldeyrisviðskipta og afleiðuviðskipta og annast Markaðsviðskipti bankans þau viðskipti. Fyrir slík viðskipti fær Landsbankinn greiddar þóknanir frá útgefanda.
- Landsbankinn á 1,72% eignarhlut í Bláa Lóninu.[15]

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Fossar fjárfestingarbanki, kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík, (hér eftir „**Fossar**“) hefur í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Bláa Lónsins og ósk um að hlutabréf Bláa Lónsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

- Fyrirtækjaráðgjöf Fossa hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hlutabréf útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Fossar eru hluti af samstæðu sem á m.a. í viðskiptum á sviði verðbréfamiðlunar, eignastýringar og sjóðastýringar þar sem aðilar/einstaka starfseiningar innan samstæðunnar starfa sjálfstætt. Aðrar deildir bankans kunna að veita útgefanda þjónustu.

[15] Í október 2026 gerði Bláa Lónið bindandi samning við Landsbankann um kaup á 0,78% eignarhlut bankans í Norðurböðunum gegn greiðslu í hlutum í Bláa Lóninu. Viðskiptin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Gangi viðskiptin eftir verður eignarhlutur Landsbankans í Bláa Lóninu 1,75%, miðað við núverandi fjölda útgefinna hluta, eða 1,49% eftir útgáfu nýrra hluta í tengslum við útboðið.

Þá geta Fossar/tengdir aðilar haft hagsmuni eða skyldur sem stangast á við hagsmuni útgefanda, en Fossar hafa gripið til allra tiltækra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar geti skaðað hagsmuni viðskiptavina, þ.m.t. útgefanda.

- VÍS tryggingar hf., félag innan samstæðu Skaga og systurfélag Fossa, á 1,01% eignarhlut í Bláa Lóninu.

Útgefanda er ekki kunnugt um aðra verulega hagsmuni eða hagsmunaárekstra sem Landsbankinn eða Fossar hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Bláa Lónsins.

Útgefanda, Landsbankanum og Fossum er ekki skylt að meta hvort kaup á hlutabréfum sem þessi lýsing tekur til séu viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 45. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga sem tengist mati á viðeigandi þjónustu eða fjármálagerningi, eftir því sem við á. Útgefandi, Landsbankinn og Fossar fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu. Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra er að finna á vef Landsbankans.[16] Stefnu Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, er að finna á vef Fossa.[17]

2.2 Ráðgjafar og umsjón með töku til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur umsjón með fyrirhugaðri töku hlutabréfa útgefanda til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur unnið að gerð útgefandalýsingar þessarar í samráði við stjórn og stjórnendur útgefanda. Útgefandalýsingin er byggð á upplýsingum frá útgefanda. Þar á meðal er hún byggð á upplýsingum úr lögfræðilegri, fjárhagslegri og skattalegri áreiðanleikakönnun og öðrum gögnum sem útgefandi hefur lagt fram. Lýsingin er meðal annars byggð á endurskoðuðum samstæðuársreikningum útgefanda fyrir fjárhagsárin 2025, 2024 og 2023, sem gerðir voru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS og könnuðum samstæðuárshlutareikningi útgefanda fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, gerður í samræmi við IAS 34. Einnig voru unnar pro forma fjárhagsupplýsingar fyrir árið 2025 og fyrstu níu mánuði ársins 2026 í tengslum við gerð lýsingarinnar vegna fyrirhugaðra kaupa Bláa Lónsins á Arctic Adventures. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans og Fyrirtækjaráðgjöf Fossa fjárfestingarbanka hafa jafnframt umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði á hlutum í Bláa Lóninu hf., sem lýst er nánar í verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettri 5. nóvember 2026, og fer fram í tengslum við fyrirhugaða töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Áreiðanleikakannanir voru unnar á Bláa Lóninu í undirbúningi fyrir fyrirhugað útboð hlutabréfa félagsins og skráningu hlutabréfanna á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun, dagsett 27. september 2026, var framkvæmd af LEX ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Könnunin tók til skipulags félagsins, félagaréttartengdra atriða, regluverks, heimilda og leyfa og samskipta við opinbera aðila, samninga, fasteigna og lausafjár, leiguréttinda, starfsmannamála, hugverkaréttinda, dómsmála og annars ágreinings, fjármögnunar, auk annarra sambærilegra atriða. Fjárhagsleg og skattaleg áreiðanleikakönnun, dagsett 13. október 2026, var framkvæmd af Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Dalvegi 30, 201

[16] https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/UmLandsbankann/MiFID/stefna_um_hagsmunaarekstra.pdf

[17] https://fossar.is/wp-content/uploads/2026/10/Stefna-um-radstafanir-gegn-hagsmunaarekstrum.pdf

Kópavogi. Til viðbótar við framangreindar áreiðanleikakannanir var framkvæmd ástandsskoðun fasteigna að Svartsengi, dagsett 2. nóvember 2026, af Eflu hf., kt. 621079-0189, Lynghálsi 4, 110 Reykjavík. Áreiðanleikakannanir mynda ekki hluta af lýsingunni og skal ekki túlka sem meðmæli eða leiðbeiningar um að kaupa, halda eða selja hlutabréf í Bláa Lóninu og skulu ekki mynda grundvöll fyrir aðrar fjárfestingaákvarðanir.

2.3 Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru felld inn í lýsinguna með tilvísun og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni:

- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2025, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: https://www.blaalonidhf.is/skjol/arsreikningur-2025
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2024, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: https://www.blaalonidhf.is/skjol/arsreikningur-2024
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2023, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: https://www.blaalonidhf.is/skjol/arsreikningur-2023
- Kannaður samstæðuárshlutareikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, gerður í samræmi við IAS 34, vefslóð: https://www.blaalonidhf.is/skjol/samstaeduarsreikningur-9M-2026

Lýsingu þessa skal lesa í samhengi við öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun. Lýsingu þessa skal lesa og túlka á þeim grundvelli að öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun séu eins og áður segir órjúfanlegur hluti af lýsingu þessari.

Meðan útgefandalýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til hér að framan en slíkt aðgengi er veitt í 10 ár með birtingu lýsingar á vef félagsins, https://www.blaalonidhf.is og fyrrnefndum vefslóðum.

2.4 Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 5. nóvember 2026 samanstendur af þremur skjölum, samantekt, útgefandalýsingu þessari, og verðbréfalýsingu dagsettri 5. nóvember 2026 og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefanda eða varða hann.

Eftirfarandi skjöl verða til sýnis á vef útgefanda, https://www.blaalonidhf.is á gildistíma útgefandalýsingar þessarar:[18]

- Samþykktir Bláa Lónsins hf., dagsettar 30. október 2026
- Starfsreglur stjórnar
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2025, ásamt áritun óháðs endurskoðanda.

[18] Að undanskildum endurskoðuðum samstæðuársreikningum Arctic Adventures hf. fyrir fjárhagsárin 2025 og 2024, sem eru aðgengilegir á þeim vefslóðum sem tilgreindar eru hér að neðan.

- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2024, ásamt áritun óháðs endurskoðanda.
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2023, ásamt áritun óháðs endurskoðanda.
- Kannaður samstæðuárshlutareikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, gerður í samræmi við IAS 34.
- Stjórnarháttayfirlýsing Bláa Lónsins 2026
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Arctic Adventures hf. fyrir fjárhagsárið 2025, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: https://adventures.is/media/243683/6812160730_arctic_adventures_hf_sr_2025.pdf
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Arctic Adventures hf. fyrir fjárhagsárið 2024, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: https://adventures.is/media/243684/6812160730_arctic_adventures_hf_sr_2024.pdf

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vef útgefanda á vefslóðinni: https://www.blaalonidhf.is. Fjárfestar geta jafnframt óskað sérstaklega eftir lýsingunni á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu á skrifstofu útgefanda, Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ.

2.5 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Þar er m.a. um að ræða upplýsingar frá Hagstofu Íslands, Veðurstofu Íslands, Ferðamálastofu, World Travel & Tourism Council og Arctic Adventures hf. Útgefandi staðfestir að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem gerir upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

2.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri Bláa Lónsins hf., kt. 431023-1130, Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ, lýsa því yfir fyrir hönd Bláa Lónsins hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingar í útgefandalýsingu þessari í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Garðabær, 5. nóvember 2026

Fyrir hönd Bláa Lónsins hf.

Grímur Sæmundsen	Sigríður Margrét Oddsdóttir
Stjórnarformaður Bláa Lónsins hf.	Forstjóri Bláa Lónsins hf.

2.7 Skilgreiningar og tilvísanir

Í útgefandalýsingu þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema annað leiði af samhengi textans:

„**Aðalmarkaður Nasdaq Iceland**“ merkir Aðalmarkaðar Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

„**Arctic Adventures**“ eða „AA“ merkir Arctic Adventures hf., kt. 681216-0730, Klettagörðum 11, 104 Reykjavík.

„**Bláa Lónið**“, „útgefandinn“, „félagið“ eða „samstæðan“ merkir Bláa Lónið hf., kt. 431023-1130, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**Bláa Lónið Ísland**“ merkir Bláa Lónið Ísland ehf., kt. 490792-2369, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**Blue Lagoon Skin Science**“ merkir Blue Lagoon Skin Science ehf., kt. 671296-2819, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**Blue Lagoon Journeys**“ merkir Blue Lagoon Journeys ehf., kt. 560413-1060, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**Blue Lagoon Hungary**“ merkir Blue Lagoon Hungary Kft., Ungverjalandi.

„**Blue Lagoon Design Milano**“ merkir Blue Lagoon Design Milano SRL, Ítalíu.

„**Eldvörp**“ merkir Eldvörp ehf., kt. 690498-2009, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**Ferðaþjónustan Hoffell**“ eða „**Hoffell**“ merkir Ferðaþjónustan Hoffell ehf., kt. 680703-2560, Hoffelli 2, 781 Höfn í Hornafirði.

„**Fjármálaeftirlitið**“ merkir Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík.

„**Fossar**“ merkir Fossa fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

„**hlutirnir**“ eða „**hlutabréfin**“ merkir öll útgefin hlutabréf í Bláa Lóninu hf. sem skráð eru rafrænt hjá Nasdaq CSD SE í flokki hlutabréfa með auðkennið BLUE og ISIN númerið IS0000036101, nema annað leiði af samhengi.

„**Hrauneyjar**“ merkir Hrauneyjar ehf., kt. 600421-1310, Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ.

„**HS Orka**“ merkir HS Orka hf., kt. 680475-0169, Orkubraut 3, 241 Grindavík.

„**HS Veitur**“ merkir HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ.

„**IFRS**“ merkir alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002.

„**Íslenskar Heilsulindir**“ merkir Íslenskar Heilsulindir ehf., kt. 700407-2090, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**Jarðvangur**“ merkir Jarðvang ehf., kt. 480513-1420, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**Kerlingarfjöll**“ merkir Kerlingarfjöll ehf., kt. 690508-0950, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**KPMG**“ merkir KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

„**Landsbankinn**“ merkir Landsbankann hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík.

„**Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja**“ merkir Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu 2021, gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

„**LEX**“ merkir LEX ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

„**lýsing**“ merkir lýsingu Bláa Lónsins hf., dagsetta 5. nóvember 2026, sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu, dagsettri 5. nóvember 2026, samantekt og, eftir atvikum, viðaukum við lýsinguna.

„**lýsingarreglugerðin**“ merkir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu tilskipunar 2003/71/EB.

„**lög um hlutafélög**“ merkir lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

„**lög um einkahlutafélög**“ merkir lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

„**lög um lýsingar**“ merkir lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

„**lög um verðbréfamiðstöðvar**“ merkir lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

„**Nasdaq CSD SE**“ merkir Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

„**Rauðukambar**“ merkir Rauðukamba ehf., kt. 510816-0640, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík.

„**samkeppnislög**“ merkir samkeppnislög nr. 44/2005.

„**samningurinn við HS Orku**“ merkir samning milli HS Orku og Bláa Lónsins um nýtingu jarðhitavökva og lífríkis hans á eða frá jarðhitasvæði HS Orku í Svartsengi.

„**Umhverfis- og orkustofnun**“ merkir Umhverfis- og orkustofnun, kt. 700924-1650, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

„**umsjónaraðili töku til viðskipta**“ merkir Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans.

„**UNESCO Global Geopark**“ merkir Reykjanes UNESCO Global Geopark á Suðurnesjum.

„**útgefandalýsingin**“ merkir útgefandalýsingu þessa, dagsetta 5. nóvember 2026.

„**verðbréfalýsingin**“ merkir verðbréfalýsingu Bláa Lónsins hf., dagsetta 5. nóvember 2026.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með síðari breytingum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2.8 Skammstafanir og hugtök

e. enska
ehf. einkahlutafélag
EES Evrópska efnahagssvæðið
ESB Evrópusambandið
EUR evra
gr. grein
hf. hlutafélag
ISK íslensk króna
kr. króna
kt. kennitala
mgr. málsgrein
m.a. meðal annars
ma.kr. milljarðar króna
m. milljón
m.t.t. með tilliti til
nr. númer
sbr. samanber
slhf. samlagshlutafélag
t.a.m. til að mynda
u.þ.b. um það bil
VLF verg landsframleiðsla
þ.e. það er
þ.m.t. þar með talið
þús. þúsund

3 Upplýsingar um útgefandann

3.1 Útgefandi

Lögheiti:	Bláa Lónið hf.
Viðskiptaheiti:	Bláa Lónið / Blue Lagoon
Kennitala:	431023-1130
Rekstrarform	Íslenskt hlutafélag í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög.
Stofndagur	22. september 2023[19]
Höfuðstöðvar og lögheimili	Höfuðstöðvar: Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ Lögheimili: Norðurljósavegur 9, 241 Grindavík
Eigendur:	Hluthafar félagsins voru 103 talsins á dagsetningu útgefandalýsingar þessarar. Þrír hluthafar eiga 10% eða stærri eignarhlut í félaginu, en þeir eru Kólfur ehf. (24,85%), Lífeyrissjóður verzlunarmanna (10,52%) og Gildi – lífeyrissjóður (10,17%).
Útistandandi hlutafé:	874.634.401 hlutir, hver 1 króna að nafnverði
Eigin hlutir:	129.088 hlutir
Heildarhlutafé:	874.763.489 útgefnir hlutir, hver 1 króna að nafnverði
Auðkenni hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð og Nasdaq Kauphöll:	BLUE
LEI númer:	9845000543899455CV23
ISIN númer:	IS0000036101
Vefsíða:	https://www.blaalonidhf.is[20]
Símanúmer:	+354 420 8800
Fjárhagsdagatal, áætlun birtinga og næsti aðalfundur[21]:	24. febrúar 2027 – Birting ársuppgjörs 2026 18. mars 2027 – Aðalfundur 2027 28. apríl 2027 – Birting uppgjörs fyrsta ársfjórðungs 2027 28. júlí 2027 – Birting uppgjörs annars ársfjórðungs 2027 27. október 2027 – Birting uppgjörs þriðja ársfjórðungs 2027 23. febrúar 2028 – Birting ársuppgjörs 2027

[19] Stofndagur Bláa Lónsins Íslands ehf., kt. 490792-2369 (sem var áður Bláa Lónið hf., fyrir stofnun eignarhaldsfélagsins 2023), er 9. júlí 1992.
[20] Upplýsingar á heimasíðu félagsins mynda ekki hluta af lýsingunni nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.
[21] Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

3.2 Tilgangur

Tilgangur félagsins samkvæmt 3. gr. samþykkta félagsins er eignarhald á og rekstur fyrirtækja á sviði heilsu- og vellíðunartengdrar ferðaþjónustu, með megináherslu á rekstur náttúrubaðstaða og gisti- og veitingaþjónustu þeim tengdum. Þá nær tilgangur félagsins til fjárfestinga í og eignarhalds á fyrirtækjum í ferðaþjónustutengdum rekstri, eignarhalds á fasteignum, lánastarfsemi og annars skylds rekstrar. Auk þess stendur félagið að þróun, framleiðslu, markaðssetningu og sölu á húð- og heilsuvörum.

3.3 Lagaumhverfi

Bláa Lónið er íslenskt hlutafélag og starfar samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Önnur félög innan samstæðu Bláa Lónsins falla, eftir atvikum, undir lög nr. 2/1995 um hlutafélög eða lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Starfsemi samstæðunnar felst meðal annars í rekstri baðstaða, gististaða, veitingastaða og verslana, sem og annarri upplifunartengdri ferðaþjónustu, auk þróunar, framleiðslu, markaðssetningar og sölu á húðvörum. Starfsemin lýtur fjölbreyttu laga- og regluverki, meðal annars á sviði ferðaþjónustu, gististaða, veitingareksturs, hollustuhátta, mengunarvarna, matvæla, áfengis, mannvirkja, brunavarna, vinnuverndar, auðlindanýtingar, snyrtivara, umhverfismats, úrgangsmála, skattamála, bókhalds og reikningsskila. Starfsemi félagsins fellur meðal annars undir eftirfarandi lög og reglugerðir:

- Lög nr. 95/2018, um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun
- Lög nr. 96/2018, um Ferðamálastofu
- Lög nr. 28/2017, um farþegaflutninga og farmflutninga á landi
- Efnalög nr. 61/2013
- Lög nr. 87/2011, um gistináttaskatt og innviðagjald
- Lög nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu
- Lög nr. 75/1998, um áfengi
- Lög nr. 93/1995, um matvæli
- Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi, tóbaki, nikótíni o.fl.
- Lög nr. 54/2024, um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur
- Lög nr. 17/1991, um einkaleyfi
- Lög nr. 75/2000, um brunavarnir
- Lög nr. 160/2010, um mannvirki
- Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana
- Lög nr. 60/2013, um náttúruvernd
- Lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna
- Reglugerð nr. 177/1999, um smásölu og veitingar áfengis
- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti
- Reglugerð nr. 624/2004, um fæðubótarefni
- Reglugerð nr. 828/2005, um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni
- Reglugerð nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum
- Reglugerð nr. 577/2013, um snyrtivörur
- Reglugerð nr. 460/2015, um baðstaði í náttúrunni

- Reglugerð nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 474/2017, um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi
- Reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Reglur nr. 234/1999, um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009, um snyrtivörur

Um reikningsskil, bókhald og endurskoðun félagsins gilda meðal annars lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 145/1994 um bókhald og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun. Jafnframt gilda skattalög um félagið, svo sem lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Dótturfélög Bláa Lónsins safna og vinna persónuupplýsingar um gesti, viðskiptavini, hugsanlega viðskiptavini og aðra einstaklinga í tengslum við starfsemi sína og eru ábyrgðaraðilar að slíkri vinnslu í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, eftir því sem við á. Bláa Lónið hf. veitir dótturfélögum sínum tiltekna stoðþjónustu og kann í tengslum við hana að vinna persónuupplýsingar fyrir þeirra hönd sem vinnsluaðili. Dótturfélög félagsins hafa sett sér persónuverndarstefnur vegna vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi sinni.

Í rekstri félagsins ber félaginu að fylgja samkeppnislögum nr. 44/2005.

Starfsemi félagsins lýtur ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur félagsins og tiltekinna dótturfélaga þess háðar leyfisveitingu opinberra aðila. Þar sem Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) starfar Bláa Lónið jafnframt í samræmi við lagasetningu frá Evrópusambandinu sem er innleidd hér á landi.

3.4 Landfræðileg staðsetning Bláa Lónsins


Ísland liggur á Atlantshafshryggnum sem markar plötuskil Evrasíuflekans og Norður-Ameríkuflekans sem hreyfast í sitthvora áttina. Þessi hreyfing veldur umbrotahrinum á hryggnum sem einkennast af jarðskjálftum og eldgosum.[22] Flekaskilin liggja m.a. á Reykjanesskaganum og er talið að um fimm til sex eldstöðvakerfi séu til staðar á skaganum[23] eftir því hvort Hengilskerfið er talið með eða ekki. Hengilskerfið er ólíkt öðrum eldstöðvakerfum á skaganum en hin fimm kerfin eru nátengd og eru þau eftirfarandi: **Reykjaneskerfið** sem er vestast á Reykjanesskaganum, **Svartsengi** sem er norður af Grindavík, **Fagradalsfjall** sem er austan við Svartsengi og Grindavík, **Krýsuvíkurkerfið**, kennt við Krýsuvík og **Brennisteinsfjallakerfið** sem er einnig kennt við Bláfjöll.[24] Reykjanesskagi er hluti af gosbelti sem liggur þvert í gegnum landið og einkennist að stórum hluta af hraunum og ber þess merki að eldgos hafi verið tíð.

[22] Sjá nánar https://ferlir.is/reykjanesskagi-natturusaga-og-eldvorp/

[23] Sjá nánar Vísindavef Háskóla Íslands: https://www.visindavefur.is/svar.php?id=65699# og *Reykjanesskagi:* https://eldgos.is/reykjanesskagi/ (6 eldstöðvar ef Hengilskerfið er talið með, en landfræðilega er Hengilskerfið fyrir utan Reykjanesskagann)

[24] Sjá nánar vefinn eldgos.is: https://eldgos.is/reykjanesskagi/

Mynd 1: Gosbeltin og flekaskil á Íslandi[25]



3.4.1 Umhverfisþættir sem kunna að hafa áhrif á útgefanda

Reykjanesskagi er hluti af virku gosbelti Íslands. Frá árinu 2021 hafa orðið umfangsmiklar jarðhræringar á skaganum og endurtekin eldgos, meðal annars í Geldingadölum við Fagradalsfjall, í Meradölum, við Litla-Hrút og á Sundhnúksgígaröðinni í nágrenni Grindavíkur og Svartsengis. Frá desember 2023 til ágúst 2025 urðu níu eldgos á Sundhnúksgígaröðinni. Síðasta eldgosið, sem hófst 16. júlí 2025, lauk 5. ágúst 2025 en jarðhræringar, landris og kvikusöfnun undir Svartsengi hafa haldið áfram eftir það.

Meginstarfsemi félagsins[26] fer fram í Svartsengi á Reykjanesskaganum og er á virku jarðskjálfta- og jarðhræringasvæði. Félagið á jafnframt íbúðir í Grindavík, sem er í nálægð við virkt jarðhræringa- og eldstöðvakerfi á Reykjanesskaga. Sjá nánar kafla 3.11 „Fasteignir og aðrar eignir Bláa Lónsins“. Byggingar félagsins í Svartsengi eru hannaðar með hliðsjón af jarðskjálftahættu. Hvorki þær né íbúðir félagsins í Grindavík hafa orðið fyrir verulegum skemmdum af völdum jarðskjálfta.

Jarðhræringar og eldgos á svæðinu hafa haft áhrif á aðgengi að starfsstöðvum félagsins og starfsemi þess. Frá nóvember 2023 til júlí 2025 hefur sjö sinnum þurft að rýma starfsstöðvar Bláa Lónsins í Svartsengi, þar á meðal baðlónið, hótel, veitingastaði og rannsókna- og þróunarsetur félagsins. Áhættumat félagsins (rekstraráhættur/ytri áhættur) er yfirfarið og endurmetið reglulega með hliðsjón af þróun jarðhræringa, eldgosa og annarra ytri áhættuþátta og farið er í nauðsynlegar aðgerðir samkvæmt niðurstöðu áhættumats hverju sinni. Rýmingaráætlun vegna stórra jarðskjálfta og vegna eldgosa er til staðar og haldnar eru reglulegar hermunaræfingar. Jafnframt hefur verið staðið að raunæfingum eftir því sem tilefni hefur verið til.

[25] Heimild: www.vatnajokulsthjodgardur.is (https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/fraedsla/nattura--saga/jardfraedi).
[26] Baðlón Bláa Lónsins, hótel, veitingastaðir, verslun, rannsókna- og þróunarsetur og aðrar fasteignir sem hýsa kjarnastarfsemi félagsins.

Á síðustu misserum hefur safnast mikil vitneskja um jarðfræðilega hegðun óróasvæðisins á Reykjanesi. Einnig hefur safnast mikil þekking og reynsla af vöktun og viðbrögðum vegna jarðhræringa og eldgosa á svæðinu auk þess sem reistir hafa verið varnargarðar umhverfis Svartsengi sem eru hannaðir til þess að stýra og tefja hraunflæði með það að markmiði að vernda mikilvæga innviði.

Ekki er unnt að útiloka frekari jarðhræringar, jarðskjálfta, eldgos, kvikuhlaup, gasmengun, hraunrennsli eða önnur sambærileg atvik í nágrenni starfsstöðva félagsins í Svartsengi. Slíkir atburðir geta leitt til þess að rýma þurfi Svartsengi og þar með talið Bláa Lónið, sem getur leitt til skerðingar á starfsemi félagsins.

3.5 Ágrip af sögu Bláa Lónsins[27]

Uppruni

Á árunum 1971 til 1973 fundust vatnsgeng jarðlög með háhita við borun á Reykjanesskaga og í kjölfarið var orkuver reist í Svartsengi og Hitaveita Suðurnesja (hér eftir „**HS**“), nú HS Orka[28], kt. 680475-0169, Orkubraut 3, 241 Grindavík (hér eftir „**HS Orka**“) byrjaði að virkja orkuna. Árið 1976 myndaðist lón í hrauninu við orkuver HS vegna affalls jarðsjávar frá jarðvarmaverinu.

Uppspretta vatns Bláa Lónsins er jarðsjór sem sóttur er úr jarðlögum undir yfirborði hraunsins, sjá nánar umfjöllun um aðferðafræði í kafla 3.6.5.2 „Aðferðafræði við vinnslu á hráefnum Bláa Lónsins“. Með því að leiða hluta jarðsjávarins í lögn að Bláa Lóninu er hægt að stjórna hitastigi lónsins og halda því í 37-39°C. Sírennsli er í gegnum lónið og endurnýjast allt vatnið á 40 klukkustundum. Jarðsjórinn, sem er grunnundirstaða vatnsins í Bláa Lóninu, er að uppleggi 70% saltvatn og 30% ferskvatn og er hann ríkur af kísli, þörungum og steinefnum. Það var ekki fyrr en árið 1981 að fólk tók að baða sig í heitu og steinefnaríku vatninu og lækningarmáttur vatnsins í lóninu uppgötvaðist.

Stofnun og uppbygging

Árið 1987 fór jarðsjórinn í lóninu að vekja áhuga vísindafólks og lækna. Búningaaðstaða var byggð og aðgangur að lóninu fór að lúta reglum. Rannsóknir staðfestu endurnýjandi eiginleika jarðsjávarins og 1. júní árið 1992 stofnaði Grímur Sæmundsen læknir ásamt Grindavíkurbæ Bláa Lónið hf. Árið 1993 var Rannsókna- og þróunarsetur Bláa Lónsins sett á fót í nágrenni lónsins, þar sem frá upphafi hefur verið lögð megináhersla á vísindalegar rannsóknir á eiginleikum jarðsjávarins. Sjá nánari umfjöllun um Grím Sæmundsen í kafla 6.2 „Stjórn og yfirstjórn útgefanda“.

Frá árinu 1992 hefur Bláa Lónið boðið upp á náttúrulegar meðferðir við psoriasis sem byggja á græðandi eiginleikum jarðsjávarins. Árið 2005 opnaði Lækningalind við Bláa Lónið en um er að ræða hótel þar sem boðið er upp á lækningameðferðir við psoriasis. Árið 2016 var lokið við stækkun á aðstöðu Lækningalindarinnar. Herbergjum var fjölgað úr 15 í 35 og nafni hótelsins sem áður var rekið undir heitinu Lækningalind, breytt í Silica Hotel. Jafnframt voru gerðar breytingar á þjónustu- og vöruframboði hótelsins. Þrátt fyrir þessar breytingar heldur Silica Hotel áfram að taka

[27] Upplýsingar fengnar af vefsvæði félagsins https://www.bluelagoon.com/is/30ara/sagan

[28] Hitaveita Suðurnesja var lögð niður árið 2008 og við hlutverki hennar tóku tvö sjálfstæð fyrirtæki, HS Orka hf., kt. 680475-0169, Orkubraut 3, 241 Grindavík, sem sér um framleiðslu og sölu á raforku og HS Veitur hf. kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ, sem sér um sölu og dreifingu á heitu vatni, köldu vatni og dreifingu á raforku.

á móti psoriasis meðferðargestum sem og almennum gestum, sjá nánari umfjöllun um Silica Hotel í kafla 3.6.3.3 „Hótel“.

Frá árinu 2015 hefur Bláa Lónið boðið Íslendingum meðferð við psoriasis í Lækningalindinni á Silica Hotel án endurgjalds og án niðurgreiðslu ríkisins. Fyrir þann tíma höfðu Sjúkratryggingar Íslands greitt fyrir hefðbundna meðferð vegna psoriasis en vegna niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu var þeirri greiðsluþátttöku hætt og Sjúkratryggingar Íslands og Bláa Lónið gerðu með sér samning sem fól í sér að Bláa Lónið veitti íslenskum psoriasissjúklingum meðferð þeim að kostnaðarlausu og án opinberrar greiðsluþátttöku. Psoriasismeðferð Bláa Lónsins er viðurkenndur meðferðarkostur hjá íslenskum heilbrigðisyfirvöldum.

Árið 1999 var lónið fært á þann stað sem það er í dag. Heilsulind var byggð og ný aðstaða opnuð. Árið 2007 var ráðist í stækkun og endurbætur á húsakynnum Bláa Lónsins og Lava Restaurant opnaði, sjá nánari umfjöllun um Lava Restaurant í kafla 3.6.3.2 „Veitingasala“.

Frá árinu 2014 hefur Bláa Lónið unnið markvisst að uppbyggingu á hágæða vellíðunarþjónustu. Árið 2016 var lónið stækkað um helming og nær það nú yfir um 8.700 m². Bláa Lónið lauk við enn frekari stækkun á aðstöðu Bláa Lónsins með opnun Retreat Hotel við lónið árið 2018, sjá nánari umfjöllun um Retreat Hotel í kafla 3.6.3.3 „Hótel“.

Árið 2012 opnaði Bláa Lónið bókunarvél á vef félagsins þar sem gestir gátu bókað og greitt fyrir heimsókn sína fyrir fram. Nýtt og endurbætt vefbókunarkerfi var svo tekið í notkun árið 2013 og hefur fyrirkomulagið stutt við betri stýringu gestaflæðis innan daga og tímabila og þannig tryggt betur jákvæða upplifun gesta lónsins. Vefbókunarkerfið hefur verið í stöðugri þróun frá 2013.

Á árinu 2022 flutti Bláa Lónið skrifstofur stoðsviða félagsins sem áður voru í Svartsengi, í Urriðaholt í Garðabæ.

Árið 2023 voru breytingar gerðar á samstæðu félagsins. Nýtt móðurfélag, Bláa Lónið hf., var stofnað utan um vaxandi og fjölbreytta starfsemi félagsins og eignarhlutir félagsins í öllum dótturfélögum voru færðir undir hið nýja félag. Fólu breytingarnar m.a. í sér að rekstur Bláa Lónsins, Silica Hotel og The Retreat í Svartsengi heyra nú undir sérstakt félag, Bláa Lónið Ísland ehf.

Frá árinu 2023 hefur fjölbreytni í starfsemi félagsins aukist enn frekar með opnun Kerlingarfjalla Highland Base, með kaupum á hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum og kaupum á ferðaþjónustu í Hoffelli. Árið 2024 hófust framkvæmdir vegna uppbyggingar við Rauðukamba í Þjórsárdal og er ráðgert að rekstur þar muni hefjast að fullu á fyrri hluta ársins 2028.

Á fyrri hluta ársins 2025 lauk byggingu nýrrar upplifunaraðstöðu í baðlóninu í Svartsengi auk þess sem ráðist var í endurnýjun á öllum bað- og búningsklefum. Þeim framkvæmdum lauk um mitt ár 2025 en við þá framkvæmd var búningsklefum fjölgað og jókst afkastageta baðstaðarins við það umtalsvert.

Framkvæmdir við ný bílastæði við starfsstöðvar félagsins í Svartsengi voru að mestu unnar á árinu 2025 og var þeim lokið á fyrri hluta árs 2026. Eldri bílastæði fóru undir hraun í lok árs 2024. Jafnframt hófst undirbúningur að byggingu nýrrar aðkomu og móttöku á árinu 2025. Þær framkvæmdir eru ætlaðar til að auka skilvirkni við móttöku gesta og bæta flæði þeirra um byggingarnar.

Í júlí 2026 gerði Bláa Lónið bindandi kaupsamning við hluthafa Arctic Adventures um kaup á öllu útgefnu hlutafé félagsins. Viðskiptin voru m.a. háð þeim skilyrðum að hluthafar beggja félaga og

Samkeppniseftirlitið samþykktu viðskiptin. Hluthafafundur Bláa Lónsins samþykkti viðskiptin þann 24. júlí 2026. Á dagsetningu lýsingar þessarar hafa öll skilyrði í kaupsamningi, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, verið uppfyllt. Kaup félagsins á Arctic Adventures er mikilvægt skref útgefanda í þá átt að leiða áfram uppbyggingu og fjárfestingar sem staðsetja Ísland sem einn af fremstu upplifunar- og vellíðunaráfangastöðum heims. Sjá nánar umfjöllun um kaupsamninginn og Arctic Adventures í kafla 3.10.4 „Samningur um kaup á Arctic Adventures“ og kafla 4 „Upplýsingar um Arctic Adventures hf.“.

Á árinu 2026 jók Bláa Lónið hlut sinn í Norðurböðum, sem er hluthafi í Jarðböðunum á Mývatni og Sjóböðunum á Húsavík um 64,31% og keypti einnig 42,84% beinan hlut í Sjóböðunum á Húsavík með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Á dagsetningu lýsingar þessarar liggur niðurstaða Samkeppniseftirlitsins ekki fyrir. Við lúkningu viðskiptanna verða félögin í framhaldinu dótturfélög Bláa Lónsins í stað hlutdeildarfélaga. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

Í mars árið 2026 jók Bláa Lónið hlut sinn í Gufa-Laugarvatn Fontana ehf. (hér eftir „**Fontana**“) um 11,59%. Við kaupin varð Fontana dótturfélag Bláa Lónsins í stað hlutdeildarfélags. Félagið jók enn frekar við hlut sinn í Fontana á árinu 2026 og á dagsetningu lýsingar þessarar nemur eignarhlutur Bláa Lónsins í Fontana 97,66%. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

Húð- og heilsuvörur og verslanir

Vinna við þróun Blue Lagoon húð- og heilsuvara hófst árið 1993 og árið 1995 setti félagið fyrstu fimm vörurnar í fyrstu húðvörulínu Bláa Lónsins á markað. Ári síðar var Bláa Lónið Heilsuvörur ehf. stofnað um framleiðslu og markaðssetningu húð- og heilsuvara félagsins.

Upphaflegi hvatinn að þróun húðvara var stuðningur við psoriasismeðferð Bláa Lónsins. Húðvörurnar byggja á jarðsjó Bláa Lónsins og innihaldsefnum hans kísli, steinefnum og örþörungum. Meðal fyrstu vara félagsins var kísilmaskinn sem hefur verið ein þekktasta vara Bláa Lónsins. Á árunum sem fylgdu þróaðist vöruframboð félagsins jafnt og þétt og náði til fjölbreyttra húð-, bað- og spavara, auk sérhæfðra vara fyrir meðferðir og þjónustu innan starfsemi félagsins.

Árið 2021 var BL+ húðvörulínan sett á markað. BL+ húðvörulínan er sérstaklega þróuð til að vinna gegn öldrunareinkennum húðar og byggir á innihaldsefninu BL+ COMPLEX, sem nýtir einkaleyfi Bláa Lónsins í Evrópu og Bandaríkjunum á notkun útdrátta úr þörungum úr sérstöku salt- og jarðhitavatnsumhverfi í snyrtivörum og lyfjum, auk einkaleyfis í Evrópu á notkun kísils (silica) í snyrtivörum og lyfjum.

Nafni Bláa Lónsins Heilsuvara ehf. var breytt árið 2022 í Blue Lagoon Skincare ehf. og árið 2026 í Blue Lagoon Skin Science ehf. Jafnframt var Blue Lagoon Skin Science kynnt sem nýtt vörumerki fyrir húðvörur félagsins.

Samhliða lokun verslunar félagsins í Kringlunni snemma á árinu 2026 hófst sala á húðvörum Bláa Lónsins í snyrtivörudeild Hagkaupa. Sjá nánari umfjöllun um verslanir Bláa Lónsins í kafla 3.6.3.4 „Vörusala.“

Hlutdeild í öðrum félögum

Bláa Lónið hefur á starfstíma sínum eignast hlutdeild í nokkrum fyrirtækjum á Íslandi sem starfa á sviði ferðaþjónustu, vellíðunar og tengdrar upplifunarþjónustu. Fyrirtækin sem Bláa Lónið á hlutdeild í eru staðsett víða um Ísland og hefur efling starfsemi þeirra verið liður í þeirri vegferð Bláa Lónsins að auka samvinnu við aðra aðila í svipaðri þjónustu og um leið styrkja stöðu félagsins sjálfs sem leiðandi áfangastaðar á Íslandi. Sjá nánari umfjöllun um hlutdeildarfélög í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

Hlutabréf skráð á markað

Á stjórnarfundi félagsins í maí 2026 samþykkti stjórn Bláa Lónsins að hefja undirbúning að skráningu félagsins á Aðalmarkað Kauphallarinnar.

Mikilvægir atburðir í framvindu starfsemi Bláa Lónsins

1976	Lón myndaðist í hrauninu við orkuver HS.
1981	Eiginleikar vatnsins í lóninu uppgötvuðust og fólk tók að baða sig í vatninu.
1987	Jarðsjórinn í lóninu fór að vekja athygli vísindafólks og lækna. Búningaaðstaða var byggð og aðgangur að lóninu fór að lúta reglum.
1992	Grímur Sæmundsen læknir stofnar Bláa Lónið ásamt Grindavíkurbæ og byrjað er að bjóða upp á meðferð við psoriasis.
1993	Rannsókna- og þróunarsetur Bláa Lónsins sett á fót.
1994	Læknalind Bláa Lónsins tók til starfa og tók við rekstri þjónustu fyrir almenna gesti.
1995	Fyrstu fimm vörurnar í húðlínu Bláa Lónsins voru settar á markað.
1996	Bláa Lónið Heilsuvörur ehf. stofnað utan um húðvörur félagsins.
1999	Lónið var fært á þann stað sem það er á í dag. Heilsulind var byggð og ný aðstaða opnuð.
1999	Verslun Bláa Lónsins við Svartsengi opnaði.
1999	Bláa Lónið hlýtur Nýsköpunarverðlaun Rannsóknarráðs og útflutningsráðs.
2003	Nýtt baðupplifunarsvæði var opnað með hellum, gufuböðum, fossi og nuddvík.
2004	Bláa Lónið hlýtur Útflutningsverðlaun forseta Íslands.
2005	Lækningalind við Bláa Lónið opnaði svo og þróunarsetur húðvaranna.
2006	Lækningalindin hlýtur Norrænu lýsingarverðlaunin.
2006	Verslanir Bláa Lónsins við Laugaveg í Reykjavík og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar opnuðu.

2007 Ráðist var í stækkun og endurbætur á húsakynnum Bláa Lónsins og Lava Restaurant opnaði.

2007 Lækningalindin hlýtur Byggingarlistaverðlaun Íslands.

2012 Bláa Lónið opnaði bókunarvél á vef félagsins þar sem gestir gátu bókað og greitt fyrir heimsóknir sínar fyrir fram.

2012 Tímaritið National Geographic valdi Bláa Lónið eitt af 25 undrum veraldar.

2012 Nýtt þjónustuhús með farangursgeymslurými sem staðsett er við bílaplan Bláa Lónsins var opnað.

2013 Nýtt og endurbætt vefbókunarkerfi var tekið í notkun.

2014-2015 Bláa Lónið fékk einkaleyfi samþykkt í Bandaríkjunum og í Evrópu á notkun útdrátta úr þörungum úr sérstöku salt- og jarðhitavatnsumhverfi í snyrtivörum og lyfjum.

2016 Aðstaða Lækningalindarinnar var stækkuð, herbergjum var fjölgað úr 15 í 35 og nafni hótelsins sem rekið hafði verið undir heitinu Lækningalind var breytt í Silica Hotel.

2016 Lónið var stækkað um helming og nær nú yfir 8.700 fermetra. Bætt var við nýrri nuddvík.

2017 Bláa Lónið fær Hönnunarverðlaun Íslands fyrir bestu fjárfestinguna á árinu.

2018 The Retreat fær Hönnunarverðlaun Íslands fyrir bestu fjárfestinguna á árinu.

2018 Bláa Lónið fékk einkaleyfi í Evrópu á notkun kísils (silica) í húðvörum.

2018 Lokið var við enn frekari stækkun á aðstöðu Bláa Lónsins með opnun The Retreat.

2018 The Retreat fær Hönnunarverðlaun Íslands.

2019 The Retreat fær „Red Dot Best of the Best“ verðlaunin sem besta innanhússhönnun ársins.

2019 The Retreat fær AHEAD Europe Award sem 3 besta „Resort“ hótel í Evrópu

2020 The Retreat fær AHEAD Global Award sem 3 besta hótel í heimi og best í flokki „Sanctuary“

2020 The Retreat fær „IF Design Award“

2021 Ný húðvörulína, BL+, var sett á markað.

2021 Verslun Bláa Lónsins opnaði í verslunarmiðstöðinni Kringlunni.

2021 Bláa Lónið hlaut umhverfisverðlaun Samtaka atvinnulífsins og þar með nafnbótina „Umhverfisfyrirtæki ársins 2021“.

2021	Framkvæmdir hófust við uppbyggingu á heilsársferðaþjónustu og afþreyingu í Ásgarði í Kerlingarfjöllum.
2022	Bláa Lónið flutti skrifstofur stoðsviða félagsins, sem áður voru í Svartsengi, í Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ.
2022	Undirbúningur hófst að framkvæmdum við uppbyggingu á hóteli og baðstað í Þjórsárdal.
2023	Bláa Lónið hlaut menntaverðlaun Samtaka atvinnulífsins og þar með nafnbótina „Menntafyrirtæki ársins 2023“.
2023	Veitingastaðurinn Moss hlaut Michelin-stjörnu.
2023	Kerlingarfjöll Highland Base opnar á hálendi Íslands.
2023	Móðurfélagið Bláa Lónið hf. stofnað.
2023	Hálendismiðstöðin í Hrauneyjum bætist í hóp rekstrareininga í eigu félagsins.
2023	Ferðaþjónustan Hoffell bætist í hóp rekstrareininga félagsins.
2024	Bláa Lónið hlýtur Hvatningarverðlaun Ábyrgrar ferðaþjónustu.
2024	Framkvæmdir hefjast vegna uppbyggingar við Rauðukamba í Þjórsárdal.
2024	Endurbætur á gisti- og baðaðstöðu í Hoffelli sem varð hluti af rekstri félagsins árið 2023.
2024	Uppfærsla í 4 stjörnur plús á herbergjum á Silica Hotel.
2025	Byggingaframkvæmdir hefjast í Þjórsárdal við Fjallaböðin og Mountain Retreat hótelið.
2025	The Retreat hlýtur Michelin Lykil (Michelin-Key) viðurkenningu.
2025	Kerlingafjöll Highland Base hlýtur Michelin Lykil (Michelin-Key) viðurkenningu.
2026	Byggingaframkvæmdir hefjast í Þjórsárdal við Gestastofu og tjaldstæði
2026	Blue Lagoon Skin Science kynnt sem nýtt vörumerki fyrir húðvörur félagsins og nýtt heiti félagsins.
2026	Félagið skrifar undir kaupsamning á Arctic Adventures. Á dagsetningu lýsingar hafa öll skilyrði kaupsamnings, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, verið uppfyllt.
2026	Stjórn Bláa Lónsins tók ákvörðun um að hefja undirbúning að skráningu félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.
2026	Félagið eykur hlut sinn í Norðurböðum sem er hluthafi í Jarðböðunum á Mývatni og Sjóböðunum á Húsavík, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

2026 Félagið eykur hlut sinn í Gufu-Laugarvatni Fontana ehf.

2026 Bláa Lónið hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands.

2026 The Retreat hlýtur annan Michelin Lykil (e. Michelin Key) og verður þar með eina íslenska hótelið með tvo Michelin Lykla.

3.6 Skipulag samstæðunnar og starfsemi

3.6.1 Hlutverk og markmið

Bláa Lónið starfar á sviði heilsu-, vellíðunar- og upplifunartengdrar ferðaþjónustu á Íslandi og hefur starfað í yfir 30 ár. Starfsemi samstæðunnar felst meðal annars í rekstri baðstaða, hótela, veitingastaða og verslana, sem og annarri upplifunartengdri ferðaþjónustu, auk þróunar, framleiðslu, markaðssetningar og sölu á húðvörum.

Meginstarfsemi samstæðunnar í Svartsengi fer fram í dótturfélaginu Bláa Lónið Ísland ehf. Þar rekur félagið meðal annars baðlón Bláa Lónsins, Retreat Spa, The Retreat, Silica Hotel, veitingastaðina Lava Restaurant, Moss Restaurant og Spa Restaurant, kaffihúsið Blue Café, verslanir, Lækningalind og Rannsókna- og þróunarsetur Bláa Lónsins.

Baðlón Bláa Lónsins er einhver fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi, en 833.815 gestir sóttu Bláa Lónið sjálft sem daggestir árið 2025.[29] Starfsstöðvar félagsins í Svartsengi eru innan Auðlindagarðsins[30] og tilheyrir staðsetningin „*Reykjanes UNESCO Global Geopark*“[31].

Jarðsjórinn sem myndar baðlónið er ríkur af kísli, örþörungum og steinefnum. Þessi einstaka náttúruauðlind er grundvöllur starfsemi Bláa Lónsins og liggur að baki bæði baðlóninu og þróun og framleiðslu húðvara félagsins. Eftir því sem félaginu er kunnugt er þessa samsetningu kísils, örþörunga og steinefna hvergi annars staðar að finna í heiminum. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.6.5.2 „Aðferðafræði við vinnslu á hráefnum Bláa Lónsins“.

Bláa Lónið leggur ríka áherslu á sjálfbærni, umhverfisvernd, gæði, öryggi og ábyrga nýtingu auðlinda í rekstri sínum og leiðarljós Bláa Lónsins í sjálfbærnimálum eru „Uppspretta vellíðunar í sátt við náttúru og nærsamfélag“.

3.6.2 Skipulag starfseminnar

Framkvæmdastjórn Bláa Lónsins er skipuð forstjóra og sex framkvæmdastjórum: framkvæmdastjóra reksturs, framkvæmdastjóra sölu, framkvæmdastjóra hönnunar, framkvæmdastjóra fjármála, framkvæmdastjóra tækni og framkvæmdastjóra mannauðs.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Bláa Lóninu hf. og dótturfélögum þess. Þann 30. september 2026 voru dótturfélög samstæðunnar átján talsins. Níu dótturfélög heyra beint undir móðurfélagið en þau eru Bláa Lónið Ísland ehf., Blue Lagoon Skin Science ehf., Eldvörp ehf., Íslenskar Heilsulindir ehf., Hrauneyjar ehf., Blue Lagoon Hungary Kft., Ferðaþjónustan Hoffell ehf., Kerlingarfjöll ehf. og Blue Lagoon Design Milano SRL. Níu dótturfélög eru óbein dótturfélög


[29] Af þeim voru 744.366 fullborgandi gestir. Aðrir gestir eru t.d. börn eða gestir í Silica Hotel.
[30] Auðlindagarðurinn á Reykjanesi vísar til þeirra fyrirtækja sem starfa á Reykjanesskaganum og nýta auðlindastrauma frá jarðvarmaveri HS Orku hf. Sjá nánar um Auðlindagarðinn á vef Auðlindagarðsins: https://www.hsorka.is/audlindagardurinn/um-audlindagardinn/.
[31] Sjá nánar: https://www.unesco.org/en/iggp/reykjanes-unesco-global-geopark.

innan samstæðunnar en þau eru Rauðukambar ehf., Gufa-Laugarvatn Fontana ehf., Blue Lagoon Journeys ehf., Þjónustumiðstöð Reykjanesvita ehf., Hraunsetur ehf., Jarðvangur ehf., Blue Lagoon USA, Blue Lagoon NL og Blue Lagoon UK. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

Starfsemi samstæðunnar skiptist í rekstur baðstaða, hótela, veitingastaða og verslana, sem og aðra upplifunartengda ferðaþjónustu, sölu og þjónustu við viðskiptavini, þróun og sölu húðvara. Meðalfjöldi ársverka hjá samstæðunni árið 2025 var 811, samanborið við 741 árið 2024 og 734 árið 2023. Stöðugildi í lok árs 2025 voru 806 hjá samstæðunni samanborið við 727 í lok árs 2024 og 723 í lok árs 2023. Starfsmannafjöldi samstæðunnar getur sveiflast milli tímabila, meðal annars vegna árstíðarsveiflna í ferðaþjónustu, breytinga á umfangi starfsemi, opnunar eða lokunar starfsstöðva og ytri atvika sem hafa áhrif á rekstur, svo sem heimsfaraldra, jarðhræringa, eldgosa eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Meginstarfsemi Bláa Lónsins í Svartsengi er í um 40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík og um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Keflavíkurflugvelli. Á árinu 2022 flutti Bláa Lónið skrifstofur stoðsviða, sem áður voru í Svartsengi, í leiguhúsnæði að Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ. Fjöldi starfsmanna í Urriðaholtsstræti er 116.

Mynd 2: Skipurit Bláa Lónsins



3.6.2.1 Forstjóri

Forstjóri Bláa Lónsins er Sigríður Margrét Oddsdóttir. Hún ber ábyrgð á rekstri og afkomu félagsins gagnvart stjórn. Forstjóri hefur umsjón með daglegum rekstri, stefnumótun, áætlanagerð, áhættustýringu og er talsmaður félagsins út á við. Sjá nánari umfjöllun um Sigríði Margréti í kafla 6.2 „Stjórn og yfirstjórn útgefanda“.

3.6.2.2 Lögfræði- og leyfismál, vörumerkjavernd

Félagið útvistar lögfræðilegum verkefnum til IUS Lögmannsstofu ehf., kt. 690916-1420, Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ (hér eftir „**IUS Lögmannsstofa**"). Garðar G. Gíslason, lögmaður, er í forsvari fyrir lögmannsstofuna.

3.6.2.3 Rekstur

Rekstrarsvið ber ábyrgð á rekstri og afkomu rekstrareininga samstæðunnar. Undir sviðið heyra meðal annars baðstaðir, hótel, veitingastaðir, verslanir og önnur þjónusta innan samstæðunnar.

Hlutverk rekstrarsviðs er að hámarka rekstrarárangur og verðmætasköpun rekstrareininga félagsins með markvissri framkvæmd, skilvirkum rekstri og ábyrgri nýtingu fjármuna og mannauðs. Sviðið ber ábyrgð á framkvæmd rekstraráætlana, eftirfylgni með rekstrar- og fjárhagslegum markmiðum, samhæfingu rekstrareininga og innleiðingu umbóta sem styðja við vöxt, rekstrarhagkvæmni og sjálfbæra afkomu samstæðunnar.

Stöðugildi sviðsins eru 650 og er Sigrún Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.

3.6.2.4 Sala

Sölusvið ber ábyrgð á sölu, tekjuöflun og tekjuþróun samstæðunnar. Undir sviðið heyra meðal annars sala á þjónustu og vörum félagsins, vöruþróun, samstarf við dreifingaraðila og ferðaskrifstofur, bókunarþjónusta, tekjustýring og samskipti við lykilviðskiptavini.

Hlutverk sölusviðs er að hámarka tekjur og verðmætasköpun samstæðunnar með markvissri sölu, öflugum viðskiptasamböndum og skilvirkri stýringu dreifileiða. Sviðið ber ábyrgð á framkvæmd söluáætlana, eftirfylgni með sölu- og tekjumarkmiðum, greiningu á eftirspurn og þróun sölutækifæra á innlendum og erlendum mörkuðum. Jafnframt vinnur sviðið að því að efla markaðsstöðu félagsins, styðja við sjálfbæran vöxt rekstrareininga og hámarka verðmætasköpun samstæðunnar.

Markaðsdeildin, sem heyrir undir sviðið, ber ábyrgð á markaðsmálum félagsins bæði á erlendum og innlendum mörkuðum þvert á rekstrareiningar. Í því felst að búa til, stýra og fylgja eftir einstökum markaðsverkefnum og halda úti öllum vef- og samskiptamiðlum.

Stafrænar dreifileiðir, sem heyra undir sölusvið, sinna hugbúnaðarþróun og hönnun á öllum stafrænum lausnum og vefsvæðum sem snúa að gestum og viðskiptavinum fyrirtækisins. Bláa Lónið leggur áherslu á að upplifun viðskiptavina sé góð í allri starfsemi félagsins og á það því einnig við um notendur bókunarvélar Bláa Lónsins.

Stöðugildi sviðsins eru 52 og er Jóhann Valur Sævarsson framkvæmdastjóri.

3.6.2.5 Hönnun

Hlutverk sviðsins er þríþætt: vörumerkjastjórnun, hönnun og nýsköpun. Hlutverk Hönnunar felur í sér að halda utan um áframhaldandi þróun á öllum vörumerkjum (brands) innan samstæðunnar. Sviðið hefur jafnframt umsjón og yfirsýn með allri hönnun á öllum snertiflötum við viðskiptavini. Snertifletirnir eru meðal annars vörur og þjónusta sem Bláa Lónið býður upp á og stuðningsefni sem þarf til kynningar og rekstrar á þeim. Hönnun hefur einnig það hlutverk að móta hönnunarstefnu samstæðunnar og samstilla við heildarstefnumótun Bláa Lónsins hf.

Hönnun ber jafnframt ábyrgð á að þróa, hanna og byggja upp nýja áfangastaði sem Bláa Lónið stendur að í samvinnu við önnur svið.

Stöðugildi sviðsins eru 8 og er Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

3.6.2.6 Fjármál

Sviðið ber ábyrgð á fjármálum samstæðunnar, rekstri og viðhaldi fasteigna og öryggi. Einnig heyra undir sviðið innkaup á rekstrarvöru fyrir allar einingar samstæðunnar og rekstur vöruhúss. Sviðið skiptist í sex deildir: Reikningshald, Fjárreiður, Kostnaðarbókhald, Fasteignir, Innkaup og Öryggi.

Fjármálasvið leitast við að tryggja að ávallt séu til staðar réttar fjárhagsupplýsingar á hverjum tíma fyrir stjórnendur Bláa Lónsins. Fjármálasvið ber ábyrgð á tímanlegri og réttri skráningu tekna og kostnaðar í fjárhagskerfi Bláa Lónsins ásamt úrvinnslu mánaðarlegra fjárhagsuppgjöra og gerð ársreikninga fyrir Bláa Lónið og dótturfélög þess. Sviðið ber einnig ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana, fjármögnun, fjárstýringu og innheimtu og skilar tilskildum fjárhagsgögnum og skýrslum til opinberra aðila.

Viðhald og rekstur allra fasteigna félagsins heyrir undir fjármálasvið ásamt innkaupum og lagerhaldi á rekstrarvörum.

Öryggisdeild ber ábyrgð á gerð áhættumats og neyðar- og rýmingaráætlana. Deildin heldur utan um atvikaskráningar, fyrsta viðbragð, eftirfylgni atvika, samskipti við tjónþola og ytri hagaðila, umbætur í kjölfar atvika og eftirfylgni með þeim. Deildin tryggir einnig að ytri og innri kröfum, stöðlum, lögum og reglugerðum um öryggi og heilsu sé fylgt eftir sem og að viðeigandi námskeið og fræðsla tengd öryggi sé til staðar fyrir starfsfólk.

Stöðugildi sviðsins eru 45 og er Helgi Júlíusson framkvæmdastjóri.

3.6.2.7 Tækni

Sviðið skiptist í tvær deildir: UT rekstur og UT þróun. UT rekstur sinnir daglegum rekstri tölvukerfa og aðstoð/þjónustu við notendur ásamt uppsetningu á nýjum tölvubúnaði og stýringu á aðgangsheimildum notenda í upplýsingatækniumhverfi Bláa Lónsins. Einnig rekur deildin fleiri en eitt kerfisrými í Svartsengi ásamt meginkerfisrými hjá Borealis Datacenter á Korputorgi og er með Azure skýjalausn hjá Microsoft.[32] Deildin er með sólarhringsbakvakt alla daga ársins sem sinnir útkallsþjónustu ef alvarleg atvik koma upp eða upplýsingakerfi eða vélbúnaður bilar.

UT þróun sinnir hugbúnaðarþróun í grunnkerfum og vefþjónustum í upplýsingatækniumhverfi Bláa Lónsins. Deildin stýrir verkefnum tengdum daglegum rekstri Microsoft Business Central[33] og LS Retail[34] og innleiðingum á uppfærslum og viðbótum fyrir þau kerfi sem flokkast sem aðal upplýsingakerfi fyrirtækisins. Einnig stýrir deildin þróun á vefþjónustulagi fyrirtækisins. Vefþjónustulagið er að öllu leyti hannað og viðhaldið hjá deildinni og er tengipunktur allra kerfa sem snúa að gestum og viðskiptavinum fyrirtækisins.

[32] Sjá nánar: https://www.welladvised.is
[33] Dynamics 365 Business Central eru kerfislausnir á sviði viðskiptastjórnunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Sjá nánar: https://dynamics.microsoft.com/en-us/business-central/overview/
[34] LS Retail er kerfi sem býður upp á hugbúnaðarlausnir fyrir m.a. verslanir, veitingastaði og hótel. Sjá nánar: https://www.lsretail.com/

Gerðir hafa verið þjónustusamningar um stoðþjónustu í upplýsingatækniþjónustu og kerfisrekstri við dótturfélög og tengd félög í samstæðu Bláa Lónsins.

Stöðugildi sviðsins eru 22 og er Sigurður Long framkvæmdastjóri.

3.6.2.8 Mannauður

Sviðið skiptist í þrjár deildir: Ráðningar og mannauðsráðgjöf (e. Business Support); Fræðsla, gæðamál mannauðs og innri samskipti (e. Center of Excellence); og Gæða-, umhverfis- og sjálfbærnimál. Helstu verkefni Ráðninga og mannauðsráðgjafar eru m.a. almenn mannauðsráðgjöf fyrir starfsmenn og stjórnendur, launavinnsla, umbætur á launamálum félagsins og launatengdum málefnum, kjararáðgjöf til stjórnenda og starfsmanna og markviss vinna að jafnlaunavottun félagsins. Jafnframt sér sviðið um ráðningar og tryggir að ráðningarsamningar og starfslýsingar séu til staðar. Þar að auki hefur sviðið umsjón með Hraunsetri, starfsmannaíbúðum félagsins, sem staðsettar eru í Grindavík. Í því felst umsjón með leigusamningum og launatengd umsýsla. Deildin hefur einnig umsjón með starfsmannasamgöngum (rútuferðir starfsmanna),[35] fríðindum starfsfólks og starfsmannafatnaði. Deildin sér einnig um að skilgreina þjálfunar- og fræðsluþarfir fyrir viðkomandi einingar ásamt því að innleiða ferla í samstarfi við Fræðslu, gæðamál mannauðs og innri samskipti.

Helstu verkefni Fræðslu, gæðamála mannauðs og innri samskipta eru að sjá um ferla, stefnur og jafnréttismál. Deildin sér um að framkvæma vinnustaðagreiningar og stjórnendamat með reglubundnum hætti, kynna og vinna með niðurstöður á markvissan hátt með stjórnendum. Deildin sér einnig um nýliðafræðslu og þjálfun sem og að greina fræðsluþarfir hjá ólíkum starfshópum Bláa Lónsins. Deildin stýrir breytingastjórnun, innri samskiptum og upplýsingagjöf til starfsmanna.

Gæða-, umhverfis- og sjálfbærnimál bera ábyrgð á gæðastjórnun, umhverfismálum og sjálfbærni innan samstæðunnar. Undir eininguna heyra meðal annars gæðakerfi, umhverfis- og sjálfbærnivottanir, umbótastarf, stjórnun ferla, eftirfylgni með lögum og kröfum og sjálfbærniverkefni.

Hlutverk einingarinnar er að styðja við árangur og verðmætasköpun samstæðunnar með markvissri gæðastjórnun, ábyrgri nýtingu auðlinda og sjálfbærum starfsháttum. Einingin ber ábyrgð á þróun og innleiðingu stefnu, verklags og umbóta á sviði gæða-, umhverfis- og sjálfbærnimála og tryggir að starfsemin uppfylli viðeigandi lög, kröfur og staðla.

Stöðugildi sviðsins eru 17 og er (Þórunn) Hildur Þórisdóttir framkvæmdastjóri.

Gerðir hafa verið þjónustusamningar um stoðþjónustu við dótturfélög og tengd félög í samstæðu Bláa Lónsins.

3.6.2.9 Tekjusvið og rekstrareiningar

Helstu rekstrareiningar samstæðunnar eru Bláa Lónið í Svartsengi, The Retreat, Silica Hotel, Blue Lagoon Skin Science, Kerlingarfjöll, Hrauneyjar og Ferðaþjónustan Hoffell.

[35] Rútuferðum starfsmanna í og úr vinnu hefur verið útvistað til þriðja aðila, Crew ehf.

Bláa Lónið í Svartsengi

Bláa Lónið er náttúrubaðstaður og alþjóðlegur áfangastaður á sviði heilsu og vellíðunar þar sem kjarninn í starfseminni er böðun í lóninu sem myndast af einstökum jarðsjó úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi. Jarðsjórinn, sem er ríkur af kísli, örþörungum og steinefnum, er undirstaða starfsemi Bláa Lónsins og liggur að baki bæði upplifun gesta og þróun þeirra vara og þjónustu sem félagið býður upp á.

Starfsemin í Svartsengi nær til baðlónsins sjálfs og fjölbreyttrar heilsu-, spa- og vellíðunarþjónustu sem byggir á eiginleikum jarðsjávarins. Meðal þeirrar þjónustu sem stendur gestum til boða eru maskabar, saunur, gufuböð, drykkjarbarir í lóninu og sérhæfðar spa-meðferðir.

Undir rekstrareininguna Bláa Lónið fellur meginstarfsemi félagsins í Svartsengi, þar á meðal baðlón Bláa Lónsins, veitingasala, verslanir og tengd þjónusta við gesti.

The Retreat

Undir rekstrareininguna The Retreat fellur meðal annars rekstur Retreat Hotel, Retreat Spa, Moss Restaurant, Spa Restaurant og tengdrar þjónustu í Svartsengi. The Retreat er hótel- og vellíðunarþjónusta í hæsta gæðaflokki og er staðsett við Bláa Lónið.

Retreat Hotel er samtengt Retreat Spa, þar sem gestum stendur til boða bað- og vellíðunarþjónusta, meðferðir og önnur tengd þjónusta. Moss Restaurant er veitingastaður innan The Retreat og Spa Restaurant er staðsettur í tengslum við heilsulindina. The Retreat þjónar bæði hótelgestum og, eftir atvikum, daggestum sem kaupa aðgang að þjónustu heilsulindarinnar.

Silica Hotel

Silica Hotel er staðsett í Svartsengi í göngufæri við baðlón Bláa Lónsins og er hluti af heilsu-, vellíðunar- og meðferðarstarfsemi félagsins. Gestir hótelsins hafa aðgang að þjónustu og aðstöðu Bláa Lónsins auk sérstaks baðlóns við hótelið sem myndast af jarðsjó.

Innan Silica Hotel er jafnframt starfrækt Lækningalind Bláa Lónsins þar sem veitt er sérhæfð meðferð fyrir einstaklinga með psoriasis. Meðferðin byggir meðal annars á böðun í jarðsjó Bláa Lónsins, ljósameðferð og notkun kísils og húðvara. Silica Hotel tengir þannig saman gistingu, vellíðunardvöl og sérhæfða meðferðarþjónustu innan starfsemi félagsins.

Blue Lagoon Skin Science

Blue Lagoon Skin Science ehf. annast þróun, framleiðslu, markaðssetningu, vörumerkjastjórnun og sölu á húð- og heilsuvörum félagsins.

Starfsemin byggir á sömu náttúruauðlind og er grunnur að baðlóni Bláa Lónsins, þ.e. jarðsjó sem er ríkur af kísli, örþörungum og steinefnum. Rannsóknir Bláa Lónsins á eiginleikum jarðsjávarins hafa um áratugaskeið verið grunnur að þróun húðvara félagsins og skapað sérstöðu vöruframboðsins.

Vöruframboð félagsins nær til fjölbreyttra húð-, spa-, bað- og vellíðunarvara, þar á meðal vara fyrir viðkvæma og þurra húð, andlitsmaska sem byggja á kísli, örþörungum og steinefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins, auk BL+ húðvara sem þróaðar eru til að vinna gegn öldrunareinkennum

húðar. BL+ vörurnar byggja á BL+ COMPLEX, sem sameinar lífvirka örþörunga og kísil úr jarðsjó Bláa Lónsins og nýtir einkaleyfi félagsins á notkun þessara innihaldsefna í snyrtivörum og lyfjum.

Vörur Blue Lagoon Skin Science eru seldar á innlendum og erlendum mörkuðum í gegnum verslanir félagsins, vefverslun og aðrar söluleiðir.

Aðrir áfangastaðir og upplifunartengd ferðaþjónusta

Bláa Lónið kemur að rekstri annarra áfangastaða utan Svartsengis, meðal annars Kerlingarfjöllum, Hrauneyjum og Hoffelli. Starfsemin tengist uppbyggingu ferðaþjónustu, gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, afþreyingu og vellíðunartengdri upplifun á ólíkum svæðum á Íslandi.

Kerlingarfjöll eru á hálendi Íslands og þar er rekin gisti- og veitingaaðstaða, böð og afþreying. Hrauneyjar eru staðsettar við jaðar hálendisins og tengjast þjónustu við ferðamenn sem sækja hálendi Íslands. Í Hoffelli er rekin gistiaðstaða og böð í nágrenni Vatnajökuls. Nánari umfjöllun um viðkomandi félög, eignarhald, rekstur og þróun áfangastaða er að finna í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

3.6.2.10 Tekjuskipting

Rekstrartekjur Bláa Lónsins skiptast í helstu flokka eftir eðli starfsemi, þ.e. baðstaði, hótel, veitingasölu, vörusölu og annað. Helstu tekjustoðir innan hvers flokks eru eftirfarandi:

Baðstaðir:

Hér er einkum um að ræða aðgangseyri í baðlón og þjónustu þeim tengda.

Veitingasala:

Hér falla undir rekstur þriggja veitingastaða í Svartsengi, veitingarekstur á hótelum samstæðunnar, og önnur veitingaþjónusta í tengslum við baðstaði félagsins.

Hótel:

Hér falla undir rekstur tveggja hótela Bláa Lónsins í Svartsengi auk hótelrekstrar dótturfélaganna Kerlingarfjalla ehf., Hrauneyja ehf. og Ferðaþjónustunnar Hoffells ehf.

Vörusala:

Hér er að langmestu leyti um að ræða sölu á húðvörum undir nafni Blue Lagoon Skin Science.


Annað:

Undir liðinn „annað“ kunna meðal annars að falla tekjur vegna þjónustu sem veitt er af öðrum aðilum eða tengdrar þjónustu sem seld er samhliða dvöl eða upplifun gesta, eftir því sem við á.

Langstærstur hluti tekna félagsins er tilkominn vegna sölu til erlendra ferðamanna. Tekjur félagsins eru að miklu leyti tilkomnar vegna starfsemi baðstaða, en veitingarekstur, hótelrekstur og vörusala eru jafnframt mikilvægar tekjustoðir félagsins, eins og fram kemur í töflu 6 „Sundurliðun tekna árin 2023-2025“. Tekjusamsetning getur þó breyst milli tímabila vegna aðstæðna í ferðaþjónustu, fjölda ferðamanna, lokana, jarðhræringa, eldgosa, heimsfaraldra eða


annarra ytri þátta. Sjá nánar kafla 1.2.1 „Náttúruhamfarir og hætta á óviðráðanlegum ytri atvikum“ og kafla 5 „Fjárhagsupplýsingar“.

Mynd 3: Sundurliðun tekna árin 2023-2025



Á árinu 2025 fór um 78% af sölu húðvara fram á Íslandi, 17% á Bandaríkjamarkaði og 5% á öðrum mörkuðum.

Mynd 4: Skipting vörusölu Bláa Lónsins eftir svæðum árið 2025



3.6.3 Starfsemi í Svartsengi

Í Svartsengi rekur félagið meðal annars baðlónið Bláa Lónið, Retreat Spa, baðlón við Silica Hotel, Retreat Hotel, Silica Hotel, veitingastaðina Lava Restaurant, Moss Restaurant og Spa Restaurant, Blue Café, verslanir, Lækningalind og aðra þjónustu sem tengist starfsemi félagsins á svæðinu. Starfsemin er staðsett í nágrenni við jarðvarmaver HS Orku í Svartsengi og byggir meðal annars á samningi milli HS Orku og Bláa Lónsins um nýtingu jarðhitavökva frá jarðhitasvæði HS Orku í Svartsengi. Sjá nánar kafla 3.10 „Mikilvægir samningar“.

3.6.3.1 Baðstaðir

Bláa Lónið rekur þrjá baðstaði við Svartsengi á Reykjanesinu, baðlónið Bláa Lónið og Retreat Spa auk sérstaks baðlóns við Silica Hotel. Í gildi er samningur á milli HS Orku og Bláa Lónsins

með einkaréttarákvæði sem kveður á um að Bláa Lónið hafi einkarétt til nýtingar á jarðhitavökva og lífríki hans á eða frá jarðhitasvæði HS Orku í Svartsengi, sjá nánar umfjöllun í kafla 3.10 „Mikilvægir samningar“. Aðgangi að baðstöðunum er stýrt með bókunarkerfi og aðgangsstýringu sem stuðlar að dreifingu gesta yfir daginn og styður við góða upplifun gesta.

Bláa Lónið

Bláa Lónið er baðlón í Svartsengi á Reykjanesskaga sem myndaðist upphaflega vegna affalls jarðsjávar frá jarðvarmaveri HS Orku, áður Hitaveitu Suðurnesja. Árið 1981 tók fólk að baða sig í lóninu og í kjölfarið jókst áhugi á eiginleikum jarðsjávarins og mögulegri notkun hans í heilsu- og húðmeðferð. Sjá nánar kafla 3.5 „Ágrip af sögu Bláa Lónsins“.

Bláa Lónið opnaði á núverandi stað árið 1999. Árið 2003 voru ný upplifunarsvæði tekin til notkunar. Árið 2007 voru húsakynni baðstaðarins stækkuð og endurbætt. Húsnæði baðstaðarins er um 6.124 fermetrar að stærð. Árið 2016 var lónið stækkað um helming og nær það nú yfir um 8.700 fermetra. Í lóninu eru um 9 milljónir lítra af jarðsjó og endurnýjast vatnið að jafnaði á um 40 klukkustundum.

Í baðlóninu er boðið upp á andlitsmaska, gufuböð, nudd í lóninu og flotmeðferðir. Í baðlóninu eru einnig barir þar sem gestir geta keypt sér drykki. Á árinu 2025 komu um 834 þúsund gestir í baðlónið, samanborið við um 666 þúsund gesti árið 2024 og um 866 þúsund gesti árið 2023. Gestafjöldi og nýting aðstöðu kunna að sveiflast milli tímabila, meðal annars vegna árstíðarsveiflna, ferðamannastrauma, lokana, jarðhræringa, eldgosa eða annarra ytri atvika.

Á miðju ári 2023 var fjöldi skápa fyrir baðgesti aukinn úr 734 í 836. Breytingin studdi við aukna afkastagetu og betri stýringu á gestaflæði innan baðstaðarins. Árið 2025 var lokið við byggingu nýrrar upplifunaraðstöðu í baðlóninu og voru allir bað- og búningsklefar endurnýjaðir og þeim fjölgað. Fjöldi skápa fyrir baðgesti er nú 880 og hefur afkastageta baðstaðarins þannig aukist enn frekar.

Retreat Spa

Retreat Spa er bað- og heilsulind sem er hluti af The Retreat at Blue Lagoon og var opnuð árið 2018. Retreat Spa er ætlað bæði hótelgestum og daggestum sem kaupa aðgang að þjónustunni. Aðstaðan er staðsett í Svartsengi, á sama svæði og baðlón Bláa Lónsins. Húsnæði Retreat Spa er um 4.315 fermetrar að stærð og baðlónið sem ætlað er gestum Retreat Spa er um 870 fermetrar. Í Retreat Spa er boðið upp á aðgang að jarðsjó Bláa Lónsins, meðferðir, nudd og aðra tengda vellíðunarþjónustu.

Silica Hotel baðlón

Við Silica Hotel er sérstakt baðlón sem er ætlað gestum hótelsins. Baðlónið er um 930 fermetrar að stærð, staðsett í göngufæri frá aðalbaðlóni Bláa Lónsins og byggir, líkt og önnur baðaðstaða félagsins í Svartsengi, á jarðsjó Bláa Lónsins. Aðstaðan styður við starfsemi Silica Hotel og þá heilsu- og vellíðunarþjónustu sem þar fer fram, þar á meðal þjónustu við psoriasisgesti í Lækningalindinni.

3.6.3.2 Veitingasala

Bláa Lónið rekur þrjá veitingastaði og eitt kaffihús við starfsstöðvar félagsins í Svartsengi: Lava Restaurant, Moss Restaurant, Spa Restaurant og Blue Café. Veitingareksturinn styður við

baðstaði og hótel félagsins og er hluti af heildarupplifun gesta á svæðinu. Á árinu 2025 var meðalfjöldi afgreiðslna í veitingarekstri félagsins í Svartsengi 1.500 á dag, samanborið við 1.200 árið 2024 og 1.700 árið 2023.

Lava Restaurant

Lava Restaurant opnaði árið 2007 og er veitingastaður við baðlón Bláa Lónsins. Veitingastaðurinn þjónar bæði gestum Bláa Lónsins og öðrum gestum.

Moss Restaurant

Moss Restaurant opnaði árið 2018 og er hluti af The Retreat at Blue Lagoon. Veitingastaðurinn er staðsettur innan Retreat Hotel. Moss Restaurant var skráður í Michelin-handbókinni árið 2020 og hefur hlotið Michelin-stjörnu árin 2023, 2024, 2025 og 2026. Veitingastaðurinn er almennt opinn frá miðvikudegi til sunnudags og einungis að kvöldi til. Veitingastaðurinn tekur um 50 gesti í sæti.

Spa Restaurant

Spa Restaurant opnaði árið 2018 og er rekinn í tengslum við Retreat Spa. Veitingastaðurinn býður upp á léttari veitingar og er fyrst og fremst ætlaður gestum Retreat Spa.

Blue Café

Blue Café opnaði árið 2007 og er staðsett í aðalbyggingu Bláa Lónsins. Kaffihúsið er einkum ætlað daggestum baðlónsins og býður upp á léttar veitingar og drykki. Blue Café annast jafnframt veitingaþjónustu á bar í baðlóni Bláa Lónsins þar sem gestum stendur til boða að kaupa drykki meðan á dvöl í lóninu stendur.

3.6.3.3 Hótel

Bláa Lónið rekur tvö hótel í Svartsengi, Retreat Hotel og Silica Hotel. Hótelin eru hluti af heilsu- og vellíðunarþjónustu félagsins og tengjast baðstöðum, veitingarekstri og annarri þjónustu félagsins á svæðinu. Á árinu 2025 voru um 26,9 þúsund gistinætur seldar á hótelunum tveimur, samanborið við um 19,5 þúsund árið 2024 og um 25,1 þúsund árið 2023.

Retreat Hotel

Retreat Hotel opnaði árið 2018 og árið 2019 var fyrsta heila starfsár hótelsins. Hótelið er lúxushótel í Svartsengi með 62 herbergjum. The Retreat hlaut árið 2025 Michelin Lykil (e. Michelin Key) viðurkenningu. Hótelið hlaut svo annan Michelin Lykil árið 2026. Retreat Hotel er eina íslenska hótelið sem hefur tvo Michelin Lykla. Gestir Retreat Hotel hafa aðgang að Retreat Spa og tilteknar svítur hafa jafnframt aðgang að einkalóni. Moss Restaurant og Spa Restaurant eru reknir innan The Retreat.

Meðalnýting herbergja hótelsins árið 2025 var 69%, samanborið við 52% árið 2024. Meðaldvalarlengd var 2,0 dagar árið 2025, samanborið við 1,82 daga árið 2024 og 2,0 daga árið 2023.

Silica Hotel

Silica Hotel er fjögurra stjörnu hótel í Svartsengi með 35 herbergjum. Gestir hótelsins hafa aðgang að sérstöku baðlóni við hótelið, auk þess sem þeir hafa aðgang að baðlóni Bláa Lónsins samkvæmt nánari skilmálum hverju sinni.

Hótelið var upphaflega rekið sem Lækningalind, þar sem boðið var upp á meðferðir fyrir einstaklinga með psoriasis. Árið 2016 var heiti hótelsins breytt í Silica Hotel samhliða breytingum á þjónustu og aðstöðu. Á hótelinu er áfram boðið upp á þjónustu fyrir psoriasisgesti í Lækningalindinni. Meðalnýting herbergja hótelsins árið 2025 var 94,1%, samanborið við 66% árið 2024. Meðaldvalarlengd var 1,22 dagar árið 2025. Undirbúningur að stækkun hótelsins hófst á árinu 2023, hönnunin liggur fyrir og stefnt er að því að framkvæmdir hefjist á næstu árum.

3.6.3.4 Vörusala

Bláa Lónið selur húð- og heilsuvörur undir vörumerki Blue Lagoon Skin Science í verslunum félagsins innanlands, í verslunum Hagkaupa og í gegnum aðrar söluleiðir innanlands, sem og í sérvöldum verslunum erlendis. Félagið selur einnig vörur sínar í gegnum vefverslun. Sjá nánar kafla 3.6.4.7 „Blue Lagoon Skin Science ehf.“ og kafla 3.7 „Rannsóknar- og þróunarverkefni“.

Bláa Lónið rekur þrjár verslanir á Íslandi, í Bláa Lóninu í Svartsengi, við Laugaveg 15 í Reykjavík og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru vörur félagsins jafnframt seldar í Duty Free verslun. Í verslunum félagsins á Laugavegi og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru eingöngu seldar húð- og heilsuvörur Blue Lagoon Skin Science. Í verslun félagsins í Svartsengi eru jafnframt seldar aðrar vörur, þar á meðal gjafa- og lífsstílsvörur. Félagið rekur þrjú söluhorn, í Retreat Hotel, Retreat Spa og á Silica Hotel þar sem nokkrar af vinsælustu vörum félagsins eru seldar. Nánari umfjöllun um húð- og heilsuvörur, vörulínur, framleiðslu, hugverkaréttindi og sölu er að finna í kafla 3.6.5.1 „Húð- og heilsuvörur“ og kafla 3.7 „Rannsóknar- og þróunarverkefni“.

3.6.3.5 Fundaraðstaða

Í Bláa Lóninu er boðið upp á rými sem einstaklingar og fyrirtæki geta leigt undir fundi, viðburði eða önnur tilefni. Fundaraðstaðan tengist annarri þjónustu félagsins í Svartsengi og getur, eftir atvikum, verið nýtt samhliða bað-, gisti-, veitinga- eða vellíðunarþjónustu félagsins.

3.6.4 Dóttur- og hlutdeildarfélög


Á árinu 2023 voru breytingar gerðar á félagaskipan samstæðu Bláa Lónsins. Nýtt móðurfélag, Bláa Lónið hf., var stofnað sem eignarhaldsfélag um hluti í Bláa Lóninu Íslandi ehf., sem áður bar heitið Bláa Lónið hf. Í kjölfarið var ráðist í skiptingu og samruna innan samstæðunnar. Rekstur í Svartsengi hélst áfram í Bláa Lóninu Íslandi ehf., en Bláa Lónið hf. tók yfir eignarhald á dótturfélögum og ýmsum öðrum eignum samstæðunnar.

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar ef samstæðan ber áhættu og réttindi til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku sinnar í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninginn af fjárfestingunni.[36]

[36] Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga er færð samkvæmt hlutdeildaraðferð.[37]

Mynd 5: Samstæða Bláa Lónsins m.v. dagsetningu lýsingar



Á dagsetningu lýsingarinnar samanstendur samstæða Bláa Lónsins af móðurfélaginu Bláa Lóninu hf. og 18 dótturfélögum. Starfsemi dótturfélaga og tengdra félaga tengist einkum rekstri baðstaða, hótela, veitingastaða og verslana, framleiðslu og sölu húðvara, rannsóknar- og þróunarstarfsemi og öðrum áfangastöðum á sviði upplifunar- og vellíðunartengdrar ferðaþjónustu.

Á dagsetningu útgefandalýsingar þessarar hefur félagið skrifað undir kaupsamninga um kaup á 64,31% hlut í Norðurböðum hf. og bein kaup á 42,84% hlut í Sjóböðunum á Húsavík. Framangreind kaup eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Á dagsetningu útgefandalýsingar þessarar liggur niðurstaða Samkeppniseftirlitsins ekki fyrir. Ef fyrrgreind kaup ná fram að ganga verða eignarhlutir Bláa Lónsins í félögunum eftirfarandi: 98,68% hlutir í Norðurböðunum og 92,75% hlutir í Sjóböðunum. Félögin verða í framhaldinu dótturfélög í stað hlutdeildarfélaga. Hluthafafundur útgefanda hefur samþykkt framangreind kaup á eignarhlutum. Einnig hefur félagið á árinu 2026 gengið frá kaupum á samtals 52,99% hlut í sínu Fontana sem er því orðið dótturfélag. Eftir kaupin mun eignarhluturinn nema 97,66%.

[37] Hlutdeildarfélög eru í upphafi færð á kostnaðarverði en það innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga færð í samstæðureikninginn sem og hlutdeild í annarri heildarafkomu þeirra þar til verulegum yfirráðum lýkur.

Tafla 6: Yfirlit yfir dóttur- og hlutdeildarfélög 2023 til dagsetningar lýsingar[38]

Nafn	Eignarhlutur á dagsetningu lýsingar	Eignarhlutur í lok árs 2025	Eignarhlutur í lok árs 2024	Eignarhlutur í lok árs 2023
Íslenskar Heilsulindir ehf.	100%	100%	100%	100%
Rauðukambar ehf.[39]	100%	98,36%	96,68%	96,68%
Jarðböðin hf.	25,3%	25,3%	25,28%	25,28%
Norðurböð hf.	34,0%	34,0%	34,0%	34,0%
Gufa-Laugarvatn Fontana ehf.[40]	97,66%	44,67%	44,67%	44,67%
Hrauneyjar ehf.	100%	100%	100%	100%
Ferðaþjónustan Hoffell ehf.	100%	100%	100%	100%
Kerlingarfjöll ehf.	99,78%	99,78%	99,33%	86,30%
Bláa Lónið Ísland ehf.	100%	100%	100%	100%
Blue Lagoon Journeys ehf.[41]	100%	100%	100%	100%
Þjónustumiðstöð Reykjanesvita ehf.	80%	80%	85%	85%
Eldvörp ehf.	100%	100%	100%	100%
Hraunsetur ehf.	100%	100%	100%	100%
Jarðvangur ehf.	100%	100%	100%	100%
Blue Lagoon Skin Science ehf.	100%	100%	100%	100%
Blue Lagoon USA (Bandaríkjunum)	100%	100%	100%	100%
Blue Lagoon NL (Hollandi)	100%	100%	100%	100%
Blue Lagoon UK (Bretlandi)	100%	100%	100%	100%
Blue Lagoon Design Milano S.R.L (Ítalíu)	100%	100%	100%	100%
Blue Lagoon Hungary Kft. (Ungverjalandi)	100%	100%	100%	100%

3.6.4.1 Íslenskar Heilsulindir ehf.

Bláa Lónið á 100% eignarhlut í Íslenskum Heilsulindum ehf., kt. 700407-2090, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík (hér eftir „**Íslenskar Heilsulindir**“). Íslenskar Heilsulindir eru eignarhaldsfélag um fjárfestingar og þróunarverkefni á sviði upplifunar- og vellíðunartengdrar ferðaþjónustu. Í gegnum dóttur- og hlutdeildarfélög sín koma Íslenskar Heilsulindir að verkefnum og félögum á sviði baðstaða og ferðaþjónustu víða um land, *þar á meðal Jarðböðunum við Mývatn, Sjóböðunum Húsavík og Fontana við Laugarvatn.*

[38] Hlutfall eignar og atkvæðisréttar er það sama fyrir öll dótturfélögin.
[39] 98,36% eignarhlutur í Rauðukömbum heyrir undir Íslenskar Heilsulindir og 1,64% eignarhlutur heyrir beint undir Bláa Lónið hf.
[40] 56,94% eignarhlutur í Gufu-Laugarvatn Fontana heyrir undir Íslenskar Heilsulindir og 40,72% eignarhlutur heyrir beint undir Bláa Lónið hf.
[41] Blue Lagoon Journeys ehf. heyrir undir Bláa Lónið Ísland ehf.

Rauðukambar ehf.

Dótturfélagið Rauðukambar ehf., kt. 510816-0640, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík (hér eftir „**Rauðukambar**"), heyrir undir Íslenskar Heilsulindir sem fer með 98,36% eignarhlut.[42] Rauðukambar vinna að uppbyggingu umsvifamikillar starfsemi í Þjórsárdal sem mun m.a. samanstanda af gestastofu, baðstað og hágæða lúxushóteli.

Tilgangur Rauðukamba er gisting, ferðaþjónusta og uppbygging ferðamannastaða. Félagið hefur frá árinu 2017 unnið að uppbyggingu á svæðinu og þróun á nýjum baðstað, undir heitinu Fjallaböðin, og hóteli undir nafninu Mountain Retreat. Framkvæmdir hófust árið 2024 og verður boðið upp á heilsársþjónustu. Byggingin verður 5.300 fermetrar og rúmlega 60% af mannvirkinu er byggt inni í fjallinu. Á hótelinu verða 40 herbergi, þar af 10 svítur.

Í mynni Þjórsárdals, við Sandártungur, mun rísa gestastofa sem verður um 2.000 m² bygging sem mun m.a. hýsa móttöku Fjallabaðanna, upplýsingamiðstöð, veitingaþjónustu, sýningarhald og kvikmyndasýningu. Í skóginum við bygginguna er ráðgert að reisa smáhýsi og setja niður nýtt tjaldsvæði. Gestastofan er í um 9,5 km fjarlægð frá Fjallaböðunum. Þangað koma baðgestir á sínum eigin bílum eða með rútum og síðan verður þeim ekið í hópbifreiðum félagsins inn að Fjallaböðunum. Hótelgestir munu hins vegar geta ekið að bílastæði í námunda við hótelið en verða ferjaðir seinasta spölinn.

Gufa-Laugarvatn Fontana ehf.

Dótturfélagið Gufa-Laugarvatn Fontana ehf., kt. 681010-1060, Hverabraut 1, 840 Laugarvatn (hér eftir „**Fontana**"), heyrir undir Íslenskar Heilsulindir sem fer á dagsetningu lýsingar með 56,94% eignarhlut.[43]

Fontana starfrækir heilsulind með náttúrulegu gufubaði við Laugarvatn ásamt veitingasölu. Böð í heitum uppsprettum Laugarvatns eiga sér langa sögu og árið 1929 var fyrsta mannvirkið reist á svæðinu sem sérstaklega var ætlað hveraböðum. Fontana býður gestum m.a. að baða sig beint yfir gufuhver en einnig er boðið upp á heitar laugar og saunu auk þess sem greitt aðgengi er fyrir gesti út í Laugarvatn. Á árinu 2025 hófust framkvæmdir við endurgerð og stækkun baðstaðarins. Framkvæmdirnar fóru til að byrja með fram samhliða rekstri sem hafði umtalsverð neikvæð áhrif á aðsókn gesta og afkomu. Baðstaðnum var lokað fyrir gestum þann 1. október 2025 en sumarið 2026 var hann opnaður aftur eftir breytingar.

Hlutdeildarfélög Íslenskra Heilsulinda eru eftirfarandi:[44]

- ***Jarðböðin hf.,*** Mývatni (25,46% eignarhlutur), sem starfrækja heilsulind í Mývatnssveit með baðlóni og náttúrulegum gufuböðum. Jarðböðin hf. eiga 39,31% eignarhlut í Vök Baths ehf. (hér eftir „**Vök**") og 21,89% eignarhlut í Sjóböðunum Húsavík en fyrrgreind félög starfrækja heilsulindir með áþekkum hætti og Jarðböðin hf.

[42] 98,36% eignarhlutur í Rauðukömbum heyrir undir Íslenskar Heilsulindir og 1,64% eignarhlutur heyrir beint undir Bláa Lónið hf.
[43] 56,94% eignarhlutur í Gufu-Laugarvatn Fontana heyrir undir Íslenskar Heilsulindir og 40,72% eignarhlutur heyrir beint undir Bláa Lónið hf.
[44] Á árinu 2026 gerði Bláa Lónið samninga um kaup á viðbótareignarhlutum sem munu, komi viðskiptin til framkvæmda, leiða til aukins eignarhlutar félagsins í Norðurböðum og Jarðböðunum. Viðskiptin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og á dagsetningu lýsingar þessarar liggur niðurstaða þess ekki fyrir. Sjá nánar kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög".

- ***Norðurböð hf.***[45] (34,37% eignarhlutur) eiga 44,12% hlut í Jarðböðunum í Mývatnssveit og 35,27% eignarhlut í Sjóböðunum á Húsavík.

3.6.4.2 Kerlingarfjöll ehf.

Bláa Lónið á 99,78% eignarhlut í Kerlingarfjöllum ehf. Félagið rekur ferðaþjónustu í Kerlingarfjöllum undir heitinu Kerlingarfjöll Highland Base[46]. Starfsemin felur meðal annars í sér rekstur gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, afþreyingar og baðaðstöðu. Á staðnum eru 48 hótelherbergi, þar af 2 svítur, og einnig 6 smáhýsi, ásamt svefnpokagistingu í eldri fjallaskálum og nýuppgert tjaldsvæði. Heildarfjöldi gistimöguleika er fyrir um 120 manns og veitingastaðurinn tekur 80 manns í sæti. Allar byggingarframkvæmdir eru vottaðar samkvæmt alþjóðlega BREEAM-staðlinum. Kerlingarfjöll Highland Base var upphaflega rekið sem heilsársáfangastaður. Árið 2025 hlaut Kerlingarfjöll Highland Base Michelin Lykil (e. Michelin Key) viðurkenninguna. Á árinu 2026 var tekin ákvörðun um breytingu á rekstrarfyrirkomulagi og frá og með vetri 2026 verður starfsemin ekki rekin allt árið um kring. Breytingin var gerð með það að markmiði að bæta rekstrarafkomu og aðlaga starfsemina betur að eftirspurn og rekstrarforsendum á svæðinu.

3.6.4.3 Hrauneyjar ehf.

Bláa Lónið á 100% eignarhlut í Hrauneyjum ehf. Félagið rekur gistiþjónustu og veitingasölu undir heitinu Highland Center Hrauneyjar sem er síðasti áningarstaður áður en haldið er inn á Sprengisand og Fjallabak nyrðra. Hrauneyjar eru í nálægð við marga sérstæða áfangastaði þar á meðal Landmannalaugar, Þjórsárdal, Heklu, Sprengisand og Fjallabak. Starfsemin fer fram á tveimur stöðum, sem liggja nærri hvor öðrum, Hótel Hálandi og Hálendismiðstöð í Hrauneyjum auk útleigu og umsjónar með fjallaskálanum Hólaskógi. Stefnt er að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu í Hrauneyjum á vegum félagsins.

3.6.4.4 Ferðaþjónustan Hoffell ehf.

Bláa Lónið á 100% eignarhlut í Ferðaþjónustunni Hoffelli ehf. Félagið starfrækir gistiþjónustu og baðaðstöðu skammt frá Hornafirði undir heitinu Jöklaveröld/Glacier World. Félagið hefur áform um frekari uppbyggingu ferðaþjónustu að Hoffelli, þar á meðal baðstaðar, veitingaþjónustu og hótels.[47.]

3.6.4.5 Bláa Lónið Ísland ehf.

Bláa Lónið Ísland ehf. heldur utan um meginstarfsemi samstæðunnar í Svartsengi. Undir félagið fellur meðal annars rekstur baðstaða, hótela, veitingastaða, verslana, Lækningalindar og annarrar tengdrar þjónustu í Svartsengi. Sjá nánar kafla 3.6.3 „Starfsemi í Svartsengi“.

Bláa Lónið Ísland á 100% eignarhlut í Blue Lagoon Journeys ehf., kt. 560413-1060, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík (hér eftir „**Blue Lagoon Journeys**“). Engin starfsemi er í félaginu. Blue Lagoon Journeys á 80% eignarhlut í Þjónustumiðstöðinni Reykjanesvita ehf. sem rekur þjónustumiðstöð við Reykjanesvita og styður við uppbyggingu Reykjanes UNESCO Geopark.

[45] Áður Tækifæri hf.
[46] Sjá nánar vefsíðu: https://kerlingarfjoll.is/
[47] Sjá nánar: https://glacierworld.is/?lang=is#um-okkur

3.6.4.6 Eldvörp ehf.

Bláa Lónið á 100% eignarhlut í Eldvörpum ehf., kt. 690498-2009, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík. Tilgangur Eldvarpa er meðal annars undirbúningur, hönnun, bygging, eignarhald og rekstur mannvirkja samstæðunnar og annar skyldur atvinnurekstur.

Eldvörp eru eigandi að fasteignum, byggingum og mannvirkjum í Svartsengi og Kerlingarfjöllum. Þær hýsa meðal annars baðstaði Bláa Lónsins, Retreat Hotel, Silica Hotel, Rannsókna- og þróunarsetur Bláa Lónsins og hótel og veitingastað Highland Base. Fasteignir og mannvirki Eldvarpa eru að mestu leyti nýtt af félögum innan samstæðunnar. Þar sem félög innan samstæðunnar eru helstu leigutakar Eldvarpa eru rekstrarhorfur og rekstraráhættur Eldvarpa nátengdar rekstri samstæðunnar. Sjá nánar kafla 3.11 „Fasteignir og aðrar eignir Bláa Lónsins“.

Eldvörp eiga 100% eignarhlut í Jarðvangi ehf., kt. 480513-1420, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík. Tilgangur Jarðvangs ehf. er meðal annars fjárfestingar, kaup, sala og rekstur fasteigna, þróunarverkefni í tengslum við ferðaþjónustu og annar skyldur rekstur. Jarðvangur hefur ekki hafið rekstur en heldur utan um tilteknar lóðir eða þróunarverkefni á Reykjanesi.

Eldvörp eiga jafnframt 100% eignarhlut í Hraunsetri ehf., kt. 710311-2180, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík. Tilgangur Hraunseturs ehf. er uppbygging, kaup, sala, eignarhald, rekstur og útleiga fasteigna og annar skyldur rekstur. Félagið á íbúðablokk í Grindavík sem nýtt er sem starfsmannaíbúðir fyrir starfsfólk Bláa Lónsins.

3.6.4.7 Blue Lagoon Skin Science ehf.

Bláa Lónið á 100% eignarhlut í Blue Lagoon Skin Science ehf., kt. 671296-2819.

Blue Lagoon Skin Science ehf. annast þróun, framleiðslu, markaðssetningu og sölu húðvara sem byggja á lífvirkum innihaldsefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins, þar á meðal kísli, örþörungum og steinefnum. Sjá nánar kafla 3.6.3.4 „Vörusala“, kafla 3.6.5.1 „Húð- og heilsuvörur“ og kafla 3.7 „Rannsóknar- og þróunarverkefni“.

Húð- og heilsuvörur félagsins eru seldar í verslunum Bláa Lónsins á Íslandi, í verslunum Hagkaupa, Duty Free verslun í Leifsstöð og í gegnum aðrar söluleiðir innanlands, sem og í sérvöldum verslunum erlendis. Félagið selur einnig vörur sínar í gegnum vefverslun. Blue Lagoon Skin Science ehf. á jafnframt 100% eignarhlut í Blue Lagoon USA Ltd., Blue Lagoon NL B.V. og Blue Lagoon Skincare UK Limited, sem annast sölu og dreifingu á vörum félagsins á tilteknum mörkuðum.

3.6.4.8 Blue Lagoon Design Milano S.R.L.

Bláa Lónið á 100% eignarhlut í Blue Lagoon Design Milano S.R.L. sem skrásett er á Ítalíu. Félagið sinnir hönnun og brandvinnu fyrir öll félög innan samstæðunnar. Blue Lagoon Design Milano S.R.L. er hluti af hönnunarteymi samstæðunnar og er með starfsstöð í Mílanó á Ítalíu.

3.6.4.9 Blue Lagoon Hungary

Bláa Lónið á 100% eignarhlut í Blue Lagoon Hungary sem skrásett er í Ungverjalandi. Félagið er hluti af Digital og Data teymi samstæðunnar og sinnir hugbúnaðarþróun, prófunum og samþættingu gagna í samvinnu við starfsmenn Bláa Lónsins á Íslandi. Starfsstöðin er í Búdapest.

3.6.4.10 Hlutdeildarfélög

Í lok árs 2025 átti Bláa Lónið eignarhluti í eftirfarandi hlutdeildarfélögum: Gufa-Laugarvatn Fontana ehf. við Laugarvatn, Jarðböðin hf. við Mývatn, Norðurböð hf. á Akureyri og Hreyfing hf. í Reykjavík. Gufa-Laugarvatn Fontana ehf. og Jarðböðin hf. reka baðlón. Norðurböð hf. er eignarhaldsfélag um eignarhluti í baðstöðum, en Hreyfing hf. rekur samnefnda líkamsræktarstöð í Reykjavík.

Tafla 7: Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum[48]

Fjárhæðir í EUR	**Eignar-hlutur í lok árs 2025**	**Áhrif hlutdeildar-félaga 2025**	**Bókfært verð 31.12.2025**	**Bókfært verð 31.12.2024**
Gufa-Laugarvatn Fontana ehf.	44,7%	-66.031	1.740.035	1.845.896
Norðurböð hf.	34,0%	94.904	6.314.548	6.364.086
Jarðböðin hf. [49]	25,3%	366.964	4.512.821	4.435.596
Hreyfing hf.	22,0%	170.666	507.580	347.667
Samtals		**566.502**	**13.074.984**	**12.993.245**

Tafla 8: Eignarhlutir í öðrum félögum

Fjárhæðir í EUR	**2025**	**2024**
Önnur félög, upphaflegt kostnaðarverð (4 félög)	238.576	243.764
Samtals	**238.576**	**243.764**

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð í samstæðureikningi Bláa Lónsins. Áhrif hlutdeildarfélaga á afkomu samstæðunnar námu samtals EUR 566.502 á árinu 2025. Bókfært verð eignarhluta í hlutdeildarfélögum nam samtals EUR 13.074.984 í árslok 2025, samanborið við EUR 12.993.245 í árslok 2024.

3.6.5 Framleiðsla

Bláa Lónið framleiðir og selur húð- og heilsuvörur sem byggja á lífvirkum innihaldsefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins, þar á meðal kísli, örþörungum og steinefnum. Í Rannsókna- og þróunarsetri Bláa Lónsins í Svartsengi fer fram vinnsla hráefna fyrir starfsemina, þar á meðal ræktun örþörunga með umhverfisvænni tækni auk framleiðslu á salti og kísil úr jarðsjó Bláa Lónsins. Rannsóknir og þróun á eiginleikum jarðsjávarins hafa um áratugaskeið verið grunnur að þróun og framleiðslu húðvara félagsins. Húðvörurnar eru framleiddar af Blue Lagoon Skin Science og markaðssettar undir vörumerkinu Blue Lagoon Iceland sem mun breytast í Blue Lagoon Skin Science á árinu

[48] Í mars 2026 jók Bláa Lónið við hlut sinn í Fontana um 11,59%. Við kaupin varð Fontana dótturfélag Bláa Lónsins í stað hlutdeildarfélags. Félagið jók enn frekar við hlut sinn í Fontana á árinu 2026 og á dagsetningu lýsingar þessarar nemur eignarhlutur Bláa Lónsins í Fontana 97,66%. Á árinu 2026 jók Bláa Lónið hlut sinn í Norðurböðum, sem er hluthafi í Jarðböðunum á Mývatni og Sjóböðunum á Húsavík um 64,31% og keypti einnig 42,84% beinan hlut í Sjóböðunum á Húsavík með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Við lúkningu viðskiptanna verða félögin í framhaldinu dótturfélög Bláa Lónsins í stað hlutdeildarfélaga.

[49] Jarðböðin hf. eiga um 39,31% í Vök ehf.

2027 til samræmis við nýja markaðsnálgun og seldar á innlendum og erlendum mörkuðum. Árið 2012 fékk Bláa Lónið starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlitinu til framleiðslu matarsalts og árið 2013 hófst framleiðsla matarsalts fyrir veitingastaði félagsins. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.6.4.7 „Blue Lagoon Skin Science ehf.“.

3.6.5.1 Húð- og heilsuvörur

Blue Lagoon Skin Science ehf., sem er dótturfélag Bláa Lónsins hf., annast þróun, framleiðslu, markaðssetningu, vörumerkjastjórnun og sölu húð- og heilsuvara félagsins. Starfsemi félagsins byggir á lífvirkum innihaldsefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins, þar á meðal kísli, örþörungum og steinefnum.

Rannsóknir, hráefnavinnsla og framleiðsla lífvirkra innihaldsefna fara fram innan starfsemi Bláa Lónsins, nánar tiltekið í Rannsókna- og þróunarsetrinu í Svartsengi. Þar eru innihaldsefni unnin úr jarðsjó Bláa Lónsins og nýtt við þróun og framleiðslu húðvara félagsins. Húðvörustarfsemi Blue Lagoon Skin Science byggir á þeirri þekkingu, rannsóknum og hráefnum sem þróuð hafa verið innan samstæðunnar á undanförnum áratugum.

Upphaf húðvörustarfsemi félagsins má rekja til vara sem þróaðar voru til stuðnings meðferðum í Lækningalind Bláa Lónsins fyrir viðkvæma og þurra húð. Fyrstu vörurnar byggðu á rannsóknum á áhrifum þess að baða sig í jarðsjó Bláa Lónsins og voru þróaðar með það markmið að styðja við heilbrigði og vellíðan húðarinnar. Með aukinni þekkingu á lífvirkum innihaldsefnum jarðsjávarins hefur vöruframboð félagsins þróast og stækkað. Í dag spannar það annars vegar vörur fyrir viðkvæma og þurra húð og hins vegar fjölbreytt úrval spa-, bað- og vellíðunarvara sem byggja á kísli, örþörungum og steinefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins. Meðal þekktustu vara félagsins eru andlitsmaskarnir þrír, Silica Mud Mask, kísilmaski, sem hefur um áratugaskeið verið ein af einkennisvörum Bláa Lónsins, ásamt Algae Mask og Mineral Mask.

Meðal nýjustu afurða rannsóknar- og þróunarstarfs félagsins er BL+ húðvörulínan sem byggir á BL+ COMPLEX, samsetningu lífvirkra örþörunga og kísils úr jarðsjó Bláa Lónsins. BL+ COMPLEX er afrakstur meira en þriggja áratuga rannsókna á lífvirkum innihaldsefnum úr jarðsjónum og byggir á einkaleyfum í eigu Bláa Lónsins Íslands ehf. sem tengjast notkun örþörunga og kísils í snyrtivörum og lyfjum. Rannsóknirnar sem liggja að baki sýna fram á virkni innihaldsefnanna við að styðja við kollagenforða húðarinnar, vinna gegn öldrunareinkennum og styrkja náttúrulegt varnarlag hennar. BL+ vörurnar byggja á þessari þekkingu og eru þróaðar með áherslu á að draga úr öldrunareinkennum húðar og stuðla að heilbrigði hennar.

Lífvirku innihaldsefnin eru framleidd í hráefnavinnslu Bláa Lónsins í Svartsengi. Framleiðsla og pökkun húðvara til sölu fer að mestu fram hjá sérhæfðum undirverktökum í Frakklandi og Danmörku sem starfa samkvæmt forskriftum og gæðakröfum félagsins. Fullunnar vörur eru fluttar í vörulager félagsins á Íslandi og í vöruhús í Hollandi og Bandaríkjunum, þaðan sem þær eru seldar og afhentar á viðkomandi mörkuðum.

Við þróun og framleiðslu húðvara félagsins er lögð áhersla á sjálfbærni. Í Svartsengi eru meðal annars ræktaðir örþörungar með umhverfisvænni tækni þar sem nýttur er koltvísýringur úr jarðvarmasvæðinu. Við val á umbúðum hefur verið horft til þess að draga úr notkun plasts.

3.6.5.2 Aðferðafræði við vinnslu á hráefnum Bláa Lónsins


Uppruna Bláa Lónsins má rekja til jarðsjávar sem sóttur er úr jarðlögum á jarðhitasvæðinu í Svartsengi. Jarðsjórinn er að um tveimur þriðju hlutum saltvatn og einum þriðja hluta ferskvatn.

Við upptöku er hann um 240°C heitur og ríkur af steinefnum og söltum. Kísill sem fellur út úr jarðsjónum gefur lóninu sinn einkennandi bláa lit. Í jarðsjónum hefur jafnframt þróast einstakt lífríki þar sem blágrænir örþörungar þrífast.

Í Rannsókna- og þróunarsetri Bláa Lónsins í Svartsengi eru lífvirk innihaldsefni unnin úr jarðsjónum. Jarðsjórinn og innihaldsefni hans, kísill, steinefni og örþörungar, eru grunnur að þróun lífvirkra innihaldsefna félagsins. Þróun og framleiðsla þeirra byggir á samþættri nýtingu auðlinda frá jarðvarmaverinu í Svartsengi þar sem jarðsjór, jarðvarmagas, gufa og endurnýjanleg raforka eru nýtt við rannsóknir, ræktun og framleiðslu. Við ræktun örþörunga er meðal annars nýttur koltvísýringur sem fellur til við orkuvinnslu á svæðinu.

Félagið hefur þróað og skráð vörumerki fyrir helstu lífvirku innihaldsefni sín, þar á meðal Blue Lagoon Seawater™, BL+ COMPLEX™, Blue Lagoon Microalgae™, Blue Lagoon Silica™ og Blue Lagoon Minerals™, sem eru lykilinnihaldsefni í húðvörum félagsins. Jafnframt hefur verið lögð inn skráning á nýjum heitum fyrir lífvirku innihaldsefnin, BL+ Microalgae™, BL+ Silica™ og BL+ Minerals™.

Mynd 6: Hringrásarkerfi í rekstri Bláa Lónsins



3.6.6 Hugverkaréttindi, vörumerki og leyfi

Í gildi er samningur við HS Orku um nýtingu jarðhitavökva í Svartsengi sem er grundvallarsamningur fyrir starfsemi félagsins. Samningurinn veitir félaginu einkarétt til ársloka 2044 til nýtingar jarðhitavökvans í Svartsengi í þágu afþreyingar, heilsubaða, lækninga og framleiðslu húð- og heilsuvara sem byggja á steinefnum og lífrænum efnum úr jarðhitavökvanum. Sjá nánar í kafla 3.10 „Mikilvægir samningar“.

Félagið hefur jafnframt rannsóknarleyfi frá Orkustofnun til rannsókna á örverum innan afmarkaðs rannsóknarsvæðis á jarðhitasvæðinu í Svartsengi og á öðrum skilgreindum svæðum á

Reykjanesi. Rannsóknarleyfið er gefið út til fimm ára í senn og er forsenda þess að félagið geti aflað og viðhaldið nýtingarleyfi fyrir örverur á svæðinu.

Á grundvelli rannsóknarleyfisins hefur félagið fengið útgefið nýtingarleyfi frá Orkustofnun til ársins 2044 til hagnýtingar örvera af jarðhitasvæðinu í Svartsengi. Sjá nánar í kafla 3.6.6.3 „Rannsóknar- og nýtingarleyfi“.

Framangreind réttindi eru í eigu Bláa Lónsins Íslands ehf. og veita félaginu aðgang að einstökum auðlindum og örverum á jarðhitasvæðinu í Svartsengi. Réttindin mynda grundvöll starfsemi félagsins í Svartsengi og eru mikilvæg forsenda þeirrar sérstöðu sem Bláa Lónið hefur byggt upp á sviði að- og heilsulindarstarfsemi, starfsemi Lækningalindarinnar, rannsókna og þróunar, framleiðslu lífvirkra innihaldsefna og þróunar og framleiðslu húðvara.

3.6.6.1 Vörumerki

Félagið á skráð og vernduð vörumerki sem tengjast bæði ferðaþjónustu- og húðvörustarfsemi samstæðunnar. Meðal helstu vörumerkja félagsins eru „Blue Lagoon“, „Bláa Lónið“, „Blue Lagoon Iceland“ og „Blue Lagoon Skin Science“. Félagið hefur einkarétt á framangreindum vörumerkjum á Íslandi og hefur jafnframt skráð þau, ásamt tengdum orð- og myndmerkjum, á helstu erlendu mörkuðum.

Vörumerkjavernd félagsins nær meðal annars til ferðaþjónustu, heilsu- og vellíðunarþjónustu, snyrtivara, lyfja og annarra tengdra vöruflokka eftir því sem við á á einstökum mörkuðum.

Samtals eiga félagið og dótturfélög þess 42 skráð vörumerki á Íslandi og erlendis, ýmist orðmerki, myndmerki eða samsett orð- og myndmerki.

3.6.6.2 Einkaleyfi

Bláa Lónið Ísland ehf. hefur einkaleyfi í Evrópu á notkun örþörunga (EP 2026759 B1) og kísils (EP 2026880 B1) í snyrtivörum og lyfjum sem gilda til ársins 2027, auk einkaleyfis í Bandaríkjunum á notkun örþörunga (US 8,795,679 B2) í snyrtivörum og lyfjum sem gildir til ársins 2030. Einkaleyfin eru útgefin af European Patent Office (EPO) og United States Patent and Trademark Office (USPTO).

Einkaleyfin byggja á rannsóknum Bláa Lónsins á lífvirkni örþörunga og kísils úr jarðsjó Bláa Lónsins og staðfesta nýnæmi þeirra uppfinninga sem tengjast notkun þessara innihaldsefna í snyrtivörum og lyfjum. Rannsóknirnar sem liggja að baki einkaleyfunum sýna fram á líffræðilega virkni örþörunga og kísils og mynduðu grunn að þeim uppfinningum sem einkaleyfin taka til.

Einkaleyfin endurspegla árangur áratugalangs rannsókna- og þróunarstarfs félagsins og staðfesta nýnæmi þeirra uppfinninga sem byggja á rannsóknum félagsins á lífvirkum innihaldsefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins. Uppfinningarnar hafa lagt grunn að frekari rannsóknum, uppbyggingu sérþekkingar og þróun nýrra lausna á sviði húð- og heilsuvara. Meðal afurða þess rannsókna- og þróunarstarfs er BL+ COMPLEX, lífvirkt innihaldsefni sem byggir á örþörungum og kísli úr jarðsjó Bláa Lónsins og nýtir þær uppfinningar sem einkaleyfin byggja á. BL+ COMPLEX er lykilinnihaldsefni í húðvörum Blue Lagoon Skin Science og myndar grunn að áframhaldandi vöruþróun félagsins á sviði húðumhirðu. Samkeppnisstaða félagsins byggist jafnframt á þeirri þekkingu, reynslu og rannsóknargögnum sem orðið hafa til í tengslum við rannsóknir og nýtingu þessara innihaldsefna, auk aðgangs að þeim auðlindum og lífvirku innihaldsefnum sem mynda grunn að rannsókna- og þróunarstarfi félagsins.

3.6.6.3 Rannsóknar- og nýtingarleyfi

Samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu og reglum nr. 234/1999 um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum á jarðhitasvæðum er rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna veitt einum aðila á afmörkuðu jarðhitasvæði til takmarkaðs tíma í senn. Um sérleyfi er að ræða sem veitir leyfishafa einkarétt til sambærilegra rannsókna á örverum innan viðkomandi leyfissvæðis á gildistíma leyfisins. Samkvæmt lögunum geta aðeins þeir aðilar fengið nýtingarleyfi sem áður hafa hlotið rannsóknarleyfi. Rannsóknarleyfi er því forsenda nýtingarleyfis og þar með forsenda hagnýtingar örvera innan leyfissvæðisins.

Þann 17. júlí 2025 fékk Bláa Lónið Ísland ehf. endurnýjað rannsóknarleyfi frá Orkustofnun til hagnýtra rannsókna á örverum innan afmarkaðs jarðhitasvæðis í Svartsengi og öðrum skilgreindum svæðum á Reykjanesi. Gildistími leyfisins er til 17. júlí 2030. Samkvæmt skilyrðum leyfisins ber félaginu að hafa í gildi samkomulag við Náttúrufræðistofnun Íslands um eftirlit með starfsemi á grundvelli leyfisins. Slíkt samkomulag var undirritað í september 2025 og gildir út gildistíma rannsóknarleyfisins.

Á grundvelli rannsóknarleyfisins hefur Bláa Lónið Ísland ehf. nýtingarleyfi frá Orkustofnun til hagnýtingar örvera af jarðhitasvæðinu í Svartsengi og öðrum skilgreindum svæðum á Reykjanesi. Nýtingarleyfið var gefið út 12. október 2015 og gildir til 31. desember 2044. Félagið hefur jafnframt gert samning við HS Orku um nýtinguna. Samkvæmt skilyrðum nýtingarleyfisins hefur félagið einnig gert samkomulag við Náttúrufræðistofnun Íslands um eftirlit með starfsemi á grundvelli leyfisins. Samkomulagið var undirritað árið 2015 og gildir út gildistíma nýtingarleyfisins.

Rannsóknar- og nýtingarleyfin mynda mikilvægan hluta af réttindagrunni félagsins og eru forsenda rannsókna og hagnýtingar örvera á jarðhitasvæðinu í Svartsengi. Á grundvelli þeirra hefur félagið byggt upp sérþekkingu á vistkerfi Bláa Lónsins, örverum þess og lífvirkum innihaldsefnum jarðsjávarins. Sú þekking hefur lagt grunn að rannsóknum, þróun lífvirkra innihaldsefna, vöruþróun og öðrum afurðum sem byggja á auðlindum Svartsengis.

3.6.6.4 Leyfi til sendingar sýna til þriðja aðila

Samkvæmt reglum nr. 234/1999 felst í rannsóknarleyfi heimild til sýnatöku vegna rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum. Slík heimild felur þó hvorki í sér eignarrétt að sýnum eða ræktunum úr þeim, né heimild til afhendingar þeirra til þriðja aðila án samþykkis viðeigandi stofnunar, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglnanna, 2. mgr. 10. gr. nýtingarleyfisins og 2. mgr. 13. gr. rannsóknarleyfisins. Jafnframt er óheimilt að flytja örverur sem eiga uppruna sinn á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra úr landi, nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Þann 4. september 2025 veitti Umhverfis- og orkustofnun Bláa Lóninu Íslandi ehf. samþykki til að senda sýni, efnasambönd og ræktanir sem falla undir nýtingarleyfi félagsins til tiltekinna samstarfsaðila sem sinna rannsóknum, þróun og framleiðslu fyrir félagið. Meðal þeirra eru innlendir og erlendir samstarfsaðilar, þar á meðal Blue Lagoon Skin Science ehf. Leyfið gildir til 17. júlí 2030.

Þann 22. ágúst 2025 veitti Náttúrufræðistofnun Íslands jafnframt Bláa Lóninu Íslandi ehf. leyfi til að senda örverur af jarðhitasvæðinu í Svartsengi og nánar skilgreindum svæðum á Reykjanesi og erfðaefni þeirra til tiltekinna samstarfsaðila þeirra erlendis. Leyfið gildir til 1. október 2030.

Leyfin hafa verið endurnýjuð reglulega í tengslum við endurnýjun rannsóknarleyfis félagsins og eru mikilvæg forsenda samstarfs félagsins við innlenda og erlenda rannsóknar-, þróunar- og framleiðsluaðila. Þau gera félaginu kleift að vinna með sérhæfðum samstarfsaðilum við rannsóknir, greiningar, þróun og framleiðslu lífvirkra innihaldsefna og afurða sem byggja á auðlindum Bláa Lónsins.

3.6.7 Gæðakerfi og vottanir

Árið 2021 hóf Bláa Lónið innleiðingu samþætts stjórnkerfis samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum ISO 9001 um gæðastjórnun, ISO 14001 um umhverfisstjórnun og ISO 45001 um heilsu- og öryggisstjórnun. Stjórnkerfið hefur verið vottað af British Standards Institution (BSI[50]) og hefur félagið viðhaldið vottununum með reglubundnum úttektum.

Rekstur Bláa Lónsins hefur jafnframt verið vottaður samkvæmt Vakanum[51], gæða- og umhverfisvottun íslenskrar ferðaþjónustu frá árinu 2014.

Auk framangreindra vottana byggir framleiðsla og þróun innihaldsefna og húðvara félagsins á verklagi sem samræmist meginreglum ISO 22716 um góða framleiðsluhætti fyrir snyrtivörur. Félagið gerir jafnframt kröfu um að undirverktakar sem annast framleiðslu og pökkun húðvara séu vottaðir samkvæmt staðlinum.

3.6.8 Stefnur og viðurkenningar

Bláa Lónið hefur sett sér stefnur á sviði sjálfbærni, gæða, heilsu og öryggis, mannauðs, jafnlauna, fræðslu, persónuverndar og aðgerða gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað. Stefnurnar styðja við rekstur félagsins, markmiðasetningu og eftirfylgni með helstu áherslum þess.

Bláa Lónið hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir starfsemi sína, meðal annars á sviði hönnunar, þjónustuupplifunar, menningar, umhverfismála, jafnréttis, fræðslu, ferðaþjónustu og veitingarekstrar. Árið 2020 mælti Michelin-handbókin með Moss Restaurant og í júní 2023 hlaut veitingastaðurinn Michelin-stjörnu. Veitingastaðurinn hefur haldið Michelin-stjörnu sinni árin 2024, 2025 og 2026. Auk þess fengu The Retreat og Highland Base Michelin Lykil (e. Michelin-Key) viðurkenninguna fyrir hótelrekstur. The Retreat hlaut annan Michelin Lykil á árinu 2026 og varð þar með eina íslenska hótelið með tvo Michelin Lykla.

3.7 Rannsóknar- og þróunarverkefni

3.7.1 Rannsóknir og þróun

Frá stofnun hefur Bláa Lónið lagt áherslu á rannsóknir á jarðsjó Bláa Lónsins, vistkerfi hans og lífvirkum innihaldsefnum, þar á meðal kísli, örþörungum og steinefnum. Árið 1993 var fyrsta tilraunaaðstaða félagsins fyrir rannsóknir og hráefnavinnslu tekin í notkun og árið 2006 var núverandi Rannsókna- og þróunarsetur í Svartsengi tekið í notkun. Þar hefur félagið byggt upp rannsóknastofu, ræktunaraðstöðu fyrir örþörungaræktun, sérhæfða hráefnavinnslu fyrir lífvirk innihaldsefni og matarsalt úr jarðsjó Bláa Lónsins.

Rannsóknastarfið hefur verið einn af hornsteinum starfsemi félagsins og skapað grunn að uppbyggingu sérþekkingar á vistkerfi Bláa Lónsins, lífvirkum innihaldsefnum þess og mögulegri

[50] Nánari upplýsingar um BSI er að finna á eftirfarandi vefsíðu: https://www.bsigroup.com/
[51] Nánari upplýsingar um vottunina Vakinn er að finna á eftirfarandi vefsíðu: https://www.vakinn.is

hagnýtingu þeirra. Rannsóknir félagsins hafa meðal annars beinst að áhrifum jarðsjávar Bláa Lónsins á húð, þar á meðal í tengslum við psoriasis, lífvirkni örþörunga, kísils og steinefna, auk vistkerfis Bláa Lónsins og einstakra eiginleika þess.

Rannsóknir hafa verið lykilþáttur í að skapa þá sérstöðu sem Bláa Lónið hefur byggt upp á sviði heilsu, lækninga og vellíðunar. Niðurstöður þeirra hafa aukið skilning á vistkerfi Bláa Lónsins og lífvirkum innihaldsefnum þess og lagt grunn að þróun Lækningalindarinnar, lífvirkra innihaldsefna, einkaleyfa, húðvara og annarrar þjónustu sem byggir á auðlindum félagsins. Jafnframt hafa rannsóknirnar stutt við uppbyggingu hráefnavinnslu, framleiðslu og annarra afurða félagsins.

Bláa Lónið hefur unnið að rannsóknum í samstarfi við vísindamenn, háskóla og rannsóknastofnanir innanlands og erlendis. Niðurstöður rannsóknanna hafa verið birtar í fjölmörgum ritrýndum vísindatímaritum sem fjalla meðal annars um áhrif jarðsjávarins á psoriasis, lífvirkni innihaldsefna og vistkerfi lónsins. Á grundvelli þessara rannsókna hefur félagið þróað eigin lífvirk innihaldsefni og aflað einkaleyfa sem tengjast notkun örþörunga og kísils í snyrtivörum og lyfjum. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.6.5.1 „Húð- og heilsuvörur“ og kafla 3.6.6 „Hugverkaréttindi, vörumerki og leyfi“.

Rannsóknastarfið hefur jafnframt leitt til þróunar annarra afurða sem byggja á auðlindum Bláa Lónsins, þar á meðal matarsalts úr jarðsjó Bláa Lónsins sem framleitt er í Rannsókna- og þróunarsetri félagsins og notað á veitingastöðum þess auk þess að vera selt í verslunum félagsins.

3.7.2 Þróunarverkefni

Svæði Bláa Lónsins í Svartsengi er í stöðugri þróun. Árið 2025 lauk byggingu nýrrar upplifunaraðstöðu í baðlóninu sem og endurnýjun á öllum bað- og búningsklefum. Árið 2025 hófst einnig undirbúningur að byggingu nýrrar aðkomu og móttöku og eru þær framkvæmdir ætlaðar til að auka skilvirkni við móttöku gesta og bæta flæði þeirra um byggingarnar.

Bláa Lónið hefur markvisst unnið að þróunarverkefnum á sviði heilsu-, vellíðunar- og upplifunarferðaþjónustu á Íslandi. Verkefnin tengjast meðal annars uppbyggingu áfangastaða, baðstaða, gistiaðstöðu, veitingaþjónustu og annarrar þjónustu sem styður við stefnu samstæðunnar. Félagið kemur að slíkum verkefnum beint eða í gegnum dóttur- og hlutdeildarfélög sín.

Í Kerlingarfjöllum hefur samstæðan, í gegnum Kerlingarfjöll ehf., komið að uppbyggingu áfangastaðar undir heitinu Kerlingarfjöll Highland Base. Framkvæmdir hófust árið 2021 og rekstur hófst á árinu 2023. Boðið er upp á gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, afþreyingu og baðaðstöðu.

Í Þjórsárdal hefur samstæðan, í gegnum Rauðukamba ehf., unnið að þróun nýs baðstaðar undir heitinu Fjallaböð og hótels undir heitinu Mountain Retreat. Verkefnið felur í sér uppbyggingu heilsársþjónustu, gistiaðstöðu, baðaðstöðu og tengdrar þjónustu. Stefnt er að því að fyrsti hluti verkefnisins fari í rekstur á árinu 2027 og að uppbyggingu ljúki fyrri hluta árs 2028, með fyrirvara um framvindu framkvæmda, leyfisveitingar, markaðsaðstæður og aðra þætti sem kunna að hafa áhrif á tímasetningu verkefnisins.

Félagið hefur jafnframt áform um frekari uppbyggingu í gegnum Ferðaþjónustuna Hoffell ehf., meðal annars á baðstað, veitingaþjónustu og gistingu að Hoffelli á Suðausturlandi. Þá eru áform um þróun fjölbreyttrar ferðaþjónustu í Hrauneyjum í gegnum Hrauneyjar ehf., sem byggir meðal annars á stöðu Hrauneyja sem áningarstaðar á jaðri hálendis Íslands.

Þróunarverkefni samstæðunnar endurspegla stefnu félagsins um að byggja á þeirri þekkingu, reynslu og innviðum sem skapast hafa í Svartsengi við þróun nýrra áfangastaða og þjónustuleiða. Verkefnin eru á mismunandi stigi og kunna að vera háð skipulagsmálum, umhverfismati, framkvæmdaleyfum, starfsleyfum, fjármögnun, samningum við sveitarfélög eða aðra aðila og öðrum opinberum heimildum. Umfang, tímasetning og endanleg útfærsla einstakra verkefna kann því að breytast frá því sem nú er áætlað.

3.8 Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð útgefanda

Bláa Lónið leggur áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Áherslur félagsins tengjast meðal annars ábyrgri nýtingu auðlinda, umhverfisvernd, fjölnýtingu jarðsjávar, verndun náttúru, uppbyggingu áfangastaða, fræðslu og þjálfun starfsfólks, jafnrétti, öryggi, gæðum og þátttöku í samfélagslegum verkefnum.

Sjálfbærni er samþætt stefnumótun og daglegum rekstri félagsins. Sjálfbærniáherslur félagsins endurspegla þá stefnu þess að samþætta umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttasjónarmið við rekstur, stefnumótun og markmiðasetningu. Félagið hefur jafnframt gefið út samfélagsskýrslu frá árinu 2019, þar sem gerð er grein fyrir þróun samfélagsábyrgðar, sjálfbærniáherslum og helstu verkefnum félagsins. Sjá nánar kafla um ófjárhagslegar upplýsingar í ársreikningi félagsins 2025 sem er aðgengilegur á vef félagsins og í kafla 2.4 „Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis“.

Félagið vinnur sérstaklega eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna nr. 3, 7, 9, 12 og 13[52] er snúa að heilsu og líðan, hreinni orku, nýsköpun, ábyrgri neyslu og framleiðslu og loftslagsaðgerðum. Félagið vinnur jafnframt samkvæmt viðmiðum UN Global Compact[53] og skilar framvinduskýrslu í samræmi við þau viðmið.

Félagið hefur innleitt stjórnkerfi sem styður við markmið þess á sviði sjálfbærni, gæða, umhverfismála, heilsu og öryggis. Stjórnkerfinu er ætlað að stuðla að markvissri eftirfylgni, aukinni skilvirkni, skýrari markmiðasetningu og stöðugum umbótum í rekstri félagsins. Sjá nánar kafla 3.6.7 „Gæðakerfi og vottanir“.

Félagið hefur á undanförnum árum aukið áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum rekstrarins með markvissum umbótaverkefnum og mælingum og skýrri markmiðasetningu á sviði umhverfismála. Meðal áhersluatriða er að minnka plastnotkun, draga úr myndun úrgangs, auka flokkun og endurvinnslu, styðja við orkuskipti og bæta nýtingu auðlinda í rekstrinum. Unnið hefur verið að uppbyggingu innviða sem styðja við orkuskipti, meðal annars með fjölgun hleðslustöðva fyrir rafbíla á starfssvæðum félagsins.

Unnið er markvisst að kortlagningu umhverfisspors félagsins og aðgerðum til að draga úr áhrifum starfseminnar á umhverfið. Gestum er leiðbeint um vernd náttúrunnar á starfssvæði félagsins og hafa verið lagðir göngustígar til að stýra umferð um viðkvæm hraun- og mosasvæði. Jafnframt er stærð baðlóna stjórnað í samráði við stjórnvöld og eftirlitsaðila.

---

[52] Sjá nánari upplýsingar um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun: https://www.heimsmarkmidin.is/

[53] Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna (e. UN Global Compact) felur í sér leiðarljós fyrir fyrirtæki og stofnanir við innleiðingu ábyrgra starfshátta. Sjá nánari upplýsingar um tíu meginmarkmið UN Global Compact: https://iceland.unglobalcompact.org/t%C3%ADu-meginmarkmi%C3%B0-un-global-compact

Félagið vinnur að heildstæðri langtímaáætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og áframhaldandi umbótum á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

3.8.1 Hringrásarhagkerfi

Bláa Lónið er hluti af Auðlindagarðinum á Reykjanesskaga sem byggir á hugmyndafræði um fjölþætta nýtingu jarðvarma og auðlindastrauma sem verða til við orkuvinnslu á svæðinu. Starfsemi félagsins byggir að verulegu leyti á fjölnýtingu auðlindastrauma og þeirri nálgun að skapa aukin verðmæti úr þeim auðlindum, efnum og orkustraumum sem falla til við starfsemi á svæðinu.

Hringrásarhugsun hefur verið leiðarljós í þróun starfsemi félagsins frá upphafi. Jarðsjórinn sem er grunnur að baðlónunum hefur jafnframt skapað forsendur fyrir rannsóknum á vistkerfi Bláa Lónsins, þróun lífvirkra innihaldsefna, ræktun örþörunga, framleiðslu húðvara og öðrum afurðum sem byggja á auðlindum svæðisins.

Við þróun nýrra vara, þjónustu og upplifana horfir félagið meðal annars til þess hvernig nýta megi jarðsjó, kísil, örþörunga, steinefni og aðra tengda auðlindastrauma með aukinni skilvirkni og verðmætasköpun að leiðarljósi. Hringrásarhugsun endurspeglast jafnframt í verkefnum sem tengjast flokkun úrgangs, endurnýtingu, endurvinnslu, bættri auðlindanýtingu og minnkun á sóun í rekstri.

3.8.2 Umbúðir og plastnotkun

Bláa Lónið hefur unnið að því að draga úr plastnotkun í starfsemi sinni, meðal annars í tengslum við upplifun gesta og umbúðir húðvara. Félagið hefur kortlagt plastspor sitt og unnið að því að minnka notkun einnota plasts í vörum og þjónustu, eftir því sem við á.

Við þróun nýrra húðvara og umbúða hefur félagið lagt áherslu á umhverfisvænni umbúðalausnir, meðal annars með aukinni notkun pappa, áls og glers í stað plastefna. Allur pappír sem notaður er í umbúðir kemur frá ábyrgri skógrækt og er FSC (Forest Stewardship Council)[54] vottaður, eftir því sem við á.

3.8.3 Hagaðilar og samfélag

Bláa Lónið leggur áherslu á samskipti við hagaðila og að miðla upplýsingum um áhrif starfseminnar á umhverfi, samfélag og nærsamfélag. Helstu hagaðilar félagsins eru meðal annars gestir, starfsfólk, hluthafar, lánveitendur, birgjar, samstarfsaðilar, sveitarfélög, opinberir aðilar og nærsamfélag á þeim svæðum þar sem félagið starfar.

Félagið telur farsæl samskipti við hagaðila mikilvæga forsendu ábyrgs rekstrar og sjálfbærrar þróunar. Með reglubundinni greiningu á væntingum og áherslum hagaðila leitast félagið við að greina þau samfélagslegu, umhverfislegu og rekstrarlegu málefni sem hafa mest áhrif á starfsemi þess, stefnumótun og framtíðarþróun.

Félagið hefur unnið að mati á helstu hagaðilum og áherslum þeirra í sjálfbærnimálum, meðal annars með hliðsjón af viðmiðum GRI (Global Reporting Initiative) staðalsins[55] og ISO 26000, eftir

[54] FSC vottun er alþjóðleg vottun sem staðfestir að viður eða pappír eigi uppruna sinn í skógum þar sem skógarauðlind er nýtt á ábyrgan hátt og tekið er tillit til umhverfis, loftslags og réttinda starfsfólks og nærsamfélaga. Sjá nánar um FSC vottunina á eftirfarandi vefsíðu: https://fsc.org/en

[55] Sjá nánar um viðmið Global Reporting Initiative: https://www.globalreporting.org/

því sem við á. Niðurstöður slíkrar vinnu nýtast við stefnumótun, forgangsröðun verkefna og miðlun upplýsinga um samfélagslega ábyrgð félagsins.

3.9 Markaðir og samkeppni

3.9.1 Ferðaþjónusta í alþjóðlegu samhengi

Ferðaþjónusta er ein stærsta atvinnugrein heims og heldur áfram að vaxa umfram hagvöxt á heimsvísu. Samkvæmt World Travel & Tourism Council nam heildarframlag ferðaþjónustu til vergrar landsframleiðslu heimsins 9,8% árið 2025, eða um 11,6 billjónum USD, sem er metframlag greinarinnar til hagkerfis heimsins.[56] Vöxtur greinarinnar nam 4,1% milli ára og var því umtalsvert meiri en hagvöxtur heimsins í heild sem var 2,8% árið 2025. Ferðaþjónustan styður jafnframt við stóran hluta starfa á heimsvísu, bæði með beinum störfum í ferðaþjónustu og óbeinum störfum í tengdum greinum.

Þrátt fyrir bata í alþjóðlegri ferðaþjónustu er greinin áfram háð sveiflum í efnahags- og rekstrarumhverfi. Verðbólga, vextir, gengisþróun, kaupgeta neytenda, flugframboð, geópólitísk óvissa, náttúruhamfarir, loftslagsmál og breytingar á ferðavenjum geta haft áhrif á eftirspurn, ferðakostnað og samkeppnisstöðu áfangastaða.

Eftirspurn eftir ferðalögum hefur á undanförnum árum færst í auknum mæli í átt að upplifun, vellíðan, náttúru, sjálfbærni og sérhæfðri þjónustu. Ferðamenn leita í auknum mæli eftir einstökum áfangastöðum, persónulegri þjónustu, náttúrutengdri upplifun, heilsu- og vellíðunarþjónustu og ferðum sem sameina afþreyingu, menningu, mat, gistingu og aðra þjónustu. Þessi þróun hefur þýðingu fyrir starfsemi Bláa Lónsins, þar sem rekstur samstæðunnar byggir meðal annars á baðupplifun, hótelrekstri, veitingaþjónustu, húðvörum, vellíðunarþjónustu og þróun áfangastaða.

Sjálfbærni er jafnframt orðin mikilvægari þáttur í ferðaákvörðunum neytenda og stefnumótun fyrirtækja í ferðaþjónustu. Ferðamenn, samstarfsaðilar og stjórnvöld gera auknar kröfur um ábyrga nýtingu auðlinda, minni umhverfisáhrif, gagnsæi og samfélagslega ábyrgð. Þótt verð, aðgengi og upplifun vegi áfram þungt við val á áfangastað hefur sjálfbærni vaxandi áhrif á væntingar ferðamanna og samkeppnisstöðu áfangastaða.

Vellíðunarferðaþjónusta hefur vaxið sem undirgrein ferðaþjónustu. Samkvæmt Global Wellness Institute hefur markaður fyrir vellíðunarferðaþjónustu vaxið hratt eftir faraldurinn og er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti til lengri tíma. Slík ferðaþjónusta nær meðal annars til heilsulinda, baðstaða, spa-þjónustu, hreyfingar, hvíldar, náttúrutengdrar upplifunar og þjónustu sem miðar að líkamlegri og andlegri vellíðan. Starfsemi Bláa Lónsins fellur að stórum hluta til innan þessa markaðssviðs.

Eftirspurn eftir lúxus- og upplifunarferðum hefur einnig þróast þannig að aukin áhersla er lögð á sérstöðu, gæði, þjónustu, friðhelgi, náttúru og upplifun fremur en hefðbundna gistingu eða afþreyingu eingöngu. Slík þróun getur haft þýðingu fyrir rekstur hótela og heilsulinda félagsins, þar á meðal The Retreat at Blue Lagoon.

[56] Sjá nánar: https://wttc.org/news/travel-tourism-sees-best-year-ever%2C-outpacing-the-global-economy-in-2025

Ævintýra- og náttúruferðamennska hefur jafnframt vaxið á alþjóðavísu. Ferðamenn í þeim flokki leita gjarnan eftir náttúrutengdri upplifun, gönguferðum, fjallamennsku, menningu, matarupplifun og áfangastöðum utan hefðbundinna ferðamannaleiða. Þessi þróun tengist meðal annars þróunarverkefnum samstæðunnar í Kerlingarfjöllum, Þjórsárdal, Hrauneyjum og Hoffelli, þar sem áhersla er lögð á náttúru, upplifun, gistingu, baðaðstöðu og tengda ferðaþjónustu.

Tækni og stafræn miðlun hafa jafnframt breytt því hvernig ferðamenn velja áfangastaði, bóka ferðir og deila upplifun sinni. Samfélagsmiðlar, umsagnir, stafrænar bókunarleiðir, sveigjanlegar bókunarreglur og persónusniðin þjónusta hafa aukið vægi stafræns sýnileika og beinna samskipta við viðskiptavini. Þetta hefur þýðingu fyrir ferðaþjónustufyrirtæki sem byggja á alþjóðlegum viðskiptavinum, sterku vörumerki og upplifun sem ferðamenn deila með öðrum.

Samkeppni í ferðaþjónustu er alþjóðleg og nær bæði til samkeppni milli landa og áfangastaða og til samkeppni milli einstakra fyrirtækja og þjónustuflokka. Bláa Lónið keppir meðal annars við aðra náttúrutengda áfangastaði, baðstaði, heilsulindir, hótel, lúxus- og upplifunarferðaþjónustu og aðra afþreyingu sem ferðamenn geta valið sér á Íslandi eða erlendis. Samkeppnisstaða félagsins ræðst meðal annars af sérstöðu vörumerkisins, staðsetningu, aðgengi, gæðum þjónustu, verðlagningu, orðspori, öryggi, sjálfbærni, stafrænum söluleiðum og getu félagsins til að laga sig að breyttum ferðavenjum.[57]

3.9.2 Styrkleikar Bláa Lónsins í ljósi þróunar ferðaþjónustu

Starfsemi Bláa Lónsins fellur að nokkrum af þeim meginstraumum sem einkenna þróun ferðaþjónustu á alþjóðavísu, þar á meðal aukinni eftirspurn eftir heilsu- og vellíðunarþjónustu, náttúrutengdri upplifun, sjálfbærni, hágæða gistingu, veitingaþjónustu og sérhæfðum áfangastöðum.

Bláa Lónið býður upp á samþætta þjónustu sem byggir á baðupplifun, spa- og vellíðunarþjónustu, húðvörum, gistingu, veitingaþjónustu og tengdri þjónustu við gesti. Sérstaða starfseminnar byggir meðal annars á jarðsjó Bláa Lónsins, lífvirkum innihaldsefnum hans, staðsetningu í Svartsengi og vörumerki félagsins.

The Retreat at Blue Lagoon fellur að hluta til að eftirspurn eftir hágæða og sérhæfðri upplifunarferðaþjónustu. Þar er boðið upp á gistingu, spa-þjónustu, veitingaþjónustu og aðra tengda þjónustu í tengslum við Bláa Lónið. Moss Restaurant, sem er hluti af The Retreat, hlaut Michelin-stjörnu árið 2023 og hefur haldið henni árin 2024, 2025 og 2026.

Þróunarverkefni samstæðunnar utan Svartsengis, meðal annars í Þjórsárdal, Hoffelli og Hrauneyjum, tengjast aukinni eftirspurn eftir náttúrutengdri upplifun og áfangastöðum utan hefðbundinna ferðamannaleiða. Sjá nánar kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“ og kafla 3.7.2 „Þróunarverkefni“.

Bláa Lónið leggur jafnframt áherslu á sjálfbærni, umhverfismál, gæði og samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Félagið hefur meðal annars unnið með valin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og innleitt vottanir og stjórnkerfi sem styðja við þessar áherslur. Slíkar áherslur geta stutt við samkeppnisstöðu félagsins í ljósi aukinna krafna ferðamanna, samstarfsaðila og annarra hagaðila

[57] Heimild: WTTC, UN Tourism, European Travel Commission, Global Wellness Institute, Booking.com og Adventure Travel Trade Association.


um ábyrga og sjálfbæra ferðaþjónustu. Sjá nánar kafla 3.8 „Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð útgefanda“.

Staðsetning Bláa Lónsins í Svartsengi, í nálægð við Keflavíkurflugvöll og í akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, styður við aðgengi að starfsemi félagsins fyrir erlenda og innlenda gesti. Aðgengið getur jafnframt stutt við heimsóknir utan hefðbundins ferðamannatíma og viðskiptavini sem dvelja skemur á Íslandi eða tengja heimsókn í Bláa Lónið við komu eða brottför um Keflavíkurflugvöll.

3.9.3 Samkeppnisstaða Bláa Lónsins

Bláa Lónið er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins og eru 95-98% af gestum félagsins erlendir ferðamenn. Félagið, sem er með eitt þekktasta vörumerki Íslands, hefur jafnframt byggt upp sterka stöðu á erlendum mörkuðum og nýtur víðtækrar alþjóðlegrar þekkingar meðal ferðamanna. Samkeppnishæfni félagsins byggir meðal annars á sterkri markaðsstöðu, sérstöðu áfangastaðarins, staðsetningu í Svartsengi og fjölbreyttri þjónustu sem nær til baðstaða, gistingar, veitingarekstrar og húðvara. Bláa Lónið hefur hlotið viðurkenningu erlendra aðila sem einn af merkilegustu áfangastöðum heimsins, eitt af 25 undrum veraldar skv. National Geographic.[58] Mynd hér að neðan sýnir þau 25 undur sem tilnefnd hafa verið.

Mynd 7: 25 undur veraldar samkvæmt National Geographic



Samkeppnisstaða félagsins byggir á samspili einstakrar auðlindar, sterks vörumerkis, rannsókna og þróunarstarfs, samþættrar þjónustu og hagstæðrar staðsetningar. Sú samsetning auðlindar, rannsókna, hugverkaréttinda, þjónustu og vörumerkis er mikilvægur þáttur í þeirri sérstöðu sem félagið hefur byggt upp á alþjóðlegum ferðamarkaði. Samspil þessara þátta hefur gert félaginu kleift að byggja upp starfsemi sem nær yfir ferðaþjónustu, heilsu- og vellíðunarþjónustu, húðvörur og aðra starfsemi sem byggir á auðlindum Bláa Lónsins.

[58] Sjá nánar: https://www.bluelagoon.com/stories/is-the-blue-lagoon-a-wonder-of-the-world.

Sérstaða Bláa Lónsins felst meðal annars í jarðsjónum, lífvirkum innihaldsefnum hans, rannsóknum á vistkerfi Bláa Lónsins, áratugalangri uppbyggingu sérþekkingar á auðlindinni og hagnýtingu þeirrar þekkingar í þjónustu og vörum félagsins.

Húð- og heilsuvörur félagsins byggja á lífvirkum innihaldsefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins, þar á meðal kísli, örþörungum og steinefnum. Félagið hefur jafnframt byggt upp sérþekkingu, hugverkaréttindi og einkaleyfi sem tengjast notkun þessara innihaldsefna í snyrtivörum og lyfjum. Sjá nánar kafla 3.6.6 „Hugverkaréttindi, vörumerki og leyfi“ og kafla 3.7.1 „Rannsóknir og þróun“.

Starfsemi félagsins í Svartsengi byggir á samþættri þjónustu sem nær meðal annars til baðstaða, heilsu- og vellíðunarþjónustu, hótelrekstrar, veitingaþjónustu, verslunar og húðvara. Þessi samþætting gerir félaginu kleift að skapa fjölbreytt verðmæti úr sömu auðlind og styður við sterka stöðu vörumerkisins gagnvart bæði ferðamönnum og neytendum.

Staðsetning Bláa Lónsins í Svartsengi styður jafnframt við samkeppnisstöðu félagsins. Áfangastaðurinn er staðsettur á milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar, þar sem meginþorri erlendra ferðamanna kemur til landsins. Nálægð við flugvöllinn og höfuðborgarsvæðið getur aukið aðgengi að starfsemi félagsins, bæði fyrir gesti sem dvelja lengur á Íslandi og þá sem tengja heimsókn í Bláa Lónið við komu eða brottför um Keflavíkurflugvöll.

Samkeppnismarkaði Bláa Lónsins má í megindráttum skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi keppir félagið við aðra áfangastaði, afþreyingu, baðstaði, hótel, veitingastaði og þjónustu sem ferðamenn velja sér á Íslandi. Í öðru lagi keppir félagið við erlenda áfangastaði og fyrirtæki sem bjóða heilsu-, vellíðunar-, spa- og hótelþjónustu í sambærilegum gæðaflokki. Í þriðja lagi keppir félagið á markaði fyrir húðvörur, bæði á Íslandi og erlendis, þar sem vörur félagsins keppa við vörur alþjóðlegra og innlendra snyrtivöru- og húðvöruframleiðenda.

Félagið leggur áherslu á að byggja upp og viðhalda vörumerki sínu, orðspori og ímynd gagnvart erlendum og innlendum gestum. Markaðs- og kynningarstarf félagsins byggir meðal annars á sérstöðu áfangastaðarins, náttúrutengdri upplifun, þjónustugæðum, vellíðan og eiginleikum jarðsjávar Bláa Lónsins. Samfélagsmiðlar, stafrænar söluleiðir, almannatengsl og samstarf við aðra aðila í ferðaþjónustu hafa jafnframt þýðingu fyrir sýnileika félagsins á erlendum mörkuðum. Bláa Lónið tekur jafnframt þátt í samstarfi innan ferðaþjónustu og atvinnulífs, meðal annars í gegnum Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök atvinnulífsins, Íslandsstofu og aðra samstarfsvettvanga eftir því sem við á. Slíkt samstarf styður meðal annars við þróun íslenskrar ferðaþjónustu, rekstrarumhverfi greinarinnar og markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar.

3.9.4 Íslensk ferðaþjónusta


Ferðaþjónusta er ein af undirstöðugreinum íslensks atvinnulífs. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum ferðaþjónustureikninga nam hlutur ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu 8,8% árið 2025 samanborið við 8,2% árið 2024. Gistiþjónusta nam 2,6% af vergri landsframleiðslu. Framlag ferðaþjónustunnar til hagvaxtar árið 2025 nam um 0,1 prósentustig samanborið við -0,4 prósentustig árið 2024.[59] Samkvæmt Ferðamálastofu voru brottfarir erlendra

[59]Heimild: Hagstofan, sjá nánar: https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/efnahagur/ferdathjonustureikningar-2025

farþega frá Íslandi um Keflavíkurflugvöll um 2,27 milljónir árið 2025, sem er sambærilegur fjöldi og árin fyrir heimsfaraldurinn og nálægt metárinu 2018.[60]

Bláa Lónið starfar á markaði þar sem gæði þjónustu, aðgengi, sérstaða áfangastaðar, náttúrutengd upplifun, hótel- og veitingaþjónusta, vellíðunarþjónusta og sjálfbærni skipta auknu máli. Þróun íslenskrar ferðaþjónustu, aukin útgjöld ferðamanna og áhersla á hágæða upplifun geta haft þýðingu fyrir starfsemi félagsins, en félagið leggur áherslu á samþætta þjónustu sem byggir meðal annars á baðupplifun, gistingu, veitingum, húðvörum og vellíðunarþjónustu.

Mynd 8: Hlutfall ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu árin 2017-2025[61]



3.9.4.1 Fjöldi erlendra ferðamanna

Fjöldi erlendra ferðamanna sem heimsækja Ísland er meðal annars mældur með talningum á brottförum erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurflugvöll. Slíkar talningar veita mikilvæga vísbendingu um þróun fjölda erlendra ferðamanna, enda kemur meginþorri erlendra ferðamanna til landsins um Keflavíkurflugvöll.

Árið 2025 námu brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll um 2,27 milljónum. Árið 2024 fóru um 2,26 milljónir erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll og 2,2 milljónir árið 2023. Fjöldi erlendra ferðamanna árið 2025 var nálægt metári íslenskrar ferðaþjónustu, 2018, þegar rúmlega 2,3 milljónir erlendra ferðamanna komu til landsins.

Ferðaþjónusta er háð sveiflum og geta meðal annars heimsfaraldrar, jarðhræringar, eldgos, stríðsátök, efnahagsaðstæður, flugsamgöngur, gengi gjaldmiðla, veðurfar og breytingar á ferðavenjum haft áhrif á eftirspurn eftir ferðum til Íslands. Fjöldi ferðamanna einn og sér gefur því ekki heildstæða mynd af stöðu ferðaþjónustunnar, enda skipta útgjöld ferðamanna, dvalarlengd, árstíðardreifing, samsetning ferðamannahópa og eftirspurn eftir tilteknum vörum og þjónustu einnig máli.

Á árinu 2025 heimsóttu um 834 þúsund gestir baðlón Bláa Lónsins, samanborið við 666 þúsund gesti árið 2024. Gestafjöldi Bláa Lónsins jafngilti því um 37% af fjölda erlendra ferðamanna sem

[60]Heimild: Ferðamálastofa, sjá nánar: https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonusta-i-tolum-samantekt-fyrir-arid-2025
[61] Heimild: Hagstofan, sjá nánar: https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/ferdathjonustureikningar/

komu til Íslands árið 2025, en taka þarf tillit til þess að gestir Bláa Lónsins geta bæði verið erlendir og innlendir og að sami einstaklingur kann að heimsækja félagið oftar en einu sinni.


Eftirspurn eftir þjónustu Bláa Lónsins hefur á undanförnum árum verið mikil, en nýting og afkastageta ráðast meðal annars af opnunartíma, aðgangsstýringu, fjölda skápa, þjónustuframboði, lokunum vegna ytri atvika og verðlagningu hverju sinni. Félagið getur brugðist við mikilli eftirspurn með mismunandi hætti, meðal annars með stýringu bókana, verðlagningu, breytingum á opnunartíma, þróun nýrrar þjónustu eða fjárfestingum í aðstöðu, eftir því sem rekstrar- og markaðsaðstæður leyfa.

3.9.4.2 Samsetning ferðamanna eftir þjóðerni og tilgangi heimsóknar

Samsetning viðskiptavina Bláa Lónsins tekur að verulegu leyti mið af samsetningu erlendra ferðamanna sem koma til Íslands. Bandarískir ferðamenn hafa á undanförnum árum verið fjölmennasti hópur erlendra ferðamanna hér á landi, en Bretar, Þjóðverjar, Pólverjar og ferðamenn frá öðrum Evrópulöndum hafa einnig verið meðal stærstu markaða íslenskrar ferðaþjónustu.

Á árinu 2025 komu um 662 þúsund erlendir ferðamenn frá Bandaríkjunum til Íslands, eða um 29,2% af brottförum erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll. Ferðamenn frá Bretlandi voru næstfjölmennasti hópurinn með um 229 þúsund brottfarir. Í þriðja sæti voru Þjóðverjar, um 152 þúsund, og í fjórða sæti komu ferðamenn frá Kína, 128 þúsund. Samanlagt námu brottfarir ferðamanna frá fjórum stærstu mörkuðum Íslands um 51,7% af heildarfjölda brottfara erlendra farþega á árinu.

Mynd 9: Samsetning erlendra ferðamanna eftir þjóðerni árið 2025[62]



[62] Heimild: https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonusta-i-tolum-samantekt-fyrir-arid-2025


Ríflega níu af hverjum tíu (eða 92,3%) erlendum ferðamönnum árið 2025 heimsóttu landið í þeim tilgangi að vera í fríi, um 2,5% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum og um 2,3% voru í námsferð, heilsutengdri ferð eða öðrum persónulegum erindum. Um 2,9% voru á landinu í annars konar tilgangi.[63] Slík samsetning hefur þýðingu fyrir eftirspurn eftir afþreyingu, baðstöðum, hótelgistingu, veitingaþjónustu og annarri upplifun sem ferðamenn sækja meðan á dvöl þeirra stendur.

3.9.4.3 Gistinætur erlendra ferðamanna

Gistinætur erlendra ferðamanna gefa vísbendingu um umfang ferðaþjónustu, dvalarlengd, árstíðarsveiflur og eftirspurn eftir gistingu og tengdri þjónustu. Samkvæmt gistináttagrunni Hagstofu Íslands voru skráðar gistinætur erlendra ferðamanna á öllum tegundum skráðra gististaða um 8,8 milljónir árið 2025 samanborið við um 7,7 milljónir árið 2024 og 8 milljónir árið 2023.


Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna var 7,1 nótt árið 2025. Dvalarlengd er mismunandi eftir þjóðerni, árstíma og tilgangi heimsóknar. Ferðamenn frá mörkuðum sem dvelja lengur á landinu kunna að hafa meiri möguleika á að nýta sér fjölbreytta afþreyingu og þjónustu víðar um land, en ferðamenn sem dvelja skemur kunna frekar að sækja áfangastaði í nágrenni Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 10: Skráðar gistinætur, í milljónum, árin 2021-2025[64]



[63] Heimild: https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonusta-i-tolum-samantekt-fyrir-arid-2025
[64] Heimild: https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonusta-i-tolum-samantekt-fyrir-arid-2025

Mynd 11: Gistinætur 5 stærstu þjóðerna á hótelum árið 2025



Nýting hótelherbergja er jafnframt mikilvæg vísbending um stöðu ferðaþjónustu. Nýting er almennt hærri yfir sumarmánuði en lægri yfir vetrarmánuði, þótt árstíðarsveiflur hafi að hluta jafnast út með aukinni áherslu á heilsársferðaþjónustu. Á ársgrundvelli árið 2025 var herbergjanýting hótelherbergja á landinu öllu 67,3%, en 74,8% á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 9: Herbergjanýting á hótelum á Íslandi 2025[65]

	Landið allt			**Höfuðborgarsvæðið**		
	Nýting 2025	**Breyting frá 2024**	**Breyting frá 2023**	**Nýting 2025**	**Breyting frá 2024**	**Breyting frá 2023**
Allt árið	**67,3%**	**2,1%**	**-1,5%**	**74,8%**	**-0,5%**	**-2,7%**
Janúar	46,5%	4,7%	-9,7%	62,2%	-1,9%	-12,4%
Febrúar	62,8%	1,8%	-4,0%	75,7%	0%	-5,3%
Mars	62,3%	-1,9%	-4,2%	73,2%	-3,8%	-7,0%
Apríl	56,7%	11,0%	-2,4%	62,0%	5,3%	-6,2%
Maí	63,7%	8,1%	-3,2%	69,1%	7,6%	-1,7%
Júní	79,9%	8,3%	1,1%	81,6%	4,3%	1,9%
Júlí	88,9%	9,8%	2,4%	89,0%	9,6%	1,6%
Ágúst	89,7%	4,2%	4,5%	92,2%	3,4%	9,4%
September	81,9%	3,9%	0,2%	84,4%	2,1%	1,7%
Október	72,7%	-5,8%	-4,0%	80,9%	-6,4%	-4,6%
Nóvember	56,8%	-8,1%	-3,1%	69,4%	-8,1%	-6,8%
Desember	45,1%	-13,1%	-1,7%	58,4%	-17,5%	-7,2%

[65] Heimild: https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonusta-i-tolum-samantekt-fyrir-arid-2025

3.9.4.4 Afþreying og erlendir ferðamenn

Bláa Lónið starfar á markaði þar sem erlendir ferðamenn velja á milli fjölbreyttrar afþreyingar, náttúrutengdrar upplifunar, baðstaða, hótela, veitingaþjónustu og annarrar þjónustu á Íslandi. Félagið er því í samkeppni við aðra áfangastaði og afþreyingu sem ferðamenn geta nýtt þann takmarkaða tíma sem þeir dvelja á landinu til að sækja.

Samkeppni um tíma og útgjöld ferðamanna er sérstaklega mikil á suðvesturhorni landsins, þar sem nálægð við Keflavíkurflugvöll, höfuðborgarsvæðið, Reykjanes og fjölbreytt úrval afþreyingar hefur áhrif á val ferðamanna. Þar má meðal annars nefna aðra baðstaði, náttúruupplifun, dagsferðir, norðurljósaferðir, jöklaferðir, hellaskoðanir, hestaferðir, köfun, veitingastaði, söfn og aðra afþreyingu.

Náttúruböð, spa-þjónusta og vellíðunartengd afþreying hafa verið meðal þeirra þátta sem erlendir ferðamenn sækja í auknum mæli. Slík þróun styður við eftirspurn eftir þjónustu Bláa Lónsins, en félagið er jafnframt háð samkeppni frá öðrum baðstöðum, heilsulindum og náttúrutengdri afþreyingu hér á landi og erlendis.

3.9.4.5 Meðmælaskor – NPS

Meðmælaskor, eða Net Promoter Score, er mælikvarði sem notaður er til að meta hversu líklegt er að gestir mæli með áfangastað, vöru eða þjónustu við aðra. Í ferðaþjónustu getur meðmælaskor gefið vísbendingu um upplifun ferðamanna, ánægju þeirra og líkur á jákvæðri umfjöllun eða endurkomu.

Ferðamálastofa hefur, í samstarfi við Hagstofu Íslands, mælt meðmælaskor Íslands sem áfangastaðar frá árinu 2017. Skorið byggir á svörum erlendra ferðamanna við spurningu um hversu líklegt sé að þeir mæli með Íslandi sem áfangastað við vini, fjölskyldu eða samstarfsfólk.

Meðmælaskor Íslands hefur almennt verið hátt í alþjóðlegum samanburði og gefur það vísbendingu um jákvæða upplifun erlendra ferðamanna af landinu. Hátt meðmælaskor getur stutt við orðspor Íslands sem áfangastaðar og haft jákvæð áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækja í ferðaþjónustu, þar á meðal Bláa Lónsins. Þróun meðmælaskors getur þó sveiflast eftir tímabilum og ráðist af mörgum þáttum, svo sem veðri, verðlagi, þjónustugæðum, aðgengi, fjölda ferðamanna og ytri atvikum.

3.9.5 Hótel, veitinga- og vellíðunarþjónusta

Hótelrekstur, veitingaþjónusta og heilsu- og vellíðunarþjónusta eru mikilvægir þættir í starfsemi Bláa Lónsins. Þjónustan tengist baðupplifun félagsins í Svartsengi og styður við þá stefnu félagsins að bjóða samþætta upplifun sem felur í sér baðstaði, gistingu, veitingar, spa-þjónustu, húð- og heilsuvörur sem og aðra tengda þjónustu.

Samkeppni á þessum markaði er bæði innlend og alþjóðleg. Félagið keppir annars vegar við íslensk hótel, veitingastaði, baðstaði, heilsulindir og afþreyingu og hins vegar við erlenda áfangastaði og fyrirtæki sem bjóða hágæða gistingu, vellíðunarþjónustu, náttúrutengda upplifun og sérhæfða ferðaþjónustu.

Bláa Lónið hefur á síðustu árum aukið áherslu á hótel- og vellíðunarþjónustu, meðal annars með rekstri Retreat Hotel, Retreat Spa og Silica Hotel í Svartsengi. Þá hefur félagið, beint eða í gegnum dóttur- og hlutdeildarfélög sín, komið að uppbyggingu áfangastaða utan Svartsengis,

meðal annars í Kerlingarfjöllum, Þjórsárdal, Hoffelli og Hrauneyjum. Sjá nánar kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“ og kafla 3.7.2 „Þróunarverkefni“.

3.9.5.1 Samkeppnismarkaður hótela

Bláa Lónið rekur tvö hótel í Svartsengi, Retreat Hotel og Silica Hotel. Hótelin tengjast baðstöðum, veitingarekstri og annarri þjónustu félagsins á svæðinu og hafa sérstöðu vegna staðsetningar sinnar við Bláa Lónið og tengingar við jarðsjóinn og baðupplifunina.

Retreat Hotel er fimm stjörnu hótel sem er hluti af The Retreat at Blue Lagoon. Hótelið er samtengt Retreat Spa og þar er jafnframt rekin veitingaþjónusta, þar á meðal Moss Restaurant. Silica Hotel er fjögurra stjörnu hótel í Svartsengi og gestir þess hafa aðgang að sérstöku baðlóni við hótelið auk tengdrar þjónustu Bláa Lónsins. Á hótelinu er jafnframt boðið upp á þjónustu fyrir psoriasisgesti í Lækningalindinni.

Retreat Hotel og Silica Hotel eru í samkeppni við hótel og gistimöguleika í sambærilegum eða nálægum gæðaflokki, bæði á Íslandi og erlendis. Á Íslandi má meðal annars líta til hótela á höfuðborgarsvæðinu, sérhæfðra upplifunarhótela, hótela í nágrenni Keflavíkurflugvallar og annarra gististaða sem höfða til ferðamanna sem sækjast eftir hágæða þjónustu, náttúrutengdri upplifun eða nálægð við helstu ferðaleiðir.

Staðsetning hótela félagsins í Svartsengi, á milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar, styður við aðgengi fyrir erlenda og innlenda gesti. Nálægð við flugvöllinn getur haft sérstaka þýðingu fyrir gesti sem dvelja skemur á Íslandi eða tengja heimsókn í Bláa Lónið við komu eða brottför um Keflavíkurflugvöll.

Samkeppni á markaði fyrir hágæða gistingu ræðst meðal annars af staðsetningu, aðgengi, þjónustustigi, verðlagningu, vörumerki, orðspori, stafrænum söluleiðum, umsögnum gesta og getu rekstraraðila til að bjóða sérstæða upplifun. Retreat Hotel er jafnframt í samkeppni við erlenda áfangastaði og hótel sem bjóða sambærilega áherslu á vellíðun, náttúru, næði, þjónustugæði og sérhæfða upplifun.

3.9.5.2 Veitingasala

Bláa Lónið rekur þrjá veitingastaði og eitt kaffihús í Svartsengi: Lava Restaurant, Moss Restaurant, Spa Restaurant og Blue Café. Veitingareksturinn styður við baðstaði, hótel og aðra þjónustu félagsins á svæðinu og er hluti af heildarupplifun gesta.

Lava Restaurant er veitingastaður við baðlón Bláa Lónsins og þjónar bæði gestum Bláa Lónsins og öðrum gestum, eftir því sem við á. Moss Restaurant er hluti af The Retreat at Blue Lagoon og hlaut Michelin-stjörnu árið 2023 og hefur haldið henni árin 2024, 2025 og 2026. Spa Restaurant er staðsettur í tengslum við Retreat Spa og er einkum ætlaður gestum heilsulindarinnar. Blue Café er staðsett í aðalbyggingu Bláa Lónsins og býður upp á léttari veitingar og drykki, meðal annars fyrir daggesti baðlónsins.

Veitingastaðir Bláa Lónsins eru í samkeppni við aðra veitingastaði á Íslandi, einkum á höfuðborgarsvæðinu, á Reykjanesi og í tengslum við hágæða ferðaþjónustu. Samkeppnisstaða veitingarekstrar félagsins ræðst meðal annars af staðsetningu, tengingu við bað- og hótelþjónustu félagsins, gæðum þjónustu, framboði, verðlagningu, orðspori og eftirspurn gesta eftir samþættri upplifun á svæðinu.

3.9.5.3 Heilsu- og vellíðunarþjónusta

Heilsu- og vellíðunartengd ferðaþjónusta hefur vaxið á undanförnum árum og er hluti af þeirri þróun að ferðamenn sækist í auknum mæli eftir upplifun sem tengist náttúru, hvíld, slökun, heilsu, vellíðan og sérhæfðri þjónustu. Starfsemi Bláa Lónsins fellur að hluta til innan þessa markaðssviðs.

Þjónusta Bláa Lónsins í Svartsengi felst ekki eingöngu í aðgangi að baðlóni, heldur einnig í spa- og vellíðunarþjónustu, meðferðum, nuddmeðferðum, flotmeðferðum, húðvörum, gistingu, veitingaþjónustu og annarri tengdri þjónustu. Jarðsjór Bláa Lónsins og lífvirk innihaldsefni hans eru jafnframt hluti af sérstöðu þjónustunnar, meðal annars vegna rannsakaðra eiginleika þeirra og notkunar í tengslum við húð og húðmeðferð. Sjá nánar kafla 3.7.1 „Rannsóknir og þróun“ og kafla 3.6.6 „Hugverkaréttindi, vörumerki og leyfi“.

Retreat Spa er hluti af The Retreat at Blue Lagoon og er ætlað bæði hótelgestum og daggestum sem kaupa aðgang að þjónustunni. Gestir Silica Hotel hafa jafnframt aðgang að sérstöku baðlóni við hótelið. Þá er í tengslum við Silica Hotel og Lækningalindina boðið upp á þjónustu fyrir psoriasissjúklinga, þar sem jarðsjór Bláa Lónsins, ljósameðferð, kísill og húð- og heilsuvörur félagsins nýtast í meðferð, eftir því sem við á.

Bláa Lónið tekur þátt í samstarfi á vettvangi heilsu- og vellíðunarþjónustu, ferðaþjónustu og uppbyggingu Íslands sem áfangastaðar. Slíkt samstarf getur stutt við þróun þjónustu, miðlun þekkingar, gæði, markaðssetningu og sameiginlega hagsmuni aðila í greininni.

Á Íslandi hefur framboð baðstaða og heilsulinda aukist á undanförnum árum. Bláa Lónið er helst í samkeppni við aðra baðstaði og heilsulindir, þar á meðal Sky Lagoon, Hvammsvík, Laugarás Lagoon, Krauma, Giljaböðin, Secret Lagoon, Reykjaböð og Skógarböðin. Jafnframt eru fjölmargir náttúrutengdir baðstaðir og heilsulindir á hugmyndastiginu og í uppbyggingu víða um land.

Samkeppni milli baðstaða byggir ekki eingöngu á verði eða staðsetningu, heldur einnig á upplifun, aðstöðu, þjónustustigi, náttúrulegri sérstöðu, aðgengi, vörumerki, öryggi, sjálfbærni og getu til að laða að gesti á mismunandi árstímum. Sérstaða Bláa Lónsins felst meðal annars í jarðsjónum, rannsökuðum eiginleikum hans, lífvirkum innihaldsefnum, staðsetningu félagsins í Svartsengi, nálægð við Keflavíkurflugvöll og þeirri samþættu þjónustu sem félagið býður upp á á svæðinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif jarðsjávar Bláa Lónsins og innihaldsefna hans, meðal annars kísils, örþörunga og steinefna, í tengslum við húð og húðmeðferð. Sjá nánar kafla 3.7.1 „Rannsóknir og þróun“.

3.9.6 Húð- og snyrtivörur

Þróun húðvara Bláa Lónsins hófst árið 1993 og árið 1995 setti félagið fyrstu húðvörur sínar á markað. Upphaf húðvörustarfsemi félagsins má rekja til vara sem þróaðar voru til stuðnings meðferðum í Lækningalind Bláa Lónsins. Meðal fyrstu vara félagsins var kísilmaskinn sem varð síðar ein af þekktustu vörum þess og lagði grunn að frekari þróun húðvara sem byggja á auðlindum lónsins.

Húðvörur félagsins byggja á lífvirkum innihaldsefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins, þar á meðal kísli, örþörungum og steinefnum. Þróun þeirra byggir á rannsóknum, sérþekkingu og hráefnum sem þróuð hafa verið innan samstæðunnar á undanförnum áratugum. Rannsóknir félagsins hafa leitt til aukins skilnings á virkni þessara innihaldsefna og skapað grunn að þróun húðvara sem byggja

á auðlindum Bláa Lónsins. Sjá nánar kafla 3.6.5.1 „Húð- og heilsuvörur“ og kafla 3.7.1 „Rannsóknir og þróun“.

Árið 2021 var BL+ húðvörulínan sett á markað. BL+ vörurnar eru sérstaklega þróaðar til að vinna gegn öldrunareinkennum húðar og byggja á BL+ COMPLEX, innihaldsefni sem sameinar lífvirka örþörunga og kísil úr jarðsjó Bláa Lónsins. BL+ COMPLEX nýtir einkaleyfisvarin lífvirk innihaldsefni félagsins og byggir á rannsóknum sem sýnt hafa fram á virkni örþörunga og kísils úr jarðsjó Bláa Lónsins við að styðja við kollagenforða húðarinnar, vinna gegn öldrunareinkennum og styrkja náttúrulegt varnarlag hennar.

Bláa Lónið á einkaleyfi sem tengjast notkun örþörunga og kísils í snyrtivörum og lyfjum, meðal annars í Evrópu og Bandaríkjunum. Þessi hugverkaréttindi, ásamt sérþekkingu félagsins á jarðsjó Bláa Lónsins og lífvirkum innihaldsefnum hans, styðja við sérstöðu húðvara félagsins á samkeppnismarkaði. Þessi lífvirku innihaldsefni eru unnin úr jarðsjó Bláa Lónsins og mynda grunn að sérstöðu húðvara félagsins, sem byggja á auðlind sem er einstök fyrir starfsemi félagsins. Sjá nánar kafla 3.6.6.2 „Einkaleyfi“.

3.9.6.1 Vörulínur og samkeppni

Blue Lagoon Skin Science ehf. ber ábyrgð á þróun, framleiðslu, markaðssetningu og sölu húðvara félagsins. Húðvörur félagsins eru staðsettar með ólíkum hætti á markaði með hliðsjón af virkni, markhópum, notkunarsviðum og verði.

Vöruframboð félagsins byggir á lífvirkum innihaldsefnum úr jarðsjó Bláa Lónsins og nær til fjölbreyttra húð-, spa-, bað- og vellíðunarvara. Meðal vara félagsins eru vörur fyrir viðkvæma og þurra húð, sem rekja uppruna sinn til meðferða í Lækningalind Bláa Lónsins, auk spa-vara sem byggja á kísli, örþörungum og steinefnum. Meðal þekktustu vara félagsins eru andlitsmaskarnir þrír, Silica Mud Mask, Algae Mask og Mineral Mask. Maskarnir endurspegla helstu lífvirku innihaldsefni jarðsjávar Bláa Lónsins – kísil, örþörunga og steinefni – og hafa lengi verið meðal einkennisvara félagsins. Silica Mud Mask er jafnframt hluti af þeirri spa-upplifun sem gestir Bláa Lónsins kynnast við heimsókn á svæðið og hefur þannig gegnt mikilvægu hlutverki við að tengja húðvörur félagsins við upplifun gesta af auðlindinni.

BL+ vörurnar eru sérstaklega þróaðar til að vinna gegn öldrunareinkennum húðar og byggja á BL+ COMPLEX, sem sameinar lífvirka örþörunga og kísil úr jarðsjó Bláa Lónsins. BL+ COMPLEX byggir á meira en þriggja áratuga rannsóknum félagsins og nýtir einkaleyfisvarin lífvirk innihaldsefni þess. Vörurnar eru staðsettar á markaði fyrir hágæða húðvörur þar sem lögð er áhersla á virkni, vísindalegan grunn og sértæk lífvirk innihaldsefni.

Samkeppni á markaði fyrir húð- og snyrtivörur er mikil og félagið keppir við innlenda og erlenda framleiðendur húð- og snyrtivara, þar á meðal framleiðendur hágæða húðvara, spa- og vellíðunarvara, húðvara fyrir viðkvæma húð og vara sem þróaðar eru til að vinna gegn öldrunareinkennum húðar.

Samkeppnisstaða húðvara félagsins byggir meðal annars á sérstöðu lífvirkra innihaldsefna úr jarðsjó Bláa Lónsins, rannsóknum á virkni þeirra, hugverkaréttindum félagsins og áratugalangri uppbyggingu sérþekkingar á auðlindinni og eiginleikum hennar. Húðvörur félagsins byggja á jarðsjó Bláa Lónsins og lífvirkum innihaldsefnum sem unnin eru úr honum, þar á meðal kísli, örþörungum og steinefnum. Þessi innihaldsefni eru sértæk fyrir starfsemi félagsins og mynda

grunn að aðgreiningu vara þess frá öðrum húðvörum á alþjóðlegum markaði. Samkeppnisstaðan ræðst jafnframt af þáttum á borð við vörumerki, gæði vara, verðlagningu, dreifileiðir, stafrænar söluleiðir, markaðssetningu og getu félagsins til að aðgreina vörur sínar á alþjóðlegum mörkuðum.

3.9.6.2 Söluleiðir og markaðir

Húð- og heilsuvörur Blue Lagoon Skin Science eru seldar í verslunum Bláa Lónsins á Íslandi og í gegnum vefverslun félagsins, auk annarra söluleiða. Á Íslandi rekur Bláa Lónið þrjár verslanir: í Bláa Lóninu í Svartsengi, við Laugaveg í Reykjavík og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Vörurnar eru jafnframt seldar í gegnum vefverslun félagsins, bæði innanlands og erlendis.

Félagið nýtur jafnframt þess forskots að geta kynnt vörur sínar beint fyrir gestum sem heimsækja Bláa Lónið. Hluti af upplifun gesta felst í að kynnast eiginleikum jarðsjávarins og afurðum sem byggja á honum, sem styrkir sýnileika vörumerkisins og getur stutt við sölu húðvara félagsins. Jafnframt getur uppbygging og rekstur annarra áfangastaða innan samstæðunnar skapað tækifæri til aukins sýnileika vörumerkisins og kynningar á vörum félagsins fyrir nýja hópa gesta.

Sala húðvara félagsins fer fram bæði til erlendra ferðamanna sem heimsækja Ísland og til innlendra og erlendra viðskiptavina í gegnum stafrænar söluleiðir og samstarfsaðila. Meginmarkaðir félagsins eru Ísland, Bandaríkin og Evrópa. Á árinu 2025 fór um 78% af sölu húðvara fram á Íslandi (78% árið 2024 og 82% árið 2023), 17% á Bandaríkjamarkaði (17% árið 2024 og 14% árið 2023) og 5% á öðrum mörkuðum (5% árið 2024 og 5% árið 2023).

Félagið hefur á undanförnum árum lagt aukna áherslu á markaðssetningu húðvara á erlendum mörkuðum, einkum með stafrænum markaðslausnum, vefverslun og dreifingu í gegnum dótturfélög og samstarfsaðila. Blue Lagoon Skin Science ehf. á 100% eignarhlut í Blue Lagoon USA Ltd., Blue Lagoon NL B.V. og Blue Lagoon Skincare UK Limited, sem annast sölu og dreifingu á vörum félagsins á tilteknum mörkuðum.

3.10 Mikilvægir samningar

3.10.1 Samningur við HS Orku

Þann 21. febrúar 2011 gerðu HS Orka hf. og Bláa Lónið með sér samning um nýtingu jarðhitavökva og lífríkis hans á eða frá jarðhitasvæði HS Orku í Svartsengi. Samningurinn er mikilvægur grundvöllur starfsemi Bláa Lónsins í Svartsengi og tekur meðal annars til nýtingar jarðhitavökva og lífríkis hans til afþreyingar, heilsubaða, meðferðarþjónustu og framleiðslu húð- og heilsuvara.

Samkvæmt samningnum hefur Bláa Lónið samningsbundinn rétt til nýtingar jarðhitavökva og lífríkis hans á eða frá jarðhitasvæði HS Orku í Svartsengi, að því marki og með þeim skilmálum sem nánar greinir í samningnum. Réttindin tengjast meðal annars sérkennum jarðhitavökvans og lífríkis hans, sem eru mikilvæg fyrir baðstarfsemi, rannsóknir, þróun, húðvöruframleiðslu og aðra tengda starfsemi félagsins.

Í samningnum kemur jafnframt fram að komi til mögulegrar nýtingar jarðhitavökva á eða frá öðrum jarðhitasvæðum á Reykjanesi þar sem HS Orka hefur vinnslu eða nýtingu, lýsa aðilar yfir vilja til að leita tækifæra til samstarfs um slíka nýtingu á sviði afþreyingar, heilsubaða, meðferðarþjónustu eða framleiðslu húð- og heilsuvara, með hagsmuni beggja samningsaðila að leiðarljósi. Óski Bláa

Lónið eftir að nýta jarðhitavökvann með öðrum hætti eða í öðrum tilgangi en samningurinn kveður á um þarf að semja sérstaklega um það við HS Orku.

Bláa Lóninu er heimilt, að uppfylltum skilyrðum samningsins, að framselja eða veita öðrum aðilum rétt til framleiðslu húð- og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Samkvæmt samningnum skal HS Orku gerð grein fyrir slíkum leyfum og tryggt að slíkt framsal hafi ekki áhrif til lækkunar á nytjaleyfisgjaldi samkvæmt samningnum.

Samkvæmt samningnum afhendir HS Orka Bláa Lóninu jarðhitavökva með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða afhendingu jarðhitavökva til heilsulindar og Lækningalindar og hins vegar afhendingu jarðhitavökva til hráefnavinnslu. Förgun jarðhitavökva eftir afhendingu hans frá HS Orku til Bláa Lónsins er á ábyrgð Bláa Lónsins, en förgun jarðhitavökva frá orkuveri HS Orku fellur utan ábyrgðar Bláa Lónsins. Kísilúrgangur sem fellur til við rekstur Bláa Lónsins er meðhöndlaður á eigin svæði og hefur félagið unnið að uppbyggingu og endurbótum á kísilholum til að tryggja áframhaldandi afkastagetu og rekstraröryggi. Samhliða því er unnið með VSÓ ráðgjöf, kt. 681272-0979, Borgartúni 20, 105 Reykjavík, að útfærslu á sérstöku geymslusvæði fyrir kísil innan starfssvæðis félagsins sem mun tryggja félaginu nægt svigrúm til geymslu og meðhöndlunar til lengri tíma. Núverandi úrgangsþjónustuaðili félagsins, ásamt öðrum mögulegum móttökuaðilum, hefur staðfest að hægt sé að taka við kísilúrgangi félagsins til endanlegrar meðhöndlunar og förgunar þegar þess gerist þörf. Með hliðsjón af framangreindu telur félagið að fyrir liggi raunhæfar og framkvæmanlegar lausnir fyrir meðhöndlun, geymslu og förgun kísilúrgangs og að málaflokkurinn feli ekki í sér verulega rekstraráhættu eða takmörkun á starfsemi félagsins á fyrirsjáanlegum tíma.

Samningsaðilar ákveða árlega og tímasetja sameiginlega stöðvun á aðveitu, uppblöndunarstöð og jarðhitavökvamannvirkjum Bláa Lónsins vegna hreinsunar og viðhalds. Við ákvörðun tímasetningar skal taka tillit til rekstrarhagsmuna beggja aðila þannig að röskun á starfsemi HS Orku og Bláa Lónsins verði sem minnst.

Samningurinn tekur jafnframt til kaupa Bláa Lónsins á rafmagni, heitu vatni, ferskvatni, gufu, lágvarma og jarðhitagasi vegna starfsemi félagsins, eftir því sem við á. Samkvæmt samningnum afhendir HS Orka félaginu þessar afurðir við húsvegg baðstaðarins í Svartsengi og við hráefnavinnslu, eftir atvikum og í samræmi við nánari skilmála samningsins. Um gjaldskrá fyrir raforku gildir almenn gjaldskrá HS Orku í samræmi við umfang viðskipta og almennar viðskiptavenjur HS Orku.

Bláa Lónið greiðir HS Orku árlegt gjald fyrir notkun jarðhitavökvans. Gjaldið samanstendur af notkunargjöldum, þar á meðal rekstrargjaldi sem greiðist mánaðarlega og magngjaldi sem greiðist fjórum sinnum á ári, auk nytjaleyfisgjalds. Verði dráttur á greiðslum hefur HS Orka heimild til að innheimta dráttarvexti frá gjalddaga í samræmi við nánari ákvæði samningsins. Greiðslur til HS Orku vegna samningsins námu EUR 701 þús. á árinu 2025, samanborið við EUR 521 þús. á árinu 2024 og EUR 601 þús. á árinu 2023.

Samningurinn tekur einnig til notkunar Bláa Lónsins á vörumerkinu „Bláa Lónið“ í þeim vöru- og þjónustuflokkum sem eru eign HS Orku, eftir því sem nánar greinir í samningnum. Samningsaðilar skulu jafnframt vinna saman að því að auka tækniþekkingu með það að markmiði að hámarka nýtingu jarðhita, annarrar orku og ferskvatns. Þá skulu aðilar vinna saman að því að efla ferðaþjónustu á svæðinu, vernda umhverfið og varðveita ímynd svæðisins sem tengist umhverfisvænni orku, hreinleika og heilsu. Samkvæmt samningnum skulu aðilar halda samráðsfundi tvisvar á ári.

Gildistími samningsins er til 31. desember 2044. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu HS Orku ef Bláa Lónið verður gjaldþrota eða vanefnir verulega greiðsluskyldur sínar samkvæmt samningnum.

Samningurinn hefur að geyma ákvæði um óviðráðanleg atvik. Samkvæmt þeim getur samningurinn fallið tímabundið úr gildi ef náttúruhamfarir, svo sem jarðskjálftar, eldgos, innrás kalds vökva inn í jarðhitageyminn, óviðráðanleg mengun ferskvatnsbóla eða jarðhitageymis, styrjöld, farsóttir, verkföll eða önnur óviðráðanleg atvik hafa með beinum eða óbeinum hætti þau áhrif á vinnslu ferskvatns- eða jarðhitakerfa að HS Orku verði ókleift að standa við samninginn. Við slíkar aðstæður skal samningurinn falla tímabundið úr gildi þar til HS Orka og Bláa Lónið hafa fundið sameiginlega lausn á vandanum, eftir því sem nánar greinir í samningnum.

3.10.2 Lóðarleigusamningar

Í gildi eru lóðarleigusamningar milli eigenda lands Járngerðarstaða- og Hópstorfu í Grindavík og Eldvarpa ehf., dótturfélags Bláa Lónsins hf. Samningarnir heimila leigutaka og tengdum félögum að byggja upp og reka, í samræmi við samþykkt skipulag og viðeigandi leyfi, atvinnustarfsemi sem tengist heilsu- og ferðaþjónustu.

Lóðarleigusamningarnir í Grindavík gilda almennt til ársins 2063, að undanskildum einum samningi sem gildir til ársins 2038.

Í Kerlingarfjöllum er í gildi lóðarleigusamningur sem heimilar uppbyggingu og rekstur ferðaþjónustu. Samningurinn gildir til ársloka 2040.

Félagið er jafnframt með lóðarleigusamninga vegna framkvæmda í Þjórsárdal. Samningarnir heimila uppbyggingu og rekstur atvinnustarfsemi sem tengist heilsu- og ferðaþjónustu. Leigutími samkvæmt samningunum hófst í nóvember 2019 og er til 40 ára.

3.10.3 Einkanytjaleyfissamningur

Bláa Lónið hf. og Blue Lagoon Skin Science ehf., áður Blue Lagoon Skincare ehf., hafa gert með sér samning um einkanytjaleyfi á tilteknum vörumerkjum sem tengjast starfsemi samstæðunnar og húðvörum félagsins. Samningurinn tekur meðal annars til vörumerkja á borð við Blue Lagoon, Blue Lagoon Iceland, Bláa Lónið, Geothermal, Geothermal Spa, Lava Spa, Lava Treatment, Moss, Blue Lagoon Microalgae, Blue Lagoon Algae, Blue Lagoon Silica, Blue Lagoon Seawater, Blue Lagoon Lava, Blue Lagoon Mineral Salts, BL+ og BL+ by Blue Lagoon Iceland, eftir því sem nánar greinir í samningnum. Sjá nánar kafla 3.6.6 „Hugverkaréttindi, vörumerki og leyfi“.

3.10.4 Samningur um kaup á Arctic Adventures

Í júlí 2026 gerði útgefandi bindandi kaupsamning við hluthafa Arctic Adventures um kaup á öllu útgefnu hlutafé félagsins. Viðskiptin fela efnislega í sér samruna starfsemi útgefanda og Arctic Adventures, þó ekki sé um eiginlegan félagaréttarlegan samruna samkvæmt XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög að ræða.

Samkvæmt kaupsamningnum nemur kaupverðið 23.412 milljónum króna og verður greitt með útgáfu 246.443.576 nýrra hluta í útgefanda til seljenda Arctic Adventures. Gert er ráð fyrir að seljendur Arctic Adventures fari eftir afhendingu hins selda með 22,0% eignarhlut í útgefanda, miðað við þær forsendur sem liggja til grundvallar kaupsamningnum. Við útgáfu 150.000.000

nýrra hluta í kjölfar útboðs á nýjum hlutum í Bláa Lóninu er gert ráð fyrir að seljendur Arctic Adventures fari með 19,39% eignarhlut.

Á dagsetningu lýsingar þessarar hefur afhending hins selda ekki farið fram. Hluthafafundur Bláa Lónsins samþykkti þann 24. júlí 2026 nauðsynlegar heimildir til efnda á kaupsamningnum. Þann 2. nóvember 2026 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaupin og hafa þar með öll skilyrði kaupsamningsins verið uppfyllt. Afhending hins selda mun fara fram innan fimmtán virkra daga frá því að skilyrðin voru uppfyllt. Við afhendingu verður Arctic Adventures dótturfélag útgefanda og fjárhagsupplýsingar félagsins verða teknar inn í samstæðureikningsskil útgefanda frá afhendingardegi.

Helstu atriði úr kaupsamningi

Hið selda	Allt hlutafé í Arctic Adventures hf.
Dagsetning kaupsamnings	15. júlí 2026
Kaupverð	23.412.139.727 kr.
Gagngjald	Útgáfa 246.443.576 nýrra hluta í útgefanda
Helstu skilyrði	Samþykki hluthafa, framkvæmd áreiðanleikakannana og samþykki Samkeppniseftirlitsins
Afhending	Innan 15 virkra daga frá fullnustu eða niðurfellingu skilyrða kaupenda og/eða seljenda

3.10.4.1 Áhrif fjárfestingarinnar

Kaup á öllu hlutafé í Arctic Adventures fela í sér verulega fjárfestingu af hálfu útgefanda. Þegar afhending hins selda fer fram samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins mun útgefandi eignast allt hlutafé í Arctic Adventures og félagið verður hluti af samstæðu útgefanda. Fjárhagsupplýsingar Arctic Adventures verða teknar inn í samstæðureikningsskil útgefanda frá afhendingardegi. Með kaupunum mun umfang starfsemi samstæðunnar aukast verulega og starfsemi hennar verða fjölbreyttari. Samstæðan mun auk reksturs Bláa Lónsins starfa á sviði skipulagðra ferða, reksturs áfangastaða, hótelreksturs og bílaleigu. Veruleg samlegðartækifæri felast í sameiginlegri nýtingu þekkingar, innviða og söluleiða sem styður við tekjuvöxt og aukna rekstrarhagkvæmni. Meðal annars má nefna krosssölutækifæri í vöruframboði félaganna, samnýtingu eigin sölurása og bókunarkerfa, markaðssetningu félaganna, hagkvæmni stoðþjónustu auk frekari þróunar áfangastaða Arctic Adventures með sérþekkingu Bláa Lónsins við þróun og sköpun á einstökum upplifunum. Áætlaður árlegur kostnaðarávinningur við fulla innleiðingu er EUR 4–6 m.[66] og gert er ráð fyrir að það taki þrjú ár að ná fram fullum samlegðaráhrifum. Tækifæri til tekjusamlegðar eru einnig metin þó nokkur en eru ekki magnsett. EBITDA-áætlun Arctic Adventures fyrir árið 2027 er EUR 21 m. og er áætlað að EBITDA samstæðunnar aukist um 42%, úr EUR 49 m. án Arctic Adventures í EUR 70 m. með Arctic Adventures, án samlegðaráhrifa. Nánari upplýsingar

[66] Reiknað á gengi 137 EUR/ISK þann 30. september 2026. Ekki er tekið tillit til einskiptiskostnaðar vegna samþættingar.

um áhrif viðskiptanna á fjárhagsupplýsingar samstæðunnar á pro forma-grunni er að finna í kafla 5.7 „Pro forma fjárhagsupplýsingar“.

3.11 Fasteignir og aðrar eignir Bláa Lónsins

Stór hluti starfsemi Bláa Lónsins fer fram í Svartsengi. Þar eru meðal annars baðstaður Bláa Lónsins, Retreat Hotel, Silica Hotel, veitingastaðir félagsins og Rannsókna- og þróunarsetur Bláa Lónsins, þar sem hluti af vinnslu hráefna og framleiðslu húðvara fer fram.

Fasteignir sem hýsa aðstöðu baðstaðarins, hótelin, veitingarekstur, Lækningalindina og Rannsókna- og þróunarsetrið eru í eigu Eldvarpa ehf., dótturfélags Bláa Lónsins hf. Fasteignir og tengdir rekstrarfjármunir Eldvarpa ehf. eru leigð til Bláa Lónsins Ísland ehf. og/eða annarra félaga innan samstæðunnar, eftir því sem við á. Leigusamningar vegna helstu fasteigna í Svartsengi eru ótímabundnir. Sjá jafnframt kafla 1.2.2 „Áhætta tengd fasteignum, baðstöðum og landfræðilegri staðsetningu eigna“.

Fasteignir félagsins eru vátryggðar, meðal annars með brunatryggingum og öðrum eignatryggingum, eftir því sem við á. Vátryggingarverðmæti fasteigna og rekstrarfjármuna félagsins í Svartsengi nam samtals 24,7 ma.kr. í árslok 2025. Sjá nánar kafla 1.2.14 „Vátryggingaráhætta“.

Vegna jarðhræringa og eldgosa á Reykjanesskaga hafa stjórnvöld ráðist í gerð varnargarða í Svartsengi til að verja innviði og starfsemi á svæðinu, þar á meðal orkuver HS Orku og starfsemi Bláa Lónsins, fyrir mögulegu hraunflæði. Þrátt fyrir slíkar varnir er starfsemi félagsins í Svartsengi áfram háð áhættu vegna jarðhræringa, eldgosa, aðgengistakmarkana, rýminga og annarra ytri atvika. Sjá nánar kafla 1.2.1 „Náttúruhamfarir og hætta á óviðráðanlegum ytri atvikum“ og kafla 3.4 „Landfræðileg staðsetning Bláa Lónsins“.

Á árinu 2022 flutti Bláa Lónið skrifstofur stoðsviða félagsins í leiguhúsnæði að Urriðaholtsstræti 2–4, 210 Garðabæ. Félagið leigir jafnframt húsnæði fyrir verslanir sínar við Laugaveg í Reykjavík og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þá leigir félagið húsnæði í Grindavík undir þvottahús, vörulager og trésmíðaverkstæði. Vörulager hýsir meðal annars rekstrarvörubirgðir félagsins og í þvottahúsi félagsins er þveginn þvottur vegna starfsemi í Svartsengi. Blue Lagoon Skin Science leigir vöruhús í Borgahellu í Hafnarfirði undir húðvörubirgðir félagsins.

Samstæðan á jafnframt íbúðir í Grindavík sem eru leigðar til starfsmanna félagsins. Vegna jarðhræringa og eldgosa á Reykjanesskaga var Grindavík rýmd á árinu 2023 og getur óvissa um framtíð búsetu í bænum haft áhrif á notkun slíkra eigna og stoðstarfsemi félagsins í Grindavík.

Tafla 10: Fasteignir í eigu Eldvarpa dótturfélags Bláa Lónsins

Nr.	Heimilisfang	Fastanúmer	Lýsing	Veðbönd
1.	Norðurljósavegur 3, Grindavíkurbær	233-2767	Óbyggð lóð	Engin veðbönd
2.	Norðurljósavegur 5, Grindavíkurbær	227-4930	Rannsókna- og þróunarsetur	Já
3.	Norðurljósavegur 7, Grindavíkurbær	227-4936	Lækningalind	Já
4.	Norðurljósavegur 9, Grindavíkurbær	223-6775	Baðstaður Bláa Lónsins	Já

5.	Norðurljósavegur 9a, Grindavíkurbær	235-4123	Bílastæði og þjónustuhús	Já
6.	Norðurljósavegur 11, Grindavíkurbær	233-2768	Retreat Hotel	Já
7.	Norðurljósavegur 13, Grindavíkurbær	233-2769	Óbyggð lóð	Engin veðbönd
8.	Ásgarður, Hrunamannahreppur	235-5715	Highland Base	Já

Tafla 11: Fasteignir í eigu Jarðvangs dótturfélags Eldvarpa

Nr.	Heimilisfang	Fastanúmer	Lýsing	Veðbönd
1.	Brautarsel 39, Reykjanesbær	233-2503	Óbyggð lóð	Engin veðbönd
2.	Brautarsel 39a, Reykjanesbær	236-4912	Óbyggð lóð	Engin veðbönd
3.	Breiðasel 73, Reykjanesbær	233-2478	Óbyggð lóð	Já

Tafla 12: Fasteignir í eigu Hraunseturs dótturfélags Eldvarpa

Nr.	Heimilisfang	Fastanúmer	Lýsing	Veðbönd
1.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	236-9345	Íbúð	Já
2.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2551	Íbúð	Já
3.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2552	Íbúð	Já
4.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2553	Íbúð	Já
5.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2554	Íbúð	Já
6.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2555	Íbúð	Já
7.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2556	Íbúð	Já
8.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2557	Íbúð	Já
9.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2558	Íbúð	Já
10.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2559	Íbúð	Já
11.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2560	Íbúð	Já
12.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2561	Íbúð	Já
13.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2562	Íbúð	Já
14.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2563	Íbúð	Já
15.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2564	Íbúð	Já
16.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2565	Íbúð	Já
17.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2566	Íbúð	Já
18.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2567	Íbúð	Já
19.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2568	Íbúð	Já

20.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2569	Íbúð	Já
21.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2570	Íbúð	Já
22.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2571	Íbúð	Já
23.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2572	Íbúð	Já
24.	Stamphólsvegur 5, Grindavík	250-2573	Íbúð	Já

Tafla 13: Fasteignir og jarðir í eigu Ferðaþjónustunnar Hoffells (Jöklaveraldar)

Nr.	Heimilisfang	Fastanúmer	Landnúmer	Lýsing	Veðbönd
1.	Miðfell, 781 Höfn í Hornafirði	F218-0304	L159-509	Jörð	Engin veðbönd
2.	Miðfell II, 781 Höfn í Hornafirði	F250-7522	L229-177	Gistiheimili	Já
3.	Hoffell II, 781 Höfn í Hornafirði	F218-0232	L235-845	Jörð	Engin veðbönd
4.	Hoffell 3b, 781 Höfn í Hornafirði	F252-7581	L235-848	Jörð	Engin veðbönd

Tafla 14: Fasteignir í eigu Hrauneyja (Hálendis)

Nr.	Heimilisfang	Fastanúmer	Lýsing	Veðbönd
1.	Hótel Háland, Fremstutungu í Ásahreppi	F250-0912	Hótel	Engin veðbönd
2.	Hálendismiðstöðin, Hrauneyjum	F223-6385	Þjónustumiðstöð	Engin veðbönd

Tafla 15: Fasteignir í eigu Kerlingarfjalla

Nr.	Heimilisfang	Fastanúmer	Landnúmer	Lýsing	Veðbönd
1.	Ásgarður, Hrunamannahreppur	F220-2935	L166-712	Skíðaskáli	Engin veðbönd
2.	Ásgarður, Hrunamannahreppur	F220-2933	L166-712	Skíðaskáli	Engin veðbönd
3.	Ásgarður, Hrunamannahreppur	F220-2947	L166-712	Hesthús	Engin veðbönd
4.	Ásgarður, Hrunamannahreppur	F220-2955	L166-712	Sumarhús	Engin veðbönd
5.	Ásgarður, Hrunamannahreppur	F220-2934	L223-398	Jörð	Engin veðbönd
6.	Ásgarður, Hrunamannahreppur	F220-2940	L223-398	Jörð	Engin veðbönd

4 Upplýsingar um Arctic Adventures hf.

4.1 Almennar upplýsingar um Arctic Adventures

Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti	Arctic Adventures hf.
Kennitala	681216-0730
Höfuðstöðvar og lögheimili	Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Félagaform	Íslenskt hlutafélag samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, skráð á Íslandi
Stofndagur	20. desember 2016
Vefsíða	https://adventures.is
Símanúmer	+354 562 7000
LEI-númer	2549006D1CT6DY6TG090

Arctic Adventures er íslenskt hlutafélag og móðurfélag ferðaþjónustusamstæðu sem starfar á sviði ferða og afþreyingar, áfangastaðareksturs, hótel- og gistireksturs, safna- og veitingareksturs og útleigu ferðabíla.

Tilgangur Arctic Adventures samkvæmt samþykktum AA er rekstur ferðaþjónustu á Íslandi fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini, kaup, sala og rekstur fasteigna, eignarhald og viðskipti með hluti í öðrum félögum, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

AA er skráð á Íslandi og starfar samkvæmt íslenskum lögum, einkum lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Stjórnarhættir AA ráðast jafnframt af samþykktum AA og starfsreglum stjórnar. Starfsemi samstæðu AA er, eftir eðli einstakra rekstrareininga, háð rekstrarleyfi til fólksflutninga frá Samgöngustofu, ferðaskrifstofuleyfi frá Ferðamálastofu, haffærisskírteinum báta frá Samgöngustofu, gistileyfum og vínveitingaleyfum frá viðeigandi sýslumönnum og öðrum leyfum sem gilda um viðkomandi starfsemi og starfsstöð.

4.2 Saga og þróun

Rætur rekstrar AA ná til ársins 1983 þegar starfsemi hófst með flúðasiglingum á Íslandi. Vörumerkið Arctic Adventures varð til árið 2005. Núverandi móðurfélag samstæðu AA, Arctic Adventures hf., var stofnað 20. desember 2016, lögformlegur stofndagur AA er því annar en upphaf rekstrarsögunnar og vörumerkisins.

Á árunum 2009-2019 stækkaði starfsemi samstæðu AA með þróun nýrrar ferðaþjónustu og kaupum á félögum á borð við Glacier Guides, Trek Iceland, Arctic Sea Tours, Magmadive, Extreme Iceland, Adventure Hotel Hof, Adventure Hotel Geirland, Into the Glacier og

Óbyggðasetrið. Árið 2019 eignaðist samstæðan jafnframt 37% hlut í Raufarhóli ehf., sem rekur The Lava Tunnel.

Vöxtur samstæðu AA hefur síðan byggst bæði á innri uppbyggingu og kaupum á félögum, eignum og rekstrareiningum í tengdri ferðaþjónustu. Your Day Tours varð hluti starfseminnar árið 2022 og eignarhlutur í Raufarhóli ehf. var aukinn í um 79%. Kerið í Grímsnesi og Snowmobile.is bættust við árið 2023 (eignarhlutur AA jókst frá 65% í 100% á árinu 2025). Á árinu 2023 bættist Hótel Hellissandur einnig við safnið og var hótelið opnað undir nafninu Adventure Hotel Hellissandur. Árið 2024 urðu Special Tours, Whales of Iceland og tengdur rekstur hluti af samstæðunni. Sama ár var Arctic Circle Hotels ehf. stofnað, sem heldur utan um fasteignir tengdar hótelrekstri samstæðu AA. Á árinu 2025 seldi félagið 100% hlut sinn í South East ehf.

Fjaðrárgljúfur varð hluti af rekstri samstæðu AA frá ársbyrjun 2025 og Happy Campers frá 1. júní 2025. Adventure Hotel Geirland var stækkað um 40 herbergi í júní 2025. Þann 17. apríl 2026 keypti AA eftirstandandi 43,7% hlut í Reykjavík Sailors ehf. og eignaðist þar með allt hlutafé Reykjavík Sailors ehf., en AA átti 56,3% hlut í Reykjavík Sailors ehf. í árslok 2025. Í júlí 2026 voru 13 ný gistihús í Skaftafelli tekin í notkun.

Í júlí 2026 undirrituðu hluthafar AA og Bláa Lónið kaupsamning sem felur í sér kaup Bláa Lónsins á öllu hlutafé í AA. Viðskiptin voru háð skilyrðum samkvæmt kaupsamningnum, meðal annars samþykki Samkeppniseftirlitsins, sjá nánar undir kafla 4.11 „Mikilvægir samningar“. Á dagsetningu lýsingar hafa öll skilyrði kaupsamningsins, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, verið uppfyllt.

4.2.1 Helstu áfangar

Ár	**Helstu áfangar**
1983	Upphaf rekstrarsögu með flúðasiglingum á Íslandi.
2005	Vörumerkið Arctic Adventures verður til.
2009	Starfsemi undir vörumerkinu Glacier Guides hefst og jöklaferðir styrkjast.
2014-2016	Trek Iceland, Arctic Sea Tours og Magmadive bætast við starfsemina.
2017-2018	Extreme Iceland, Adventure Hotel Hof og Adventure Hotel Geirland bætast við starfsemina.
2019	Kaup á Into the Glacier og Óbyggðasetri og 37% eignarhlutur í Raufarhóli ehf.
2022	Your Day Tours verður hluti starfseminnar og eignarhlutur í Raufarhóli hækkar í um 79%.

Ár	Helstu áfangar
2023	Kerið í Grímsnesi, Snowmobile.is og Adventure Hotel Hellissandur bætast við.
2024	Special Tours, Whales of Iceland og tengdur rekstur verða hluti samstæðunnar.
2025	Fjaðrárgljúfur og Happy Campers verða hluti samstæðunnar og Adventure Hotel Geirland er stækkað um 40 herbergi.
2026	AA kaupir eftirstandandi hlut í Reykjavík Sailors, 13 hús í Skaftafelli eru tekin í notkun og kaupsamningur milli hluthafa AA og Bláa Lónsins um allt hlutafé AA er undirritaður.

4.2.2 Nýlegir mikilvægir atburðir

Dagsetning / tímabil	Atburður
17. apríl 2026	AA kaupir eftirstandandi 43,7% hlut í Reykjavík Sailors
30. júní 2026	Tilkynning um samruna Snowmobile, Special Tours, Reykjavík Sailors og Reykjavík Röst Bistro inn í Straumhvarf send til fyrirtækjaskrár Skattsins. Samruni félaganna miðast við 1. janúar 2026 og gildir frá því tímamarki þegar öllum formsatriðum í tengslum við samþykki og frágang samrunaferlisins er lokið.
Júlí 2026	13 ný hús í Skaftafelli eru tekin í notkun hjá Arctic Circle Hotels og leigð til hótelreksturs samstæðunnar.
Júlí 2026	Kaupsamningur um kaup Bláa Lónsins á öllu hlutafé AA er undirritaður. Sjá nánar um samninginn í kafla 4.11 „Mikilvægir samningar“.
24. júlí 2026	Hluthafafundur Bláa Lónsins samþykkir kaupin og nauðsynlegar heimildir vegna viðskiptanna.
2. nóvember 2026	Samkeppniseftirlitið heimilar kaup Bláa Lónsins hf. á öllu hlutafé í Arctic Adventures hf. án skilyrða. Með samþykkinu hafa öll skilyrði kaupsamningsins verið uppfyllt.

4.3 Meginstarfsemi

4.3.1 Viðskiptalíkan og tekjustoðir

AA er alhliða ferðaþjónustusamstæða sem sameinar skipulagningu, sölu og framkvæmd ferða, rekstur áfangastaða, gistingu, afþreyingu, sýningar, veitingar og útleigu fullbúinna ferðabíla. Samstæðan selur eigin þjónustu og þjónustu samstarfsaðila til endanlegra viðskiptavina, til ferðaskrifstofa og annarra endursöluaðila. Adventures.is er veigamesta eigin sölurás samstæðu AA en bein sala fer einnig fram á öðrum vefsíðum samstæðu AA svo sem lavatunnel.is, specialtours.is, happycampers.is, intotheglacier.is og adventures.com en einnig á starfsstöðvum og áfangastöðum samstæðu AA.

Rekstrartekjur samstæðu AA námu 11.778 m.kr. árið 2025. Ferðir og afþreying námu um 75% tekna, áfangastaðir um 10%, hótel um 9% og bílaleiga um 6%. Starfsþættir samstæðu AA hafa mismunandi framlegð, fjárfestingaþörf og árstíðasveiflur. Á árinu 2025 voru meðalstöðugildi 342 hjá samstæðu AA.

4.3.2 Ferðir og afþreying

Ferðir og afþreying er stærsti starfsþáttur samstæðu AA. Framboðið nær meðal annars til dagsferða og fjöldagaferða, jökla- og íshellaferða, snjósleðaferða, hellaferða, köfunarferða, hvalaskoðunar, norðurljósaferða, göngu- og skoðunarferða og annarrar náttúrutengdrar afþreyingar. Ferðir eru seldar bæði með og án aksturs og eru framkvæmdar af rekstrareiningum samstæðunnar eða, eftir atvikum, samstarfsaðilum.

Meginrekstur ferða fer fram í Straumhvarfi ehf., Snowmobile ehf., Special Tours ehf. og tengdum félögum. Straumhvarf annast stóran hluta sölu, skipulagningar, leiðsagnar og flutninga undir vörumerkjum á borð við Arctic Adventures, Your Day Tours, Into the Glacier og Glacier Guides. Special Tours rekur sjóferðir frá Reykjavík og Akureyri og tengdan rekstur, meðal annars Whales of Iceland, Reykjavík Röst og Reykjavík Sailors, og á 50% hlut í Katla Whale Watching ehf.

Reksturinn krefst umfangsmikils flota bifreiða, báta, snjósleða, sérhæfðs öryggisbúnaðar og verkstæðis- og þrifaþjónustu. Framboð ferða er aðlagað að veðri, færð, árstíðum og öryggismati og getur því breyst með skömmum fyrirvara.

4.3.3 Áfangastaðir

Samstæða AA rekur eða fer með yfirráð yfir nokkrum áfangastöðum. Tekjur myndast af aðgangseyri, bílastæðagjöldum, leiðsögn, sýningum, afþreyingu, gistingu og tengdri verslunar- eða veitingaþjónustu. Helstu einingar samkvæmt flokkun AA eru eftirfarandi:

Áfangastaður / félag	Starfsemi
Raufarhólshellir / Raufarhóll ehf.	Leiðsagnarferðir í hraunhelli undir vörumerkinu The Lava Tunnel.
Kerið / Kerfélagið ehf.	Rekstur og eignarhald tengt Kerinu í Grímsnesi.
Fjaðrárgljúfur / HB Heiði ehf.	Land, bílastæði og þjónusta við Fjaðrárgljúfur.

Áfangastaður / félag	Starfsemi
Óbyggðasetur Íslands / Óbyggðasetur ehf.	Sýning, ferðir, gisting og veitingar í Fljótsdal.

4.3.4 Hótel og gisting

Adventure Hotels ehf. rekur Adventure Hotel Geirland, Adventure Hotel Hof og Adventure Hotel Hellissandur. Gisting er einnig í boði hjá Óbyggðasetri Íslands og frá júlí 2026 í 13 nýjum húsum við Skaftafell. Samkvæmt gildandi skipulagi er heimilt að reisa fleiri hús á svæðinu. Gistieiningarnar eru staðsettar við helstu leiðir fjöldagaferða og stór hluti gesta tengist ferðum sem AA selur eða skipuleggur.

Arctic Circle Hotels ehf. á fasteignir sem hýsa meginhluta hótelrekstrarins og leigir þær til Adventure Hotels. AA á 60% hlut í Arctic Circle Hotels en fer ekki eitt með yfirráð vegna hluthafasamkomulags.

4.3.5 Ferðabílaleiga

Happy Campers ehf. varð hluti samstæðu AA 1. júní 2025 og leigir út fullbúna ferðabíla. Reksturinn byggir á beinni stafrænni sölu, flotastýringu, viðhaldi og endursölu bifreiða. Starfsstöð Happy Campers er að Stapabraut 21 í Reykjanesbæ, í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

4.3.6 Vörumerki

Starfsemin er rekin undir sameiginlegu vörumerki Arctic Adventures og sérhæfðum vörumerkjum sem miða að mismunandi afþreyingu og markhópum. Helstu vörumerki eru Arctic Adventures, Your Day Tours, Into the Glacier, Glacier Guides, Snowmobile.is, The Lava Tunnel, Kerið, Fjaðrárgljúfur, Special Tours, Reykjavík Sailors, Whales of Iceland, Adventure Hotels og Happy Campers.

4.4 Lýsing á samstæðu og stjórnskipulag


4.4.1 Móðurfélag

Arctic Adventures er móðurfélag samstæðu AA. Móðurfélagið heldur utan um fjármögnun samstæðu AA og starfsmenn á skrifstofu hennar á Íslandi. UAB Arctic Adventures í Litháen heldur utan um starfsfólk sem sinnir meðal annars sölu, þjónustu, markaðsmálum og upplýsingatækni. Rekstrartekjur myndast hins vegar að mestu í dótturfélögum, einkum Straumhvarfi, Special Tours, Adventure Hotels, áfangastaðafélögum og Happy Campers.

Móðurfélagið er því háð því að dótturfélög geti greitt arð, vexti, afborganir eða þjónustugjöld og að ekki séu lagalegar, samningsbundnar eða rekstrarlegar hindranir á flutningi fjármuna. Rekstrareiningar eru jafnframt háðar sameiginlegum sölu-, bókunar-, upplýsingatækni-, fjármála- og mannauðskerfum sem rekin eru eða stýrt af öðrum einingum innan samstæðu AA.

4.4.2 Skipurit samstæðunnar

Samstæða AA samanstendur af móðurfélaginu, 16 dótturfélögum og tveimur hlutdeildarfélögum. Arctic Circle Hotels er flokkað sem hlutdeildarfélag vegna sameiginlegra yfirráða þrátt fyrir 60% eignarhlut AA.



4.5 Félög samstæðunnar og hlutverk þeirra

Félag	Eignarhlutur / flokkun	Meginhlutverk
Straumhvarf ehf.	100% dótturfélag	Ferðir, afþreying, sala, flutningar og kjarnarekstur vörumerkis Arctic Adventures.
Snowmobile ehf.	100% í eigu Straumhvarfs, dótturfélag	Snjósleðaferðir á Langjökli, fyrirhugaður samruni inn í Straumhvarf.
ITG fasteignir ehf.	100% í eigu Straumhvarfs, dótturfélag	Eignir og aðstaða tengd Into the Glacier, leigutaki er Straumhvarf.
UAB Arctic Adventures, Litháen	100% dótturfélag	Starfsfólk og stoðþjónusta í Litháen, meðal annars þjónusta, markaðsmál, sala og upplýsingatækni.
The Great Canadian Adventure Company (TGCA Canada)	100% dótturfélag	Erlent dótturfélag með takmarkaða starfsemi um þessar mundir.

Félag	**Eignarhlutur / flokkun**	**Meginhlutverk**
Special Tours ehf.	100% dótturfélag	Sjóferðir og hvalaskoðun frá Reykjavík og Akureyri, fyrirhugaður samruni inn í Straumhvarf.
Whales of Iceland ehf.	100% í eigu Special Tours, dótturfélag	Rekstur hvalasafns í Reykjavík.
Reykjavík Röst Bistro ehf.	100% í eigu Special Tours, dótturfélag	Kaffi- og veitingarekstur við Gömlu höfnina, fyrirhugaður samruni inn í Straumhvarf.
Katla Whale Watching ehf.	50% í eigu Special Tours, dótturfélag	Hvalaskoðunarstarfsemi.
Reykjavík Sailors ehf.	100% dótturfélag	Vörumerki og rekstur hvalaskoðunar, fyrirhugaður samruni inn í Straumhvarf.
Raufarhóll ehf.	79,2% dótturfélag	Rekstur Raufarhólshellis undir vörumerkinu The Lava Tunnel.
Kerfélagið ehf.	100% dótturfélag	Rekstur og eignarhald tengt Kerinu í Grímsnesi.
HB Heiði ehf.	100% dótturfélag	Land, bílastæði og þjónusta við Fjaðrárgljúfur.
Óbyggðasetur ehf.	98% dótturfélag	Sýning, gisting, veitingar og ferðir í Fljótsdal.
Adventure Hotels ehf.	100% dótturfélag	Rekstur Adventure Hotel Geirland, Adventure Hotel Hof, Adventure Hotel Hellissandur og Skaftafell Lodge.
Happy Campers ehf.	100% dótturfélag	Útleiga fullbúinna ferðabíla.
Arctic Circle Hotels ehf.	60% eignarhlutur, hlutdeildarfélag	Fasteignir fyrir hótelrekstur og Skaftafell, sameiginleg yfirráð með Búa eignafélagi ehf.
FOX 2 ehf.	100% í eigu Arctic Circle Hotels, hlutdeildarfélag	Eignarhald á Lava Centre fasteigninni á Hvolsvelli.

4.5.1 Fyrirhuguð einföldun samstæðunnar

Unnið er að samruna Snowmobile, Special Tours, Reykjavík Sailors og Reykjavík Röst Bistro við Straumhvarf. Markmið samrunanna er að einfalda félagaskipan samstæðunnar, ná fram hagræðingu og stuðla að skýrari stjórnun.

4.6 Upplýsingar um þróun

4.6.1 Verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum

Frá lokum síðasta endurskoðaða reikningsárs, 31. desember 2025, hefur ekki orðið nein veruleg óæskileg breyting á framtíðarhorfum Arctic Adventures hf.

4.6.2 Verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu

Frá 31. desember 2025 til dagsetningar þessarar útgefandalýsingar hafa ekki orðið neinar verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu samstæðu AA.

4.6.3 Afkomuáætlun Arctic Adventures fyrir árið 2027

Arctic Adventures hefur gert afkomuáætlun fyrir árið 2027 sem byggir á rekstraráætlun félagsins, sem stjórn Arctic Adventures samþykkti þann 21. október 2026.

Samkvæmt afkomuáætluninni eru tekjur Arctic Adventures árið 2027 áætlaðar EUR 99 m. og EBITDA EUR 21 m. Fjárhæðirnar eru umreiknaðar úr íslenskum krónum í evrur miðað við EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026. Gert er ráð fyrir að nettófjárfestingar Arctic Adventures á árinu 2027 nemi 2.259 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir 1.435 m.kr. í vaxtarfjárfestingar og 824 m.kr. í viðhaldsfjárfestingar.

Áætlunin tekur eingöngu til sjálfstæðs reksturs Arctic Adventures. Hún felur hvorki í sér áhrif fyrirhugaðra kaupa Bláa Lónsins á Arctic Adventures né samlegðaráhrif á tekjur eða kostnað eða kostnað vegna samþættingar.

Helstu forsendur sem stjórnendur Arctic Adventures geta haft áhrif á eru fjöldi seldra ferða og bókana, verðlagning, samsetning seldrar þjónustu, mönnun og rekstrarkostnaður. Forsendur utan áhrifasviðs stjórnenda eru fjöldi erlendra ferðamanna og eftirspurn, gengi íslensku krónunnar, verðbólga og aðfangakostnaður, veður og aðgengi að áfangastöðum, aukin skattlagning ásamt breytingum á leyfis- og regluumhverfi. Frávik frá þessum forsendum geta haft áhrif á áætlaðar tekjur og EBITDA Arctic Adventures árið 2027, sjá frekari umfjöllun um áhættuþætti AA í kafla 4.13 „Áhættuþættir“.

Afkomuáætlunin er unnin á grundvelli sem er samanburðarhæfur við sögulegar fjárhagsupplýsingar Arctic Adventures og í samræmi við reikningsskilaaðferðir Arctic Adventures. Sjá frekari umfjöllun um fjárhagsupplýsingar AA í kafla 4.9 „Fjárhagsupplýsingar Arctic Adventures“.

4.7 Stjórn og framkvæmdastjórn

4.7.1 Stjórn

Nafn	Lárus Welding, stjórnarformaður
Fæðingarár	1976
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	Advanced Management Program, Harvard Business School Meistaragráða í hagsögu frá London School of Economics B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaréttindum. Lárus hefur sinnt ýmsum störfum á fjármálamarkaði, meðal annars hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Landsbanka Íslands og Glitni, þar sem hann var forstjóri. Hann starfaði einnig sem fjármálastjóri Iceland Foods Ltd. í Bretlandi.
Fyrst kjörinn	Á hluthafafundi árið 2023.
Helstu núverandi störf utan AA	Fjármálastjóri Stoða hf. Stjórnarmaður hjá WD FF Ltd. (móðurfélag Iceland Foods Limited), Viðskiptaráði Íslands, Krýsuvíkursamtökunum og ráðgjafi stjórnar Sjóklæðagerðarinnar hf.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Lárus á enga hluti í AA beint. Hann hefur hins vegar hagsmunatengsl við Stoðir hf. vegna starfa sinna, en Stoðir eiga 2.028.634.950 hluti í félaginu.

Nafn	Arna Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi
Fæðingarár	1987
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	M.L. og B.A. í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Um tólf ára reynsla af markaðsmálum, stefnumótun, stafrænni markaðssetningu, efnissköpun, vörumerkjauppbyggingu, stjórnun og samningagerð.
Fyrst kjörinn	Apríl 2024.
Helstu núverandi störf utan AA	Sjálfstætt starfandi.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Arna á enga hluti í AA og er ekki fjárhagslega tengd félaginu.

Nafn	Benedikt Sigurðsson, meðstjórnandi
Fæðingarár	1993
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	M.Sc. í fjármálum fyrirtækja og B.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og próf í verðbréfaviðskiptum. Sérfræðingur hjá Stoðum hf. frá 2020, áður sérfræðingur og verkefnastjóri í fjármálaráðgjöf hjá Deloitte.
Fyrst kjörinn	Á hluthafafundi í desember 2024.
Helstu núverandi störf utan AA	Sérfræðingur hjá Stoðum hf., engin önnur stjórnarseta hefur verið tilgreind.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Benedikt á enga hluti í AA beint. Hann hefur hins vegar hagsmunatengsl við Stoðir hf. vegna starfa sinna, en Stoðir eiga 2.028.634.950 hluti í félaginu.

Nafn	Margit Johanne Robertet, meðstjórnandi
Fæðingarár	1965
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	MBA frá Rotterdam School of Management og B.Sc. í Business Studies frá University of Colorado, Boulder. Yfir 30 ára reynsla á fjármálamarkaði, meðal annars sem framkvæmdastjóri framtakssjóðasviðs Kviku eignastýringar 2014-2026, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Auðar Capital, framkvæmdastjóri lánasviðs Straums Burðaráss, Vice President í M&A-teymi Credit Suisse í París og Associate hjá Barclays í London.
Fyrst kjörinn	Á aðalfundi félagsins 2025.
Helstu núverandi störf utan AA	Stjórnarmaður í Íslandshótelum hf., Matorku, Rotovia og Sjónlagi.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Margit á enga hluti í AA og er ekki fjárhagslega tengd félaginu.

Nafn	Ólafur Jóhannsson, meðstjórnandi
Fæðingarár	1976
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, M.S. í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík og próf í verðbréfaviðskiptum. Yfir 25 ára reynsla úr fjármálageira og ráðgjöf.
Fyrst kjörinn	Janúar 2020.
Helstu núverandi störf utan AA	Framkvæmdastjóri ITF I slhf. Framkvæmdastjóri Brunns vaxtarsjóðs slhf. Framkvæmdastjóri Brunns vaxtarsjóðs II slhf. Framkvæmdastjóri TFII slhf. Stjórnarmaður í LAVA - Eldfjalla- og jarðskjálftamiðstöð Íslands ehf. Stjórnarmaður í Þríhnúkum ehf. Stjórnarmaður í Reykjavík Sailors ehf. Stjórnarmaður í Vatnsnesbúinu, landeigendafélagi Reykjanesbæjar sf. Varamaður í stjórn Landeigenda Y-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi sf.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Ólafur á enga hluti í AA beint. Hann hefur hins vegar hagsmunatengsl við ITF I slhf. vegna starfa sinna fyrir sjóðinn, en ITF I slhf. á 996.622.945 hluti í félaginu.

4.7.2 Framkvæmdastjórn

Nafn	(Jóhann) Ásgeir Baldurs, forstjóri
Fæðingarár	1972
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	MBA og B.Sc. í viðskiptafræði og próf í verðbréfaviðskiptum. Var áður fjárfestingastjóri hjá TM, forstöðumaður eignastýringar og fyrirtækjaráðgjafar hjá Kviku banka, ráðgjafi og meðeigandi hjá Expectus og forstjóri, framkvæmdastjóri og forstöðumaður hjá VÍS.
Helstu núverandi störf utan AA	Stjórnarmaður í dóttur- og hlutdeildarfélögum samstæðunnar og í Bjargarheimi ehf. og Baldursheimi ehf.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	(Jóhann) Ásgeir á 9.350.000 hluti í AA í gegnum Bjargarheim ehf. og á kauprétt að 100.000.000 hlutum í AA.

Nafn	Teitur Þór Ingvarsson, framkvæmdastjóri fjármála
Fæðingarár	1982
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	M.Sc. í fjármálum fyrirtækja og B.Sc. í viðskiptafræði með áherslu á fjármál og reikningshald. Próf í verðbréfaviðskiptum. Var áður framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Arctic Adventures, fjármálastjóri hjá Florealis og Eyland Spirits, í fyrirtækjaráðgjöf og hagdeild Arion banka, við miðlun hjá Icebank og við fjármálaráðgjöf, reikningshald og endurskoðun hjá Deloitte.
Helstu núverandi störf utan AA	Stjórnarmaður Tempus ehf.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Teitur á 2.500.000 hluti í AA í gegnum Tempus ehf. og á kauprétt að 35.000.000 hlutum í AA.

Nafn	Byron Edwin Conroy, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs
Fæðingarár	1983
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	Ellefu ára reynsla af framkvæmdastjórn og stjórnunarstörfum innan samstæðunnar.
Helstu núverandi störf utan AA	Stjórnarmaður í Inside Scuba ehf.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Byron á 2.500.000 hluti í AA og á kauprétt að 35.000.000 hlutum í AA.

Nafn	Brynhild Dam, mannauðsstjóri
Fæðingarár	1992
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	M.Sc. í mannauðsstjórnun og vinnusálfræði frá Háskólanum í Reykjavík og B.A. í alþjóðlegum viðskiptasamskiptum frá Aalborg University. Vann áður við ráðningar og employer branding hjá Alfred.fo og í ferðaþjónustu hjá Smyril Line.
Helstu núverandi störf utan AA	Engin önnur störf eða stjórnarseta.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Engir hagsmunaárekstrar hafa verið tilgreindir.

Nafn	Davíð Arnar Runólfsson, framkvæmdastjóri áfangastaða
Fæðingarár	1980
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	MFA frá Valand Academy / Göteborgs Universitet og BFA frá Montana State University. Var áður rekstrarstjóri og síðar framkvæmdastjóri Raufarhólshellis.
Helstu núverandi störf utan AA	Engin önnur störf eða stjórnarseta hafa verið tilgreind.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Davíð á kauprétt að 10.000.000 hlutum í AA.

Nafn	Gunnar Hafsteinsson, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs
Fæðingarár	1976
Starfsstöð	Klettagarðar 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	B.Sc. í tölvunarfræði og Executive MBA. Framkvæmdastjóri Símans Pay 2016-2025, áður lausnaarkitekt og tæknistjóri hjá WEDO, sérfræðingur fjármálalausna hjá Five Degrees og deildarstjóri viðskiptalausna hjá Landsbankanum.
Helstu núverandi störf utan AA	Engin önnur störf eða stjórnarseta hafa verið tilgreind.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Gunnar á kauprétt að 10.000.000 hlutum í AA.

Nafn	Inga Miskine, framkvæmdastjóri þjónustusviðs
Fæðingarár	1986
Starfsstöð	Vilnius, Litháen
Menntun og reynsla	B.A. í lögfræði og stjórnun.
Helstu núverandi störf utan AA	Engin önnur störf eða stjórnarseta hafa verið tilgreind.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Engir hagsmunaárekstrar hafa verið tilgreindir.

Nafn	Lina Zygele, framkvæmdastjóri markaðssviðs
Fæðingarár	1990
Starfsstöð	Vilnius, Litháen
Menntun og reynsla	Meistaragráða í markaðsmálum og samskiptum og B.A. í stjórnun og viðskiptafræði. Var áður markaðsstjóri og teymisstjóri stafrænnar markaðssetningar hjá AA og í markaðs- og stafrænum störfum hjá Honeygain, Sixt, 4Team Corporation og Danti group.
Helstu núverandi störf utan AA	Engin önnur störf eða stjórnarseta hafa verið tilgreind.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Engir hagsmunaárekstrar hafa verið tilgreindir.

Nafn	Ásta María Marínósdóttir, framkvæmdastjóri Special Tours
Fæðingarár	1989
Starfsstöð	Geirsgata 11, Reykjavík
Menntun og reynsla	B.Sc. í jarðfræði. Hefur gegnt stjórnunar- og sölustörfum innan Special Tours.
Helstu núverandi störf utan AA	Engin önnur störf eða stjórnarseta hafa verið tilgreind.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Ásta á kauprétt að 10.000.000 hlutum í AA.

Nafn	Jón Sverrisson, framkvæmdastjóri Happy Campers
Fæðingarár	1988
Starfsstöð	Happy Campers, Stapabraut 21, 260 Reykjanesbær
Menntun og reynsla	B.Sc. í íþróttafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hefur verið framkvæmdastjóri Happy Campers frá 2018.
Helstu núverandi störf utan AA	Engin önnur störf eða stjórnarseta hafa verið tilgreind.
Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	Engir hagsmunaárekstrar hafa verið tilgreindir.

4.8 Stærstu hluthafar og yfirráð

4.8.1 Hlutafé og hluthafar

Hlutafé AA er 4.879.877.924 kr. að nafnverði og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverði 1 kr. Hver hlutur veitir eitt atkvæði. Eignarhald samkvæmt hlutaskrá 31. desember 2025 var sem hér segir:

Hluthafi	**Fjöldi hluta**	**Eignarhlutur**
Stoðir hf.	2.028.634.950	41,57%
Landsbréf - Icelandic Tourism Fund I slhf.	996.622.945	20,42%
Freyja framtakssjóður slhf.	775.566.155	15,89%
Numinous hs.	414.534.351	8,49%
JTG ehf.	214.905.038	4,40%
Landsbréf - Öndvegisbréf hs.	123.530.409	2,53%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	123.530.408	2,53%
Bjarnar Invest ehf.	64.164.871	1,31%
Kristinn ehf.	64.164.871	1,31%

Hluthafi	Fjöldi hluta	Eignarhlutur
Arctic Ventures ehf.	41.571.345	0,85%
Skarpur fjárfestingar ehf.	18.302.581	0,38%
Bjargarheimur ehf.	9.350.000	0,19%
Byron Edwin Conroy	2.500.000	0,05%
Tempus ehf.	2.500.000	0,05%
Samtals	**4.879.877.924**	**100,00%**

Enginn hluthafi fer einn með meirihluta atkvæða í AA. Stoðir hf. er stærsti hluthafinn með 41,57%. Stjórnarseta og ákvarðanataka ráðast af samþykktum AA, hlutafélagalögum og hluthafasamkomulagi.

4.8.2 Hluthafasamkomulag AA

Allir hluthafar AA gerðu hluthafasamkomulag 8. maí 2023. Samkomulagið fjallar meðal annars um stjórnarskipan, ákvarðanatöku, upplýsingagjöf, samþykki fyrir framsali hluta, samhliða sölu og skyldusölu. Ákvæði samkomulagsins um forkaupsrétt giltu til ársloka 2025 og eru því fallin niður. Hluthafi eða hluthafar sem fara með yfir 65% hlutafjár geta, að uppfylltum nánari skilyrðum, knúið fram sölu annarra hluthafa með sömu kjörum. Samkomulagið getur því haft áhrif á framsal hluta og breytingu á yfirráðum.

Samkvæmt kaupsamningi Bláa Lónsins og hluthafa AA fellur hluthafasamkomulagið úr gildi þegar seljendur hafa fengið gagngjaldshlutina afhenta. Fram að þeim tíma gildir það áfram að því marki sem ákvæði kaupsamningsins leiða ekki til annars.

4.8.3 Fyrirhuguð breyting á yfirráðum

Kaupsamningur milli Bláa Lónsins og hluthafa AA sem undirritaður var í júlí 2026 tekur til alls hlutafjár AA. Á útgáfudegi þessarar lýsingar hafa öll skilyrði kaupsamningsins verið uppfyllt. Við afhendingu samkvæmt kaupsamningnum verður Bláa Lónið skráður eigandi alls hlutafjár AA og fer þá eitt með yfirráð yfir AA. Seljendur fá 246.443.576 nýja hluti í Bláa Lóninu sem gagngjald. Sjá nánar umfjöllun um kaupsamninginn í kafla 4.11 „Mikilvægir samningar“.

Starfsmenn og stjórnendur AA eiga útistandandi kaupréttir að hlutum í AA, sbr. umfjöllun hér að framan. Gert er ráð fyrir að þeir kaupréttir verði nýttir í tengslum við viðskiptin og að hlutaðeigandi selji Bláa Lóninu þá hluti sem þeir eignast við nýtinguna á sama gengi og lagt er til grundvallar í kaupsamningi Bláa Lónsins og hluthafa AA eða að félagið geri upp kauprétti fyrir kaupin. Ekki er þó unnt að útiloka að uppgjör kaupréttanna fari fram með öðrum hætti og kann endanleg útfærsla að taka breytingum.

4.9 Fjárhagsupplýsingar Arctic Adventures

4.9.1 Sögulegar fjárhagsupplýsingar

Sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til fjárhagsáranna 2024 og 2025 og byggja á endurskoðuðum samstæðuársreikningum AA. Reikningsár félagsins er almanaksárið og viðmiðunardegi reikningsskila var ekki breytt á tímabilinu. Samstæðuársreikningarnir eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Endurskoðaða samstæðuársreikninga AA fyrir 2024 og 2025, ásamt áritunum óháðs endurskoðanda, er að finna í kafla 2.4 „Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis“. Samanteknar tölur hér að neðan eru eingöngu settar fram til hægðarauka og skal lesa þær með ársreikningunum og skýringum þeirra.

4.9.2 Samantekinn rekstrarreikningur samstæðunnar

m.kr.	**2025**	**2024**	**Breyting**
Rekstrartekjur	11.778	9.528	24%
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	(3.690)	(2.616)	41%
Laun og launatengd gjöld	(4.011)	(3.253)	23%
Annar rekstrarkostnaður	(1.680)	(1.890)	(11%)
EBITDA	2.397	1.770	35%
Afskriftir	(848)	(686)	24%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.548	1.083	43%
Hagnaður ársins	954	805	19%
EBITDA-hlutfall	20,4%	18,6%	1,8 pr.st.

4.9.3 Samantekin fjárhagsstaða og sjóðstreymi

m.kr.	**31.12.2025**	**31.12.2024**
Heildareignir	18.443	14.178
Eigið fé	7.664	6.770
Heildarskuldir	10.779	7.408
Eiginfjárhlutfall	42%	48%
Handbært fé í árslok	643	289
Fyrirframinnheimtar tekjur	843	719

Handbært fé frá rekstri	1.564	1.682
Nettó vaxtaberandi skuldir að meðtöldum leiguskuldum	7.842	4.789
Nettó vaxtaberandi skuldir að meðtöldum leiguskuldum / EBITDA	3,3x	2,7x

4.9.4 Endurskoðun sögulegra fjárhagsupplýsinga

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík („**KPMG**“) endurskoðaði samstæðuársreikninga AA fyrir árin 2024 og 2025. Áritanir óháðs endurskoðanda voru án fyrirvara eða breytts álits og eru birtar með viðkomandi ársreikningum.

4.9.5 Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu

Frá 31. desember 2025 til dagsetningar þessarar útgefandalýsingar hafa ekki orðið mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu samstæðu Arctic Adventures hf.

4.10 Dómsmál og gerðardómsmál

Mál nr. 22/2026 fyrir Landsrétti er eina stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálið á síðustu tólf mánuðum sem varðar AA eða samstæðufélag AA. Málið varðar ágreining Straumhvarfs ehf. og fyrrum starfsmanns um réttmæti fyrirvaralausrar uppsagnar og var Straumhvarf ehf. sýknað. Málið hefur ekki haft og er ekki talið líklegt til að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi samstæðunnar. Allar framkomnar kröfur vegna sambærilegra eldri launaatriða hafa verið greiddar.

Að undanskildu framangreindu er AA ekki kunnugt um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmal, þar með talin mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi, á síðustu tólf mánuðum sem hafa haft eða kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi AA eða samstæðu AA.

4.11 Mikilvægir samningar

Hér á eftir er samantekt á samningum utan venjulegrar starfsemi sem geta leitt til verulegra réttinda eða skyldna fyrir AA eða önnur félög innan samstæðu AA og haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu samstæðu AA eða getu hennar til að standa við skuldbindingar sínar. Samantektin er ekki tæmandi lýsing á ákvæðum samninganna og gilda ákvæði samninganna sjálfra komi upp misræmi.

4.11.1 Kaupsamningur Bláa Lónsins um allt hlutafé í AA

Bláa Lónið og hluthafar AA undirrituðu kaupsamning rafrænt í júlí 2026. Bláa Lónið kaupir 4.879.877.924 hluti, sem samsvara 100% hlutafjár AA, fyrir 23.412.139.727 kr. Gagngjaldið er 246.443.576 nýir hlutir í Bláa Lóninu.

Samningsatriði	**Helstu skilmálar**
Afhending	Eigi síðar en 15 virkum dögum eftir að skilyrðum er fullnægt eða fallið frá þeim.

Samningsatriði	Helstu skilmálar
Helstu skilyrði	Samþykki hluthafafunda, samþykki Samkeppniseftirlitsins og gagnkvæm áreiðanleikakönnunarskilyrði. Á dagsetningu lýsingar hafa öll skilyrði kaupsamnings, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, verið uppfyllt.
Rekstur fram að afhendingu	AA og Bláa Lónið skulu reka starfsemi í meginatriðum með óbreyttum hætti, óvenjulegar eða meiriháttar ráðstafanir eru háðar samþykki gagnaðila.
Stjórn og yfirráð við afhendingu	Bláa Lónið tekur við öllu hlutafé, núverandi stjórn AA segir af sér og ný stjórn er kosin samkvæmt tilnefningu Bláa Lónsins.
Hluthafasamkomulag AA	Fellur úr gildi þegar gagngjaldshlutirnir hafa verið afhentir seljendum.

4.11.2 Hluthafasamkomulag um Arctic Circle Hotels

AA og Búi eignafélag ehf. gerðu hluthafasamkomulag um Arctic Circle Hotels 1. janúar 2024. AA á 60% hlut og Búi 40%. Stjórn Arctic Circle Hotels er skipuð tveimur mönnum, einum tilnefndum af hvorum hluthafa, og meiriháttar ákvarðanir krefjast samþykkis beggja hluthafa eða fulltrúa þeirra. Samkomulagið leiðir því til sameiginlegra yfirráða.

AA á sérstakan kauprétt á öllum hlut Búa. Kauprétturinn tekur gildi við ákvörðun stjórnar AA um skráningu AA á markað eða sameiningu við annað félag. Kaupverð byggist á hlutfallslegri eign Búa í leiðréttu bókfærðu eigin fé og greiðsla getur farið fram með reiðufé, hlutabréfum í AA eða blöndu. Greiðsla skal almennt fara fram innan 120 daga frá nýtingu og getur borið 15% vexti samkvæmt nánari skilmálum. Kaupsamningur Bláa Lónsins og hluthafa AA heimilar sérstaklega möguleg kaup AA á 40% hlut Búa fyrir afhendingu, en felur ekki sjálfur í sér nýtingu kaupréttarins.

4.11.3 Víkjandi lán til Arctic Circle Hotels

AA hefur veitt Arctic Circle Hotels víkjandi lán vegna framkvæmda og fjárfestinga Arctic Circle Hotels. Lánið víkur fyrir skuldbindingum Arctic Circle Hotels við lánastofnanir. Krafa AA á Arctic Circle Hotels nam um 1 ma.kr. í árslok 2025.

Við breytingu á yfirráðum yfir Arctic Circle Hotels eða sölu á einum hlut eða meira stofnast uppgreiðsluskylda samkvæmt nánari skilmálum og AA getur valið greiðsluform innan þeirra marka sem samningurinn kveður á um.

4.12 Löggiltir endurskoðendur

Endurskoðandi AA á því tímabili sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til er KPMG. Fyrir hönd KPMG endurskoðaði Jón Arnar Óskarsson samstæðuársreikninga AA fyrir árin 2024 og 2025. Jón Arnar Óskarsson er meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda.

KPMG ehf. sagði ekki upp störfum, var ekki leyst frá störfum og var ekki synjað um endurkjör á því tímabili sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til.

4.13 Áhættuþættir

Rekstur AA og samstæðu þess er háður ýmsum áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starfsemi, rekstur, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur samstæðunnar. Áhættuþættir geta verið innbyrðis tengdir og fleiri en einn þáttur getur raungerst samtímis.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim áhættuþáttum sem AA telur mikilvægasta fyrir starfsemi samstæðu AA. Áhættuþættirnir eru flokkaðir eftir eðli þeirra og innan hvers flokks eru þeir þættir sem AA telur alvarlegasta taldir upp fyrst, að teknu tilliti til mögulegra neikvæðra áhrifa þeirra og líkanna á að þeir raungerist.

Ekki er unnt að segja fyrir með vissu hvort eða hvenær einstakir áhættuþættir raungerast eða hversu mikil áhrif þeirra kunna að verða. Þá er ekki unnt að útiloka að aðrir áhættuþættir en þeir sem hér er lýst geti haft áhrif á starfsemi samstæðu AA.

4.13.1 Markaðs- og rekstraráhætta

4.13.1.1 Ferðamannakomur og flugframboð

Starfsemi AA byggir að verulegu leyti á eftirspurn erlendra ferðamanna eftir ferðum, afþreyingu, gistingu, áfangastöðum og ferðabílum á Íslandi. Rekstur AA er því háður þróun í komu ferðamanna til landsins, flugframboði, efnahagsaðstæðum á helstu markaðssvæðum og almennum ferðavilja.

Samdráttur í flugframboði eða komu ferðamanna getur haft bein áhrif á fjölda bókana og nýtingu rekstrareininga AA. Áhrifin geta orðið hlutfallslega meiri á afkomu en tekjur einar gefa til kynna þar sem hluti kostnaðar samstæðunnar er fastur eða verður ekki lækkaður með skömmum fyrirvara. Slík þróun getur því haft neikvæð áhrif á tekjur, framlegð, afkomu og sjóðstreymi samstæðunnar.

4.13.1.2 Samkeppni

AA starfar á samkeppnismarkaði þar sem innlendir og erlendir aðilar bjóða upp á sambærilega ferða- og afþreyingarþjónustu. Samkeppni getur meðal annars verið á verði, þjónustuframboði, gæðum og sýnileika í sölurásum. Arctic Adventures er jafnframt óbeint í samkeppni við aðra áfangastaði en Ísland um ferðavilja erlendra ferðamanna.

Aukin samkeppni getur leitt til lægra meðalverðs, aukins sölu- og markaðskostnaðar eða þess að AA þurfi að greiða hærri þóknanir til endursöluaðila. Á sama tíma geta hækkanir á launum, eldsneyti og öðrum rekstraraðföngum aukið kostnað. Takist AA ekki að velta slíkum kostnaðarhækkunum út í verð vegna samkeppnisaðstæðna getur framlegð og afkoma samstæðu AA lækkað.

4.13.1.3 Sölurásir og endursöluaðilar

Sala samstæðu AA fer bæði beint til endanlegra viðskiptavina og í gegnum ferðaskrifstofur og aðra endursöluaðila. Eigin stafrænar sölurásir eru mikilvægar fyrir tekjuöflun AA, en sala í gegnum þriðju aðila getur haft í för með sér hærri sölu- og dreifingarkostnað.

Breytingar á skilmálum, þóknunum, sýnileika eða virkni mikilvægra sölurása geta haft áhrif á bókanir og kostnað við öflun viðskiptavina. Aukið vægi sölurása með hærri þóknunum getur dregið úr framlegð jafnvel þótt heildarsala haldist óbreytt. Truflanir á eigin vefsíðum, bókunarkerfum eða tengingum við endursöluaðila geta jafnframt haft bein áhrif á tekjuöflun samstæðu AA.

4.13.1.4 Veður, náttúruvá og aðrir ytri þættir

Verulegur hluti þjónustu AA fer fram utandyra, meðal annars á jöklum, á sjó, í hellum og á öðrum náttúrusvæðum. Starfsemin er því háð veðri, færð, ástandi jökla og öðrum náttúrulegum aðstæðum.

Óhagstætt veður eða náttúruvá getur leitt til þess að ferðir falli niður eða þeim verði breytt með skömmum fyrirvara, að aðgengi að áfangastöðum skerðist eða að AA þurfi að endurgreiða bókaða þjónustu. Kostnaður vegna starfsfólks, farartækja og annarra rekstrarfjármuna fellur áfram til að hluta þótt ferð sé felld niður og getur slík röskun því haft áhrif á framlegð AA auk tekjutaps. Viðvarandi breytingar á náttúrulegum aðstæðum geta jafnframt takmarkað framboð einstakra ferða eða kallað á breytingar á búnaði, leiðum og rekstrarfyrirkomulagi.

Aðrir ytri atburðir, svo sem röskun á flugsamgöngum, vinnudeilur, farsóttir eða önnur atvik sem hafa áhrif á ferðavilja eða aðgengi ferðamanna að Íslandi og áfangastöðum AA, geta jafnframt leitt til afbókana, samdráttar í eftirspurn eða röskunar á starfsemi sem getur haft áhrif á afkomu, sjóðstreymi og fjárhagsstöðu samstæðu AA.

4.13.1.5 Mannauður og kjarasamningar

Rekstur Arctic Adventures byggir á aðgengi að hæfu og sérhæfðu starfsfólki, þar á meðal leiðsögumönnum, bílstjórum, skipverjum og öðru starfsfólki sem sinnir þjónustu við viðskiptavini. Starfsmannaþörf er jafnframt breytileg eftir árstíðum og þarf AA að geta aukið mönnun þegar umfang starfseminnar eykst.

Skortur á hæfu starfsfólki eða mikil starfsmannavelta getur takmarkað getu AA til að halda uppi fyrirhuguðu framboði, aukið yfirvinnu-, ráðningar- og þjálfunarkostnað og haft áhrif á þjónustugæði. Laun og launatengd gjöld eru stór kostnaðarliður í rekstri samstæðu AA og breytingar á kjarasamningum eða öðrum starfskjörum geta því haft bein áhrif á framlegð AA, einkum ef ekki er unnt að mæta kostnaðarhækkunum með verðbreytingum eða hagræðingu.

4.13.1.6 Öryggi starfseminnar

Starfsemi AA felur í sér ferðir og afþreyingu þar sem sérstakar öryggiskröfur gilda, meðal annars á jöklum, sjó, í hellum og við akstur við krefjandi aðstæður. Þrátt fyrir öryggisáætlanir, þjálfun starfsfólks og verklagsreglur er ekki unnt að útiloka slys eða önnur alvarleg öryggisatvik.

Alvarlegt öryggisatvik getur, auk líkamstjóns, leitt til tímabundinnar stöðvunar viðkomandi starfsemi, rannsóknar stjórnvalda, bóta- eða ábyrgðarkrafna, aukins tryggingakostnaðar og neikvæðrar umfjöllunar. Þar sem traust viðskiptavina er mikilvægt við sölu upplifunarferða getur slíkt atvik jafnframt haft áhrif á bókanir og eftirspurn eftir þjónustu AA umfram þann rekstur sem

atvikið sjálft varðar. Slík tilfelli geta haft áhrif á afkomu, sjóðstreymi og fjárhagsstöðu samstæðu AA.

4.13.1.7 Orðsporsáhætta

Vörumerki, traust viðskiptavina og almenn umfjöllun um starfsemi AA eru mikilvæg fyrir sölu þjónustu samstæðunnar. Orðspor AA getur meðal annars orðið fyrir áhrifum vegna öryggisatvika, þjónustubrests, viðskiptahátta, umhverfismála, starfsmannamála eða háttsemi samstarfsaðila. Verulegur orðsporsskaði getur dregið úr beinum bókunum á þjónustu AA, haft áhrif á samstarf við ferðaskrifstofur og aðra söluaðila og aukið kostnað við markaðssetningu og aðrar aðgerðir til að endurheimta traust. Slík þróun getur haft neikvæð áhrif á tekjur, vaxtarmöguleika og samkeppnisstöðu samstæðu AA.

4.13.1.8 Árstíðarsveiflur

Eftirspurn eftir einstökum vörum og þjónustu AA er árstíðabundin og er umfang starfseminnar, þar á meðal mönnun og framboð ferða, aðlagað að væntri eftirspurn. Árstíðarsveiflur koma jafnframt fram í sjóðstreymi og veltufjármunum samstæðu AA, meðal annars vegna fyrirframinnheimtra tekna.

Ef eftirspurn á háannatíma reynist lægri en gert hefur verið ráð fyrir kann AA að reynast erfitt að draga úr starfsmannakostnaði og öðrum föstum kostnaði í sama hlutfalli. Slíkt getur haft hlutfallslega veruleg áhrif á framlegð, afkomu og sjóðstreymi og er ekki víst að lakari afkoma á háannatíma verði unnin upp síðar á sama rekstrarári.

4.13.1.9 Leyfi og aðgangur að áfangastöðum

Starfsemi samstæðu AA byggir að hluta á opinberum leyfum, samningum við landeigendur og öðrum réttindum til reksturs ferða og áfangastaða. Starfsemi á náttúrusvæðum er jafnframt háð aðgengi, skipulagi, náttúruvernd og ákvörðunum opinberra aðila.

Missir eða óhagstæð breyting á mikilvægu leyfi eða afnotarétti, takmarkanir á gestafjölda eða aðgengi eða auknar kröfur vegna náttúruverndar geta takmarkað framboð þjónustu, kallað á viðbótarfjárfestingar eða aukið rekstrarkostnað. Ef ekki er unnt að færa viðkomandi starfsemi á annan stað getur slík breyting haft bein áhrif á tekjur og afkomu viðkomandi rekstrareiningar.

4.13.2 Fjárhagsleg áhætta

4.13.2.1 Gjaldmiðlaáhætta

Starfsemi AA tengist að verulegu leyti erlendum ferðamönnum og eru tekjur AA að hluta í erlendum gjaldmiðlum, á meðan verulegur hluti rekstrarkostnaðar er í íslenskum krónum. Þá eru vaxtaberandi skuldir AA að verulegu leyti í evrum.

Breytingar á gengi gjaldmiðla geta haft áhrif á tekjur, kostnað, skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu AA. Styrking íslensku krónunnar getur jafnframt dregið úr samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar og skapað þrýsting á verð gagnvart erlendum ferðamönnum.

4.13.2.2 Fjármögnunar- og lausafjáráhætta

Rekstur Arctic Adventures er fjármagnaður með eigin fé og lánsfjármögnun. Aðgengi að fjármagni og þróun lánskjara geta haft áhrif á fjárhagslegt svigrúm AA. Lánasamningar AA fela í sér fjárhagsleg skilyrði, veðsetningu eigna og önnur ákvæði sem geta takmarkað fjárhagslegt svigrúm samstæðu AA. Tilteknir fjármögnunar- og leigusamningar fela jafnframt í sér ákvæði sem tengjast breytingum á yfirráðum eða endurskipulagningu.

Verði afkoma eða sjóðstreymi lakara en gert er ráð fyrir getur svigrúm samkvæmt lánaskilmálum minnkað. Brot á skilmálum getur, ef ekki fæst undanþága eða samkomulag um breytingu þeirra, leitt til gjaldfellingar eða annarra úrræða lánveitenda. Takmarkað aðgengi að fjármögnun eða breytingar á skilmálum lánasamninga geta jafnframt haft áhrif á rekstur, fjárfestingargetu og framtíðaráform AA.

4.13.2.3 Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi skuldir samstæðu AA bera að verulegu leyti breytilega vexti. Breytingar á viðmiðunarvöxtum hafa því bein áhrif á fjármagnskostnað AA.

Hækkun markaðsvaxta leiðir, að öðru óbreyttu, til hærri vaxtagjalda og minna handbærs fjár frá rekstri. Viðvarandi hátt vaxtastig getur jafnframt dregið úr fjárfestingargetu AA, takmarkað svigrúm samkvæmt lánaskilmálum og gert endurfjármögnun félagsins dýrari eða erfiðari.

4.13.3 Laga- og reglusetningaráhætta

4.13.3.1 Skattlagning, gjaldtaka og regluverk

Starfsemi samstæðu AA lýtur margvíslegum lögum og reglum, meðal annars um ferðaþjónustu, vinnumarkað, farþegaflutninga, náttúruvernd, umhverfismál og skattlagningu. Breytingar á skattlagningu, opinberri gjaldtöku, umhverfiskröfum eða öðrum reglum geta aukið kostnað, takmarkað starfsemi eða haft áhrif á verðlagningu þjónustu AA.

Óvissa kann að ríkja um túlkun og beitingu skattareglna og kunna skattyfirvöld að komast að annarri niðurstöðu en AA hefur lagt til grundvallar. Slíkt getur leitt til viðbótarskatta, álags eða vaxta og haft neikvæð áhrif á afkomu, sjóðstreymi og fjárhagsstöðu samstæðu AA.

4.13.3.2 Persónuvernd og upplýsingatækni

Sala, bókanir, greiðslur og verulegur hluti samskipta við viðskiptavini AA fer fram með rafrænum hætti og AA vinnur jafnframt persónuupplýsingar um viðskiptavini og starfsfólk. Starfsemi AA er því háð öruggri og samfelldri virkni upplýsingakerfa og fullnægjandi meðferð persónuupplýsinga.

Truflun á sölukerfum, vefsíðum, greiðslulausnum eða öðrum mikilvægum upplýsingakerfum getur stöðvað eða takmarkað bókanir og daglega starfsemi og haft bein áhrif á tekjuöflun. Netárás, gagnatap, óheimill aðgangur eða brot á reglum um persónuvernd geta jafnframt leitt til kostnaðar við endurheimt kerfa, stjórnvaldsviðurlaga, krafna frá viðskiptavinum eða starfsfólki og orðsporstjóns. Slík atvik geta haft neikvæð áhrif á rekstur, tekjur, afkomu og fjárhagsstöðu Arctic Adventures.

4.14 Yfirlýsing Arctic Adventures

Arctic Adventures hf., kt. 681216-0730, Klettagörðum 11, 104 Reykjavík, ber ábyrgð á þeim upplýsingum í lýsingu þessari sem varða Arctic Adventures hf. og samstæðu þess.

(Jóhann) Ásgeir Baldurs, forstjóri Arctic Adventures lýsir því yfir fyrir hönd félagsins að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar í lýsingu þessari sem varða Arctic Adventures og samstæðu þess í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 5. nóvember 2026

Fyrir hönd Arctic Adventures hf.

_____

(Jóhann) Ásgeir Baldurs, forstjóri

5 Fjárhagsupplýsingar

Fjárhagsyfirlitið hér að neðan veitir yfirlit um þróun rekstrar, efnahags, sjóðstreymis og fjárhagsstöðu samstæðu Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025 og fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025.

Fjárhagsupplýsingarnar byggja á endurskoðuðum samstæðuársreikningum Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025 og könnuðum samstæðuárshlutareikningi fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, gerðum í samræmi við IAS 34, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025. Endurskoðaðir samstæðuársreikningar hafa verið felldir inn í útgefandalýsinguna með tilvísun, sbr. kafla 2.3 „Skjöl felld inn með tilvísun“, og mynda hluta hennar að því marki sem þar greinir. Samstæðuársreikningana og samstæðuárshlutareikninginn fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026 má nálgast í sama kafla. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér reikningsskilin í heild, þ.m.t. skýrslur stjórnar, áritanir endurskoðenda, reikningsskilaaðferðir og skýringar við reikningsskilin.


Samstæðuársreikningar Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Samstæðuárshlutareikningurinn fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025, eru gerðir í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, um árshlutareikninga og er óendurskoðaður.

Við lestur fjárhagsupplýsinga í þessum kafla ber að hafa í huga að upplýsingar fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025 byggja á endurskoðuðum ársreikningum, en upplýsingar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025, byggja á samstæðuárshlutareikningi. Árshlutaupplýsingar ná aðeins til hluta rekstrarárs og eru því ekki að öllu leyti samanburðarhæfar við heilt rekstrarár.

Á árinu 2023 var gerð breyting á félagaskipan samstæðunnar. Bláa Lónið hf. var stofnað 22. september 2023 sem nýtt móðurfélag samstæðunnar. Rekstur í Svartsengi hélst áfram í Bláa Lóninu Íslandi ehf., sem áður bar heitið Bláa Lónið hf., en nýja móðurfélagið tók yfir eignarhald á dótturfélögum. Fjárhagsupplýsingar fyrir rekstrarárið 2023 og síðari tímabil byggja á því skipulagi samstæðunnar sem komið var á með skipulagsbreytingunum árið 2023. Sjá nánar kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

Frá árinu 2023 hafa orðið frekari breytingar á félagaskipan samstæðunnar. Skipulag samstæðunnar á dagsetningu lýsingarinnar er sýnt á mynd 12 og því lýst nánar í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

Mynd 12: Skipulag samstæðu Bláa Lónsins eftir breytingar á félagaskipan samstæðunnar árið 2026



Samstæðureikningar Bláa Lónsins eru gerðir í evrum (EUR), sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins. Eignir og skuldir dótturfélaga og eignarhlutir í hlutdeildarfélögum með annan starfrækslugjaldmiðil en evru eru umreiknaðir í EUR á gengi viðkomandi gjaldmiðils í lok tímabilsins, en rekstrarárangur þeirra er umreiknaður á meðalgengi tímabilsins.

Samkvæmt IFRS eru dótturfélög þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan ber áhættu og hefur rétt til breytilegs ávinnings vegna þátttöku sinnar í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á þann ávinning. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningi frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli samstæðufélaga eru felld út við gerð samstæðureiknings.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en fer ekki með yfirráð. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru í upphafi færð á kostnaðarverði, að teknu tilliti til viðskiptakostnaðar. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga færð í rekstrarreikning samstæðunnar og hlutdeild í annarri heildarafkomu færð í aðra heildarafkomu, eftir því sem við á.

Í þessum kafla eru fjárhæðir birtar í evrum, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Fjárhæðir eru almennt birtar í þúsundum evra og kunna samtölur í töflum að víkja óverulega frá samanlögðum fjárhæðum vegna námundunar.

5.1 Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila útgefanda.

Engar mikilvægar breytingar á fjárhagslegri afkomu eða fjárhagsstöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem birtar fjárhagsupplýsingar ná til, aðrar en þær sem fram koma í könnuðum samstæðuárshlutareikningi fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026.

5.2 Rekstrarreikningur samstæðunnar

Eftirfarandi er umfjöllun um rekstrarreikning samstæðu Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025, auk fyrstu níu mánaða ársins 2026, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025. Fjárhagsupplýsingarnar eru settar fram til að sýna þróun tekna, rekstrarkostnaðar, rekstrarafkomu og helstu liða rekstrarreiknings samstæðunnar á tímabilinu.

Við lestur þessa kafla ber að hafa hliðsjón af kafla 5 „Fjárhagsupplýsingar“ um grundvöll fjárhagsupplýsinganna.

Meginumfjöllun kaflans beinist að þróun rekstrar samstæðunnar á árunum 2024 og 2025 og fyrstu níu mánuðum ársins 2026. Fjárhagsupplýsingar fyrir árið 2023 eru birtar til samanburðar og árshlutaupplýsingar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2025 eru birtar sem samanburðarupplýsingar við fyrstu níu mánuði ársins 2026.

5.2.1 Rekstrarreikningur

Tafla 16: Rekstrarreikningur samstæðu Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025 og fyrstu níu mánuði ársins 2026, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**1.1.2026-30.9.2026**	**1.1.2025-30.9.2025**	**2025**	**2024**	**2023**
Rekstrartekjur alls	**130.377**	**118.925**	**156.075**	**115.073**	**140.006**
Vörunotkun	(16.250)	(14.549)	(19.789)	(14.215)	(16.439)
Laun og launatengd gjöld	(59.782)	(53.998)	(73.234)	(62.934)	(58.180)
Almennur rekstrarkostnaður	(25.974)	(23.803)	(33.635)	(28.347)	(26.553)
Rekstrargjöld alls	**(102.006)**	**(92.349)**	**(126.658)**	**(105.496)**	**(101.172)**
EBITDA	**28.371**	**26.575**	**29.417**	**9.576**	**38.834**
Afskriftir	(11.728)	(10.685)	(15.034)	(14.024)	(12.038)
Rekstrarhagnaður (tap) (EBIT)	**16.643**	**15.890**	**14.383**	**(4.447)**	**26.796**
Fjármunatekjur	440	540	656	1.825	2.706
Fjármagnsgjöld	(6.464)	(6.194)	(8.342)	(9.019)	(6.678)
Gengismunur	(1.064)	(140)	314	835	(483)
Alls fjármagnsliðir	**(7.088)**	**(5.794)**	**(7.373)**	**(6.360)**	**(4.455)**
Áhrif hlutdeildarfélaga	(85)	425	567	1.363	728
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**9.470**	**10.521**	**7.577**	**(9.444)**	**23.068**
Tekjuskattur	(1.354)	(1.592)	(934)	1.885	(4.810)
Hagnaður (tap) ársins/ tímabils	**8.116**	**8.929**	**6.643**	**(7.559)**	**18.258**
Önnur heildarafkoma					
Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga	1.412	130	(600)	2.007	298
Afleiðusamningur	(397)	0	0	0	0
Heildarafkoma ársins/ tímabils	**9.131**	**9.059**	**6.043**	**(5.552)**	**18.556**

Rekstrartekjur samstæðunnar námu EUR 156.075 þús. árið 2025, samanborið við EUR 115.073 þús. árið 2024 og EUR 140.006 þús. árið 2023. Tekjur ársins 2024 voru undir tekjum ársins 2023, meðal annars vegna áhrifa jarðhræringa, eldgosa, tímabundinna lokana og aðgengistakmarkana í Svartsengi. Á árinu 2025 jukust tekjur samstæðunnar á ný og voru hærri en árin 2023 og 2024. Tekjuaukningin skýrðist að langmestu leyti af dvínandi áhrifum jarðhræringa í nágrenni Svartsengis.

Helstu tekjustoðir samstæðunnar eru fjórar:

Spa	Hér er einkum um að ræða aðgangseyri í baðlón og þjónustu þeim tengda.
Veitingar	Bláa Lónið Ísland ehf. rekur þrjá veitingastaði í Svartsengi. Veitingarekstur er einnig á hótelum í eigu samstæðunnar, auk veitingasölu í og við baðlón.
Gisting	Bláa Lónið Ísland ehf. rekur tvö hótel. Hótelrekstur er einnig í Kerlingarfjöllum ehf., Hrauneyjum ehf. og hjá Ferðaþjónustunni Hoffelli ehf.
Vörusala	Vörusala í samstæðunni er að langmestu leyti sala á húðvörum undir nafni Blue Lagoon Skin Science.

Tafla 17: Tekjuskipting samstæðu Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025 og fyrstu níu mánuði ársins 2026, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**1.1.2026-30.9.2026**	**1.1.2025-30.9.2025**	**2025**	**2024**	**2023**
Baðstaðir/Spa	60.704	54.300	70.157	50.856	62.462
Veitingasala	26.444	26.636	34.744	25.264	33.846
Hótel	27.269	23.934	30.963	19.739	22.787
Vörusala	12.571	12.097	16.781	13.814	14.557
Annað	3.390	1.957	3.429	5.400	6.353
Rekstrartekjur alls	**130.377**	**118.925**	**156.075**	**115.073**	**140.006**

Tekjuskipting samstæðunnar sýnir að stærstur hluti rekstrartekna kemur frá baðstöðum, en jafnframt gegna veitingarekstur, hótelrekstur og vörusala mikilvægu hlutverki í tekjumyndun samstæðunnar.

Rekstrargjöld samstæðunnar, sem samanstanda af vörunotkun, launum og launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði, námu EUR 126.658 þús. árið 2025, samanborið við EUR 105.496 þús. árið 2024 og EUR 101.172 þús. árið 2023. Laun og launatengd gjöld voru stærsti einstaki kostnaðarliður samstæðunnar á tímabilinu. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 811 árið 2025, 741 árið 2024 og 734 árið 2023.

Hækkun rekstrargjalda á milli áranna 2024 og 2025 skýrist fyrst og fremst af auknu umfangi rekstrarins á milli ára. Þar hafa áhrif þættir eins og breytingar á opnunartíma, gestafjölda, rekstri hótela og veitingastaða, þróun húðvörusölu og áhrif ytri aðstæðna á starfsemi félagsins.

Tafla 18: Sundurliðun almenns rekstrarkostnaðar samstæðu Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025 og fyrstu níu mánuði ársins 2026, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**1.1.2026-30.9.2026**	**1.1.2025-30.9.2025**	**2025**	**2024**	**2023**
Rekstur fasteigna	5.214	5.058	7.153	5.352	4.251
Aðkeypt þjónusta	3.139	3.510	4.934	5.695	5.854
Markaðskostnaður	6.045	4.550	7.027	4.191	4.266
Starfsmannakostnaður	3.043	2.759	3.918	4.145	4.502
Upplýsingatækni	1.909	1.624	2.240	1.855	1.573
Annar rekstrarkostnaður	6.624	6.303	8.363	7.109	6.107
Almennur rekstrarkostnaður samtals	**25.974**	**23.803**	**33.635**	**28.347**	**26.553**

Almennur rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af rekstri fasteigna, aðkeyptri þjónustu, markaðskostnaði, starfsmannakostnaði, upplýsingatækni og öðrum rekstrarkostnaði. Hækkun almenns rekstrarkostnaðar árið 2025 skýrist meðal annars af auknum umsvifum félagsins og auknum fasteignakostnaði, meðal annars vegna reksturs í Kerlingarfjöllum, Hoffelli og Hrauneyjum. Á móti voru áhrif jarðhræringa á rekstur minni árið 2025 en árið 2024.

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, EBITDA, nam EUR 29.417 þús. árið 2025, samanborið við EUR 9.576 þús. árið 2024 og EUR 38.834 þús. árið 2023. EBITDA-framlegð var 18,8% árið 2025, 8,3% árið 2024 og 27,7% árið 2023. Sveiflur í EBITDA og EBITDA-framlegð milli tímabila skýrast fyrst og fremst af áhrifum jarðhræringa á rekstur félagsins.

Afskriftir námu EUR 15.034 þús. árið 2025, samanborið við EUR 14.024 þús. árið 2024 og EUR 12.038 þús. árið 2023. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam EUR 14.383 þús. árið 2025, samanborið við EUR 4.447 þús. rekstrartap árið 2024 og EUR 26.796 þús. rekstrarhagnað árið 2023.

Fjármagnsliðir samstæðunnar leiddu til hreins fjármagnskostnaðar að fjárhæð EUR 7.373 þús. árið 2025, samanborið við EUR 6.360 þús. árið 2024 og EUR 4.455 þús. árið 2023.

Áhrif hlutdeildarfélaga námu EUR 567 þús. árið 2025, samanborið við EUR 1.363 þús. árið 2024 og EUR 728 þús. árið 2023. Sjá nánar um hlutdeildarfélög samstæðunnar í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

Hagnaður samstæðunnar nam EUR 6.643 þús. árið 2025, samanborið við EUR 7.559 þús. tap árið 2024 og EUR 18.258 þús. hagnað árið 2023. Afkomubati árið 2025 skýrist meðal annars af minni áhrifum jarðhræringa, eldgosa, tímabundinna lokana og aðgengistakmarkana í Svartsengi en árið 2024.

5.3 Efnahagsreikningur samstæðunnar

Eftirfarandi er umfjöllun um efnahagsreikning samstæðu Bláa Lónsins í árslok 2023, 2024 og 2025, auk stöðu samstæðunnar þann 30. september 2026. Fjárhagsupplýsingarnar eru settar fram til að sýna þróun eigna, skulda, eigin fjár og fjárhagsstöðu samstæðunnar á tímabilinu.

Við lestur þessa kafla ber að hafa hliðsjón af kafla 5 „Fjárhagsupplýsingar“ um grundvöll fjárhagsupplýsinganna. Meginumfjöllun kaflans beinist að þróun efnahags samstæðunnar í árslok 2024 og 2025 og stöðu hennar þann 30. september 2026. Fjárhagsupplýsingar fyrir árið 2023 eru birtar til samanburðar.

5.3.1 Efnahagsreikningur

Tafla 19: Efnahagsreikningur samstæðu Bláa Lónsins í árslok 2023, 2024 og 2025 og þann 30. september 2026

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**30.9.2026**	**31.12.2025**	**31.12.2024**	**31.12.2023**
Eignir				
Óefnislegar eignir	20.832	18.648	18.153	9.161
Rekstrarfjármunir	420.263	359.354	329.663	318.997
Leigueignir	10.362	10.544	10.564	9.850
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11.872	13.075	12.993	11.837
Eignarhlutir í öðrum félögum	243	239	244	248
Kröfur á tengda aðila	0	1.397	0	300
Skatteign	0	0	611	1.695
Fastafjármunir	**463.572**	**403.257**	**372.227**	**352.088**
Birgðir	8.136	8.589	6.915	6.241
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	6.691	4.664	4.903	10.886
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði	347	434	881	894
Handbært fé	25.746	6.598	17.824	14.105
Veltufjármunir	**40.920**	**20.285**	**30.524**	**32.126**
Eignir samtals	**504.492**	**423.542**	**402.751**	**384.215**
Eigið fé				
Hlutafé	6.106	6.085	6.080	6.063
Bundið eigið fé	146.178	144.298	146.610	152.033
Óráðstafað eigið fé	79.719	70.040	61.183	59.642
Eigið fé hluthafa móðurfélags	**232.002**	**220.422**	**213.873**	**217.738**
Hlutdeild minnihluta	788	363	298	1.269
Eigið fé samtals	**232.790**	**220.785**	**214.171**	**219.007**
Skuldir				
Langtímaskuldir	129.945	102.861	102.926	85.396
Framkvæmdafjármögnun	44.727	0	0	0
Tekjuskattsskuldbinding	36.590	35.144	35.350	38.317
Leiguskuldir	9.273	9.198	9.377	8.447
Langtímaskuldir samtals	**220.534**	**147.203**	**147.653**	**132.160**
Framkvæmdafjármögnun	13.434	22.834	8.485	7.202
Næsta árs afborganir langtímaskulda	8.328	7.850	7.561	5.081
Leiguskuldir skammtímahluti	2.702	2.199	2.066	1.627
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	19.725	16.912	17.865	11.672
Fyrirframinnheimtar tekjur	6.446	5.226	4.941	2.494
Tekjuskattur til greiðslu	533	533	8	4.972
Skammtímaskuldir samtals	**51.167**	**55.554**	**40.926**	**33.048**
Skuldir samtals	**271.702**	**202.757**	**188.580**	**165.208**
Eigið fé og skuldir samtals	**504.492**	**423.542**	**402.751**	**384.215**

5.3.1.1 Eignir

Heildareignir samstæðunnar námu EUR 504.492 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 423.542 þús. í árslok 2025, EUR 402.751 þús. í árslok 2024 og EUR 384.214 þús. í árslok 2023. Heildareignir jukust um EUR 18.537 þús. á árinu 2024 og um EUR 20.791 þús. á árinu 2025.

Fastafjármunir samstæðunnar námu EUR 463.572 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 403.257 þús. í árslok 2025, EUR 372.227 þús. í árslok 2024 og EUR 352.088 þús. í árslok 2023. Fastafjármunir jukust um EUR 20.140 þús. á árinu 2024 og um EUR 31.029 þús. á árinu 2025. Fastafjármunir samanstanda einkum af rekstrarfjármunum, óefnislegum eignum, leigueignum, eignarhlutum í hlutdeildarfélögum og kröfum á tengda aðila. Kröfur á tengda aðila á árinu 2025 eru vegna láns til Fontana með breytirétti.

Rekstrarfjármunir samstæðunnar eru stærsti eignaliður samstæðunnar og samanstanda meðal annars af fasteignum, baðstöðum, hótelum, búnaði og öðrum rekstrarfjármunum. Bókfært virði rekstrarfjármuna nam EUR 420.263 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 359.354 þús. í árslok 2025, EUR 329.663[67] þús. í árslok 2024 og EUR 318.997 þús. í árslok 2023. Rekstrarfjármunir jukust um EUR 10.666 þús. á árinu 2024 og um EUR 29.691 þús. á árinu 2025. Sjá nánar um helstu fjárfestingar og framkvæmdir samstæðunnar í kafla 5.5.1 „Fjárfestingar, framkvæmdir og fjármögnun“.

Tafla 20: Rekstrarfjármunir samstæðu Bláa Lónsins í árslok 2023, 2024 og 2025 og þann 30. september 2026

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**Fasteignir og lóðir**	**Aðrir rekstrar-fjármunir**	**Samtals**
Heildarverð 30.9.2026	468.124	16.779	484.904
Afskrifað 30.9.2026	57.774	6.867	64.641
Bókfært verð 30.9.2026	**410.351**	**9.912**	**420.263**
Heildarverð 31.12.2025	399.837	16.210	416.047
Afskrifað 31.12.2025	51.428	5.265	56.693
Bókfært verð 31.12.2025	**348.409**	**10.945**	**359.354**
Heildarverð 31.12.2024	360.819	27.887	388.706
Afskrifað 31.12.2024	45.713	13.330	59.043
Bókfært verð 31.12.2024	**315.106**	**14.556**	**329.663**
Heildarverð 31.12.2023	341.997	28.923	370.920
Afskrifað 31.12.2023	38.337	13.586	51.923
Bókfært verð 31.12.2023	**303.660**	**15.337**	**318.997**

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum námu EUR 11.872 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 13.075 þús. í árslok 2025, EUR 12.993 þús. í árslok 2024 og EUR 11.837 þús. í árslok 2023. Sjá nánar um hlutdeildarfélög samstæðunnar í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

[67] Í ársreikningi 2024 nam bókfært virði rekstrarfjármuna EUR 337.592 þús. Samanburðartalan var endurflokkuð í ársreikningi 2025 og nam eftir endurflokkun EUR 329.663 þús., vegna endurflokkunar á eignfærðum hugbúnaði að fjárhæð EUR 7.930 þús., sbr. skýringu 9 í ársreikningi 2025.

Eignarhlutir í öðrum félögum námu EUR 243 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 239 þús. í árslok 2025, EUR 244 þús. í árslok 2024 og EUR 248 þús. í árslok 2023.

Veltufjármunir samstæðunnar námu EUR 40.920 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 20.285 þús. í árslok 2025, EUR 30.524 þús. í árslok 2024 og EUR 32.126 þús. í árslok 2023. Veltufjármunir lækkuðu um EUR 1.602 þús. á árinu 2024 og um EUR 10.239 þús. á árinu 2025, einkum vegna lækkunar á handbæru fé. Veltufjármunir samanstanda einkum af birgðum, viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum, fjárfestingum tilgreindum á gangvirði og handbæru fé.

Birgðir samstæðunnar samanstanda meðal annars af húðvörum, hráefnum, vörum til endursölu, veitingavörum og rekstrarvörum. Birgðir námu EUR 8.136 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 8.589 þús. í árslok 2025, EUR 6.915 þús. í árslok 2024 og EUR 6.241 þús. í árslok 2023. Birgðir jukust bæði á árinu 2024 og 2025. Breytingar á birgðum geta meðal annars tengst söluþróun, innkaupum, framleiðslu, árstíðarsveiflum og þróun í vöru- og þjónustuframboði.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur námu EUR 6.691 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 4.664 þús. í árslok 2025, EUR 4.903 þús. í árslok 2024 og EUR 10.886 þús. í árslok 2023. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur lækkuðu verulega á árinu 2024 og héldust síðan að mestu stöðugar á árinu 2025. Breytingar á þessum lið ráðast meðal annars af tekjuþróun, greiðslufrestum, árstíðarsveiflum og uppgjöri við viðskiptavini og samstarfsaðila.

Handbært fé samstæðunnar nam EUR 25.746 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 6.598 þús. í árslok 2025, EUR 17.824 þús. í árslok 2024 og EUR 14.105 þús. í árslok 2023. Handbært fé jókst á árinu 2024 en lækkaði um EUR 11.226 þús. á árinu 2025. Til handbærs fjár teljast sjóðir, óbundnar bankainnstæður og aðrir skammtímafjármunir sem eru til ráðstöfunar innan skamms tíma og notaðir eru til að mæta skuldbindingum samstæðunnar. Sjá nánar um þróun handbærs fjár í kafla 5.4 „Sjóðstreymi“.

5.3.1.2 Skuldir

Heildarskuldir samstæðunnar námu EUR 271.702 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 202.757 þús. í árslok 2025, EUR 188.580 þús. í árslok 2024 og EUR 165.208 þús. í árslok 2023.

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar samanstanda einkum af langtímalánum og skammtímalánum. Vaxtaberandi skuldir námu samtals EUR 194.230[68] þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 133.545 þús. í árslok 2025, EUR 118.972 þús. í árslok 2024 og EUR 97.679 þús. í árslok 2023. Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir jukust um EUR 21.293 þús. á árinu 2024 og um EUR 14.573 þús. á árinu 2025.

Skuldir við lánastofnanir sem gjaldfalla innan 12 mánaða samanstanda af framkvæmdafjármögnun vegna uppbyggingarverkefna samstæðunnar og næsta árs afborgunum langtímaskulda. Þær námu EUR 30.684 þús. í árslok 2025, samanborið við EUR 16.046 þús. í árslok 2024 og EUR 12.283 þús. í árslok 2023. Framkvæmdafjármögnun nam EUR 22.834 þús. í árslok 2025, samanborið við EUR 8.485 þús. í árslok 2024 og EUR 7.202 þús. í árslok 2023.

[68] Fjárhæðir vaxtaberandi skulda taka ekki til áfallinna vaxta af framkvæmdafjármögnun. Áfallnir vextir námu EUR 2.204 þús. þann 30. september 2026. Að meðtöldum þeim nam fjárhæðin EUR 196.434 þús. Samanburðarfjárhæðir fyrri ára eru á sama grunni.

Langtímaskuldir við lánastofnanir námu EUR 102.861 þús. í árslok 2025, samanborið við EUR 102.926 þús. í árslok 2024 og EUR 85.396 þús. í árslok 2023. Aukning vaxtaberandi skulda á tímabilinu tengdist einkum fjárfestingum og framkvæmdum samstæðunnar, þar á meðal uppbyggingu í Kerlingarfjöllum, framkvæmdum og endurbótum í Svartsengi, svo sem nýju bílastæði, nýjum upplifunarsvæðum við baðlónið og endurnýjun búnings- og baðklefa.

Í júlí 2026 gaf móðurfélagið út skuldabréfaflokkinn BLUE 30 1 að fjárhæð ISK 2.200 milljónir með lokagjalddaga í júlí 2030. Á útgáfudegi gerði félagið gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamning sem umbreytti höfuðstól og kjörum skuldabréfsins úr íslenskum krónum í evrur. Andvirði útgáfunnar var nýtt til uppgreiðslu fjárfestingaláns Íslenskra Heilsulinda ehf. og til að styrkja lausafjárstöðu samstæðunnar.

Móðurfélagið hefur óádregna lánalínu hjá Landsbankanum að fjárhæð EUR 15 m. með lokagjalddaga í mars 2028. Lánalínan var óádregin 30. september 2026 og er ætluð til að styrkja lausafjárstöðu samstæðunnar ef á þarf að halda.

Rauðukambar ehf., dótturfélag Bláa Lónsins hf., hafa undirritað lánssamning við Arion banka um lánalínu að fjárhæð EUR 83,17 milljónir vegna uppbyggingar í Þjórsárdal. Þann 30. september 2026 nam ádregin fjárhæð EUR 43,42 milljónum og ónýtt lánsfjárheimild EUR 39,75 milljónum. Lokagjalddagi lánalínunnar er nóvember 2028 en höfuðstóll og áfallnir vextir koma þá til uppgjörs.

Tafla 21: Gjalddagagreining vaxtaberandi skulda við lánastofnanir þann 30. september 2026

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**30.9.2026**
Á gjalddaga innan 12 mánaða	21.102
Á gjalddaga eftir 1–2 ár	51.752
Á gjalddaga eftir 2–5 ár	119.963
Á gjalddaga eftir meira en 5 ár	1.413
Samtals	**194.230**

Samstæðan hyggst standa skil á afborgunum og vöxtum skulda með handbæru fé og sjóðstreymi frá rekstri, eftir því sem við á. Geta samstæðunnar til að standa við skuldbindingar sínar ræðst meðal annars af rekstrarafkomu, sjóðstreymi frá rekstri, fjárfestingarþörf og almennum markaðsaðstæðum.

5.3.1.3 Lánaskilmálar

Samstæðan hefur gert lánssamninga við lánastofnanir vegna fjármögnunar starfsemi sinnar. Lánin eru að mestu í evrum og fela í sér hefðbundna skilmála um skuldbindingar lántaka og heimildir lánveitenda.

Langtímalán samstæðunnar voru endurfjármögnuð í mars 2026. Við endurfjármögnunina hækkaði lánsupphæð en að öðru leyti héldust skilmálar og tryggingar óbreytt.

Helstu skilmálar lánssamninga fela meðal annars í sér hefðbundin vanefndaákvæði vegna vanskila á samningsbundnum greiðslum, afleiddra vanefnda, veðsetningarbanns og takmarkana á verulegum breytingum á starfsemi félagsins án samþykkis lánveitenda.

Til tryggingar skuldbindingum samstæðunnar hafa allar fasteignir samstæðunnar verið settar að veði (allsherjarveð) samkvæmt viðkomandi lánasamningum.

Á dagsetningu lýsingarinnar uppfyllir samstæðan öll fjárhagsleg skilyrði lánasamninga sinna.

5.3.1.4 Eigið fé

Eigið fé samstæðunnar nam EUR 232.790 þús. þann 30. september 2026, samanborið við EUR 220.786 þús. í árslok 2025, EUR 214.171 þús. í árslok 2024 og EUR 219.007 þús. í árslok 2023.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 46,1% þann 30. september 2026, samanborið við 52,1% í árslok 2025.

Samstæðan hefur ekki greitt arð til hluthafa á því tímabili sem fjárhagsupplýsingar í lýsingu þessari ná til. Sjá nánar um arðgreiðslustefnu á vef félagsins: www.blaalonidhf.is

5.4 Sjóðstreymi

Eftirfarandi er umfjöllun um sjóðstreymi samstæðu Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025, auk sjóðstreymis samstæðunnar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026. Fjárhagsupplýsingarnar eru settar fram til að sýna þróun handbærs fjár frá rekstri, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfinga og breytinga á handbæru fé samstæðunnar á tímabilinu.

Við lestur þessa kafla ber að hafa hliðsjón af kafla 5 „Fjárhagsupplýsingar“ um grundvöll fjárhagsupplýsinganna.

Meginumfjöllun kaflans beinist að þróun sjóðstreymis samstæðunnar á árunum 2024 og 2025 og fyrstu níu mánuðum ársins 2026. Fjárhagsupplýsingar fyrir árið 2023 eru birtar til samanburðar og árshlutaupplýsingar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2025 eru birtar sem samanburðarupplýsingar við fyrstu níu mánuði ársins 2026.

Tafla 22: Sjóðstreymi samstæðu Bláa Lónsins fyrir rekstrarárin 2023, 2024 og 2025 og fyrstu níu mánuði ársins 2026, ásamt samanburðarupplýsingum fyrir sama tímabil árið 2025

Fjárhæðir eru í þús. EUR	**1.1.2026-30.9.2026**	**1.1.2025-30.9.2025**	**2025**	**2024**	**2023**
Rekstrarhreyfingar					
Rekstrarhagnaður (tap)	16.643	15.890	14.383	(4.447)	26.796
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	11.728	10.685	15.034	14.024	12.038
Gjaldfærsla kaupréttarsamninga	575	0	201	0	0
Veltufé frá rekstri	**28.945**	**26.575**	**29.618**	**9.576**	**38.834**
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting	453	(918)	(1.674)	(675)	(1.176)
Skammtímakröfur, breyting	(703)	(1.130)	240	7.912	(6.893)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	1.220	1.270			
Skammtímaskuldir, breyting	(3.238)	447	(440)	3.192	(1.050)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	**(2.268)**	**(331)**	**(1.874)**	**10.429**	**(9.119)**
Innheimtar vaxtatekjur	440	540	656	2.660	2.031
Greidd vaxtagjöld	(5.744)	(6.052)	(7.317)	(7.750)	(6.205)

Greiddur tekjuskattur	0	(8)	(4)	(4.972)	58
Handbært fé frá rekstri	**21.374**	**20.731**	**21.078**	**9.943**	**25.598**
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(52.343)	(29.315)	(43.562)	(28.614)	(34.294)
Arður greiddur frá hlutdeildarfélögum	382	0	191	772	181
Kaup í dótturfélögum	(2.538)	0	0	(589)	(18.099)
Lán til tengdra aðila, breyting	1.397	0	(1.397)	300	521
Breyting í minnihlutaeign	0	(55)	0	0	0
Verðbréfaeign, breyting	0	(68)	(68)	67	355
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**(53.103)**	**(29.438)**	**(44.836)**	**(28.064)**	**(51.337)**
Fjármögnunarhreyfingar					
Ný langtímalán	127.738	8.775	8.775	112.000	16.711
Uppgreidd langtímalán	(100.533)	0	(372)	(86.903)	0
Afborganir langtímalána	(3.935)	(4.447)	(8.133)	(3.875)	(4.439)
Afborganir leiguskulda	(1.520)	(1.310)	(1.672)	(1.991)	(1.043)
Ný skammtímalán	0	0	0	0	2.446
Nýtt hlutafé	0	0	0	0	4
Framkvæmdafjármögnun, breyting	29.471	4.188	0	0	0
Skuldir vegna framkvæmda, breyting	(736)	(786)	13.564	3.325	–
Eigin hlutir, breyting	393	0	392	(717)	(4.652)
Breyting minnihluta	0	0	(22)	0	–
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**50.877**	**6.420**	**12.532**	**21.840**	**9.026**
Breyting á handbæru fé	**19.147**	**(2.286)**	**(11.226)**	**3.719**	**(16.713)**
Handbært fé í ársbyrjun	6.598	17.824	17.824	14.105	30.818
Handbært fé í lok tímabilsins	**25.746**	**15.537**	**6.598**	**17.824**	**14.105**

Veltufé frá rekstri nam EUR 29.618 þús. árið 2025, samanborið við EUR 9.576 þús. árið 2024 og EUR 38.834 þús. árið 2023. Veltufé frá rekstri lækkaði verulega á árinu 2024, samhliða lakari rekstrarafkomu ársins, en jókst á ný á árinu 2025 þegar rekstrarafkoma samstæðunnar batnaði.

Handbært fé frá rekstri nam EUR 21.078 þús. árið 2025, samanborið við EUR 9.943 þús. árið 2024 og EUR 25.598 þús. árið 2023. Lækkun handbærs fjár frá rekstri á árinu 2024 endurspeglar einkum lægra veltufé frá rekstri, en handbært fé frá rekstri var þó jákvætt á árinu. Á árinu 2025 jókst handbært fé frá rekstri um EUR 11.135 þús. frá fyrra ári, einkum vegna bættrar rekstrarafkomu.

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum höfðu neikvæð áhrif á handbært fé frá rekstri um EUR 1.874 þús. árið 2025, samanborið við jákvæð áhrif um EUR 10.429 þús. árið 2024 og neikvæð áhrif um EUR 9.119 þús. árið 2023. Á árinu 2024 höfðu breytingar á skammtímakröfum veruleg jákvæð áhrif á sjóðstreymi frá rekstri, en á árinu 2025 vógu auknar birgðir og breytingar á skammtímaskuldum á móti rekstrarinnstreymi.

Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um EUR 44.836 þús. árið 2025, samanborið við EUR 28.064 þús. árið 2024 og EUR 51.337 þús. árið 2023. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar á

öllum tímabilunum og endurspegla áframhaldandi fjárfestingar samstæðunnar í rekstrarfjármunum, þróunarverkefnum og félögum innan samstæðunnar.

Fjárfesting í rekstrarfjármunum nam EUR 43.562 þús. árið 2025, samanborið við EUR 28.614 þús. árið 2024 og EUR 34.294 þús. árið 2023. Fjárfesting í rekstrarfjármunum jókst því um EUR 14.948 þús. á árinu 2025 frá fyrra ári. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum tengjast meðal annars uppbyggingu, endurbótum og viðhaldi á rekstrareiningum samstæðunnar, auk fjárfestinga í búnaði og innviðum.

Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um EUR 12.532 þús. árið 2025, samanborið við jákvæðar fjármögnunarhreyfingar um EUR 21.840 þús. árið 2024 og EUR 9.026 þús. árið 2023. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu endurspegla meðal annars ný langtímalán, uppgreiðslu eldri langtímalána, afborganir langtímalána og leiguskulda, breytingar á skuldum vegna framkvæmda og breytingar á eigin hlutum.

Ný langtímalán námu EUR 8.775 þús. árið 2025, samanborið við EUR 112.000 þús. árið 2024 og EUR 16.711 þús. árið 2023. Á árinu 2024 voru jafnframt greidd upp langtímalán að fjárhæð EUR 86.903 þús., sem tengdist endurfjármögnun eða breytingum á fjármögnunarskipan samstæðunnar á því ári. Uppgreidd langtímalán námu EUR 372 þús. árið 2025.

Skuldir vegna framkvæmda jukust um EUR 13.564 þús. árið 2025, samanborið við EUR 3.325 þús. árið 2024. Þessi breyting hafði jákvæð áhrif á fjármögnunarhreyfingar ársins 2025 og tengist framkvæmdum og fjárfestingarverkefnum samstæðunnar.

Handbært fé samstæðunnar nam EUR 6.598 þús. í árslok 2025, samanborið við EUR 17.824 þús. í árslok 2024 og EUR 14.105 þús. í árslok 2023. Handbært fé jókst um EUR 3.719 þús. á árinu 2024 en lækkaði um EUR 11.226 þús. á árinu 2025. Lækkunin skýrist einkum af umfangsmiklum framkvæmdum og fjárfestingum. Alls var EUR 43.562 þús. varið til fjárfestinga í rekstrarfjármunum á árinu 2025, meðal annars vegna uppbyggingar í Þjórsárdal og framkvæmda í Svartsengi.

5.5 Fjárfestingar, þróun og horfur

5.5.1 Fjárfestingar, framkvæmdir og fjármögnun

Hér á eftir fer umfjöllun um helstu fjárfestingar, framkvæmdir og fjármögnun samstæðu Bláa Lónsins á rekstrarárunum 2023, 2024 og 2025, auk ársins 2026. Jafnframt er gerð grein fyrir helstu fjárfestingar- og framkvæmdaverkefnum samkvæmt áætlunum félagsins fyrir árið 2027 og fjármögnun þeirra eftir því sem við á.

Starfsemi samstæðu Bláa Lónsins krefst reglubundinna fjárfestinga í viðhaldi, endurnýjun og þróun áfangastaða, gistiaðstöðu, baðstaða, þjónustuinnviða og upplýsingatækni. Jafnframt hefur samstæðan fjárfest í uppbyggingu nýrra áfangastaða og aukið eignarhluti sína í tengdum félögum.

Fjárfestingar samstæðunnar eru almennt fjármagnaðar með handbæru fé og sjóðstreymi frá rekstri samstæðunnar. Veruleg fjárfestingarverkefni sem krefjast sérstakrar lánsfjármögnunar eða annars sérstaks fjármögnunarfyrirkomulags eru fjármögnuð með þeim hætti sem nánar er greint frá hér að neðan. Félagið gerir ekki ráð fyrir frekari almennri lánsfjárþörf vegna fyrirhugaðra fjárfestinga umfram þá fjármögnun sem lýst er í þessum kafla og í kafla 5.3.1.2 „Skuldir“.

Tafla 23: Eftirfarandi tafla sýnir fjárfestingar samstæðunnar á rekstrarárunum 2023–2025, áætlaðar fjárfestingar árið 2026 og fyrirhugaðar fjárfestingar árið 2027.[69]

Fjárfestingar í m. EUR	**2023**	**2024**	**2025**	**2026Á**	**2027Á**
Viðhalds- og reglubundnar fjárfestingar	11,6	8,1	11,0	14,0	20,0
Þróunar- og vaxtarfjárfestingar	22,7	20,5	32,6	58,0	43,0
Samtals fjárfestingar í rekstrarfjármunum	**34,3**	**28,6**	**43,6**	**72,0**	**63,0**
Kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum	18,1	0,59	0	2,9	0
Samtals fjárfestingar	**52,4**	**29,2**	**43,6**	**74,9**	**63,0**

Fyrirhugaðar fjárfestingar og framkvæmdir árið 2027

Stærstur hluti vaxtarfjárfestinga ársins tengist áframhaldandi uppbyggingu í Þjórsárdal, þar sem samstæðan vinnur, í gegnum Rauðukamba ehf., m.a. að þróun baðstaðarins Fjallabaða og hótelsins Mountain Retreat. Verkefnið felur í sér uppbyggingu heilsársþjónustu, gistiaðstöðu, baðstaðar og tengdrar þjónustu. Stefnt er að því að fyrsti hluti verkefnisins fari í rekstur á árinu 2027 og að uppbyggingu ljúki fyrri hluta árs 2028, með fyrirvara um framvindu framkvæmda, leyfisveitingar, markaðsaðstæður og aðra þætti sem kunna að hafa áhrif á tímasetningu verkefnisins. Sjá nánar kafla 3.7.2 „Þróunarverkefni“.

Jafnframt er gert ráð fyrir áframhaldandi fjárfestingum í Svartsengi og öðrum þróunar- og viðhaldsverkefnum samstæðunnar.

Félagið hefur jafnframt gert bindandi kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í Arctic Adventures hf. Viðskiptin voru m.a. háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Á dagsetningu lýsingar hafa öll skilyrði kaupsamnings, þar á meðal skilyrði Samkeppniseftirlitsins, verið uppfyllt. Arctic Adventures verður hluti af samstæðu félagsins frá afhendingardegi. Kaupverðið nemur 23.412 milljónum króna og verður greitt með útgáfu 246.443.576 nýrra hluta í félaginu. Kaupin eru því ekki hluti af framangreindri fjárfestingaáætlun fyrir árið 2027. Nánari upplýsingar um viðskiptin eru í kafla 3.10.4 „Samningur um kaup á Arctic Adventures“.

Fjárfestingar, framkvæmdir og fjármögnun árið 2026

Stærstur hluti þróunarfjárfestinga ársins tengist áframhaldandi uppbyggingu í Þjórsárdal, þar sem samstæðan vinnur, í gegnum Rauðukamba ehf., að þróun baðstaðarins Fjallabaða og hótelsins Mountain Retreat. Verkefnið felur í sér uppbyggingu heilsársþjónustu, lúxushótels, baðstaðar og tengdrar þjónustu, þar á meðal gestastofu, smáhýsa og þjónustuhúss í Árnesi.

Fyrirhugað er að fjárfestingar í Þjórsárdalsverkefninu á árinu 2026 nemi um EUR 46 milljónum. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er um EUR 139 milljónir. Stefnt er að því að fyrsti hluti verkefnisins fari í rekstur á árinu 2027 og að uppbyggingu ljúki fyrri hluta árs 2028, með fyrirvara um framvindu framkvæmda, leyfisveitingar, markaðsaðstæður og aðra þætti sem kunna að hafa

[69] Fjárfestingar árið 2026 byggja á rauntölum fyrstu níu mánaða ársins og áætlun fyrir síðasta fjórðung ársins. Fjárfestingaráætlun ársins 2027 er háð framvindu verkefna. Fjárfestingar í eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum eru ekki hluti af fjárfestingum í rekstrarfjármunum.

áhrif á tímasetningu verkefnisins. Fyrir liggur samkomulag við Arion banka um lánsfjármögnun að fjárhæð allt að EUR 83,17 milljónir vegna Þjórsárdalsverkefnisins.

Gert er ráð fyrir að hluta af söluandvirði fyrirhugaðs hlutafjárútboðs verði ráðstafað til fjármögnunar áframhaldandi uppbyggingar í Þjórsárdal. Félagið gerir ekki ráð fyrir að draga á framkvæmdafjármögnunina vegna Þjórsárdalsverkefnisins eftir fyrirhugað hlutafjárútboð. Nánari upplýsingar um framkvæmdafjármögnunina og aðra lántöku samstæðunnar er að finna í kafla 5.3.1.2 „Skuldir“. Sjá nánar um Þjórsárdalsverkefnið í kafla 3.7.2 „Þróunarverkefni“.

Í Svartsengi standa yfir framkvæmdir við nýja aðkomu að Bláa Lóninu, sem er fyrsta skrefið í uppbyggingu nýrrar móttöku við baðstaðinn. Framkvæmdinni er ætlað að auka skilvirkni við móttöku gesta og bæta flæði um svæðið.

Á árinu 2026 jók félagið eignarhlut sinn í Gufu-Laugarvatni Fontana ehf. Í mars 2026 jók félagið hlut sinn um 11,59% og varð Fontana við það dótturfélag í stað hlutdeildarfélags. Síðan þá hefur félagið smám saman aukið hlut sinn í félaginu og á nú samtals 97,66% í Fontana. Greitt var fyrir hlutina að hluta með reiðufé og að hluta með afhendingu hlutabréfa í Bláa Lóninu hf.

Félagið hefur jafnframt gert samninga um kaup á samtals 64,31% hlut í Norðurböðum hf. og 42,84% beinum hlut í Sjóböðunum á Húsavík. Viðskiptin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Gangi þau eftir mun eignarhlutur félagsins nema 98,68% í Norðurböðum og 92,75% í Sjóböðunum og verða félögin þá dótturfélög í stað hlutdeildarfélaga. Gert er ráð fyrir að kaupverðið verði greitt með útgáfu nýrra hluta í félaginu. Nánari upplýsingar um félögin og viðskiptin eru í kafla 3.6.4 „Dóttur- og hlutdeildarfélög“.

Fjárfestingar, framkvæmdir og fjármögnun árið 2025

Á árinu 2025 lauk gagngerum endurbótum á búnings- og baðaðstöðu Bláa Lónsins í Svartsengi sem hófust árið 2024. Við framkvæmdina fjölgaði bæði skápum og sturtum og afkastageta baðstaðarins jókst. Einnig var fjárfest áfram í upplifunarsvæðum í nýjum gufuböðum fyrir gesti baðlónsins.

Í lok árs 2024 rann hraun yfir bílastæði Bláa Lónsins og nauðsynlegt reyndist að ráðast í gerð nýrra bílastæða innan varnargarða umhverfis athafnasvæði félagsins í Svartsengi. Framkvæmdum við nýju bílastæðin var að mestu lokið í árslok 2025, en þeim lauk að fullu á fyrri hluta árs 2026.

Jafnframt hófust framkvæmdir við endurgerð og stækkun baðstaðarins Fontana við Laugarvatn.

Fjárfestingar, framkvæmdir og fjármögnun árið 2024

Á árinu var hafist handa við endurbætur á búnings- og baðklefum í Svartsengi, sem lauk á árinu 2025. Jafnframt voru öll herbergi á Silica Hotel endurnýjuð undir lok árs.

Undirbúningur að endurbótum á upplifunarsvæði í Svartsengi hófst á árinu.

Á árinu 2024 hófust framkvæmdir við uppbyggingu í Þjórsárdal. Nánari upplýsingar um verkefnið og fjármögnun þess er að finna í kafla 3.7.2 „Þróunarverkefni“ og kafla 5.3.1.2 „Skuldir“.

Á árinu lauk að fullu byggingarframkvæmdum við uppbyggingu Kerlingarfjalla Highland Base, sem felur í sér gisti- og veitingaaðstöðu, baðaðstöðu og afþreyingu.

Fjárfestingar, framkvæmdir og fjármögnun árið 2023

Helstu fjárfestingar í Svartsengi lutu að endurbótum og uppbyggingu á starfsemi Bláa Lónsins, þar á meðal Blue Lagoon Spa, The Retreat Hotel og Silica Hotel, auk fjárfestinga í upplýsingatækni.

Áfram var unnið að þróunarverkefnum samstæðunnar í Kerlingarfjöllum og Þjórsárdal. Rekstur Kerlingarfjalla Highland Base hófst í júlí 2023. Verkefnin voru fjármögnuð að hluta með lántökum og að hluta með eigin fé.

Samstæðan fjárfesti jafnframt í þróunarverkefnum í Hoffelli og Hrauneyjum.

Félagið bætti jafnframt við eignarhlut sinn í Íslenskum Heilsulindum á árinu 2023 og eignaðist allt hlutafé í félaginu.

5.5.2 Þróun og horfur

Horfur samstæðunnar ráðast að verulegu leyti af þróun ferðaþjónustu á Íslandi, enda eru um 95–98% gesta Bláa Lónsins erlendir ferðamenn. Samkvæmt spá Ferðamálastofu, dags. 10. október 2026[70], er gert ráð fyrir að fjöldi erlendra ferðamanna verði um 2,286 milljónir árið 2026, 2,315 milljónir árið 2027 og 2,324 milljónir árið 2028. Spáin gerir því ráð fyrir stöðugum fjölda erlendra ferðamanna á næstu árum. Áætlanir félagsins fyrir árið 2027 byggja á að fjöldi erlendra ferðamanna verði um 2,3 milljónir og að ekki verði verulegar truflanir á starfsemi vegna jarðhræringa eða eldgosa. Sjá nánar kafla 3.9.4 „Íslensk ferðaþjónusta“.

Félagið gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti í starfsemi sinni með þróun vöru- og þjónustuframboðs, aukinni nýtingu utan háannatíma og frekari uppbyggingu áfangastaða.

Félagið vinnur að áframhaldandi uppbyggingu í Þjórsárdal, þar sem Mountain Retreat, Fjallaböð, gestastofa, smáhýsi og tengd þjónustuaðstaða eru í byggingu. Stefnt er að því að verkefnið verði opnað að fullu vorið 2028. Þá er unnið að uppbyggingu nýrrar aðkomu og móttöku í Svartsengi og áframhaldandi þróun annarra áfangastaða samstæðunnar. Þróunarverkefnunum er ætlað að styðja við tekjuvöxt og fjölga tekjustoðum til lengri tíma. Sjá nánar kafla 3.7.2 „Þróunarverkefni“.

Kaup á Arctic Adventures og fyrirhugaðar aukningar eignarhluta í tengdum félögum eru til þess fallin að breikka starfsemi samstæðunnar í ferðaþjónustu, afþreyingu, gistingu og áfangastöðum víðs vegar um landið. Viðskiptin kunna jafnframt að skapa tækifæri til aukinnar sölu þvert á starfsemina, samnýtingar sölu- og dreifileiða og hagræðingar í stoðþjónustu. Öll skilyrði kaupsamnings Bláa Lónsins um kaup á Arctic Adventures, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, hafa verið uppfyllt. Nánari upplýsingar um viðskiptin er að finna í kafla 3.10.4 „Samningur um kaup á Arctic Adventures“. Verði ekki af fyrirhuguðum aukningum eignarhluta í tengdum félögum mun sá ávinningur sem þeim er ætlað að skapa ekki falla til og áframhaldandi uppbygging samstæðunnar byggjast á núverandi starfsemi hennar og öðrum þróunarverkefnum.

Afkomuáætlanir félagsins fyrir árið 2027 og forsendur þeirra eru settar fram í kafla 5.6 „Afkomuáætlanir Bláa Lónsins 2026 og 2027“.

[70] https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/fjoldi-ferdamanna/spar-um-fjolda-ferdamanna

5.6 Afkomuáætlanir Bláa Lónsins 2026 og 2027

Bláa Lónið hefur gert afkomuáætlun fyrir árin 2026 og 2027 sem samþykkt var á stjórnarfundi félagsins 22. október 2026. Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur félagsins verði á bilinu EUR 164–182 m. árið 2026 og EUR 182–202 m. árið 2027. Gert er ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu EUR 37–41 m. árið 2026 og EUR 47–51 m. árið 2027. Miðgildi áætlanabilanna eru EUR 173 m. í tekjur og EUR 39 m. í EBITDA árið 2026 og EUR 192 m. í tekjur og EUR 49 m. í EBITDA árið 2027. EBITDA áætlun ársins 2026 er leiðrétt fyrir EUR 1,9 m. vegna skipulagsbreytinga í höfuðstöðvum í maí 2026.

Áætlunin tekur eingöngu til rekstrar Bláa Lónsins og núverandi dótturfélaga þess. Hún felur ekki í sér áhrif kaupa á Arctic Adventures hf. eða fyrirhugaðrar aukningar eignarhluta í Norðurböðum hf. og Sjóböðum ehf.[71]. Áætlunin felur heldur ekki í sér samlegðaráhrif eða kostnað vegna samþættingar tengdan fyrirhuguðum kaupum.

Helstu forsendur sem stjórnendur félagsins geta haft áhrif á eru verðlagning, tekjusamsetning, vöruþróun og markaðssókn, nýting og framlegð í baðlóna- hótel-, veitinga- og smásölurekstri og rekstrarkostnaður. Áætlunin fyrir árið 2027 gerir meðal annars ráð fyrir fjölgun gesta í baðlónum, áframhaldandi vexti í hótel-, veitinga- og smásölurekstri. Áætlunin tekur mið af heilsársáhrifum af rekstri Fontana árið 2027. Hún gerir jafnframt ráð fyrir kostnaðarhagræðingu, meðal annars vegna hagkvæmari húsnæðisnotkunar, heilsársáhrifum af þegar innleiddum skipulagsbreytingum og aðhalds í rekstrarkostnaði.

Forsendur utan áhrifasviðs stjórnenda eru meðal annars fjöldi ferðamanna til Íslands, gengi gjaldmiðla, breytingar á opinberum gjöldum, þar á meðal hækkun virðisaukaskatts, verðbólga, launaþróun og verð á aðföngum, veður, náttúruvá og aðgengi að starfsstöðvum félagsins og efnahagsástand á helstu markaðssvæðum félagsins. Frávik frá þessum forsendum geta haft áhrif á áætlaðar tekjur og EBITDA félagsins. Sjá frekari umfjöllun um áhættuþætti Bláa Lónsins í kafla 1 „Áhættuþættir útgefanda“.

Afkomuáætlunin er unnin á grundvelli sem er samanburðarhæfur við sögulegar fjárhagsupplýsingar félagsins og í samræmi við reikningsskilaaðferðir þess. Sjá frekari umfjöllun um fjárhagsupplýsingar Bláa Lónsins í kafla 5 „Fjárhagsupplýsingar“.

5.7 Pro forma fjárhagsupplýsingar

Í júlí 2026 gerði Bláa Lónið hf. bindandi kaupsamning um kaup á öllu útgefnu hlutafé Arctic Adventures hf. Kaupverð samkvæmt kaupsamningnum nemur 23.412 m.kr. og verður greitt með útgáfu 246.443.576 nýrra hluta í Bláa Lóninu hf. Á dagsetningu lýsingar hefur afhending hins selda ekki farið fram en öll skilyrði kaupsamningsins, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, hafa verið uppfyllt. Nánari upplýsingar um viðskiptin eru í kafla 4.11.1 „kaupsamningur Bláa Lónsins um allt hlutafé í AA“.

Eftirfarandi pro forma fjárhagsupplýsingar eru settar fram í þeim tilgangi að sýna áhrif fyrirhugaðra kaupa á rekstur og fjárhagsstöðu samstæðu Bláa Lónsins. Við gerð pro forma rekstrarreiknings er miðað við að kaupin hafi átt sér stað 1. janúar 2026. Við gerð pro forma rekstrarreikningsins er ekki tekið tillit til mögulegra afskrifta af yfirverði, þar sem úthlutun kaupverðs hefur ekki farið fram

[71] Fyrirhugaðar aukningar eignarhluta félagsins í Norðurböðum hf. og Sjóböðum ehf. eru háðar samþykki Samkeppniseftirlitsins.

og ekki er ljóst hvort afskrifa þurfi yfirverð vegna tímabilsins. Við gerð pro forma efnahagsreiknings er miðað við að kaupin hafi átt sér stað 30. september 2026.

Pro forma fjárhagsupplýsingarnar eru eingöngu settar fram til skýringar. Þær endurspegla ekki endilega þá rekstrarafkomu eða fjárhagsstöðu sem hefði í reynd orðið ef kaupin hefðu átt sér stað á þessum tímamörkum og fela ekki í sér spá um rekstur eða fjárhagsstöðu samstæðunnar í framtíðinni. Engin samlegðaráhrif, væntur rekstrarávinningur eða áhrif framtíðaraðgerða eru innifalin.

Pro forma fjárhagsupplýsingarnar byggja á könnuðum samstæðuárshlutareikningi Bláa Lónsins og ókönnuðum samstæðuárshlutareikningi Arctic Adventures fyrir níu mánaða tímabilið sem lauk 30. september 2026, sem gerðir eru í samræmi við IAS 34. Könnunaráritun hefur verið gefin út um samstæðuárshlutareikning Bláa Lónsins. Ekki hefur verið birt könnunar- eða endurskoðunarskýrsla um samstæðuárshlutareikning Arctic Adventures. Sögulegar fjárhagsupplýsingar félaganna eru í köflum 4.9 „Fjárhagsupplýsingar Arctic Adventures“ og 5 „Fjárhagsupplýsingar“.

Uppgjörs- og framsetningargjaldmiðill Bláa Lónsins er evra en uppgjörsgjaldmiðill Arctic Adventures er íslensk króna. Fjárhagsupplýsingar Arctic Adventures hafa verið umreiknaðar í evrur. Í pro forma rekstrarreikningi hefur verið notað meðalgengi tímabilsins, 143,4 krónur fyrir hverja evru. Í pro forma efnahagsreikningi hefur verið notað lokagengi 30. september 2026, 137,0 krónur fyrir hverja evru.

Pro forma fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við reikningsskilaaðferðir Bláa Lónsins.

Ekki eru færðar leiðréttingar vegna samræmingar reikningsskilaaðferða, þar sem árshlutareikningar beggja félaga eru gerðir í samræmi við IAS 34 og ekki hefur verið greindur efnislegur mismunur á reikningsskilaaðferðum félaganna.

5.7.1 Pro forma rekstrarreikningur

Eftirfarandi pro forma rekstrarreikningur sýnir rekstur Bláa Lónsins og Arctic Adventures fyrir níu mánaða tímabilið sem lauk 30. september 2026, miðað við að kaupin hafi átt sér stað 1. janúar 2026.

Tafla 24: Pro forma rekstrarreikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2026

Fjárhæðir í m. EUR	**Bláa Lónið**	**Arctic Adventures**	**Pro forma**
Rekstrartekjur	**130,4**	**69,0**	**199,4**
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara	(16,3)	(20,5)	(36,7)
Laun og launatengd gjöld	(59,8)	(24,1)	(83,8)
Almennur rekstrarkostnaður	(26,0)	(10,7)	(36,7)
Samtals rekstrargjöld	**(102,0)**	**(55,2)**	**(157,2)**
EBITDA	**28,4**	**13,8**	**42,2**
Afskriftir	(11,7)	(5,8)	(17,5)

Fjárhæðir í m. EUR	**Bláa Lónið**	**Arctic Adventures**	**Pro forma**
Rekstrarhagnaður	**16,6**	**8,0**	**24,7**
Fjármunatekjur	0,4	1,0	1,4
Fjármagnsgjöld	(6,5)	(3,0)	(9,4)
Afkoma af eignarhlutum og verðbréfum	0,0	0,0	0,0
Gengismunur	(1,1)	3,0	1,9
Alls fjármagnsliðir	**(7,1)**	**1,0**	**(6,1)**
Áhrif hlutdeildarfélaga	(0,1)	0,3	0,2
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**9,5**	**9,3**	**18,7**
Tekjuskattur	(1,4)	(1,8)	(3,2)
Hagnaður tímabilsins	**8,1**	**7,5**	**15,6**

Engar pro forma leiðréttingar vegna kaupanna hafa verið færðar í rekstrarreikninginn. Pro forma rekstrarreikningurinn sýnir eingöngu samanlagðan rekstur Bláa Lónsins og Arctic Adventures fyrir tímabilið.

5.7.2 Pro forma efnahagsreikningur

Eftirfarandi pro forma efnahagsreikningur sýnir fjárhagsstöðu Bláa Lónsins og Arctic Adventures 30. september 2026, miðað við að kaupin hafi átt sér stað þann dag.

Tafla 25: Pro forma efnahagsreikningur 30. september 2026

Fjárhæðir í m. EUR	**Bláa Lónið**	**Arctic Adventures**	**Áhrif samruna**	**Pro forma**
Fastafjármunir				
Rekstrarfjármunir	420,3	54,9		475,2
Óefnislegar eignir	20,8	51,1	107,5	179,4
Leigueignir	10,4	15,6		26,0
Skatteign	0,0	0,1		0,1
Aðrar eignir	12,1	11,5		23,6
	463,6	**133,2**	**107,5**	**704,3**
Veltufjármunir				
Birgðir	8,1	0,0		8,1
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	6,7	5,7		12,4
Fjárfestingar á gangvirði	0,3	0,0		0,3

Fjárhæðir í m. EUR	**Bláa Lónið**	**Arctic Adventures**	**Áhrif samruna**	**Pro forma**
Handbært fé	25,7	7,7		33,5
	40,9	**13,4**	**0,0**	**54,3**
Eignir samtals	**504,5**	**146,6**	**107,5**	**758,6**
Eigið fé				
Eigið fé samtals	**232,8**	**63,5**	**107,5**	**403,8**
Langtímaskuldir				
Vaxtaberandi skuldir	174,7	46,6		221,3
Tekjuskattsskuldbinding	36,6	4,3		40,9
Leiguskuldir	9,3	13,9		23,1
	220,5	**64,8**	**0,0**	**285,3**
Skammtímaskuldir				
Vaxtaberandi skuldir	21,8	0,0		21,8
Leiguskuldir	2,7	2,9		5,6
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20,3	9,7		29,9
Fyrirframinnheimtar tekjur	6,4	5,7		12,2
	51,2	**18,3**	**0,0**	**69,5**
Eigið fé og skuldir samtals	**504,5**	**146,6**	**107,5**	**758,6**

Pro forma leiðréttingin í efnahagsreikningi felur í sér hækkun eigin fjár Bláa Lónsins vegna útgáfu nýrra hluta til seljenda Arctic Adventures, brottfellingu alls eigin fjár Arctic Adventures og færslu bráðabirgðaviðskiptavildar.

Kaupverðið hefur verið umreiknað í evrur miðað við lokagengi 30. september 2026, 137,0 krónur fyrir hverja evru. Í pro forma efnahagsreikningi er allt eigið fé Arctic Adventures fellt út. Mismunur kaupverðs og eigin fjár Arctic Adventures hefur verið færður sem bráðabirgðaviðskiptavild að fjárhæð EUR 107,5 m.

Kaupverðsútdeiling er ekki hafin. Bráðabirgðaviðskiptavildin getur því breyst þegar endanlegt mat á gangvirði yfirtekinna eigna og skulda liggur fyrir.

Leiðréttingin hefur ekki áhrif á pro forma rekstrarreikninginn. Engar aðrar pro forma leiðréttingar hafa verið færðar.

5.7.3 Skýrsla óháðs endurskoðanda um pro forma fjárhagsupplýsingarnar

Skýrsla óháðs endurskoðanda um samantekt pro forma fjárhagsupplýsinga í útgefandalýsingu

Til stjórnar Bláa Lónsins hf.

Við höfum lokið vinnu okkar við staðfestingu á samanteknum pro forma fjárhagsupplýsingum Bláa Lónsins hf. sem unnar eru af stjórnendum Bláa Lónsins. Pro forma fjárhagsupplýsingarnar samanstanda af samanteknum pro forma rekstrarreikningi Bláa Lónsins hf. og Arctic Adventures hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2026 og pro forma efnahagsreikningi 30. september 2026, sem birtir eru í kafla 5.7 „Pro forma fjárhagsupplýsingar“ í útgefandalýsingu Bláa Lónsins hf. Í sama kafla er að finna lýsingu stjórnenda á þeim forsendum og reikningsskilaaðferðum sem beitt var við gerð pro forma fjárhagsupplýsinganna á grundvelli krafna reglugerðar ESB nr. 2019/980.

Pro forma fjárhagsupplýsingarnar hafa verið teknar saman af stjórnendum Bláa Lónsins til að lýsa áhrifum kaupa Bláa Lónsins hf. á öllu hlutafé Arctic Adventures hf. á rekstur og fjárhagsstöðu Bláa Lónsins, eins og kaupin hefðu átt sér stað 1. janúar 2026 að því er varðar rekstrarreikninginn og 30. september 2026 að því er varðar efnahagsreikninginn. Pro forma fjárhagsupplýsingarnar byggja meðal annars á könnuðum árshlutareikningi Bláa Lónsins og óendurskoðuðum árshlutareikningi Arctic Adventures fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2026. Fjárhæðir eru settar fram í evrum.

Ábyrgð á pro forma fjárhagsupplýsingunum

Stjórnendur Bláa Lónsins eru ábyrgir fyrir samantekt pro forma fjárhagsupplýsinganna á grundvelli krafna reglugerðar ESB nr. 2019/980 og í samræmi við reikningsskilareglur Bláa Lónsins.

Óhæði okkar og gæðakerfi

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur, sem gefnar hafa verið út af International Ethics Standards Board for Accountants og eru Code of Ethics for Professional Accountants (að meðtöldum International Independence Standards) (IESBA Code), en þær grundvallast á grunnreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og aðgát, trúnað og fagleg vinnubrögð.

KPMG hefur innleitt alþjóðlegan gæðastaðal, International Standard on Quality Management 1, sem gerir kröfu um að félagið hanni, innleiði og reki gæðakerfi, þar á meðal stefnur og verklag varðandi fylgni við siðareglur, faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í að veita álit, eins og krafist er í reglugerð ESB nr. 2019/980, um hvort pro forma fjárhagsupplýsingarnar hafi í öllum meginatriðum verið teknar saman af stjórnendum Bláa Lónsins á grundvelli viðeigandi fjárhagsupplýsinga, reikningsskilareglna og krafna reglugerðar ESB nr. 2019/980.

Staðfesting okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingarverkefni, ISAE 3420, Assurance Engagements to Report on the Compilation of Pro Forma Financial Information Included in a Prospectus. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og haga vinnu okkar til að afla nægjanlegrar vissu um hvort stjórnendur Bláa Lónsins hafi í öllum meginatriðum tekið saman pro forma rekstrarreikning fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2026 og pro forma efnahagsreikning 30. september 2026 á grundvelli viðeigandi fjárhagsupplýsinga, krafna reglugerðar ESB nr. 2019/980 og í samræmi við reikningsskilareglur Bláa Lónsins.

Í samræmi við tilgang staðfestingarinnar ber okkur ekki að uppfæra eða endurútgefa áritanir eða álit á þeim sögulegu fjárhagsupplýsingum sem notaðar voru við samantekt pro forma fjárhagsupplýsinganna. Við höfum ekki, við gerð staðfestingarinnar, framkvæmt viðbótarendurskoðun eða könnun á þeim fjárhagsupplýsingum sem notaðar voru til að taka saman pro forma fjárhagsupplýsingarnar.

Tilgangur pro forma fjárhagsupplýsinganna í útgefandalýsingunni er eingöngu að sýna áhrif kaupa Bláa Lónsins hf. á öllu hlutafé Arctic Adventures hf. á óleiðréttar fjárhagsupplýsingar Bláa Lónsins eins og kaupin hefðu átt sér stað fyrr. Þar af leiðandi veitum við enga staðfestingu á því að raunveruleg niðurstaða hefði orðið sú sama og fram kemur í pro forma rekstrarreikningi og pro forma efnahagsreikningi.

Staðfesting með nægjanlegri vissu um hvort pro forma fjárhagsupplýsingar hafi í öllum meginatriðum verið teknar saman á grundvelli viðeigandi fjárhagsupplýsinga, krafna reglugerðar ESB nr. 2019/980 og í samræmi við reikningsskilareglur Bláa Lónsins felur í sér að framkvæma aðgerðir til að meta hvort þær aðferðir og forsendur sem stjórnendur Bláa Lónsins beita við samantekt pro forma fjárhagsupplýsinganna veiti viðeigandi grundvöll fyrir birtingu verulegra áhrifa sem tengja má beint við atburðinn eða viðskiptin og afla nægjanlegra og viðeigandi gagna um hvort eftirfarandi:

pro forma leiðréttingar sýni viðeigandi áhrif kaupanna í samræmi við forsendur og reikningsskilareglur Bláa Lónsins; og

pro forma fjárhagsupplýsingarnar endurspegli með réttum hætti pro forma leiðréttingar á óleiðréttum fjárhagsupplýsingum.

Val aðgerða er háð mati staðfestingaraðila, sem tekur mið af skilningi staðfestingaraðila á eðli Bláa Lónsins, þeim atburðum eða viðskiptum sem pro forma fjárhagsupplýsingarnar byggja á og öðrum aðstæðum sem tengjast verkefninu.

Verkefnið felur einnig í sér að meta heildarframsetningu pro forma fjárhagsupplýsinganna. Við teljum að þau gögn sem við höfum aflað séu nægjanleg og viðeigandi sem grundvöllur álits okkar.

Álit

Að áliti okkar hafa pro forma fjárhagsupplýsingarnar í öllum meginatriðum verið teknar saman á grundvelli viðeigandi forsendna og reikningsskilareglna og í samræmi við kröfur reglugerðar ESB nr. 2019/980.

Reykjavík, 5. nóvember 2026

KPMG ehf.

6 Stjórnarhættir, stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur

6.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Bláa Lónsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar eins og þær eru á hverjum tíma. Bláa Lónið fylgir „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“, eins og þær eru í gildi hverju sinni, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hf. (hér eftir „**Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja**“)[72].

Félagið víkur þó frá einstaka tilmælum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, m.a. grein 1.4 sem tekur til tilnefningarnefndar, að því leyti að ekki er til staðar tilnefningarnefnd hjá félaginu.

Upplýsingar um stjórnarhætti Bláa Lónsins má finna í gildandi samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins sem finna má á vefsíðu félagsins www.blaalonidhf.is, í kafla 2.3, „Skjöl felld inn með tilvísun“ og kafla 2.4, „Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis“.

Samþykktir félagsins, dagsettar 30. október 2026, kveða á um hluthafafundi í 11. gr. - 16. gr., um stjórn félagsins og forstjóra í 17. gr. - 19. gr. og um reikningshald og endurskoðun í 20. gr. - 21. gr. samþykkta. Sjá nánar umfjöllun í kafla 2.3 „Skjöl felld inn með tilvísun“ og kafla 2.4 „Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis“.

Regluvörslu félagsins er útvistað til LEX lögmannsstofu. Regluvörður félagsins er Stefán Orri Ólafsson, lögmaður, og staðgengill regluvarðar er Garðar G. Gíslason, lögmaður. Hlutverk regluvarðar er meðal annars að hafa umsjón með því að félagið uppfylli lög og reglur sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og þau eru á hverjum tíma. Þar undir falla meðal annars lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglur nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum, ákvæði laga nr. 108/2007 um yfirtökur, reglugerð nr. 1267/2021 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 20/2021, reglur Seðlabanka Íslands nr. 881/2026 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli framangreindra laga, svo og gildandi reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga.

6.2 Stjórn og yfirstjórn útgefanda

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess, sem hittast á lögmætum hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Stjórn félagsins, eða stjórnarformaður boðar til aðalfundar, eða forstjóri að fengnu sérstöku umboði stjórnar. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og aukafundir eru haldnir eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tuttugasta hlutafjár í félaginu.

Stjórnun félagsins er í höndum stjórnar og forstjóra. Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Samkvæmt starfsreglum stjórnar tekur stjórn ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar, bæði hvað varðar stefnu félagsins og

[72] Sjá nánar: https://leidbeiningar.is/

fjárhagsmálefni þess. Stjórn hefur eftirlit með daglegum rekstri félagsins og fylgist með því að virkt kerfi innra eftirlits sé ávallt til staðar. Í 25. gr. samþykkta félagsins er kveðið á um að þar sem ákvæði samþykktanna segja ekki til um hvernig skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samkvæmt samþykktum er stjórn kosin á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórnin skal skipuð fimm einstaklingum. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja manni. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið og eru stjórnarfundir lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Stjórn félagsins kýs sér formann, í samræmi við 1. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður kjöri komi til atkvæðagreiðslu og ef atkvæði eru jöfn er það hlutkesti sem ræður í samræmi við 1. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög. Stjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki fyrirmælum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda en hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Formaður stýrir stjórnarfundum. Í starfsreglum stjórnar er kveðið nánar á um starf stjórnar.

Stjórn útgefanda starfar í samræmi við starfsreglur stjórnar sem settar eru skv. 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og 18. gr. samþykkta félagsins. Þar er m.a. mælt fyrir um verkaskiptingu stjórnar, hlutverk stjórnarformanns, boðun stjórnarfunda, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og fundargerðir, um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, starfshætti stjórnar, samskipti stjórnar við hluthafa, árlegt árangursmat og undirnefndir stjórnar. Sjá nánari umfjöllun í kafla 6.3 „Undirnefndir stjórnar“. Gildandi starfsreglur voru samþykktar af stjórn 1. nóvember 2019, en síðast uppfærðar 22. október 2026.

Stjórnarfundir eru haldnir að minnsta kosti tíu sinnum á ári, auk þess á að halda fundi þegar nauðsyn krefur. Forstjóri getur boðað til stjórnarfundar í umboði stjórnarformanns. Stjórnarfundir eiga að jafnaði ekki að vera haldnir nema stjórnarformaður og forstjóri geti báðir mætt til fundar. Stjórnarfundir skulu að jafnaði boðaðir með viku fyrirvara og mega þeir vera boðaðir með rafrænum hætti. Í fundarboðinu skal greina frá dagskrá. Óski stjórnarmaður eftir því að tiltekið mál verði á dagskrá stjórnarfundar þarf beiðni þar að lútandi að berast stjórnarformanni eða forstjóra a.m.k. viku fyrir fyrirhugaðan fund.

Stjórnin ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans, og víkur honum frá, ef nauðsyn krefur. Einungis stjórn félagsins getur veitt prókúruumboð. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Til daglegrar stjórnar heyra ekki ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða þýðingarmiklar miðað við eðli eða umfang rekstrar félagsins. Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundi leggja fyrir stjórnina skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundi. Upplýsingar skulu veittar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins, til þess að stjórnarmenn geti sinnt skyldum sínum.

Stjórnin annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, t.d. hvað varðar eftirlit með reikningshaldi og innri endurskoðun félagsins. Samkvæmt 3.4. gr. í starfsreglum stjórnar er það hlutverk stjórnar að skilgreina stefnur félagsins. Jafnframt á stjórnin að sjá til þess að félagið starfi í samræmi við samþykktir þess, lög um hlutafélög, samkeppnislög og önnur lög og reglur sem gilda um starfsemina.

Árlega á stjórnin að skilgreina mikilvægustu verkefni sín, markmið og stefnu félagsins og gera starfsáætlun um störf sín. Jafnframt á stjórnin árlega að leggja mat á störf sín, stærð,

samsetningu, verklag og starfshætti svo og störf undirnefnda stjórnar eins og endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Meta þarf þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Við árangursmat á stjórnin að leggja mat á styrkleika og veikleika og þá hvort hún hafi starfað í samræmi við starfsreglur sínar. Niðurstöður árangursmats á að nota til að bæta störf stjórnar. Þar að auki á stjórnin að leggja mat á störf forstjóra og rekstur félagsins í heild sinni.

Núverandi stjórn Bláa Lónsins var kosin á aðalfundi félagsins þann 19. mars 2026 og er hún samkvæmt 17. gr. samþykkta félagsins skipuð til eins árs í senn. Þar er jafnframt kveðið á um hvernig kosning til stjórnar fer fram, en einfaldur meirihluti ræður úrslitum á stjórnarfundum. Í stjórn sitja nú þrír karlar og tvær konur. Stjórn Bláa Lónsins skipa þeir einstaklingar sem tilgreindir eru hér á eftir.

Stjórnarmenn

Nafn	Grímur Sæmundsen, stjórnarformaður
Fæðingarár	1955
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Menntun og reynsla	Grímur er með cand. med. gráðu í læknisfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið sérnámi í íþróttalækningum frá London Hospital Medical College. Grímur er stofnandi Bláa Lónsins og var forstjóri félagsins frá upphafi þar til í mars 2026. Grímur hefur um árabil komið að uppbyggingu, stjórnun og þróun starfsemi Bláa Lónsins og tengdra félaga.
Fyrst kjörinn	Mars 2026
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Bláa Lónið hf. (stjórnarformaður), Framvörður ehf. (stjórnarformaður), Hlíðarendi ses., Hreyfing hf. (stjórnarformaður), Hreyfing-Fasteignir ehf. (stjórnarformaður), Kólfur ehf., Norðurböð hf., Rauðukambar ehf., Valsmenn hf. (stjórnarformaður).
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Arða ehf., Blue Lagoon Journeys ehf., Blue Lagoon Skin Science ehf., Eldvörp ehf., Gufa ehf., Gufa – Laugarvatn Fontana ehf., Hraunsetur ehf., Hvatning ehf., Íslenskar Heilsulindir ehf., Jarðvangur ehf., Keila ehf., Kerlingarfjöll ehf., Þoran Distillery ehf.
Eignarhald	Grímur og eiginkona hans eiga óbeint 24,85% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum Kólf ehf. Grímur á 50% eignarhlut í Kólfi ehf. og eiginkona hans Björg Jónsdóttir á 50% eignarhlut.
Kaupréttur	Grímur á ekki kauprétt að hlutum í Bláa Lóninu.

Grímur er háður stórum hluthöfum félagsins á eftirfarandi hátt: Grímur á ásamt eiginkonu sinni, Björgu Jónsdóttur, 100% eignarhlut í Kólfi ehf., sem á 24,85% eignarhlut í Bláa Lóninu.

Nafn	Ágústa Þóra Johnson, meðstjórnandi
Fæðingarár	1963
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Menntun og reynsla	Ágústa er með B.Sc. gráðu í íþrótta- og tómstundafræði frá University of Colorado Boulder, Colorado, ásamt diplómagráðu í stjórnun og leiðtogahæfni frá Háskólanum í Reykjavík. Ágústa er framkvæmdastjóri Hreyfingar hf.
Fyrst kjörin	2017
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Bláa Lónið hf., Blue Lagoon Skin Science ehf., Bogmaðurinn ehf., Hreyfing hf. (framkvæmdastjórn), Hreyfing-Fasteignir ehf. (framkvæmdastjórn), Steinkápa ehf., Veiðifélag Skaftártungumanna.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Bláa Lónið Ísland ehf., 360 Heilsa sf., (eigandi) Viðskiptaráð Íslands (stjórnarmaður) 2018-2022
Eignarhald	Ágústa á óbeint 2,39% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum Bogmanninn ehf. Ágústa er einn eigandi Bogmannsins ehf., sem á 2,39% eignarhlut í Bláa Lóninu hf.
Kaupréttur	Ágústa á ekki kauprétt að hlutum í Bláa Lóninu.

Hreyfing hf. er tengd Bláa Lóninu með þeim hætti að Ágústa telst háður stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Ágústa er háð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	Erla Ósk Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
Fæðingarár	1977
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær

Menntun og reynsla	Erla er sjálfstætt starfandi stjórnarkona en hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Símanum og The Reykjavík Edition ásamt því að hafa verið forstöðumaður hjá Icelandair hótelum. Erla er með BA og MPA gráðu frá Háskóla Íslands. Auk þess hefur hún lokið námi í ferðamálafræði frá Ferðamálaskóla Íslands.
Fyrst kjörin	2023
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Bláa Lónið hf., Festa – miðstöð um sjálfbærni (stjórnarformaður), Jafnvægisvogarráð (stjórnarformaður) og LeiðtogaAuður.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Íslenski lífeyrissjóðurinn, Félagsstofnun stúdenta, Landssamtök lífeyrissjóða.
Eignarhald	Erla á ekki eignarhlut í Bláa Lóninu hf.
Kaupréttur	Erla á ekki keypt að hlutum í Bláa Lóninu.

Erla er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Hún hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	Jón Sigurðsson, meðstjórnandi
Fæðingarár	1978
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Menntun og reynsla	Jón er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Jón starfar sem forstjóri Stoða hf.
Fyrst kjörinn	2023
Núverandi stjórnarseta (og/eða	Bjarg Invest ehf., Bláa Lónið hf., Helgafell ehf., Nathan hf., S120 ehf., S121 ehf., S380 ehf., Síminn hf., Stoðir hf. (framkvæmdastjórn), Stodir UK Ltd., Renika Investments Ltd.,

framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Renika S.A., Square ehf., Straumnes ehf., Straumnes eignarhaldsfélag ehf., Straumnes Ráðgjöf ehf., Straumnes minningarsjóður.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Bláa Lónið Ísland ehf., Blue Lagoon Skin Science ehf., Ekran ehf., Emmessís ehf., Barone I ehf., First Water hf., GÞ Holding ehf., Helgafell eignarhaldsfélag ehf. (framkvæmdastjórn), Löður ehf., Stoðir hf. (stjórnarformaður).
Eignarhald	Jón á ekki beinan eignarhlut í Bláa Lóninu hf.
Kaupréttur	Jón á ekki keypt að hlutum í Bláa Lóninu.

Jón á óbeint eignarhlut í Bláa Lóninu í gegnum Stoði hf., sem ræður yfir 4,28% af heildarhlutafé í Bláa Lóninu. Hann hefur hins vegar ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	Ragnar Guðmundsson, meðstjórnandi
Fæðingarár	1982
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Menntun og reynsla	Ragnar hefur lokið meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og lögmannsréttindum. Auk þess er hann með MBA gráðu frá IESE Business School, Barcelona. Ragnar starfar sem lögmaður og eigandi hjá BBA Fjeldco frá árinu 2026. Á árunum 2019–2026 var hann eigandi og lögmaður hjá ADVEL lögmönnum. Á árunum 2016-2019 vann hann hjá SKR lögfræðiþjónustu og var jafnframt eigandi.
Fyrst kjörinn	2019

Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Stjórn: Bláa Lónið hf., 50skills ehf., Ninos ehf., Fagrihvammur ehf., Black Wing ehf., Blávarmi GP ehf. (í slitameðferð), Blávarmi ehf. (í slitameðferð), Cobalt Raven ehf., Pink Pyramid ehf., Ísbíllinn ehf. Framkvæmdastjórn: Fagrihvammur ehf. Varastjórn: ADVL 01 ehf., 3x3 ehf., Ægisbyggð ehf., Aurora Adventures ehf., Black Ocean ehf., Fjallalækur ehf., Lausamjöll ehf., M. Einarsson ehf., Shasta Venture Studio ehf., Skothúfur ehf., Snjófok ehf., Solvis fjárfestingafélag ehf., Trege ehf. Almenn félagasamtök - stjórn: Skattaréttarfélag Íslands, Foreldrafélag Öldutúnsskóla.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	ADVEL lögmenn ehf., Þokuský ehf. (slitið), A.L. slf. (slitið).
Eignarhald	Ragnar á ekki eignarhlut í Bláa Lóninu hf.
Kaupréttur	Ragnar á ekki kauprétt að hlutum í Bláa Lóninu.

Ragnar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Hann hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Yfirstjórn útgefanda

Samkvæmt 19. gr. samþykkta félagsins ræður stjórn forstjóra og ákveður starfskjör hans. Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Jafnframt ber honum að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber skv. lögum.

Í framkvæmdastjórn eru nú þrjár konur og fjórir karlar. Framkvæmdastjórn skipa þeir einstaklingar sem tilgreindir eru hér fyrir neðan, sem hver og einn ber ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra.

Nafn	Sigríður Margrét Oddsdóttir
Staða	Forstjóri (CEO)

Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Fæðingarár	1976
Menntun og reynsla	Sigríður Margrét er með B.Sc. í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Akureyri. Hún hefur samhliða störfum sínum sótt stjórnendanámskeið hjá IESE Business School og Harvard Business School. Sigríður Margrét hóf störf hjá Bláa Lóninu í mars 2026, hún starfaði sem framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins frá 2023-2026, var forstjóri Lyfju hf. frá 2019-2023 og forstjóri Já frá stofnun fram til ársins 2019.
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Bláa Lónið Ísland ehf. (stjórnarformaður), Blue Lagoon Skin Science ehf. (stjórnarformaður), Íslenskar Heilsulindir ehf. (stjórnarformaður), Rauðukambar ehf. (stjórnarformaður), Jarðvangur ehf. (stjórnarformaður), Hraunsetur ehf. (stjórnarformaður), Eldvörp ehf. (stjórnarformaður), Blue Lagoon Journeys ehf. (stjórnarformaður).
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram	Heilsa ehf. (stjórnarformaður), Bláa Lónið hf., Íslenskar Heilsulindir ehf., Jarðböðin hf. (varamaður), Vinnudeilusjóður Samtaka atvinnulífsins (stjórnarformaður), Já hf., GI Rannsóknir ehf.
Eignarhald	Sigríður Margrét á 625.000 hluti í gegnum SOKO ehf. Hún á því óbeint 0,07% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. Sigríður Margrét er einn eigandi SOKO ehf.
Kaupréttur	Sigríður Margrét á keypt að 3.000.000 hlutum í Bláa Lóninu samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins. Samningur var gerður 3. janúar 2026 um 2.250.000 hluti, viðauki gerður 27. ágúst 2026, um 750.000 hluti til viðbótar, með ávinnslutíma frá gerð upphaflegs kaupréttarsamnings.

Sigríður Margrét hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	Helgi Júlíusson
Staða	Framkvæmdastjóri fjármála (CFO)
Fæðingarár	1970
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Menntun og reynsla	Helgi er með B.Sc. gráðu í verkfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc í verkfræði frá Technical University of Denmark (DTU) og Master of

	Business Administration (MBA) frá Cranfield School of Management. Auk þess er hann með próf í verðbréfaviðskiptum. Helgi hefur starfað hjá félaginu frá 2022. Helgi var áður framkvæmdastjóri framtakssjóðsins Icelandic Tourism Fund. Þar á undan var Helgi forstjóri Pennans og starfaði um árabil við fyrirtækjaráðgjöf hjá Kaupþingi.
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Bláa Lónið Ísland ehf. (prókúruhafi), Eldvörp ehf., Gufa – Laugarvatn Fontana ehf., Hrauneyjar ehf., Hraunsetur ehf., Íslenskar Heilsulindir ehf., Jarðböðin hf., Jarðvangur ehf., Ferðaþjónustan Hoffell ehf., Kerlingarfjöll ehf., Kudos ehf., R 29 ehf., Rauðukambar ehf., Vök Baths ehf. (varamaður), Þjónustumiðstöð Reykjanesvita ehf., Sjóböðin ehf.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram	Gufa ehf., Vænting ehf. (framkvæmdastjórn),
Eignarhald	Helgi á 295.627 hluti í gegnum R 29 ehf. Hann á því óbeint 0,03% eignarhlut í Bláa Lóninu í gegnum R 29 ehf. Helgi er einn eigandi R 29 ehf.
Kaupréttur	Helgi á keyprétt að 1.500.000 hlutum í Bláa Lóninu samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins. Samningurinn var gerður 28. október 2025.

Helgi hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	(Þórunn) Hildur Þórisdóttir
Staða	Framkvæmdastjóri mannauðs (CHRO)
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Fæðingarár	1973
Menntun og reynsla	Hildur er með BA í sálfræði og M.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hildur hóf störf hjá Bláa Lóninu í ágúst 2026, áður var hún mannauðsstjóri hjá Festi hf., Hildur starfaði sem mannauðsstjóri Lyfju frá 2020-2023 og tók tímabundið við starfi forstjóra Lyfju þar til Festi tók yfir rekstur félagsins.

Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Póstmarkaðurinn ehf.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram	Heilsa ehf., Mengi ehf., Árkaup ehf., Lyfja hf. (framkvæmdastjórn)
Eignarhald	Hildur á ekki eignarhlut í Bláa Lóninu hf.
Kaupréttur	Hildur á kauprétt að 1.000.000 hlutum í Bláa Lóninu samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins. Samningurinn var gerður 5. október 2026.

Hildur hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	Jóhann Valur Sævarsson
Staða	Framkvæmdastjóri sölu (CCO)
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Fæðingarár	1988
Menntun og reynsla	Jóhann Valur er með B.Sc. í verkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.Sc. gráðu í verkfræði frá Technical University of Denmark (DTU). Jóhann Valur hóf störf hjá Bláa Lóninu í ágúst 2026, hann kom til Bláa Lónsins frá Icelandair þar sem hann starfaði sem forstöðumaður gagna og sjálfvirknivæðingar, ásamt því að bera ábyrgð á tækniframþróun og tæknihögun. Áður starfaði Jóhann Valur hjá Air Atlanta, WOW air og NOVA.
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Engin núverandi stjórnarseta.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram	Engin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár.
Eignarhald	Jóhann Valur á ekki eignarhlut í Bláa Lóninu hf.

Kaupréttur	Jóhann Valur á kauprétt að 1.000.000 hlutum í Bláa Lóninu samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins. Samningurinn var gerður 30. september 2026.

Jóhann Valur hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	Sigrún Halldórsdóttir
Staða	Framkvæmdastjóri rekstrar (COO)
Fæðingarár	1980
Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Menntun og reynsla	Sigrún er með B.Sc. gráðu í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og MS gráðu í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Hún gegndi áður stöðu framkvæmdastjóra mannauðs hjá Bláa Lóninu og hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2016. Hún gegndi áður hlutverki ráðgjafa fyrir hin ýmsu félög á sviði rekstrar- og mannauðsmála (2010-2016).
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	SH23 ehf., Styrktarsjóður Heiðu Hannesar, Kerlingarfjöll ehf., Bláa Lónið Ísland ehf. (framkvæmdastjórn)
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram	Engin liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár.
Eignarhald	Sigrún á 100.000 hluti í gegnum SH23 ehf., hún á því óbeint 0,01% eignarhlut í Bláa Lóninu hf.
Kaupréttur	Sigrún á kauprétt að 1.500.000 hlutum í Bláa Lóninu samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins. Samningurinn var gerður 29. október 2025.

Sigrún hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	Sigurður Long
Staða	Framkvæmdastjóri tækni (CTO)
Fæðingarár	1977

Starfsstöð	Urriðaholtsstræti 2, 210 Garðabær
Menntun og reynsla	Sigurður er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. í upplýsingatækni frá ITU í Danmörku. Sigurður hefur starfað hjá félaginu frá 2019. Sigurður gegndi áður stöðu framkvæmdastjóra upplýsingatæknisviðs Olíuverzlunar Íslands hf. á árunum 2018-2019, var forstöðumaður upplýsingatæknisviðs Olíuverzlunar Íslands hf. á árunum 2014-2018 og forstöðumaður viðskiptalausna hjá Össuri 2010-2014.
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	Vinir Elínar Söru, félagasamtök, Langalind ehf.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram	Knattspyrnufélagið FC-Diðrik.
Eignarhald	Sigurður á 37.500 hluti í gegnum Löngulind ehf., hann á því óbeint 0,004% eignarhlut í Bláa Lóninu hf.
Kaupréttur	Sigurður á kauprétt að 1.000.000 hlutum í Bláa Lóninu samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins. Samningurinn var gerður 27. október 2025.

Sigurður Long hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn	Sigurður Þorsteinsson
Staða	Framkvæmdastjóri hönnunar (CDO)
Fæðingarár	1965
Starfsstöð	Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík
Menntun og reynsla	Sigurður er með BA gráðu og diploma gráðu í iðnhönnun (Industrial Design) frá Istituto Europeo di Design, IED í Mílanó. Sigurður rak eigið fyrirtæki á sviði hönnunar, vörumerkjastjórnar og nýsköpunar, Design Group Italia I.D., S.r.l., í Mílanó á Ítalíu í 28 ár. Á þeim vettvangi og samhliða því hefur hann starfað fyrir Bláa Lónið að hönnun, vörumerkjastjórnun („branding“), markaðssetningu og upplifunarhönnun allt frá árinu 1997. Samhliða sölu á fyrirtæki Sigurðar á Ítalíu hóf hann störf sem

	framkvæmdastjóri hjá Bláa Lóninu í fullu starfi frá 1. nóvember 2022.
Núverandi stjórnarseta (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram)	M4 ehf., MG26 ehf., Rauðukambar ehf., Vatnavinir, áhugamannafélag.
Liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár (og/eða framkvæmdastjórn ef tekið fram	Engin liðin stjórnarseta m.v. sl. fimm ár.
Eignarhald	Sigurður á 34.413.176 hluti í gegnum M4 ehf. Hann á því óbeint 3,93% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum M4 ehf. Sigurður er einn eigandi M4 ehf.
Kaupréttur	Sigurður á kauprétt að 1.500.000 hlutum í Bláa Lóninu samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins. Samningurinn var gerður 28. október 2025.

Sigurður Þorsteinsson hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

6.2.1 Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn

6.2.1.1 Hæfi

Stjórnarmenn og framangreindir aðilar í yfirstjórn hafa á síðastliðnum fimm árum ekki verið sakfelldir vegna svikamála og ekki verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda né heldur sætt opinberri ákæru eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsaðila á tímabilinu. Þeir hafa ekki verið framkvæmdastjórar, stjórnendur eða stjórnarmenn fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eða farið í skipta- eða slitameðferð á síðastliðnum fimm árum fyrir utan Grím Sæmundsen en hann er stjórnarformaður Valsmanna hf. sem er í slitameðferð og Ragnar Guðmundsson sem er í stjórn Blávarma ehf. og Blávarma GP ehf. sem eru bæði í slitameðferð. Ragnar sat einnig í stjórn A.L. slf. og Þokuskýs ehf. sem hafa verið slitið.

6.2.1.2 Mögulegir hagsmunaárekstrar

Grímur Sæmundsen og Ágústa Þ. Johnson teljast vera háð stórum hluthöfum félagsins. Aðrir stjórnarmenn eru óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og helstu viðskiptaaðilum og samkeppnisaðilum félagsins. Grímur Sæmundsen og Ágústa Þ. Johnson eiga hluti í félaginu með beinum eða óbeinum hætti. Sjá nánar kafla 6.2 „Stjórn og yfirstjórn útgefanda“.

Grímur Sæmundsen telst háður stjórnarmaður á eftirfarandi hátt: Grímur á 100% eignarhlut ásamt eiginkonu sinni í Kólfi ehf. sem á 24,85% eignarhlut í Bláa Lóninu.

Ágústa Þóra Johnson telst háður stjórnarmaður á eftirfarandi hátt: Ágústa á óbeint 2,39% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum Bogmanninn ehf. Ágústa er einn eigandi Bogmannsins ehf.

Í ágúst 2026 gerði útgefandi samstarfssamning við Þoran Distillery ehf. Grímur Sæmundsen, stjórnarformaður, á 59,28% eignarhlut í félaginu og Sigurður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri hönnunar, á 3% eignarhlut. Samningurinn getur því skapað mögulega hagsmunaárekstra.

Æðstu stjórnendur félagsins teljast vera óháðir helstu viðskiptaaðilum og samkeppnisaðilum félagsins, en fimm þeirra eiga hluti í félaginu með beinum eða óbeinum hætti þ.e. Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri á óbeint 0,07% eignarhlut, Helgi Júlíusson, framkvæmdastjóri fjármála á óbeint 0,03% eignarhlut, Sigrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar á óbeint 0,01% hlut, Sigurður Long framkvæmdastjóri tækni á óbeint 0,004% eignarhlut og Sigurður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri hönnunar á óbeint 3,93% eignarhlut í félaginu. Sjá kafla 6.2 „Stjórn og yfirstjórn útgefanda“. (Þórunn) Hildur Þórisdóttir og Jóhann Valur Sævarsson eiga ekki eignarhluti í félaginu. Forstjóri og framkvæmdastjórar eru með kaupréttarsamninga við félagið.

Engir aðrir hagsmunaárekstrar eru til staðar vegna skyldustarfa stjórnarmanna, yfirstjórnar og lykilstjórnenda fyrir Bláa Lónið og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og/eða yfirstjórnar og/eða lykilstjórnenda útgefanda.

Útgefandanum er ekki kunnugt um nein samkomulög eða fyrirkomulag við stærstu hluthafa, viðskiptavini, birgja eða aðra um val eða tilnefningu þeirra einstaklinga sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eru æðstu stjórnendur félagsins.

Enginn þeirra einstaklinga sem sitja í stjórn og framkvæmdastjórn félagsins hefur samþykkt takmarkanir á ráðstöfun eignarhluta sinna í hlutum útgefanda innan tiltekins tímabils.

6.3 Undirnefndir stjórnar

Samkvæmt 11. gr. í starfsreglum stjórnar, dagsettum 22. október 2026, skal skipa tvær undirnefndir, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, en þær þarf að skipa eigi síðar en einum mánuði eftir aðalfund. Undirnefndirnar starfa í umboði og á ábyrgð stjórnar. Undirnefndir setja sér starfsreglur sem stjórninni ber að samþykkja. Undirnefndirnar eiga að tryggja að stjórnin fái reglulega upplýsingar um störf þeirra og að minnsta kosti árlega á stjórnin að fá skýrslu frá undirnefndum um störf sín. Það er í höndum stjórnar að ákveða starfskjör nefndarmanna í undirnefndum.

6.3.1 Endurskoðunarnefnd

Bláa Lónið hefur skipað þriggja manna endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd á að vera skipuð þremur einstaklingum sem skulu allir vera óháðir endurskoðendum félagsins. Meirihluti nefndarinnar á jafnframt að vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Jafnframt á einn nefndarmanna að vera óháður daglegum stjórnendum, félaginu og stórum hluthöfum félagsins. Stjórn félagsins metur óhæði nefndarmanna í samræmi við skilyrði í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í nefndina skal skipa árlega, á fyrsta reglulega stjórnarfundi eftir aðalfund félagsins, þó eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Í nefndinni sitja eftirfarandi einstaklingar:

- H. Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi
- Erla Ósk Ásgeirsdóttir, stjórnarmaður

- Ragnar Guðmundsson, stjórnarmaður

Alla fundi endurskoðunarnefndar sitja framkvæmdastjóri fjármála Helgi Júlíusson og lögmaður félagsins Garðar G. Gíslason. Eru þeir nefndarmönnum til aðstoðar.

Verksvið nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga útgefanda og óhæði endurskoðenda þess.

Endurskoðunarnefndin sinnir m.a. eftirfarandi verkefnum:

- Eftirliti sem snýr að vinnuferlum við gerð reikningsskila
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu
- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins, og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins
- Mati á óhæði ytri endurskoðenda og eftirliti með öðrum störfum endurskoðanda
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda
- Önnur verkefni eftir þörfum

Endurskoðunarnefndin skal staðreyna að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Árlega skal endurskoðunarnefndin hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðanda, án viðveru daglegra stjórnenda.

Endurskoðunarnefndin ber ábyrgð á að sinna þeim skyldum sem koma fram í reglum um endurskoðunarnefnd en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreikninga félagsins.

6.3.2 Starfskjaranefnd

Bláa Lónið hefur skipað tveggja manna starfskjaranefnd. Starfskjaranefnd er skipuð í samræmi við starfsreglur stjórnar félagsins og starfar hún í umboði stjórnar sem ber ábyrgð á skipun og störfum nefndarinnar, sbr. 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Í starfskjaranefnd útgefanda sitja eftirfarandi einstaklingar:

- Grímur Sæmundsen, stjórnarformaður
- Jón Sigurðsson, stjórnarmaður

Á fundum starfskjaranefndar sitja einnig Sigríður Margrét Oddsdóttir forstjóri félagsins og Garðar G. Gíslason lögmaður félagsins.

Meginhlutverk starfskjaranefndar er að leggja fram tillögu til stjórnar að starfskjarastefnu félagsins þar sem koma á fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félagsins varðandi samninga við stjórnendur og starfskjör stjórnarmanna. Jafnframt á að koma fram hvort, við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar við grunnlaun.

Starfskjaranefnd er heimilt að leita aðstoðar ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Stjórnin samþykkir starfskjarastefnu félagsins að fenginni tillögu starfskjaranefndar og birtir í tengslum við aðalfund félagsins. Starfskjarastefna á að vera borin upp til samþykktar á aðalfundi félagsins ár hvert, með eða án breytinga.

Upplýsingar um starfskjarastefnu félagsins:

Gildandi starfskjarastefna var samþykkt fyrir félagið á aðalfundi þess þann 19. mars 2026 og samþykkt með uppfærslu er laut að kaupréttarkerfi starfsmanna samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, á hluthafafundi 30. október 2026. Starfskjarastefna félagsins er sett skv. 79. gr. a laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hún byggir á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja og miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk sem vinnur að verkefnum í þeim tilgangi að tryggja velgengni félagsins. Starfskjarastefna félagsins nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnar, forstjóra og annarra stjórnenda, starfsmanna félagsins og dótturfélaga þess. Á aðalfundi félagsins er gerð grein fyrir kjörum stjórnarmanna og stjórnenda félagsins og stjórn skýrir frá framkvæmd áður samþykktrar starfskjarastefnu. Starfskjarastefna félagsins er leiðbeinandi fyrir félagið, stjórn þess og starfskjaranefnd. Hafi verið vikið frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn félagsins færa slík frávik til bókar í fundargerðabók ásamt rökstuðningi og gera á næsta aðalfundi grein fyrir slíkum frávikum. Nánari upplýsingar um starfskjarastefnu félagsins má finna á vefslóð félagsins: https://www.blaalonidhf.is/.

6.4 Laun og hlunnindi stjórnar, yfirstjórnar og nefndarmanna fyrir fjárhagsárið 2025

Á hluthafafundi Bláa Lónsins í apríl 2025 var samþykkt kaupréttaráætlun fyrir stjórnendur og aðra lykilstarfsmenn félagsins. Heildarfjöldi hluta sem heimilt er að veita kauprétt að á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar er 15.000.000 hlutir sem svarar til 1,72% af heildarhlutafé félagsins. Hver stjórnandi félagsins getur að hámarki átt rétt á kaupréttarsamningum sem nemur 15% af úthlutuðum hlutum á hverjum tíma. Um er að ræða fyrstu kaupréttaráætlun félagsins og er henni ætlað að sameina hagsmuni stjórnenda og hluthafa og tryggja sem bestan árangur í rekstri félagsins til framtíðar.

Í október 2025 var gengið frá samningum um kauprétti á grundvelli framangreindrar heimildar. Alls voru veittir 8.000.000 hlutir eða um 0,92% hlutafjár í félaginu.[73] Í janúar 2026 var gengið frá kaupréttarsamningi um 2.250.000 hluti í félaginu eða um 0,25% hlutafjár í félaginu, á þessum sama grundvelli.

Í mars 2026 var gengið frá samningi um starfslok við Grím Sæmundsen, fráfarandi forstjóra félagsins. Felur hann í sér að Grímur fær greidd laun samkvæmt ráðningarsamningi hans við félagið fram til 31. mars 2027 og verður nýjum forstjóra Bláa Lónsins hf. og stjórn félagsins innan handar um upplýsingar og til aðstoðar um yfirfærslu þeirra verkefna sem hann hafði áður með höndum fyrir Bláa Lónið.

Á hluthafafundi sem haldinn var þann 19. mars 2026 var samþykkt breyting á kaupréttaráætlun félagsins sem laut að því að forstjóri félagsins geti átt rétt á kaupréttarsamningum sem nemi 20% af úthlutuðum hlutum á hverjum tíma, í stað 15% í fyrri kaupréttaráætlun. Í ágúst 2026 var gengið frá kaupréttarsamningi um 750.000 hluti eða um 0,08% hlutafjár í félaginu, á grundvelli kaupréttaráætlunar félagsins.

Ráðningarsamningar félagsins við lykilstjórnendur innihalda engin óvenjuleg ákvæði og eru í samræmi við hefðbundna samninga. Félagið hefur ekki lagt greiðslur til hliðar vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða svipaðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir.

[73] Sjá nánar skýringu 19 í samstæðureikningi Bláa Lónsins 2025.

Félagið hefur ekki gert aðra samninga við lykilstjórnendur um greiðslu hlunninda við starfslok. Samningar við lykilstjórnendur kveða á um sex mánaða uppsagnarfrest, en samningur við forstjóra kveður á um 12 mánaða uppsagnarfrest og 11,5% mótframlag í almennan lífeyrissjóð til viðbótar við 4% framlag í séreign.

Upplýsingar um tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og yfirstjórnar á síðastliðnu fjárhagsári eru tilgreindar í töflu hér að neðan.

Tafla 26: Stjórnarmenn og yfirstjórn – Laun og hlunnindi fyrir fjárhagsárið 2025

Fjárhæðir í EUR	**Laun samtals**	**Launatengd gjöld**	**Laun og launatengd gjöld samtals**	**Metin bifreiðahlunnindi**[74]	**Samtals laun, hlunnindi, kaupaukar, framlag í lífeyrissjóð og launatengd gjöld**
Stjórn og forstjóri	1.458.672	160.637	1.619.313	34.903	1.654.216
Framkvæmdastjórn[75]	1.910.476	410.991	2.321.467	90.597	2.412.064
Samtals	**3.369.148**	**571.628**	**3.940.780**	**125.500**	**4.066.280**

Grímur Sæmundsen lét af störfum sem forstjóri Bláa Lónsins í mars 2026 og tók við sem formaður stjórnar. Sigríður Margrét Oddsdóttir tók formlega við starfi forstjóra Bláa Lónsins í mars 2026. Jóhann Valur Sævarsson, framkvæmdastjóri sölu, og (Þórunn) Hildur Þórisdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs, hófu störf í ágúst 2026 og fengu því aðeins fjórir af núverandi sex framkvæmdastjórunum greidd laun, hlunnindi, kaupauka og framlag í lífeyrissjóð frá útgefanda eða dótturfélögum hans á árinu 2025. Eftirfarandi tafla sýnir laun og hlunnindi fyrir fjárhagsárið 2025 miðað við stjórn, forstjóra og framkvæmdastjóra á dagsetningu lýsingar.

Tafla 27: Stjórnarmenn og yfirstjórn – Laun og hlunnindi fyrir fjárhagsárið 2025 miðað við stjórn, forstjóra og framkvæmdastjórn á dagsetningu lýsingar

Fjárhæðir í EUR	**Laun samtals**	**Launatengd gjöld**	**Laun og launatengd gjöld samtals**	**Metin bifreiðahlunnindi**[76]	**Samtals laun, hlunnindi, kaupaukar, framlag í lífeyrissjóð og launatengd gjöld**
Stjórn (fjórir stjórnarmenn)	176.979	35.385	212.364	0	212.364
Framkvæmdastjórn (fjórir lykilstjórnendur)	1.266.239	268.455	1.534.694	60.999	1.595.693
Samtals	**1.443.218**	**303.840**	**1.747.058**	**60.999**	**1.808.057**

[74] Skattalegt mat á bifreiðahlunnindum. Stjórnarmenn fá ekki greidd bifreiðahlunnindi frá félaginu eða dótturfélögum þess.
[75] Sex lykilstjórnendur.
[76] Skattalegt mat á bifreiðahlunnindum. Stjórnarmenn fá ekki greidd bifreiðahlunnindi frá félaginu eða dótturfélögum þess.

Aðalfundur félagsins þann 19. mars 2026 samþykkti fyrir komandi starfsár að laun stjórnarformanns yrðu kr. 1.150.000 á mánuði og laun stjórnarmanna yrðu kr. 575.000 á mánuði. Er um að ræða hækkun um kr. 40.000 á laun stjórnarformanns og kr. 25.000 á laun stjórnarmanna á milli ára.

6.4.1 Tengdir aðilar

Hluthafar sem hafa veruleg áhrif á starfsemi útgefanda, dótturfélög hans, stjórnarmenn, forstjóri, helstu stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra, sem og félög sem þeir ráða yfir, teljast til tengdra aðila skv. reikningsskilastaðli IAS 24, sbr. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 sem innleidd hefur verið með lögum, sbr. 88. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

6.4.1.1 Viðskipti við hluthafa

Hluthafar með veruleg áhrif í árslok 2023 og til dagsetningar lýsingar þessarar voru:

Blávarmi slhf. (var með 36,2% eignarhlut en er nú með 0% eignarhlut), Hvatning ehf. (var með 24,85% eignarhlut en er nú með 0% eignarhlut), Landsbréf Hvatning slhf. (var með 18,0% eignarhlut en er nú með 0% eignarhlut), Stoðir hf. (voru með 7,3% eignarhlut en eru nú með 4,3% eignarhlut). Kólfur ehf. (nú með 24,9% eignarhlut), Lífeyrissjóður verzlunarmanna (nú með 10,5% eignarhlut) og Gildi lífeyrissjóður (nú með 10,2% eignarhlut).

6.4.1.2 Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þar með talið hluthafa sem eiga yfir 5% hlutafjár í félaginu, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn móðurfélagsins, forstjóri, framkvæmdastjórar og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög í þeirra eigu.

Hreyfing hf. kaupir rekstrarvörur og vörur til endursölu af Blue Lagoon Skin Science ehf. Bláa Lónið hf. greiðir fyrir líkamsrækt starfsmanna sinna hjá Hreyfingu hf.

Í júlí skrifaði Bláa Lónið undir samning um kaup á öllu hlutafé í Arctic Adventures hf. kt. 681216-0730. Jón Sigurðsson stjórnarmaður í Bláa Lóninu er forstjóri Stoða sem er stærsti einstaki hluthafinn í Arctic Adventures. Jón tók ekki þátt í ákvörðun stjórnar Bláa Lónsins um kaupin og vegna viðskiptanna lét félagið útbúa sérfræðiskýrslu í samræmi við 95. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Kaupin voru samþykkt á hluthafafundi Bláa Lónsins þann 24. júlí.

Í ágúst 2026 gerði Bláa Lónið samstarfssamning við Þoran Distillery ehf., kt. 680513-0820, Hólmaslóð 6, 101 Reykjavík. Þoran Distillery er íslenskur ginframleiðandi sem hefur þróað og framleiðir bæði áfengan og óáfengan drykk undir nafninu Blue Lagoon Seltzer og ætlaður er til sölu í Bláa Lóninu. Grímur Sæmundsen, stjórnarformaður Bláa Lónsins, á 59,28% hlut í Þoran Distillery ehf. og Sigurður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri hönnunar, á 3% hlut.

Staða krafna eða skulda gagnvart tengdum aðilum í lok hvers tímabils er tekin saman í neðangreindri töflu.

Tafla 28: Viðskiptastöður við tengd félög í lok áranna 2023, 2024 og 2025

Fjárhæðir í evrum	**2025**	**2024**	**2023**
Langtímakröfur á tengd félög	1.396.633	0	300.240
Skammtímakröfur á tengd félög	3.562	315	56.361
Viðskipti við tengd félög á árinu greinast þannig:			
Seldar vörur og þjónusta	293.839	301.170	71.453
Keyptar vörur og þjónusta	68.534	40.517	29.297

Árið 2023 nam sala vöru og þjónustu til tengdra aðila að andvirði EUR 71.453 en kaup á vöru og þjónustu af tengdum aðilum nam EUR 29.297. Í árslok 2023 námu langtímakröfur á tengda aðila EUR 300.240 og skammtímakröfur á tengda aðila námu EUR 56.361.

Seldar vörur og þjónusta til tengdra aðila árið 2024 námu EUR 301.170 og keyptar vörur og þjónusta af tengdum aðilum námu EUR 40.517. Í árslok 2024 námu langtímakröfur á tengda aðila EUR 0 og skammtímakröfur á tengda aðila námu EUR 315.

Seldar vörur og þjónusta til tengdra aðila árið 2025 námu EUR 293.839 og keyptar vörur og þjónusta af tengdum aðilum námu EUR 68.534. Í árslok 2025 námu langtímakröfur á tengda aðila EUR 1.396.633 og skammtímakröfur á tengda aðila námu EUR 3.562.

6.5 Endurskoðendur

Samkvæmt 20. gr. samþykkta félagsins á að kjósa á aðalfundi löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma og skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins. Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Endurskoðandi útgefanda er KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík („**KPMG**“). Ólafur Már Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, og Díana Hilmarsdóttir, löggiltur endurskoðandi, önnuðust endurskoðun reikninga útgefanda og endurskoðuðu og árituðu ársreikninga samstæðunnar fyrir árin 2023, 2024 og 2025. Díana Hilmarsdóttir og Ólafur Már Ólafsson eru í félagi löggiltra endurskoðenda. Engir hlutir í útgefanda eða tengdar afleiður eru í eigu KPMG eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun útgefanda.

KPMG hefur ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til í lýsingunni.

7 Hluthafar og hlutafé

7.1 Hluthafar

Í hlutaskrá Bláa Lónsins voru hluthafar félagsins 103 á dagsetningu útgefandalýsingar þessarar. Þrír hluthafar eiga meira en 10% hlutafjár en þeir eru Kólfur ehf. með 24,85%, Lífeyrissjóður verzlunarmanna með 10,52% og Gildi lífeyrissjóður með 10,17%. Frjálsi lífeyrissjóðurinn á 5,65 hlutafjár. Aðrir hluthafar fara með undir 5% eignarhlut í Bláa Lóninu, sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu.

Tafla 29: Tíu stærstu hluthafar Bláa Lónsins á dagsetningu lýsingar

Hluthafi	**Tegund fjárfestis**	**Fjöldi hluta**	**Hlutfallsleg eign**
Kólfur ehf. [77]	Einkahlutafélag	217.396.070	24,85%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	Lífeyrissjóður	92.011.578	10,52%
Gildi lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	88.946.470	10,17%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Lífeyrissjóður	49.437.266	5,65%
Almenni – Lífsverk lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	39.914.511	4,56%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Lífeyrissjóður	38.869.118	4,44%
Stoðir hf.	Hlutafélag	37.483.406	4,28%
M4 ehf.[78]	Einkahlutafélag	34.413.176	3,93%
Festa lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	33.937.080	3,88%
Birta lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	27.986.480	3,20%
Samtals 10 stærstu		**660.395.155**	**75,49%**
Aðrir útistandandi hlutir		214.239.246	24,50%
Samtals útistandandi hlutir		**874.634.401**	**99,99%**
Eigin hlutir		129.088	0,01%
Útgefnir hlutir samtals		**874.763.489**	**100%**

Enginn hluthafi fer með yfir 30% atkvæðisréttar í félaginu sem eru skilgreind mörk um yfirráð í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um yfirtökur.

Stærsti hluthafi Bláa Lónsins er Kólfur ehf. sem á 24,85% útgefinna hluta í félaginu, sem samsvarar 24,85% atkvæðisréttar. Kólfur ehf. er einkahlutafélag í 50% eigu Gríms Sæmundsen, stjórnarformanns Bláa Lónsins hf. og 50% í eigu eiginkonu Gríms, Bjargar Jónsdóttur. Sjá nánar kafla 6.2.1.2 „Mögulegir hagsmunaárekstrar“.

[77] Kólfur ehf. er í 50% eigu Gríms Sæmundsen, stjórnarformanns Bláa Lónsins hf. og 50% í eigu eiginkonu Gríms, Bjargar Jónsdóttur.

[78] M4 ehf. er í fullri eigu Sigurðar Þorsteinssonar framkvæmdastjóra í Bláa Lóninu.

Annar stærsti hluthafi Bláa Lónsins er Lífeyrissjóður verzlunarmanna sem á 10,52% útgefinna hluta í félaginu, sem samsvarar 10,52% atkvæðisréttar.

Þriðji stærsti hluthafi Bláa Lónsins er Gildi - lífeyrissjóður sem á 10,17% útgefinna hluta í félaginu, sem samsvarar 10,17% atkvæðisréttar.

Fjórði stærsti hluthafi Bláa Lónsins er Frjálsi lífeyrissjóðurinn sem á 5,65% útgefinna hluta í félaginu, sem samsvarar til 5,65% atkvæðisréttar.

Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykkta Bláa Lónsins hf. og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007, um yfirtökur frá þeim tíma að hlutabréf félagsins eru tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland. Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila. Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald í Bláa Lóninu en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. Jafnframt er útgefanda ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu.

Fari aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði verður hann ekki tilboðsskyldur samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Engar söluhömlur eða söluskyldur hvíla á hlutum í Bláa Lóninu eftir að útboði lýkur. Stærstu hluthafar félagsins hafa ekki gengist undir söluhömlur í tengslum við útboðið eða töku hlutabréfa félagsins til viðskipta.

7.2 Hlutafé

Útgefið hlutafé Bláa Lónsins nemur 874.763.489 kr. að nafnverði og skiptist í jafnmarga hluti og krónurnar eru. Allir hlutir hafa þegar verið greiddir. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé.

Bláa Lónið á 129.088 eigin hluti á dagsetningu lýsingar þessarar sem nemur 0,01% af heildarhlutafé. Hlutir í eigu félagsins eða dótturfélags þess veita ekki atkvæðisrétt á meðan þeir eru í eigu félagsins eða dótturfélags þess, eftir því sem leiðir af lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Samkvæmt 9. gr. samþykkta félagsins, dagsettum 30. október 2026, er félaginu óheimilt að veita lán út á hluti sína.

Á aðalfundi í félaginu þann 19. mars 2026 var stjórn félagsins veitt heimild til kaupa á eigin hlutum í félaginu, sem nemur allt að 26.500.000 kr. að nafnverði, að lágmarki á nafnverði en að hámarki á genginu 80 krónum fyrir hvern 1 kr. nafnverðshlut. Heimildin gildir fram til aðalfundar félagsins árið 2027, en þó ekki lengur en til 30. júní 2027, en fellur þá niður að því marki sem hún er enn ónotuð.

7.3 Réttindi

Allir útgefnir hlutir í Bláa Lóninu hf. tilheyra sama flokki og eru jafn réttháir. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum umfram það sem leiðir af lögum og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum[79]. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Hlutabréf fyrir eignarhlutum í Bláa Lóninu hf. eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, Reykjavík, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga (hér eftir „**lög um verðbréfamiðstöðvar**"). Eignaskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal jafngilda skilríkjum um eignarrétt að rafbréfinu gagnvart útgefanda. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær skráning reikningsstofnunar í kerfi verðbréfamiðstöðvar er framkvæmd. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem hafa gert aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni, skv. 6. gr. laga um verðbréfamiðstöðvar.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hlutinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundinum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutafjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan.

7.3.1 Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum félagsins. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta nema lög standi til annars. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Í samræmi við 23. gr. samþykkta félagsins, dagsettum 30. október 2026, má breyta samþykktum þess á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 93. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Tillaga um slit eða skipti á félaginu skal tekin samkvæmt sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 24. gr. samþykkta félagsins. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum að heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit eða skipti félagsins sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Í samræmi við 63. gr. laga um hlutafélög skal við stjórnarkjör gilda sú regla að þeir tveir karlar sem fá flest atkvæði þeirra karla sem eru í framboði til stjórnar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði þeirra kvenna sem eru í framboði skulu teljast réttkjörin. Sá einstaklingur, af hvaða kyni sem er, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal teljast réttkjörinn

[79] Sjá nánar lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

sem stjórnarmaður. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Stjórn félagsins er heimilt að skuldbinda það og er undirskrift þriggja stjórnarmanna nægileg. Félagið má eigi veita lán út á hluti sína.

7.3.2 Arður

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á næstliðnu reikningsári. Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar. Bláa Lónið hefur ekki greitt út arð á tímabilinu sem fjárhagsupplýsingarnar ná til.

Á stjórnarfundi Bláa Lónsins, sem haldinn var 23. september 2026, markaði stjórn félagsins þá stefnu að stefnt sé að því að Bláa Lónið hf. greiði hluthöfum sínum árlegan arð sem nemur 25-50% af hagnaði næstliðins rekstrarárs. Við ákvörðun arðgreiðslna verður m.a. tekið mið af fjármagnsskipan, lausafjárstöðu, fjárfestingarþörf, rekstrarhorfum, óvissu í rekstrarumhverfi og öðrum þáttum sem hafa áhrif á langtímahagsmuni félagsins og hluthafa. Markmið arðgreiðslustefnu Bláa Lónsins hf. er að skila hluthöfum reglulegri og fyrirsjáanlegri arðsemi af fjárfestingu sinni, samhliða því að viðhalda fjárhagslegum styrk og styðja við áframhaldandi vöxt félagsins.

7.4 Hækkun eða lækkun hlutafjár

Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta samkvæmt 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Samkvæmt samþykktum félagsins, dagsettum 30. október 2026, þarf til samþykkis aukningar hlutafjár samþykki hluthafa með 2/3 hlutum greiddra atkvæða sem og samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Heimilt er að víkja frá forgangsréttarákvæði samanber 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Samkvæmt samþykktum Bláa Lónsins dagsettum 30. október 2026 er stjórn félagsins heimilt að hækka hlutafé í félaginu um 15.000.000 kr. að nafnverði, með áskrift nýrra hluta í því skyni að mæta kaupréttarsamningum sem stjórn félagsins kann að gera við stjórnendur félagsins. Gengi hinna nýju hluta skal vera að lágmarki 80 kr. fyrir hverja 1 kr. nafnverðshlut, en að öðru leyti ákveði stjórn félagsins sölugengi og greiðsluskilmála fyrir hina nýju hluti í samræmi við kaupréttaráætlun sem hluthafafundur félagsins hefur samþykkt. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt á hlutum sem gefnir eru út í samræmi við þessa heimild. Nýir hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá og með skráningardegi þeirra. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfu nýrra hluta í samræmi við heimild þessa. Heimild þessi gildir til 10. apríl 2030.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. samþykkta Bláa Lónsins er stjórn félagsins jafnframt heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 326.000.000 kr. að nafnverði með áskrift nýrra hluta í því skyni að efna kaupsamninga sem stjórn félagsins hefur gert við hluthafa Arctic Adventures um kaup á öllu hlutafé í því félagi; við Kjálkanes ehf. um kaup á 36,78% hlutafjár í Norðurböðum hf.; við Kjálkanes ehf. um kaup á 42,84% hlutafjár í Sjóböðum ehf. og við Höld - Baðfélag ehf. um kaup á 11,59% hlutafjár í Norðurböðum hf., allt gegn afhendingu hluta í Bláa Lóninu hf., háð því að Samkeppniseftirlitið veiti samþykki sitt til þess að kaupin gangi í gegn. Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að nýta heimildina til frekari kaupa á hlutafé í Norðurböðum hf. og Jarðböðunum hf. náist samningar um kaup þeirra hluta á sömu forsendum og í viðskiptum við Kjálkanes ehf. og Höld - Baðfélag ehf. Hluthafar útgefanda hafa ekki forgangsrétt til hluta sem gefnir verða út í samræmi við þessa heimild og skulu nýir hlutir veita réttindi í félaginu frá og með skráningardegi þeirra. Stjórn Bláa Lónsins hf. er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfu nýrra hluta í samræmi við þessa heimild. Heimildin gildir fram til 31. desember 2028, en fellur þá niður að því marki sem hún er enn ónotuð. Á dagsetningu lýsingar hafa öll skilyrði í kaupsamningi vegna kaupa félagsins á Arctic Adventures, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, verið uppfyllt.

Á hluthafafundi félagsins þann 30. október 2026 voru samþykktar breytingar á 5. gr. samþykkta Bláa Lónsins. Breytingarnar heimila stjórn félagsins annars vegar að hækka hlutafé í félaginu um allt að 47.000.000 kr. að nafnverði, með áskrift nýrra hluta í því skyni að mæta kaupréttarsamningum sem stjórn félagsins kann að gera við starfsmenn félagsins og dótturfélaga í samræmi við kaupréttaráætlun sem hluthafafundur félagsins hefur samþykkt og hlotið hefur staðfestingu ríkisskattstjóra í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt á hlutum sem gefnir eru út í samræmi við þessa heimild. Heimild þessi gildir til 30. október 2031. Hins vegar voru einnig samþykktar breytingar sem heimila stjórn Bláa Lónsins að auka hlutafé í félaginu um allt að 150.000.000 kr. að nafnverði, með útgáfu nýrra hluta í tengslum við útboð og skráningu hlutabréfa félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt til hluta sem gefnir verða út í samræmi við þessa heimild. Heimild þessi gildir til 31. desember 2027, en fellur þá niður að því marki sem hún er enn ónotuð. Þegar hinir nýju hlutir verða gefnir út mun eignarhlutur hluthafa sem ekki taka þátt í útboðinu þynnast um 14,64%, miðað við útgefið hlutafé félagsins á dagsetningu þessarar útgefandalýsingar.

7.5 Þróun hlutafjár

Á dagsetningu lýsingar þessarar nemur útgefið hlutafé Bláa Lónsins kr. 874.763.489 þar af eru kr. 129.088 í eigu félagsins. Nafnverð hvers hlutar félagsins er ein íslensk króna. Engir nýir hlutir hafa verið gefnir út frá árslokum 2025.

Tafla 30: Þróun hlutafjár 2023-2025

Dagsetning	Útgefið hlutafé	Eigin hlutir	Útistandandi hlutir
31.12.2025	874.763.489	4.510.604	870.252.885
31.12.2024	874.763.489	5.237.301	869.526.188
31.12.2023	874.763.489	0	874.763.489

7.6 Kaupréttir

Í samræmi við gildandi starfskjarastefnu Bláa Lónsins, sem sett er skv. 79. gr. a laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er stjórn félagsins heimilt að veita æðstu stjórnendum félagsins kauprétti á hlutabréfum í félaginu í samræmi við sérstaka kaupréttaráætlun sem hefur hlotið samþykki hluthafafundar félagsins. Heimilt er að úthluta allt að 15.000.000 hlutum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar.

Kaupréttir hafa verið veittir níu lykilstarfsmönnum, samtals 12.083.333 hluti, á grundvelli gildandi kaupréttaráætlunar og starfskjarastefnu félagsins. Samningarnir eru samhljóða og samkvæmt þeim ávinnst kaupréttur jafnt og þétt á þremur árum frá gerð samnings, nýting er heimil á þremur árum þaðan í frá, þriðjungur á hverju ári, sem kaupréttarhafi getur þó flutt milli ára, kjósi hann svo. Kaupréttarverðið er í grunninn 80 kr. fyrir hvern 1 kr. nafnverðshlut miðað við undirritun kaupréttarsamningsins, en skal hækka árlega um 3,5% frá gerð kaupréttarsamningsins og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil, en vextir skulu ekki reiknaðir frekar ef rétthafi kýs að fresta nýtingu kaupréttar til síðara eða síðasta nýtingartímabils. Eftir ávinnslutíma fellur áunninn kaupréttur ekki niður fyrr en nýtingartímabili lýkur.

Hluthafafundur Bláa Lónsins hf., sem haldinn var 30. október 2026, samþykkti áætlun um kauprétt starfsfólks félagsins á hlutum í Bláa Lóninu í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Kaupréttaráætlun félagsins fyrir starfsfólk Bláa Lónsins hf. og dótturfélaga er gerð í samræmi við starfskjarastefnu Bláa Lónsins.

Kaupréttarsamningar, gerðir á grundvelli kaupréttaráætlunar félagsins, munu fela í sér að veittur kaupréttur ávinnist í allt að fimm áföngum á fimm árum frá gerð kaupréttarsamningsins og verði innleysanlegur í áföngum. Samningarnir munu kveða á um að tólf mánuðir hið skemmsta skulu líða frá gerð kaupréttarsamnings og þar til kaupréttur er fyrst nýttur. Einnig verður kveðið á um að kaupréttarhafi verði að eiga keypta hluti í tvö ár hið skemmsta til þess að kaupréttarhafi geti nýtt skattalegar ívilnanir sem felast í áætluninni, sbr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Kaupréttaráætlun Bláa Lónsins nær ekki til verktaka sem starfa fyrir félagið, starfsfólks sem er lausráðið til skamms tíma eða stjórnarmanna félagsins. Þá nær kaupréttaráætlunin heldur ekki til þeirra sem vegna laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra reglna mega ekki eiga hlutabréf í félaginu eða stunda viðskipti með þau.

Markmið kaupréttaráætlunarinnar er að stuðla að langtímaverðmætasköpun með því að tengja hagsmuni starfsfólks, félagsins og dótturfélaga þess og hluthafa félagsins, laða að og halda í framúrskarandi starfsfólk og gefa starfsfólki hlutdeild í árangri félagsins.

8 Fjárfestakynning Bláa Lónsins



Bláa Lónið

Fjárfestakynning | Nóvember 2026

BLÁA LÓNIÐ

Efnisyfirlit

1	Fjárfestingartækifærið	3
2	Bláa Lónið í hnotskurn	6
3	Félagið í dag	11
4	Markaðurinn	23
5	Framtíðaráform	27
6	Fjárhagsyfirlit	38
7	Samantekt	43
8	Hlutafjárútboð og skráning	45
9	Viðauki	54




Fjárfestingartækifærið

Fjárfestingartækifærið

Eitt þekktasta baðlón í heimi
Margverðlaunað, alþjóðlega þekkt vörumerki og fremsti vellíðunaráfangastaður Íslands

Eignasafn um allt land
Dreift safn áfangastaða sem byggja á einstökum náttúruauðlindum Íslands og sérþekkingu félagsins á þróun og rekstri

Arðbær kjarnastarfsemi
Vaxtarfélag með 11% árlegan meðalvöxt tekna[1] síðastliðinn áratug og sterkt sjóðstreymi. EBITDA-framlegð félagsins hefur sögulega verið í kringum 30%

Metnaðarfull þróunarverkefni
Öflugt safn þróunarverkefna styrkir enn frekar stöðu samstæðunnar sem leiðandi ferðaþjónustufélags á Íslandi

Meðbyr í vellíðunarhagkerfinu
Vellíðunarhagkerfið vex hraðar en hagkerfið í heild og gert er ráð fyrir 5–10% árlegum vexti innan fimm helstu geira Bláa Lónsins[2]

Kaup á Arctic Adventures
Breikkar tekjugrunninn og skapar samlegð í dreifileiðum, þekkingu, innviðum og kostnaði. Áætlað er að EBITDA aukist um ~47%[3] við kaupin



1) Árlegur meðalvöxtur (e. CAGR) 2015–2025
2) Heimild: Global Wellness Institute, 2025. Sjá nánar á glæru 24
3) Pro forma EBITDA árið 2027 að meðtalinni 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)

Bláa Lónið hefur nýtt vaxtarskeið

Íslenskt félag, byggt upp í kringum eitt þekktasta baðlón heims, skráir hlutabréf sín á markað til að styðja við áframhaldandi uppbyggingu samstæðunnar

- Bláa Lónið efnir til almenns útboðs og verða hlutabréf félagsins tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
- Skráningin markar tímamót og gefur almennum fjárfestum tækifæri til að taka þátt í næsta vaxtarskeiði íslenskrar ferðaþjónustu og styður við langtímaverðmætasköpun.

10.–13. nóvember 2026
Áskriftartímabil

105 m. EUR[1] (14,6%)
Stærð útboðs miðað við lágmarksgengi (hlutfall af hlutafé eftir útboð)

20. nóvember 2026
Áætlaður fyrsti viðskiptadagur á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland[2]

PRO FORMA ALMENNAR LYKILTÖLUR[4]

~3,2 milljónir
Gestir og viðskiptavinir á ári

80+
Verðlaun og viðurkenningar

7
Kjarnarekstrareiningar[3]

~1.120
Ársverk 2027Á

PRO FORMA FJÁRHAGSLEGAR LYKILTÖLUR[4]

2027Á

291 m. EUR
Tekjur

72 m. EUR
EBITDA

~25%
EBITDA-framlegð

9M 2026

759 m. EUR
Heildareignir

53%
Eiginfjárhlutfall

238 m. EUR
Nettó vaxtaberandi skuldir[5]

1) 14.250 m.kr. umreiknað miðað við EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026
2) Að fengnu samþykki Nasdaq Iceland
3) Bláa Lónið í Svartsengi, The Retreat, Silica Hotel, Blue Lagoon Skin Science, Kerlingarfjöll Highland Base, Fontana og Arctic Adventures
4) Bláa Lónið ásamt Arctic Adventures. Áætlun fyrir 2027 í þessari kynningu byggir á bilinu 182-202 m. EUR fyrir tekjur og 47-51 m. EUR fyrir EBITDA hjá Bláa Lóninu, eins og lýst er í kafla 5.6 í útgefandalýsingu að viðbættri áætlun Arctic Adventures sem gerir ráð fyrir 99 m. EUR tekjum og 21 m. EUR EBITDA árið 2027, auk 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegðar fyrir innleiðingarkostnað, fært í evrur á gengi EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)
5) Að meðtöldum leiguskuldum og framkvæmdafjármögnun

Bláa Lónið í hnotskurn



Vellíðan - Ólík öllu öðru

Bláa Lónið er íslenskt vellíðunarfyrirtæki sem býður upp á upplifanir, vörur og áfangastaði sem eiga sér enga hliðstæðu í heiminum


Upplifunar- og vellíðunarfyrirtæki með skýra stefnu og tilgang

- Samstæða ólíkra en samverkandi rekstrareininga sem spanna náttúruböð og heilsulindir, hágæða hótel og veitingastaði, náttúrutengda afþreyingu og húðvörur sem byggja á vísindalegum rannsóknum.
- Félagið nýtir sérstöðu náttúru Íslands og alþjóðlegan vöxt vellíðunarhagkerfisins í gegnum skýra langtímastefnu.
- Safn einstakra áfangastaða um land allt þar sem reknir eru og þróaðir sérstæðir áfangastaðir, með skýra stefnu um að auka fjölbreytni þjónustuframboðs og ná til gesta á fleiri stigum ferðar þeirra.

Einstakir áfangastaðir

Vellíðan frá upphafi til enda

Tilbúið í næsta vaxtarskeið



Reynslumikil framkvæmdastjórn og stjórn leiða næsta vaxtarskeið

FRAMKVÆMDASTJÓRN



Sigríður M. Oddsdóttir
Forstjóri
mars 2026
Hefur gegnt forstjórastöðu hjá fjölda fyrirtækja á síðustu tveimur áratugum, m.a. Samtökum atvinnulífsins, Lyfju og Já



Helgi Júlíusson
Framkvæmdastjóri fjármála 2022
Áður framkvæmdastjóri Icelandic Tourism Fund og forstjóri Pennans



Sigrún Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri reksturs 2016
Áður mannauðsstjóri Bláa Lónsins og rekstrarráðgjafi



Sigurður Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri hönnunar 2022
Rak Design Group Italia I.D. í 28 ár og hefur starfað með Bláa Lóninu frá 1997



Jóhann V. Sævarsson
Framkvæmdastjóri sölu ágúst 2026
Áður forstöðumaður gagna- og sjálfvirknivæðingar hjá Icelandair



Hildur Þórisdóttir
Framkvæmdastjóri mannauðs ágúst 2026
Áður mannauðsstjóri Festi og tímabundið forstjóri Lyfju



Sigurður Long
Framkvæmdastjóri tækni 2019
Áður framkvæmdastjóri UT hjá Olíuverzlun Íslands og forstöðumaður hjá Össuri

Framkvæmdastjórn og stjórn Bláa Lónsins búa yfir áratuga reynslu af stjórnun á sviði þjónustu, fjármála, húðvara, hönnunar, tækni og rekstrar. Stofnandi félagsins, Grímur Sæmundsen, gegnir áfram virku hlutverki sem stjórnarformaður og tryggir þannig stöðugleika og skýra stefnumörkun þegar samstæðan tekur næstu skref í vexti sínum.

STJÓRN



Grímur Sæmundsen
Stjórnarformaður
Stofnaði Bláa Lónið árið 1992

Ágústa Johnson
Stjórnarmaður
Framkvæmdastjóri Hreyfingar

Erla Ó. Ásgeirsdóttir
Stjórnarmaður
Stjórnarmaður í ýmsum félögum

Jón Sigurðsson
Stjórnarmaður
Forstjóri Stoða

Ragnar Guðmundsson
Stjórnarmaður
Meðeigandi hjá BBA//Fjeldco

Uppruna Bláa Lónsins má rekja hálfa öld aftur í tímann

Frá hliðarafurð jarðvarmavinnslu til margverðlaunaðs vörumerkis á sviði vellíðunar, ferðaþjónustu og húðvara

HELSTU ÁFANGAR



1976
Orkuver reist, baðlón tekur að myndast



1992
Bláa Lónið stofnað, boðið upp á meðferð við psoriasis



1993-1995
Rannsóknarsetur sett á fót, húðvörur koma á markað



1999
Bláa Lónið fært á þann stað þar sem það er í dag



2005
Lækningalind opnar (síðar nefnd Silica Hotel)



2007
Stækkun aðstöðu og opnun Lava Restaurant

2012
Bláa Lónið á lista yfir 25 undur veraldar



2016
Framboð eykst með opnun Silica Hotel í núverandi mynd




2018
The Retreat við Bláa Lónið opnar



2023-2026
Veitingastaðurinn Moss hlýtur Michelin-stjörnu 2023 og hefur haldið henni síðan



2023
Kerlingarfjöll Highland Base opnar á hálendi Íslands



2024
Uppbygging hefst í Þjórsárdal



2024
Endurbætur á gisti- og baðaðstöðu í Hoffelli sem varð hluti af rekstri félagsins



2024-2025
Endurbætur á Bláa Lóninu og Silica Hotel sem juku framboð og upplifun viðskiptavina



2026
Umbreyting á Fontana við Laugarvatn og eignarhlutur aukinn, Fontana verður dótturfélag

2026
Bláa Lónið gengur frá kaupum á öllu hlutafé Arctic Adventures

VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR

Bláa Lónið kaupir allt hlutafé Arctic Adventures

Kaup á rótgrónu íslensku ferðaþjónustufélagi, afhending fer fram í lok nóvember 2026

BLÁA LÓNIÐ

Upplifun, heilsa og vellíðan

- Vellíðunarfélag sem á rætur í íslenskri náttúru og byggir á vísindum, hönnun og gæðum.

STARFSÞÆTTIR

Heilsulindir, lón og náttúruböð



Veitingastaðir



Hótel



Verslanir



192 m. EUR
Tekjur 2027Á[1]

49 m. EUR
EBITDA 2027Á[1]

~780
Ársverk 2027Á

ARCTIC ADVENTURES

Ævintýra- og afþreyingarferðaþjónusta

- Íslenskt ferðaþjónustufélag sem býður upp á yfir 300 ferðir og afþreyingu um allt land.

STARFSÞÆTTIR

Ferðir og afþreying



Áfangastaðir



Hótel



Bílaleiga



99 m. EUR
Tekjur 2027Á[2]

21 m. EUR
EBITDA 2027Á[2]

~340
Ársverk 2027Á

SAMEINAÐ FÉLAG

Lykilaðili í íslenskri ferðaþjónustu

- Með kaupunum sem Samkeppniseftirlitið heimilaði í nóvember 2026 sameinast tvö ferðaþjónustufélög sem styrkja hvort annað: Bláa Lónið, með sterka stöðu í vandaðri vellíðunarþjónustu, upplifunum og alþjóðlegri vörumerkjauppbyggingu, og Arctic Adventures, með sérþekkingu á sviði ævintýra- og upplifunarferðaþjónustu.
- Saman geta félögin nýtt þessa styrkleika til áframhaldandi vaxtar, fjárfestinga og þróunar nýrra upplifana.

291 m. EUR
Tekjur 2027Á

72 m. EUR
EBITDA 2027Á[3]

~1.120
Ársverk

1) Miðað er við áætlun fyrir 2027 eins og lýst er í kafla 5.6 í útgefandalýsingu
2) Fært í evrur á gengi EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026
3) Pro forma EBITDA árið 2027 að meðtalinni 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)

Félagið í dag



Kjarnastarfsemi Bláa Lónsins

Sjö kjarnarekstrareiningar sem sameina vellíðunaráfangastaði, þjónustu og upplifun



FLAGGSKIPIÐ

Bláa Lónið



LÚXUSHÓTEL

The Retreat



VELLÍÐUNARHÓTEL

Silica Hotel



ÁFANGASTAÐUR Á HÁLENDI

Highland Base Kerlingarfjöll



NÁTTÚRUBÖÐ · NÝ VIÐBÓT

Fontana



ALÞJÓÐLEG HÚÐVÖRULÍNA

Blue Lagoon Skin Science



AFÞREYING · NÝ VIÐBÓT

Arctic Adventures

Einn vinsælasti ferðamannastaður Íslands og hjarta samstæðunnar

Heimsþekktur áfangastaður þar sem steinefnaríkur jarðsjór, náttúra, vísindi og hönnun skapa vellíðunarupplifun með mikla sérstöðu

Flaggskip samstæðunnar

- Bláa Lónið hefur tekið á móti á annan tug milljóna gesta frá opnun og verið valið eitt af 25 undrum veraldar.
- Sterk alþjóðleg vörumerkjavitund og sérstaða félagsins styðja við verðlagningu (e. pricing power), á meðan hátt hlutfall fasts kostnaðar gerir félaginu kleift að auka rekstrarhagnað umfram tekjuvöxt.
- Endurbætur sem kláruðust árið 2025 fjölguðu skápum og sturtum í búningsklefum og bættu við nýjum upplifunum í lónið.

LYKILTÖLUR 2027

62%
Nýtingarhlutfall

825 þúsund
Gestir[1]



Lónið
Baðstaður – aðal aðdráttarafl

Kjarnaupplifunin: vönduð upplifun með börum í lóninu, gufuböðum og fjölbreyttum meðferðum



Lava Restaurant
Veitingastaður

Lava Restaurant er byggður inn í 800 ára gamalt hraun og býður upp á fínni mat við bakka Bláa Lónsins



Blue Café
Veitingastaður

Afslappað kaffihús með léttar veitingar – tilvalið fyrir eða eftir heimsókn í lónið



Rannsókn og þróun
Vöruþróun

Jarðhitarannsóknir, nýsköpun í húðvörum og sjálfbærar lausnir

1) Áætlaður fjöldi baðgesta 2027

Margverðlaunað lúxushótel umkringt 800 ára gömlu hrauni

Einkabaðlón, heilsulind og veitingastaður með Michelin-stjörnu – eitt af fimm hótelum á Norðurlöndum með tvo Michelin-lykla

Lúxushótel með einkabaðlón, einstaka heilsulind og Michelin-veitingastað

- Heildstæð dvöl með ótakmörkuðum aðgangi að heilsulind og lóni, persónulegri þjónustu, meðferðum, jóga og sérsniðinni matarupplifun.
- Skýr sérstaða gagnvart alþjóðlegum fimm stjörnu vellíðunarhótelum styður við hátt herbergjaverð og mikla veltu á hvern gest.
- Yfir 35 verðlaun á sviði hönnunar, þjónustu og vellíðunar styrkja alþjóðlegt orðspor og verðlagningarstyrk Retreat.

LYKILTÖLUR 2027

71%
Nýtingarhlutfall

62
Lúxussvítur



Retreat Hotel
Hótel – aðal aðdráttarafl

Opnað árið 2018 – nútímalegar og íburðarmiklar svítur þar sem náttúruleg efni skapa einstök, hlýleg og mínimalísk rými



Retreat Spa
Heilsulind

2.300 m² heilsulind umlukin Retreat-lóninu, þar sem hönnun og jarðsjór mætast



Spa Restaurant
Veitingastaður

Veitingastaður með heillandi andrúmslofti og ljúffengum mat. Fyrir, á meðan eða eftir heimsókn í heilsulindina



Moss Restaurant
Veitingastaður – Michelin-stjarna

Árstíðabundinn smakkseðill, vínkjallari, stórbrotið útsýni og tímalaus hönnun – nýstárleg og skapandi matargerð

Hótel með nær fulla nýtingu og fyrirhugaða stækkun til að mæta eftirspurn

Fjögurra stjörnu hótel sem býður upp á aðgengilegan valkost innan heildarframboðs samstæðunnar

Vellíðunarhótel með einstaka sögu við Bláa Lónið

- Hótelið var opnað árið 2005 undir nafninu Lækningalind með náttúrulegar meðferðir við psoriasis, og sameinar enn meðferðar- og vellíðunarþjónustu.
- Mikil eftirspurn, nálægð við Keflavíkurflugvöll og Bláa Lónið styðja við góða framlegð.
- Fyrirhuguð stækkun bætir við stærri og vandaðri herbergjum ásamt endurbættri heilsulind, meðferðaraðstöðu, veitingaaðstöðu og gufubaði, sem skapar tækifæri til tekjuaukningar.

LYKILTÖLUR 2027

93%
Nýtingarhlutfall

35 herbergi
62 herbergi eftir stækkun



Silica Hotel
Hótel – aðal aðdráttarafl

Opnaði 2005 og var endurbætt 2024-2025. Hótel með 35 björtum, stílhreinum herbergjum og óhindruðu útsýni yfir hraun og lón



Silica-lónið
Baðstaður

Kyrrlátt einkalón með beinu aðgengi frá hótelinu, ásamt heilsulind og meðferðum



Meðferðir
Annað

Frá árinu 1992 hefur verið boðið upp á meðferðir við psoriasis sem byggja á græðandi eiginleikum jarðsjávar Bláa Lónsins



Stækkun Silica
Þróunarverkefni

Eftirspurn hefur stöðugt verið umfram framboð og er stækkun fyrirhuguð til að auka afkastagetu 2029–2030

Einstakur áfangastaður á hálendi Íslands

Staðsett í friðlandi Kerlingarfjalla og sameinar afskekktar óbyggðir og þekkingu Bláa Lónsins á hönnun, þjónustu og vellíðan

Hálendisáfangastaður sem færir samstæðuna inn á svið náttúrutengdrar vellíðunar

- Kjörinn staður fyrir ævintýraþyrsta. Allt frá gönguferðum og fjallahjólreiðum til fjallaskíða- og vélsleðaferða.
- Útvíkkar starfsemi samstæðunnar enn frekar og sýnir getu til uppbyggingar einstakra náttúrutengdra áfangastaða.
- Valið á lista TIME yfir „World's Greatest Places" á fyrsta heila rekstrarárinu, 2024.

LYKILTÖLUR 2027

68%
Nýtingarhlutfall[1]

54
Herbergi, svítur og skálar[2]



Highland Base
Hótel – aðal aðdráttarafl

Opnað 2023 – heildstætt framboð hótelherbergja og svíta, fjallaskála og tjaldsvæðis



Highland Baths
Baðstaður

Steinefnaríkar heitar laugar, kaldur pottur og gufubað á milli fjallanna til slökunar og endurnæringar



Base Restaurant
Veitingastaður

Veitingastaður fyrir 80 gesti með ljúffengum mat og hátíðlegri stemningu



Ferðir og ævintýri
Annað

Fjölbreytt útivist, m.a. gönguferðir, hjólreiðar, vélsleða- og torfæruferðir

1) Árstíðabundin opnun frá júní til og með október, frá árinu 2026
2) 48 herbergi og svítur og 6 einkaskálar

Fontana – Steam by the lake

Náttúruböð við Laugarvatn með hveragufuböðum, hverabakarí og veitingastað

Einstakur áfangastaður við Laugarvatn

- Rótgróinn náttúrubaðstaður á Gullna hringnum, staðsettur á fjölförnustu ferðamannaleið landsins.
- Ósvikin upplifun sem sameinar náttúruböð, gufuböð og útsýni yfir vatnið, veitingastað og ferðir í hverabakaríið.
- Bláa Lónið jók eignarhlut sinn í Fontana úr 56% í 98% árið 2026, sama ár og ný aðstaða opnaði.

LYKILTÖLUR 2027

2x
Aukning í afkastagetu[1]

95 þúsund
Gestir



Fontana
Baðstaður – aðal aðdráttarafl

Endurnýjuð aðstaða opnaði í ágúst 2026. Baðstaður á Suðurlandi við Gullna hringinn



Tengist Laugarvatni
Náttúruböð við vatn

Elstu heimildir um böð við Laugarvatn eru frá því um árið 1000 og árið 1929 reistu heimamenn fyrsta baðhúsið ofan á hver



Hverabakarí
Veitingar og upplifun

Rúgbrauð bakað í heitum hverasandi sem gestir fá að upplifa. Brauðið er bakað í sólarhring og borðað á meðan það er enn heitt



Gufubað yfir hver
Baðstaður – annað

Í gufufylltri hvelfingu kraumar hverinn beint undir og hitinn umlykur gesti ásamt sérstakri lykt og hljóði sjóðandi vatns

1) Hámarksafkastageta tvöfaldaðist með nýju aðstöðunni miðað við fyrri aðstöðu

Alþjóðleg húðvörulína unnin úr jarðsjó Bláa Lónsins

Færir vörumerki Bláa Lónsins inn á alþjóðlegan markað fyrir húðvörur í hæsta gæðaflokki, þar sem vöxtur er óháður afkastagetu áfangastaða

Húðvörustarfsemi með burði til vaxtar sem færir vörumerkið út fyrir áfangastaði félagsins

- Yfir 30 ára rannsóknir og þróun ásamt einkaleyfisvernduðum lífvirkum efnum úr jarðhitaumhverfi mynda grunn að sérstöku vöruframboði með yfir 30 vörum undir merkjum Derma, Spa og BL+.
- Fjölbreyttar söluleiðir ná til eigin verslana við Bláa Lónið, í miðborg Reykjavíkur og á Keflavíkurflugvelli, alþjóðlegrar netverslunar og heildsölu í gegnum valda dreifingaraðila.
- Skýr vaxtartækifæri á lykilmörkuðum með áframhaldandi vöruþróun.

LYKILTÖLUR 2027

23 m. EUR
Tekjur 2027Á

+30
Vörur undir merkjum Derma, Spa og BL+





Eigin verslanir
Smásala

Verslanir undir eigin vörumerki við Bláa Lónið, í miðborg Reykjavíkur og á Keflavíkurflugvelli



Netverslun
Smásala

Alþjóðleg netverslun með beina sölu til neytenda og sendingar á húðvörum um allan heim



Heildsala
Alþjóðleg dreifing

Dreifing í gegnum valda smásala, heildsala og samstarfsaðila á Íslandi og erlendis

Arctic Adventures - Leiðandi upplifunar- og ævintýraferðaþjónustufyrirtæki

Fjölbreyttar tekjustoðir og verðmætir áfangastaðir

Kaupin breikka tekjugrunn félagsins og skapa ný tækifæri fyrir félagið

- Arctic Adventures er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki sem á rætur sínar að rekja til ársins 1983.
- Félagið býður upp á fjölbreytt úrval af ævintýra- og afþreyingarferðum, bæði dagsferðir og lengri ferðir um land allt.
- Félagið á og rekur einnig vinsæla áfangastaði, fjögur hótel undir vörumerkinu Adventure Hotels og ferðabílaleiguna Happy Campers.

LYKILTÖLUR

+300
Ferðir í boði

+1,6 milljónir
Gestir og viðskiptavinir



Ferðir og afþreying
Um land allt – aðal aðdráttarafl

Félagið býður upp á fjölda dagsferða, fjölbreyttar ferðir á jökla, í hella, hvalaskoðun, norðurljósaferðir, köfunarleiðangra og smærri hópferðir



Áfangastaðir
Um land allt

Félagið á og rekur verðmæta áfangastaði um Ísland m.a. Raufarhólshelli, Kerið, Fjaðrárgljúfur og Óbyggðasetrið



Adventure Hotels
Hótel

Félagið rekur fjögur hótel með um 144 herbergi undir vörumerki Adventure Hotels. Þá á félagið 60% hlut í fasteignafélaginu Arctic Circle Hotels ehf.[1]



Bílaleiga
Ný tekjustoð

Á árinu 2025 keypti félagið bílaleiguna Happy Campers og bætti þar með við nýrri tekjustoð

1) Arctic Circle Hotels ehf. er hlutdeildarfélag Arctic Adventures þar sem félagið fer sameiginlega með yfirráð ásamt meðeiganda

Náttúrubaða- og vellíðunaráfangastaðir víðs vegar um Ísland

Stefnumótandi fjárfestingar í vaxandi áfangastöðum



NORÐURLAND · MÝVATN

Jarðböðin

Náttúrubaðlón í eldfjallalandslagi við Mývatn, með steinefnaríku baðvatni og gufuhelli. Aðstaða var endurnýjuð árið 2026.

EBITDA 2025[1]	3,3 m. EUR
EIGNARHLUTUR	40,6% → 69,0%[2]




AUSTURLAND · EGILSSTAÐIR

Vök Baths

Einu fljótandi jarðhitalaugar Íslands, í Urriðavatni, með óhindruðu útsýni yfir vatnið, gufubaði, köldu keri og veitingastaðnum Vök Bistro.

EBITDA 2025[1]	1,5 m. EUR
EIGNARHLUTUR	16,0% → 27,1%[2]




NORÐURLAND · HÚSAVÍK

Sjóböðin

Jarðhituð sjóböð á klettabrún við Skjálfanda. Steinefnaríkar sjólaugar þar sem vatnsflöturinn rennur saman við sjóndeildarhringinn.

EBITDA 2025[1]	0,8 m. EUR
EIGNARHLUTUR	20,8% → 92,7%[2]



REYKJAVÍK

Hreyfing

Heilsu- og vellíðunarklúbbur í háum gæðaflokki sem býður upp á líkamsrækt og heilsulind á höfuðborgarsvæðinu.

EBITDA 2025[1]	1,7 m. EUR
EIGNARHLUTUR	22,0%

1) EBITDA hvers félags í heild, án leiðréttingar fyrir eignarhlut Bláa Lónsins, umreiknað á meðalgengi EUR/ISK 2025: 144,7
2) Áætlaðir eignarhlutir að viðskiptum loknum miðast við undirritaða kaupsamninga þar sem kaupverð er að fullu greitt með hlutum á genginu 95 kr. á hlut, að teknu tilliti til eigin hluta. Frágangur viðskiptanna er háður samþykki Samkeppniseftirlitsins

Einstakt, hágæða eignasafn

Markviss fjárfesting yfir langt tímabil hefur skapað einstakt eignasafn með skýrum tækifærum til frekari uppbyggingar

Vöxtur með fjárfestingu

Bláa Lónið hefur markvisst fjárfest í auknum gæðum, afkastagetu og nýjum tekjustoðum, síðast með uppbyggingu Highland Base í Kerlingarfjöllum, endurbótum á Bláa Lóninu og Silica Hotel ásamt auknum eignarhlut í Fontana. Þessar fjárfestingar hafa skapað einstakt safn áfangastaða og byggt upp þekkingu á þróun, hönnun og rekstri sem þarf til að fjölga og efla áfangastaði í hæsta gæðaflokki.

Tækifæri til frekari vaxtar eru skýr og skilgreind

Fyrirhuguð stækkun Silica Hotel og aukinn eignarhlutur í hlutdeildarfélögum[1] um allt land byggja á núverandi eignum, þekkingu og samstarfi.







1) Með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins

Áfangastaðir Arctic Adventures taka á móti yfir einni milljón gesta á ári

Frekari uppbygging lykiláfangastaða skapar fjölbreytt tækifæri til að auka þjónustu við gesti með því að byggja á sérþekkingu Bláa Lónsins

Fjaðrárgljúfur

Einn vinsælasti áfangastaður Suðurlands, með umtalsverða þróunarmöguleika



~350 þúsund gestir

138 bílastæði

315 hektarar í eigu félagsins

Kerið

Einn fjölsóttasti gjaldskyldi áfangastaður Íslands sem skapar stöðugan tekjugrunn



~680 þúsund gestir

126 bílastæði

24 hektarar í eigu félagsins

Raufarhólshellir

Einstakur heilsársáfangastaður með sterka framlegð og rótgróna markaðsstöðu



~90 þúsund gestir

20+ ára leigusamningur

Markaðurinn




Bláa Lónið starfar í sniðmengi vaxandi undirliða vellíðunarhagkerfisins

Spáð er að vellíðunarhagkerfið á heimsvísu vaxi um 45% og nái 8,8 billjónum evra árið 2029 sem jafngildir 7,7% árlegum meðalvexti frá 2024

Bláa Lónið starfar á þeim sviðum vellíðunarhagkerfisins sem vaxa hraðast og er vel staðsett til að njóta góðs af vexti markaðarins. Ferðamenn sem sækjast eftir vellíðunarupplifunum eru markhópur félagsins og verja að jafnaði hærri fjárhæðum á ferðalögum en ferðamenn almennt sem styrkir enn frekar stöðu áfangastaða sem leggja áherslu á vellíðan.


Heimsvellíðunarhagkerfið nálgast 9 b. EUR

Markaðsstærð vellíðunarhagkerfisins, b. EUR




Hraður vöxtur í kjarnasviðum Bláa Lónsins

Árlegur áætlaður meðalvöxtur, 2024-2029



Vellíðunarferðamenn eyða meiru

Meðaleyðsla í hverri ferð, þús. EUR



Heimild: Global Wellness Institute, 2025
Umreiknað í evrur á gengi 3. nóvember 2026, EUR/USD 1,12


Fjöldi ferðamanna hefur meira en fjórfaldast frá árinu 2008

Fjölgun ferðamanna á Íslandi hefur til lengri tíma litið verið meiri en á heimsvísu og ferðaþjónusta er orðin ein af meginstoðum íslensks hagkerfis

Um 2,3 milljónir ferðamanna komu til Íslands árið 2025, um 4,5 sinnum fleiri en árið 2008. Á sama tíma fjölgaði ferðamönnum á heimsvísu um 70%. Fjöldi ferðamanna hefur náð fyrra hámarki frá 2018 og hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu hefur aukist. Bláa Lónið byggir því á traustum markaði við áframhaldandi uppbyggingu félagsins.


Alþjóðlegur ferðavilji vex

Komur ferðamanna á heimsvísu, milljónir




Ferðamenn á Íslandi eru 4,5 sinnum fleiri en árið 2008

Komur erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll, milljónir



Framlag ferðaþjónustu til landsframleiðslu er meira en tvöfalt hærra á Íslandi en á heimsvísu

Framlag ferðaþjónustu til landsframleiðslu, % af landsframleiðslu



Heimild: UN Tourism, Ferðamálastofa og Hagstofa Íslands

1) Framlag ferðaþjónustu til landsframleiðslu á heimsvísu árið 2025 hefur ekki verið birt


Heilsulindir og baðlón tengja íslenska ferðaþjónustu við vellíðunarhagkerfið

Eftirspurn ferðamanna og aukin ferðalög setja Bláa Lónið í góða stöðu til að leiða þróun ferðaþjónustu á Íslandi

Kjarnastarfsemi Bláa Lónsins – náttúruböð, heilsulindir og vellíðan eru meðal þess sem helst laðar ferðamenn að á Íslandi. Með kaupunum á Arctic Adventures breikkar vöruframboð félagsins og nær til fleiri vinsælla flokka afþreyingar.

Náttúruböð eru vinsælasta afþreying ferðamanna

Hlutfall ferðamanna sem stunda viðkomandi afþreyingu á meðan á dvöl þeirra stendur, %



Þar sem vaxtarstraumarnir mætast

Tvær alþjóðlegar vaxtarbylgjur[1], eitt land

Vellíðunarhagkerfið og ferðaþjónusta hafa vaxið á heimsvísu undanfarinn áratug og Ísland hefur aukið hlutdeild sína á báðum mörkuðum.

Ísland nýtur vaxtar í aukinni eftirspurn

Náttúruböð, heilsulindir og vellíðan eru vinsælasta afþreying ferðamanna á Íslandi og fjölgun gesta skilar sér því beint í auknum útgjöldum til þessara þátta.

Bláa Lónið er í sniðmengi ferðaþjónustu og vellíðunarhagkerfisins

Náttúruböð eru kjarninn í starfsemi Bláa Lónsins. Sterk vörumerkjavitund og verðlagningarstyrkur skapa félaginu forsendur til að leiða vöxt á stækkandi mörkuðum.

Heimild: Ferðamálastofa (2025)

1) Ferðavilji á heimsvísu hefur aldrei verið meiri og vellíðunarhagkerfið vex hraðar en hagkerfið í heild


Framtíðaráform

Bláa Lónið styrkir stöðu Íslands sem leiðandi áfangastaðar í heilsu og vellíðan

Skýr markmið um vöxt og langtímaverðmætasköpun

EINSTAKUR ÁFANGASTAÐUR

Vellíðunarsegull sem byggir á íslenskri náttúru

Jarðhiti, hreint loft, einstök náttúra og alþjóðleg eftirspurn veita félaginu grunn sem fáir áfangastaðir geta keppt við

SKÝR VAXTARLEIÐ

Margar leiðir til langtímaverðmætasköpunar

Skýr tækifæri til að breikka framboðið, auka tekjur á hvern gest og þróa nýja tekjustrauma á næstu 5–10 árum

BYGGT TIL VAXTAR

Rekstrarlíkan hannað fyrir langtímavöxt

Félagið býr yfir þeirri getu, eignum og rekstrarlíkani sem þarf til að framfylgja vaxtarstefnu og vaxa með skilvirkum hætti

TILBÚIÐ FYRIR NÆSTA KAFLA

Grunnur fyrir frekari verðmætasköpun

Skýr stefna og eignir sem styðja hver aðra gera félaginu kleift að sækja fram og skapa aukið virði

Útvíkkun á farsælu rekstrarlíkani

Uppbygging vandaðra áfangastaða og stefnumarkandi kaup marka skýra leið til framtíðarvaxtar

- Bláa Lónið hefur sýnt að það getur þróað og rekið vandaða, náttúrutengda áfangastaði. Mountain Retreat og Glacier Retreat munu yfirfæra þetta líkan á nýja staði.
- Kaupin á Arctic Adventures bæta við breiðara framboði upplifana, víðtækari útbreiðslu um allt land og beinum söluleiðum, sem gerir félaginu kleift að fjölga snertiflötum við ferðamenn.

Mountain Retreat[1]

Í byggingu | Opnar að fullu vorið 2028

Glacier Retreat[1]

Hönnun stendur yfir | Glacier Baths opna 2029 | Glacier Retreat opnar 2031

Kaup á Arctic Adventures

Afhending í nóvember 2026

1) Í 100% eigu Bláa Lónsins







Mountain Retreat – Næsta flaggskip samstæðunnar

Lúxusgisting, náttúruböð og þjónusta við ferðamenn í ósnortnum dal, byggt að fyrirmynd Bláa Lónsins

- Mountain Retreat er í friðlandi Þjórsárdals og er eitt stærsta uppbyggingarverkefni í íslenskri ferðaþjónustu sem mun skapa nýjan áfangastað í fremstu röð.
- Þjórsárdalur sameinar náttúru, menningu og útivist á miðlægum stað nálægt þekktum áfangastöðum Gullna hringsins. Þar bjóðast víðtækir möguleikar til afþreyingar og fjölbreyttar og aðgengilegar upplifanir fyrir ólík áhugamál og allar árstíðir.
- Uppbyggingin sameinar lúxusgistingu, náttúruböð, veitingar, verslun og þjónustu við ferðamenn og byggir á sérþekkingu Bláa Lónsins á þróun, hönnun og rekstri áfangastaða.

STEFNUMARKANDI RÖK

Landfræðileg dreifing
Nýr lykiláfangastaður

Fjölbreyttir tekjustraumar
Gisting, böð, veitingar og verslun

Nýting innviða samstæðunnar
Útvíkkar vörumerki og rekstur Bláa Lónsins

Mountain Retreat

Lúxushótel með 40 herbergjum, byggt inn í landslagið, með 10 svítum, VIP-setustofu, veitingastað og kaffihúsi



Fjallaböðin

Náttúruböð byggð inn í fjallshlíðina, hönnuð sem miðpunktur vellíðunar á áfangastaðnum



Gestastofa


Hliðið að Þjórsárdal og hálendinu með móttöku, sýningu, bíósal, veitingum og verslun, ásamt allt að 40 smáhýsum og tjaldsvæði



Frá uppbyggingu til áfangastaðar

Áfangaskipt uppbygging sem sameinar lúxusgistingu, náttúruböð og innviði fyrir ferðamenn í Þjórsárdal

- Uppbygging í Þjórsárdal er komin af hönnunar- og undirbúningsstigi á fullt framkvæmdastig og eru aðskildir verkþættir unnir samhliða.
- Gert er ráð fyrir að framkvæmdum á stuðningsinnviðum og gestastofu ljúki á undan Mountain Retreat og Fjallaböðunum og að opnun verði vorið 2028.
- Í lok 3. ársfjórðungs 2026 nam heildarfjárfesting í verkefninu 71 m. EUR. Verkefnið er að fullu fjármagnað og á áætlun hvað varðar kostnað og tíma.



LYKILTÖLUR

2028
Áætluð opnun

139 m. EUR
Áætluð heildarfjárfesting[2]

64 - 70 m. EUR
Tekjur við full afköst[3]

30% - 35%
EBITDA % við full afköst[3]



1) Gert er ráð fyrir að fyrstu 21 smáhýsin verði tilbúin í júní 2027
2) Umreiknað á gengi EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026
3) Um fjórum árum eftir opnun. Byggt á viðskiptaáætlun félagsins; framsýnt mat sem er háð óvissu og raunveruleg niðurstaða getur orðið önnur

Mountain Retreat







Fjallaböðin







Gestastofa







Glacier Retreat – Náttúrubaða- og vellíðunaráfangastaður við rætur Vatnajökuls

Áfangastaður sem sameinar náttúruböð og vandaða gistingu í jöklaumhverfi

Áfangi I
Glacier Baths (2029)

Náttúruböð þar sem náttúrulegur hiti mætir jöklalandslagi

Áfangi II
Glacier Retreat (2031)

Vandað vellíðunarhótel með útsýni yfir jökulinn

- Bláa Lónið hefur tryggt sér jörðina Hoffell við Vatnajökul, stærsta jökul Evrópu. Jörðin nær að mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs, sem er á heimsminjaskrá UNESCO, og er eitt af fáum svæðum á Suðausturlandi þar sem jarðhita er að finna.
- Verkefnið er hannað til að ganga lengra en hefðbundin viðmið um vistvæna mannvirkjagerð og setja ný viðmið þar sem sjálfbærni er hluti af upplifun gesta. Uppbyggingin verður í tveimur áföngum: fyrst Glacier Baths, sem hönnuð eru í kringum samspil jarðhitavatns og jöklalandslags, og síðan Glacier Retreat, vandað hótel þar sem gestir geta upplifað, fylgst með og öðlast betri skilning á áhrifum loftslagsbreytinga í síbreytilegu landslagi stærsta jökuls Evrópu.
- Hönnun er í samstarfi við Arup, alþjóðlegt fyrirtæki með yfir 18.000 hönnuði, ráðgjafa og sérfræðinga sem helga sig sjálfbærri þróun og betri heimi. Umhverfismat, sem félagið er að láta vinna, að eigin frumkvæði, stendur nú yfir.





Kaup á leiðandi íslensku ferðaþjónustufélagi

Eykur landfræðilega dreifingu, styrkir eigin dreifileiðir og breikkar úrval upplifana fyrir gesti



Umsvifamikið félag á vaxandi markaði

- Arctic Adventures er leiðandi íslenskt ferðaþjónustufélag sem býður upp á yfir 300 ferðir og afþreyingu, m.a. jöklagöngur, íshellaferðir, köfunarferðir og norðurljósaferðir.
- Rekur eigin bókunarvefi fyrir beinar bókanir viðskiptavina og safn einstakra áfangastaða á borð við Kerið, Fjaðrárgljúfur og Raufarhólshelli.

Arctic Adventures verður hluti af samstæðunni í nóvember 2026

- Viðskiptin mynda breiða samstæðu á sviði vellíðunar og ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir töluverðri kostnaðarsamlegð sem og að viðskiptin breikki tekjugrunn samstæðunnar og auki fjölbreytni hans.
- Árið 2026 er áætlað að tekjur Arctic Adventures verði 93 m. EUR og EBITDA 19 m. EUR, án einskiptiskostnaðar.[1]

Samlegðartækifæri eru m.a.

- Tækifæri til að bjóða viðskiptavinum breiðara úrval upplifana innan sameinaðs eignasafns með nýtingu eigin söluleiða og bókunarkerfa.
- Samlegð í markaðsmálum, sameiginleg stoðþjónusta og stærðarhagkvæmni.
- Áframhaldandi þróun einstakra áfangastaða í eigu Arctic Adventures með nýtingu sérþekkingar Bláa Lónsins.

LYKILTÖLUR ARCTIC ADVENTURES

99 m. EUR
Tekjur 2027Á[1]

14%
Árlegur meðalvöxtur tekna[2]

5
Kaup á félögum frá 2023[3]

21 m. EUR
EBITDA 2027Á[1]

~60%
Af sölu á eigin vef

+1,6 m.
Gestir og viðskiptavinir

STARFSÞÆTTIR

Afþreying
~460 þús.
Viðskiptavinir

Áfangastaðir
~1,1 m.
Heimsóknir

Hótel
144
Herbergi

Bílaleiga
~250
Húsbílar


Fasteignir
~8.500
m² fasteignir[4]

Heimild: Ársreikningar og vefsíða félagsins
1) Umreiknað á gengi EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026
2) Árlegur meðalvöxtur (e. CAGR) 2017–2025
3) Snowmobile, Kerið, Special Tours, Fjaðrárgljúfur og Happy Campers
4) Fasteignir í eigu Arctic Circle Hotels ehf.

Fjölbreytt framboð ferða, áfangastaða og hótela


Eignasafn sem samanstendur af áfangastöðum og þjónustu við ferðamenn víðs vegar um landið

- Áfangastaðir
- Ferðir og afþreying
- Hótel
- Bílaleiga







































1. Happy Campers
2. Hvalasafnið
3. Hvalaskoðun Reykjavík
4. Raufarhólshellir
5. Silfra
6. Kerið
7. Jöklaferðir
8. Fjaðrárgljúfur
9. Adventure Hotel Geirland
10. Adventure Hotel Hof
11. Óbyggðasetur Íslands
12. Hvalaskoðun Akureyri
13. Snjósleðaferðir
14. Into the Glacier
15. Adventure Hotel Hellissandur

Fjölbreyttari upplifun og heildstætt vellíðunarferðalag

Kaupin eru greidd að fullu með hlutabréfum og sameina rekstur sem fellur vel saman, skapa skýra kostnaðarsamlegð og fjölbreyttari tekjugrunn

VIÐSKIPTIN

100%
Hlutur keyptur í Arctic Adventures

23,4 ma.kr.
Virði hlutafjár

81% / 19%
Eignarhlutur BL / AA eftir útboð og við lok viðskipta[1]

9,3x (8,4x[4])
EV/EBITDA 2027Á[2]

Starfsemi félaganna fellur vel saman

- Kaupin sameina sérþekkingu Bláa Lónsins á vellíðunarferðaþjónustu og hótelrekstri við starfsemi Arctic Adventures á sviði afþreyingar, áfangastaða og bílaleigu.

Aukin hlutdeild í útgjöldum ferðamanna

- Fjölbreyttara þjónustuframboð skapar tækifæri til krosssölu og betri nýtingar eigin sölurása og innviða.

Sterkari grunnur fyrir vöxt um land allt

- Sterkt vörumerki Bláa Lónsins og sérþekking á uppbyggingu áfangastaða, ásamt öflugum sölu- og rekstrarinnviðum Arctic Adventures, styðja við vöxt, aukna arðsemi og fjölbreyttari tekjustofna.

Kaupunum lýkur í nóvember 2026


- Kaupsamningur undirritaður 15. júlí 2026. Samkeppniseftirlitið samþykkti kaupin án skilyrða 2. nóvember 2026 og hafa þar með öll skilyrði kaupsamnings verið uppfyllt.

Áætluð árleg kostnaðarsamlegð nemur 4-6 m. EUR við fulla innleiðingu[3]

- Fyrir mögulegan innleiðingarkostnað. Gert er ráð fyrir að 50% samlegðar náist árið 2027, 80% árið 2028 og 100% árið 2029.

~47% hækkun á áætlaðri EBITDA Bláa Lónsins 2027, á pro forma grunni

m. EUR



SAMLEGÐARTÆKIFÆRI

Tekjusamlegð (ómagnsett)

Samnýting sölurása
Samþætt framboð afþreyingar, hótela og baðlóna

Eigin dreifileiðir
Aukin bein sala í gegnum sameiginlegar vefsíður, CRM-kerfi og bókunarkerfi

Sameiginlegt markaðsstarf
Víðtækara umfang og hagkvæmari viðskiptaöflun

Þróun áfangastaða
Sérþekking Bláa Lónsins nýtt til frekari þróunar áfangastaða Arctic Adventures

Kostnaðarsamlegð (magnsett)

Samnýting á stoðþjónustu
Fjármál, mannauðsmál, upplýsingatækni, þjónusta við viðskiptavini

Innkaup og stærðarhagkvæmni
Betri kjör hjá birgjum og þjónustuaðilum

1) Eignarhlutföll miðast við útistandandi hlutabréf eftir hlutafjárútboðið og viðskiptin, að meðtöldum hlutabréfum sem gefin verða út til hluthafa Arctic Adventures
2) EV/EBITDA 2027Á Arctic Adventures í viðskiptunum byggir á áætlaðri EBITDA 2027Á, að meðtalinni 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029). Nettó vaxtaberandi skuldir, aðrar eignir og hlutdeild minnihluta miðast við fyrstu níu mánuði ársins 2026
3) Umreiknað á gengi EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026
4) EV / EBITDA 8,4x byggir á EBITDA 2027Á að meðtalinni fullri kostnaðarsamlegð, að fjárhæð 5,1 m. EUR, fyrir innleiðingarkostnað

Starfsemi um allt land og möguleikar til frekari vaxtar

Rekstrareiningar, stefnumarkandi fjárfestingar og þróunarverkefni víðs vegar um Ísland

REKSTRAREININGAR

BLUE LAGOON ICELAND

The Retreat BY BLUE LAGOON

Silica Hotel BY BLUE LAGOON

HIGHLAND BASE KERLINGARFJÖLL

BLUE LAGOON SKIN SCIENCE

FONTANA

arctic adventures

DÓTTURFÉLÖG OG HLUTDEILDARFÉLÖG

Earth Lagoon Mývatn [1]

geosea [1]

vök baths [2]

HREYFING

ÞRÓUNARVERKEFNI

MOUNTAIN RETREAT
ÞJÓRSÁRDALUR

GLACIER RETREAT
HOFFELLSJÖKULL



1) Viðskipti sem leiða til meirihlutaeignar, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins
2) Aukinn eignarhlutur, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins

Fjárhagsyfirlit




Áætlað að tekjur verði þær hæstu í sögu félagsins og að framlegð styrkist

Rekstur Bláa Lónsins hefur sýnt viðnámsþrótt gagnvart ytri áföllum undanfarin ár

Áætlað er að tekjur nái nýjum hæðum næstu tvö ár

Heildartekjur, m. EUR




11%
Árlegur meðalvöxtur (e. CAGR), 2015-2025

Viðsnúningur fylgdi bæði COVID-19 faraldrinum og lokunum vegna jarðhræringa árið 2024. Tekjur náðu nýju hámarki árið 2025 og er gert ráð fyrir frekari tekjuaukningu árin 2026 og 2027 með kaupunum á Arctic Adventures.

EBITDA-framlegð heldur áfram að styrkjast eftir rekstrartruflanir

EBITDA, m. EUR, %



31%
Söguleg meðal EBITDA framlegð[3]

EBITDA-framlegð hefur aukist jafnt og þétt frá árunum sem einkenndust af lokunum í rekstri. Gert er ráð fyrir aukningu í EBITDA-framlegð samhliða því að rekstur færist í eðlilegt horf og félagið sameinast Arctic Adventures.

Heimild: Fjárhagsupplýsingar félagsins


1) Áætlun Bláa Lónsins fyrir árin 2026 og 2027 í þessari fjárfestakynningu er innan þess bils sem lýst er í kafla 5.6 í lýsingu félagsins (útgefandalýsingu). Að viðbættri áætlun Arctic Adventures fyrir 2027 með 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)
2) Árið 2023 var fyrsta ár IFRS-reikningsskila. Tölur fyrir fyrri ár byggja á eldri reikningsskilaaðferðum og eru því ekki að öllu leyti samanburðarhæfar
3) 2015-2025, að undanskildum COVID-19 árum (2020-2021) og árinu 2024 vegna jarðhræringa
4) EBITDA áætlun 2026 er án einskiptiskostnaðar

Aukin fjárfesting byggir undir framtíðarvöxt félagsins

Viðhaldsfjárfestingar haldast stöðugar í ~4% af bókfærðu virði rekstrarfjármuna, neikvætt veltufé styður við áframhaldandi uppbyggingu

Fjárfestingar hafa aukist til að styðja við næsta vaxtarskeið

Fjárfestingar, m. EUR




~4%
Viðhaldsfjárfestingar % af bókfærðu virði[3]

Áætlaðar viðhaldsfjárfestingar á komandi árum nema 11 m. EUR vegna reglubundins viðhalds á Bláa Lóninu og að meðaltali 3 m. EUR vegna umfangsmeiri endurbóta sem ráðist er í á nokkurra ára fresti. Við þetta bætist viðhald á eignum Arctic Adventures sem er áætlað 6 m. EUR 2027.

Veltufjárbinding að jafnaði neikvæð[2]

Veltufjárbinding, m. EUR



(5) m. EUR
Meðalveltufjárbinding

Viðskiptavinir greiða fyrirfram á meðan birgjar veita greiðslufrest. Þetta heldur veltufjárbindingu neikvæðri og gerir Bláa Lóninu kleift að nýta handbært fé strax til að fjármagna rekstur og vöxt. Það sama gildir um rekstur Arctic Adventures og veltufjárbinding samstæðu verður því að jafnaði neikvæð.

Heimild: Fjárhagsupplýsingar félagsins
1) 11 m. EUR vegna reglubundins viðhalds Bláa Lónsins, 6 m. EUR vegna reglubundins viðhalds Arctic Adventures og 9 m. EUR vegna endurbóta núverandi eigna sem ekki teljast sem hefðbundið viðhald. Vaxtarfjárfesting Bláa Lónsins nemur 43 m. EUR og vaxtarfjárfesting Arctic Adventures nemur 11 m. EUR
2) Fyrirframinnheimtar tekjur voru færðar meðal viðskiptaskulda fyrir árið 2021
3) Bókfært virði rekstrarfjármuna Bláa Lónsins án Arctic Adventures

Umfangsmiklir rekstrarfjármunir og sterkt eiginfjárhlutfall

Eignir Bláa Lónsins nema 759 m. EUR eftir kaupin á Arctic Adventures - eigið fé er yfir helmingur af heildarfjármögnun félagsins

Rúmlega helmingur eigna er bundinn í rekstrarfjármunum

759 m. EUR
Eignir



404 m. EUR
Rekstrarfjármunir

Bláa Lónið á helstu byggingar í rekstri félagsins og hefur tryggt langtímaréttindi yfir landi og jarðhitaauðlindum.

95 m. EUR
Aðrar eignir

Þróunareignir nema 72 m. EUR og eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum eignum 24 m. EUR, sem veitir fjárfestum hlutdeild í framtíðarvexti umfram núverandi kjarnastarfsemi.

Eigið fé er 53% af heildarfjármögnun

759 m. EUR
Eigið fé og skuldir



238 m. EUR
Nettó vaxtaberandi skuldir

Stór hluti skulda félagsins er langtímaskuldir í evrum, auk sérstakrar framkvæmdafjármögnunar að fjárhæð 58 m. EUR vegna uppbyggingarverkefna. Að undanskilinni framkvæmdafjármögnun nemur hlutfall nettó vaxtaberandi skulda af EBITDA árið 2027 2,5x[1].

5,7%
Vigtað CoD[2]

Um 96% langtímaskulda Bláa Lónsins án Arctic Adventures eru í evrum og bera breytilega vexti með hagstæðu föstu meðalálagi sem nemur 3,1% ofan á 3 mánaða EURIBOR.

Heimild: Fjárhagsupplýsingar félagsins, Pro forma með Arctic Adventures 9M 2026
1) Þróunareignir félagsins skila ekki EBITDA á árinu 2027
2) Veginn kostnaður skulda (e. weighted cost of debt) Bláa Lónsins, án framkvæmdafjármögnunar og án Arctic Adventures

Áætlun um áframhaldandi vöxt

Aukin EBITDA árið 2027 styrkir stöðu Bláa Lónsins til næstu ára

Rekstraráætlun ársins 2027 gerir ráð fyrir áframhaldandi innri vexti í framhaldi af endurbótum á aðstöðu Bláa Lónsins. Auk þess skilar Fontana, nú dótturfélag, tekjum allt árið eftir alhliða umbreytingu, en þar var lokað hluta árs 2026 vegna framkvæmda.


Áætlunin tekur mið af hækkun virðisaukaskatts úr 11% í 24% og gerir ráð fyrir 2,3 milljónum ferðamanna til Íslands. Skipulagsbreytingar, breytt áhersla Skin Science á lykilmarkaði og árstíðabundinn rekstur Highland Base Kerlingarfjöll styðja við aukna arðsemi.

Áætlað er að kaupin á Arctic Adventures, vænt samlegðaráhrif og aukning eignarhlutar í hlutdeildarfélögum muni stuðla að frekari rekstrarbata árið 2027.

Fjárfestingar verða áfram háar árið 2027, einkum vegna uppbyggingar í Þjórsárdal, þar sem 93% af heildarfjárfestingu verður lokið í árslok. Einnig verður fjárfest í bættri aðkomu að Bláa Lóninu. Vaxtarfjárfestingar Arctic Adventures beinast að uppbyggingu áfangastaða, auknu þjónustuframboði og nýjum dreifileiðum sem styðja við tekjuvöxt og bætta arðsemi.


Pro forma EBITDA er áætluð 75 m. EUR[1]

m. EUR



Fjárfestingar 2027 styðja við áframhaldandi vöxt og uppbyggingu félagsins[4]

m. EUR



Heimild: Fjárhagsupplýsingar félagsins

1) Miðgildi áætlunarbils fyrir árin 2026 og 2027, eins og því er lýst í kafla 5.6 í útgefandalýsingu. EBITDA áætlun 2026 án einskiptiskostnaðar
2) Áætluð EBITDA Arctic Adventures árið 2027, umreiknað á gengi EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026, að meðtalinni 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)
3) Gert er ráð fyrir að Jarðböðin og Sjóböðin verði dótturfélög, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Útreikningar miðast við fyrirhugaðan endanlegan eignarhlut í hvoru félagi og EBITDA þeirra árið 2025
4) Fjárfestingar í Mountain Retreat nema 96% og Glacier Retreat 4% af vaxtarfjárfestingum Bláa Lónsins. Fjárfestingar Arctic Adventures eru nettó fjárfestingar og taka tillit til sölu rekstrarfjármuna

Samantekt



Bláa Lónið er vellíðunarfyrirtæki með skýra framtíðarsýn

Skýr tilgangur sem byggir á íslenskri náttúru, vísindum, hönnun og gæðum

Einstakt vörumerki í leiðandi stöðu

Sterkt, vel þekkt vörumerki og samþætt heilsu- og upplifunarfyrirtæki á traustum fjárhagslegum grunni.

Sannreyndur viðnámsþróttur

Gestafjöldi og tekjur á hvern gest hafa náð sér eftir fyrri raskanir. Tekjur hafa náð nýjum hæðum og gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti.

Starfsemi um land allt

Einstakar náttúruauðlindir og öflugur rekstur víðs vegar um landið skapa sterkan grunn fyrir frekari uppbyggingu.

Vaxandi markaður

Heilsu- og upplifunarferðaþjónusta er í örum vexti og sífellt fleiri nýta sér heilsulindir, böð og aðra heilsutengda upplifun á ferðalögum sínum.

Skýr sýn á vöxt

Nýir áfangastaðir víðs vegar um landið munu skapa nýja tekjustrauma og móta framtíð íslenskrar ferðaþjónustu.

VEGFERÐIN HELDUR ÁFRAM – HELSTU ÁFANGAR FRAMUNDAN



2026-2027

Arctic Adventures og hlutdeildarfélög

Kaup á rótgrónu fyrirtæki í ferðaþjónustu og aukinn eignarhlutur í hlutdeildarfélögum.[1]



2027-2028

Mountain Retreat, Fjallaböðin og Gestastofa í Þjórsárdal

Stærsta uppbyggingarverkefni félagsins. Verkefnið er staðsett í friðlandi í nálægð við helstu áfangastaði Íslands og mun meðal annars samanstanda af 40 herbergja lúxushóteli, náttúruböðum og gestastofu.



2028–2029 og 2030-2031

Glacier Baths og Glacier Retreat

Opnun Glacier Baths og Glacier Retreat við Vatnajökul og heimsminjasvæði UNESCO, á einum af fáum stöðum á Suðausturlandi þar sem jarðhiti er til staðar.



2029-2030

Stækkun Silica Hotel

Frumhönnun verkefnisins stendur yfir.

1) Kaupin á hlutdeildarfélögunum eru með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins

Hlutafjárútboð og skráning

Áætluð tímasetning hlutafjárútboðs og skráningar

Áskriftartímabil útboðsins hefst 10. nóvember og lýkur 13. nóvember 2026



10. NÓVEMBER

Opinn fjárfestafundur í Hörpu kl. 10:00

6. NÓVEMBER

Birting lýsingar

10. – 13. NÓVEMBER

Áskriftartímabil

Áskriftartímabilið hefst klukkan 10:00 þann 10. nóvember og lýkur klukkan 16:00 þann 13. nóvember

16. NÓVEMBER

Tilkynning um úthlutun[1]

18. NÓVEMBER

Gjalddagi og lokadagur greiðslu

20. NÓVEMBER

Áætlaður fyrsti viðskiptadagur á Nasdaq Iceland[2]

Afhending hlutabréfa eigi síðar en 20. nóvember

https://www.landsbankinn.is/blaalonid

1) Tilkynning um úthlutun verður send eigi síðar en 16. nóvember 2026

2) Að fengnu samþykki Nasdaq Iceland

Helstu skilmálar hlutafjárútboðsins

Bláa Lónið mun gefa út og selja 150.000.000 nýja hluti í útboðinu á lágmarksgenginu 95 kr. á hlut, sem samsvarar 14.250 m.kr.[1]

	Tilboðsbók A Áskriftir að fjárhæð 100.000–20.000.000 kr.	Tilboðsbók B Áskriftir að fjárhæð yfir 20.000.000 kr.
Útboðsgengi	Fast gengi, 95 kr. á hlut	Lágmarksgengi 95 kr. á hlut, hollenskt útboð
Stærð útboðs	45.000.000 hlutir (30% af útboði)	105.000.000 hlutir (70% af útboði)
Áskriftarfjárhæðir	Lágmarksáskrift 100.000 kr. Hámarksáskrift 20.000.000 kr.	Lágmarksáskrift yfir 20.000.000 kr. Hámarksáskrift sem nemur heildarstærð útboðsins
Úthlutunarreglur	Stjórn félagsins hefur einhliða heimild til að ákveða úthlutun hlutabréfa. Komi til umframáskriftar verður leitast við að úthluta áskriftum undir 1.000.000 kr. að fullu, en samsvarandi viðmið fyrir starfsmenn Bláa Lónsins er 5.000.000 kr.	
Áskriftartímabil	Frá kl. 10:00 þann 10. nóvember 2026 til kl. 16:00 þann 13. nóvember 2026	
Annað	Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar eigi síðar en mánudaginn 16. nóvember 2026. Landsbankinn hf. og Fossar fjárfestingarbanki hf. hafa verið ráðnir af útgefanda til að hafa umsjón með útboðinu og mun Landsbankinn hf. hafa umsjón með töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Nánari upplýsingar um útboðið má nálgast með tölvupósti á BL@landsbankinn.is og BL@fossar.is	

1) Jafngildir 105 m. EUR. Umreiknað miðað við EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026

Hlutafjárútboð, verðlagning og ráðstöfun söluandvirðis

Lágmarksgengi í útboði 95 kr. á hlut jafngildir 610 m. EUR eiginfjárvirði fyrir útboð (e. pre-money) og 715 m. EUR eftir útboð (e. post-money)

95 kr.
Lágmarksgengi í útboði

715 m. EUR
Virði eigin fjár eftir útboð[1]

14,6%
Hlutfall nýrra hluta af heildarhlutafé eftir útboð

105 m. EUR
Stærð útboðs[1]


Bláa Lónið hyggst gefa út og selja 150 milljónir nýrra hluta í útboðinu. Hlutfall nýrra hluta af heildarhlutafé eftir útboð mun nema 14,6%.

Andvirði útboðsins verður nýtt til að styðja við yfirstandandi uppbyggingarverkefni Bláa Lónsins, meðal annars Mountain Retreat og Glacier Retreat, styrkja efnahagsreikning félagsins og styðja við áframhaldandi rekstur og framtíðaráform.

Lágmarksgengi í útboði 95 kr. á hlut felur í sér 610 m. EUR virði eigin fjár og 709 m. EUR rekstrarvirði fyrir útboð.

Eiginfjárbrú í hlutafjárútboði[1]

m. EUR



Framsetning byggir á stöðu Bláa Lónsins fyrir kaup á Arctic Adventures
1) Miðað við lágmarksgengi í útboði 95 kr. á hlut, umreiknað í evrur miðað við EUR/ISK 136,2 þann 3. nóvember 2026
2) Nettó vaxtaberandi skuldir samanstanda af langtímalánum, framkvæmdafjármögnun, skammtímalánum, næsta árs afborgunum langtímalána og leiguskuldbindingum, að frádregnu handbæru fé og ígildi þess
3) Þróunareignir tengjast nær alfarið Mountain Retreat
4) Aðrar eignir samanstanda af eignarhlutum í hlutdeildarfélögum og eignarhlutum í öðrum félögum, að frádreginni hlutdeild minnihluta

Bláa Lónið ásamt Arctic Adventures

EV/EBITDA Bláa Lónsins auk Arctic Adventures er 12,8x horft til áætlaðrar EBITDA 2027

BLUE LAGOON ICELAND

arctic adventures


Miðað við lágmarksgengi í útboði 95 kr. á hlut og að loknum kaupum á Arctic Adventures nemur virði eigin fjár 887 m. EUR. Að útboði loknu er þynning hluthafa Bláa Lónsins eftir kaupin á Arctic Adventures 19,4%.

Með Arctic Adventures er áætlað að EBITDA árið 2027 aukist um 47% og nemi 72 m. EUR[1]. Miðað við rekstrarvirði 926 m. EUR jafngildir EV / EBITDA 2027Á 12,8x.[1]

Í fyrirhuguðum viðskiptum með hlutdeildarfélög verða gefnir út 25 milljón nýir hlutir í Bláa Lóninu á genginu 95 kr. á hlut. Að viðskiptunum loknum er áætlað að EBITDA 2027Á nemi 75 m. EUR.[2]

Brú frá virði eigin fjár í rekstrarvirði (e. Enterprise value)

(m. EUR)



72 m. EUR
EBITDA 2027Á[1]
Bláa Lónið ásamt Arctic Adventures

12,8x (12,4x)[5]
EV / EBITDA 2027Á[1]
Bláa Lónið ásamt Arctic Adventures


Fjárhæðir fyrir Arctic Adventures umreiknaðar í evrur miðað við EUR/ISK gengi 136,2 þann 3. nóvember 2026

1) Pro forma EBITDA árið 2027 að meðtalinni 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)
2) Frágangur viðskipta með aukinn eignarhlut í hlutdeildarfélögum er háður samþykki Samkeppniseftirlitsins
3) Pro forma nettó vaxtaberandi skuldir að teknu tilliti til söluandvirðis útboðs, 105 m. EUR
4) Aðrar eignir samanstanda af eignarhlutum í hlutdeildarfélögum og eignarhlutum í öðrum félögum, að frádreginni hlutdeild minnihluta
5) Pro forma EV / EBITDA 12,4x byggir á fullri kostnaðarsamlegð, að fjárhæð 5,1 m. EUR, fyrir innleiðingarkostnað

Verðlagning Bláa Lónsins í útboði er lægri en meðaltal samanburðarfélaga

Áætlaður margfaldari sameinaðs félags við lágmarksverð í útboði er 12,8x EV/EBITDA 2027Á

EV / EBITDA 2027Á



SAMANBURÐARFÉLÖG

15,8x Meðaltal allra samanburðarfélaga

Öll níu samanburðarfélögin: Samþættir áfangastaðir, félög í upplifunar- og áfangastaðarekstri og hótelrekstri.

18,9x Meðaltal samþættra áfangastaða

Pursuit, Oriental Land og Vinpearl: Samþættir áfangastaðir sem sameina afþreyingu, gistingu og fasteignir og eru því sambærilegustu félögin við Bláa Lónið.

12,8x Ásamt Arctic Adventures[1]

Áætlaður margfaldari sameinaðs félags árið 2027. Margfaldarinn er 6,1 undir meðaltali samþættra áfangastaða og 3,0 undir 15,8x meðaltali allra níu samanburðarfélaga.

Heimild: FactSet 3. nóvember 2026

1) Pro forma EBITDA árið 2027 að meðtalinni 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)



BLÁA LÓNIÐ

Fyrirvari (1/2)

- Fjárfestakynning þessi (hér eftir „kynningin“) hefur verið útbúin af Landsbankanum hf. (hér eftir „Landsbankinn“), Fossum fjárfestingarbanka hf. (hér eftir „Fossar“) og Bláa Lóninu hf. (hér eftir „félagið“ eða „Bláa Lónið“) í tengslum við fyrirhugaða skráningu Bláa Lónsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Hún er eingöngu ætluð til upplýsinga í tengslum við hlutafjárútboð félagsins (hér eftir „útboðið“). Landsbankinn og Fossar eru ráðgjafar félagsins (sameiginlega eru Landsbankinn og Fossar nefndir „ráðgjafarnir“). Félagið og ráðgjafarnir skulu einir hafa heimild til að veita upplýsingar um fjárfestakynningu þessa. Ráðgjafarnir bera ekki neina ábyrgð á upplýsingum sem þriðji aðili veitir.
- Fjárfestakynning þessi hefur eingöngu upplýsingagildi og felur á engan hátt í sér og skal ekki teljast vera tilboð eða ráðlegging um kaup eða sölu verðbréfa félagsins í neinni lögsögu. Fjárfestar sem vilja taka þátt í útboðinu skuldbinda sig til að lesa samantektina, útgefandalýsinguna og verðbréfalýsinguna, sem er samin af félaginu og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir sameiginlega nefnd „lýsingin“), og önnur gögn sem gefin eru út í tengslum við lýsinguna og sem innihalda upplýsingar um skilmála útboðsins. Hvers konar ákvörðun um að skrá sig fyrir eða kaupa hlutabréf í hvaða útboði sem er skal eingöngu byggja á upplýsingum í lýsingunni eða öðrum lykilupplýsingum sem gefnar eru út af félaginu.
- Upplýsingar í fjárfestakynningunni skulu ekki skoðaðar sem ráðgjöf af neinu tagi, svo sem, en ekki einskorðað við, viðskipta- eða fjármálaráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, skattaráðgjöf eða tæknileg ráðgjöf. Viðtakandi samþykkir með móttöku fjárfestakynningarinnar að hann einn beri ábyrgð á að framkvæma eigin rannsókn og greiningu á félaginu og viðeigandi mörkuðum, ásamt því að mynda sér sjálfstæða skoðun á þeim upplýsingum sem snerta framtíðarafkomu félagsins, ásamt núverandi og framtíðar fjárhagsstöðu þess. Ákvörðun um þátttöku í útboðinu byggir því eingöngu á skoðun viðtakanda á félaginu.
- Kynning þessi er byggð á upplýsingum frá félaginu, eigendum þess, utanaðkomandi aðilum og opinberum upplýsingum þar sem það á við. Ráðgjafarnir hafa ekki staðreynt eða lagt mat á réttmæti þessara upplýsinga með sjálfstæðum könnunum. Landsbankinn og Fossar (ásamt öllum félögum innan sömu samstæðu og starfsmönnum hvors félags um sig) geta því ekki ábyrgst að upplýsingar í þessari kynningu séu réttar og/eða að ályktanir sem dregnar eru af slíkum upplýsingum séu réttar. Slík ábyrgð er þannig hér með undanskilin. Samkvæmt bestu vitund ráðgjafanna eru upplýsingarnar í fjárfestakynningu þessari í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við þær staðreyndir sem kunnar eru á útgáfudegi.
- Ráðgjafarnir eru því með engum hætti ábyrgir fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, sem tengist fjárfestakynningunni, innihaldi hennar eða útboðinu, þar með talið en ekki takmarkað við villur, ónákvæmni, yfirsjónir eða misvísandi upplýsingar í fjárfestakynningunni. Þá eru ráðgjafarnir ekki á neinn hátt skaðabótaskyldir vegna tjóns sem hlýst af beinni eða óbeinni notkun á fjárfestakynningunni eða vegna útboðsins.
- Ráðgjöfunum ber hvorki skylda til að meta né hafa þeir metið hvort þátttaka í útboði á hlutum í félaginu og fjárfesting í hlutabréfum sé viðeigandi fyrir viðtakanda eða tryggja vernd skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.
- Fjárfestakynning þessi inniheldur staðhæfingar um framtíðarhorfur félagsins, atvinnugreinarinnar og hagkerfis heimsins (slíkar framtíðarhorfur má greina á því að hugtökin og orðræðan um félagið vísa þá til framtíðar, svo sem „búist er við“, „áætlanir“, „mat“, „spá“ eða annað sambærilegt orðalag). Ekki er hægt að ábyrgjast á nokkurn hátt að fyrirætlanir eða spár í fjárfestakynningunni gangi eftir. Hvers konar yfirlýsingar í fjárfestakynningu þessari sem vísa til áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi í framtíðinni eru lýsingar á framtíðarhorfum og háðar ýmsum óvissu- og áhættuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg útkoma verði í veigamiklum atriðum mjög ólík þeirri þróun sem búist var við. Því er varað við því að reiða sig um of á framtíðarhorfur og áætlanir og þær ætti á engan hátt að skoða sem loforð um árangur. Ráðgjafarnir eru ekki á neinn hátt skuldbundnir til að uppfæra fjárfestakynninguna, þar með talið framtíðarhorfur, eða til að uppfæra framtíðarhorfur í samræmi við raunverulegan árangur.

Fyrirvari (2/2)

- Samkeppniseftirlitið hefur heimilað kaup félagsins á öllu hlutafé í Arctic Adventures hf. án skilyrða og hefur öllum fyrirvörum kaupsamningsins verið aflétt, en uppgjöri og afhendingu hlutanna er ekki lokið. Kaup félagsins á viðbótarhlutum í Norðurböðum hf. og Sjóböðunum ehf. eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins, sem liggur ekki fyrir. Upplýsingar í kynningu þessari um samstæðu félagsins að kaupunum í Norðurböðum hf. og Sjóböðunum ehf. loknum eru settar fram til skýringar og fela ekki í sér tryggingu fyrir því að kaupin nái fram að ganga eða verði ekki háð skilyrðum.
- Upplýsingar sem koma fram í þessari kynningu eru almenns eðlis og taka ekki mið af fjárhagsstöðu, fjárfestingaráformum eða sérstökum þörfum viðtakanda. Móttaka hennar skal ekki vera talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu ráðgjafanna. Fjárfestar skulu greina og leggja eigið mat á fjárfestinguna og eru hvattir til að setja fram eigin áætlanir á grundvelli þeirra greininga. Kynningu þessa má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri félagsins eða um ávöxtun fjármuna af hálfu félagsins, ráðgjafanna eða annarra aðila. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.
- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans er hluti af samstæðu Landsbankans hf., sem á meðal annars í viðskiptum á sviði lánastarfsemi, verðbréfamiðlunar, eignastýringar og ráðgjafar. Aðilar innan hverrar starfseiningar starfa sjálfstætt og aðskilnaður er á milli starfssviða, bæði í húsnæði og kerfislega. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, aðrar starfseiningar innan samstæðu Landsbankans hf., eða aðilar þeim tengdir, kunna að hafa hagsmuni eða skyldur við aðra hagaðila sem tengjast félaginu eða verkefninu. Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra innan bankans er meðal annars fullur aðskilnaður milli starfssviða til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaflæði milli starfsmanna og koma þannig í veg fyrir að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra deilda. Þá starfa deildir bankans eftir verklagi og reglum bankans sem miða að því að komið sé í veg fyrir eða takmarka hagsmunaárekstra.
- Fyrirtækjaráðgjöf Fossa er hluti af samstæðu Skaga hf., sem á meðal annars í viðskiptum á sviði verðbréfamiðlunar, lánastarfsemi, eignastýringar, sjóðastýringar og vátrygginga. Félög eða einstakar starfseiningar innan samstæðunnar starfa sjálfstætt og aðskilnaður er á milli starfssviða, bæði í húsnæði og kerfislega. Fyrirtækjaráðgjöf Fossa, aðrar starfseiningar innan samstæðu Skaga hf., eða aðilar þeim tengdir, kunna að hafa hagsmuni eða skyldur við aðra hagaðila sem tengjast félaginu eða verkefninu. Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra innan samstæðunnar er meðal annars fullur aðskilnaður milli starfssviða til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaflæði milli starfsmanna og koma þannig í veg fyrir að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra deilda. Þá starfa deildir samstæðunnar eftir verklagi og reglum samstæðunnar sem miða að því að komið sé í veg fyrir eða takmarka hagsmunaárekstra.
- Útboðið er áætlað sem opið hlutafjárútboð og verður lýsing félagsins einungis gefin út á Íslandi og í samræmi við íslensk lög. Dreifing á kynningu þessari og útboðið, þar með talið áskrift eða kaup á hlutum í félaginu, er takmörkuð í ákveðnum lögsögum. Kynning þessi er ekki tilboð um eða hvatning til áskriftar eða kaupa á hlutum í félaginu í neinni lögsögu þar sem slíkt tilboð eða sala væri ólögleg. Af því leiðir að ekki má dreifa kynningu þessari né hvers konar auglýsingum eða útboðsgögnum í neinni lögsögu, nema þegar kringumstæður eru í samræmi við öll viðeigandi lög og reglur.
- Athygli er sérstaklega vakin á þeim áhættuþáttum sem tengjast félaginu og útboðinu sem fjallað er um í lýsingunni. Athugið að raungerist einn eða fleiri áhættuþættir, eða ef forsendur bregðast, getur raunverulegur árangur og framtíðarþróun félagsins verið mjög ólík því sem lýst er í fjárfestakynningu þessari í veigamiklum atriðum.
- Fjárfesting í fjármálagerningum felur í sér margvíslega áhættuþætti. Fjárfestum er bent á að kynna sér upplýsingar um áhættu í tengslum við fjármálagerninga áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í fjármálagerningum. Samantekt á fjármálagerningum og áhættu má finna á vefsíðum ráðgjafanna: https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/reglur-og-skilmalar og https://fossar.is/fyrirtaekid/reglur-stefnur-og-skilmalar.
- Um kynningu þessa gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur vegna kynningarinnar skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Viðauki



Áhættuþættir

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel helstu áhættuþætti Bláa Lónsins sem finna má í útgefandalýsingu félagsins

ÁHÆTTA TENGD EFNAHAGSUMHVERFI

- Félagið reiðir sig að miklu leyti á erlenda ferðamenn. Almennar efnahagsaðstæður á Íslandi og helstu markaðssvæðum geta haft áhrif á rekstur félagsins.
- Hægari hagvöxtur, lækkun kaupmáttar, hækkun ferðakostnaðar eða óhagstæð gengisþróun geta dregið úr fjölda ferðamanna og eftirspurn eftir þjónustu félagsins.

REKSTRARÁHÆTTA

- Stór hluti kjarnastarfsemi félagsins er í Svartsengi, þar sem eldvirkni og önnur óviðráðanleg ytri atvik geta raskað starfsemi eða takmarkað aðgengi.
- Rekstur félagsins byggist á reynslu og þekkingu lykilstarfsmanna og annars starfsfólks. Vinnudeilur, bilanir eða öryggisbrestir í upplýsingakerfum geta haft neikvæð áhrif á reksturinn.

MARKAÐS-, ATVINNUGREINA- OG ORÐSPORSÁHÆTTA

- Aðgengi að Íslandi er háð flugsamgöngum og öðrum samgöngum og mikil samkeppni ríkir í ferðaþjónustu, vellíðunarþjónustu, hótelrekstri og sölu húðvara.
- Vörumerki Bláa Lónsins er lykileign félagsins; neikvæð umfjöllun, misbrestir í þjónustu eða minni ánægja gesta geta dregið úr eftirspurn.

LAGA-, LEYFIS- OG REGLUÁHÆTTA

- Starfsemi félagsins lýtur fjölda laga, reglna og leyfa. Breyttar kröfur, eða takist félaginu ekki að afla eða viðhalda nauðsynlegum leyfum, geta haft neikvæð áhrif á reksturinn.
- Nýjar eða breyttar kröfur á sviði umhverfis- og loftslagsmála kunna að leiða til aukins kostnaðar, fjárfestingarþarfar eða takmarkana á starfsemi.


FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA

- Verðlagning er að grunni til í íslenskum krónum en uppgjörsmynt og stærsti hluti langtímaskulda félagsins er í evrum, sem skapar gjaldmiðlaáhættu. Langtímaskuldir bera jafnframt breytilega vexti.
- Innlend verðbólga getur aukið rekstrarkostnað og ekki er tryggt að félagið geti aflað fjármögnunar eða endurfjármagnað skuldir á ásættanlegum kjörum.

EIGNARHALD OG FYRIRHUGUÐ KAUP

- Samþjappað eignarhald og takmörkuð dreifing hlutafjár geta haft neikvæð áhrif á seljanleika og verðmyndun hlutabréfa eftir skráningu.
- Aukning á eignarhlut í hlutdeildarfélögum er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Áhætta vegna samþættingar og ófyrirséðra skuldbindinga getur dregið úr væntum ávinningi kaupanna.

Samstæða Bláa Lónsins



Miðað við 29. október 2026
1) Áætlað að ljúka kaupunum í nóvember 2026

Hluthafar Bláa Lónsins fyrir og eftir kaup á Arctic Adventures

Hluthafar Bláa Lónsins fyrir kaup á Arctic Adventures

10 STÆRSTU HLUTHAFAR	FJÖLDI HLUTA (m)	%
Kólfur ehf.	217,4	24,9%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	92,0	10,5%
Gildi-lífeyrissjóður	88,9	10,2%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	49,4	5,7%
Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður	39,9	4,6%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	38,9	4,4%
Stoðir hf.	37,5	4,3%
M4 ehf.	34,4	3,9%
Festa lífeyrissjóður	33,9	3,9%
Birta lífeyrissjóður	28,0	3,2%
Aðrir hluthafar	214,2	24,5%
Eigin bréf	0,1	0,0%
Samtals	874,8	100,0%

Pro forma hluthafar Bláa Lónsins eftir kaup á Arctic Adventures[1]

10 STÆRSTU HLUTHAFAR	FJÖLDI HLUTA (m)	%
Kólfur ehf.	217,4	19,4%
Stoðir hf.	139,9	12,5%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	92,0	8,2%
Gildi-lífeyrissjóður	88,9	7,9%
Landsbréf-Icelandic Tourism Fund I slhf.	50,3	4,5%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	49,4	4,4%
Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður	39,9	3,6%
FREYJA framtakssjóður slhf.	39,2	3,5%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	38,9	3,5%
M4 ehf.	34,4	3,1%
Aðrir hluthafar	330,7	29,5%
Eigin bréf	0,1	0,0%
Samtals	1.121,2	100,0%

Miðað við 29. október 2026


1) Pro forma miðað við útgáfu 246.443.576 gagngjaldshluta vegna kaupa á Arctic Adventures. Áhrif hlutafjárútboðs og annarra fyrirhugaðra viðskipta eru undanskilin

Heildarfjöldi hluta eftir útboð og að loknum fyrirhuguðum viðskiptum[1]

Hlutafjárútboð, kaup á Arctic Adventures og fyrirhuguð viðskipti með hlutdeildarfélög auka útistandandi hluti úr 875 milljónum í 1.296 milljónir

Fjöldi hluta

Milljónir hluta



1) Viðskipti með aukinn eignarhlut í hlutdeildarfélögum eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins

Sjálfbærni er samofin allri þróun og uppbyggingu félagsins

Jarðhitaauðlindin sem knýr starfsemina er jafnframt undirstaða vöruframboðs félagsins og vottanir þess eru staðfestar af óháðum aðilum

UMHVERFI

- Nýting jarðhitaauðlinda með sjálfbærni til langs tíma að leiðarljósi
- Skilvirk nýting vatns og orku í allri starfsemi
- Áframhaldandi fjárfesting í umhverfisinnviðum og auðlindastýringu
- Hringrásarnýting jarðhitaaukaafurða og tækifæri til frekari verðmætasköpunar

FÓLK OG SAMFÉLAG

- Umtalsvert framlag til íslenskrar ferðaþjónustu og verðmætasköpunar
- Vönduð störf og tækifæri til starfsþróunar um alla samstæðuna
- Vellíðan og öryggi gesta ásamt háum þjónustuviðmiðum að leiðarljósi í daglegum rekstri
- Virkt samstarf við nærsamfélög og hagaðila um land allt

STJÓRNARHÆTTIR OG NÝSKÖPUN

- Langtímasýn eigenda styður við markvissa og agaða fjárfestingu
- Samræmdir gæða-, öryggis- og rekstrarstaðlar á öllum starfsstöðvum
- Vísindi, rannsóknir og þróun leggja grunn að vöruþróun og nýsköpun
- Sérþekking og hugverkaréttindi skapa tækifæri umfram kjarnastarfsemi baðlónsins

VOTTANIR

- ISO 9001: Gæðastjórnunarkerfi
- ISO 14001: Umhverfisstjórnunarkerfi
- ISO 45001: Stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað
- ÍST 85:2012: Jafnlaunakerfi

Viðnámsþróttur í gegnum tímabil jarðhræringa

Tekist hefur að draga verulega úr rekstrarlegum og fjárhagslegum áhrifum eldsumbrota

Innviðir

Innviðir hannaðir til að vernda reksturinn

Varnargarðar sem hafa sannað gildi sitt verja meginstarfssvæði félagsins og ný gestabílastæði hafa verið færð inn fyrir þá. Helstu fasteignir og búnaður eru tryggð fyrir um 180 m. EUR

Verklag

Skýrt verklag styður við skjóta og örugga enduropnun

Stöðug vöktun, ítarlegt áhættumat, reglulegar rýmingaræfingar og náið samráð við yfirvöld stuðla að öruggum rekstri og verulega styttri lokunum

Skilvirkni

Árangur við að takmarka rekstraráhrif

Þrátt fyrir tvö eldgos á árinu var starfsemin í Svartsengi aðeins lokuð í tvo daga árið 2025, samanborið við 76 daga árið 2024. Það sýnir verulega aukinn viðnámsþrótt rekstrarins

2023
Fyrstu áhrif

49 lokunardagar
Fyrsta langvarandi lokun í kjölfar jarðskjálfta í nóvember og eldgoss í desember. Engar skemmdir á mannvirkjum Bláa Lónsins

2024
Mesta álagsprófið

76 lokunardagar (6 eldgos)
Varnargarðar vernduðu meginstarfssvæðið og endurteknar rýmingar gengu greiðlega á um 40 mínútum

2025
Rekstrarsamfella sönnuð

2 lokunardagar (2 eldgos)
Mettekjur, 156 m. EUR, og EBITDA 29 m. EUR


Staðan í dag
Viðvarandi stöðugleiki í rekstri

Yfir 14 mánuðir án eldgoss
Hefðbundinn rekstur heldur áfram undir stöðugri vöktun og samkvæmt viðbragðsáætlunum

EBITDA Bláa Lónsins er háð árstíðasveiflum

Stærstur hluti af EBITDA ársins myndast á síðari árshelmingi

Pro forma mánaðarleg EBITDA Bláa Lónsins og Arctic Adventures 2026[1]



1) EBITDA Bláa Lónsins með Arctic Adventures án einskiptiskostnaðar og samlegðar

Áætlað er að EBITDA nemi 72 m. EUR árið 2027, með vexti í öllum helstu tekjustraumum, hagræðingu og framlagi Arctic Adventures

Tekjuvöxtur Bláa Lónsins er einkum drifinn áfram af baðlónastarfsemi, þar sem Fontana skilar heilsársframlagi, samhliða vexti í hótelrekstri, smásölu og veitingarekstri.

Áætlað er að greiðandi gestum Bláa Lónsins fjölgi um 4% og verðlagning verði aðlöguð að samkeppnisaðilum, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar hækkunar virðisaukaskatts. Skin Science mun halda áfram vöruþróun með kynningu á tveimur nýjum vörum og frekari markaðssókn erlendis.


Kostnaðarhagræðingu Bláa Lónsins má rekja til hagkvæmari húsnæðisnotkunar, aukinnar útvistunar verkefna og aukins aðhalds í rekstrarkostnaði.

Heilsársáhrif endurskipulagningar í höfuðstöðvum Bláa Lónsins, sem kom til framkvæmda í maí 2026, styðja enn frekar við bætta arðsemi.

Áhrif kaupa á Arctic Adventures á EBITDA félagsins árið 2027 eru áætluð 23 m. EUR.[2]

EBITDA brú fyrir 2027Á[1,2]

EBITDA, m. EUR



1) EBITDA-spá Bláa Lónsins 2026 er án einskiptiskostnaðar. Áætlanir fyrir 2026 og 2027 eru settar fram innan þeirra bila sem lýst er í kafla 5.6 í útgefandalýsingu
2) Að meðtalinni 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)

Óendurskoðaður pro forma efnahagsreikningur með Arctic Adventures, 30.09.2026

Eignir, m. EUR	30.09.2026
Óefnislegar eignir	179,4
Rekstrarfjármunir	403,6
Þróunareignir	71,6
Leigueignir	26,0
Skatteign	0,1
Aðrar eignir	23,6
Fastafjármunir	**704,3**
Birgðir	8,1
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	12,4
Fjárfestingar á gangvirði	0,3
Handbært fé	33,5
Veltufjármunir	**54,3**
Eignir samtals	**758,6**

Eigið fé og skuldir, m. EUR	30.09.2026
Eigið fé	**403,8**
Vaxtaberandi skuldir	176,6
Framkvæmdafjármögnun	44,7
Tekjuskattsskuldbinding	40,9
Leiguskuldir	23,1
Langtímaskuldir	**285,3**
Næsta árs afborgun af framkvæmdafjármögnun	13,4
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	8,4
Næsta árs afborgun leiguskulda	5,6
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	29,9
Fyrirframinnheimtar tekjur	12,2
Skammtímaskuldir	**69,5**
Skuldir samtals	**354,8**
Eigið fé og skuldir samtals	**758,6**

Pro forma efnahagsreikningur 30. september 2026; upplýsingar Arctic Adventures eru ókannaðar og kaupverðsútdeiling er bráðabirgða

Óendurskoðaður efnahagsreikningur Bláa Lónsins, 30.09.2026

Eignir, m. EUR	30.09.2026
Óefnislegar eignir	20,8
Rekstrarfjármunir	348,7
Þróunareignir	71,6
Leigueignir	10,4
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11,9
Eignarhlutir í öðrum félögum	0,2
Fastafjármunir	**463,6**
Birgðir	8,1
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	6,7
Fjárfestingar á gangvirði	0,3
Handbært fé	25,7
Veltufjármunir	**40,9**
Eignir samtals	**504,5**

Eigið fé og skuldir, m. EUR	30.09.2026
Hlutafé	6,1
Bundið eigið fé	146,2
Óráðstafað eigið fé	79,7
Eigið fé hluthafa móðurfélags	**232,0**
Hlutdeild minnihluta	0,8
Eigið fé samtals	**232,8**
Vaxtaberandi skuldir	129,9
Framkvæmdafjármögnun	44,7
Tekjuskattsskuldbinding	36,6
Leiguskuldir	9,3
Langtímaskuldir	**220,5**
Næsta árs afborgun af framkvæmdafjármögnun	13,4
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda	8,3
Næsta árs afborganir leiguskulda	2,7
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	19,7
Fyrirframinnheimtar tekjur	6,4
Tekjuskattur til greiðslu	0,5
Skammtímaskuldir	**51,2**
Skuldir samtals	**271,7**
Eigið fé og skuldir samtals	**504,5**

Samanburðarfélög – Bláa Lónið miðað við 95 kr. á hlut

Ekkert félag er að fullu sambærilegt Bláa Lóninu. Val samanburðarfélaga endurspeglar sérstöðu þess, þar sem rekstur eftirsóttra áfangastaða, gisting og veitingar fara saman við umfangsmikla rekstrarfjármuni. Sérstök áhersla er lögð á félög sem hafa markað sér stöðu sem vaxtarfélög

m. EUR	Samanburðargrundvöllur	Markaðsvirði eiginfjár	Rekstrarvirði (EV)	EV / EBITDA 2026	EV / EBITDA 2027	Tekjuvöxtur 2Y CAGR	Tekjuvöxtur 2Y CAGR (áætlun)
Pursuit Attractions and Hospitality	Samþættur áfangastaður	1.366	1.640	13,7x	12,9x	11%	6%
Oriental Land Co.	Samþættur áfangastaður	32.301	30.798	21,4x	19,7x	1%	6%
Tivoli A/S[1]	Samþættur áfangastaður	465	504	14,5x	NA	5%	NA
Societe Anonyme des Bains de Mer et du Cercle des Etrangers a Monaco[1]	Samþættur áfangastaður	3.604	3.531	20,7x	NA	12%	NA
Vinpearl Joint Stock Company	Samþættur áfangastaður	5.865	5.911	23,7x	24,1x	(0%)	32%
Bergbahnen Engelberg Truebsee Titlis Bet	Upplifun / Áfangastaður	179	259	9,7x	8,0x	7%	11%
Jungfraubahn Holding	Upplifun / Áfangastaður	1.599	1.548	11,2x	10,4x	7%	10%
Hyatt Hotels Corporation	Hótel / Gisting	16.129	19.687	18,7x	16,7x	1%	4%
Hilton Worldwide Holdings	Hótel / Gisting	73.522	84.580	23,2x	21,2x	6%	9%
Marriott International	Hótel / Gisting	97.547	111.590	20,6x	19,2x	3%	7%
Vail Resorts	Lúxusgisting / Áfangastaður	4.938	7.736	10,6x	10,0x	(4%)	7%
Meðaltal		**21.592**	**24.344**	**17,1x**	**15,8x**	**4%**	**10%**
Miðgildi		**4.938**	**5.911**	**18,7x**	**16,7x**	**5%**	**7%**
Meðaltal samþættra áfangastaða[2]		**8.720**	**8.477**	**18,8x**	**18,9x**	**6%**	**14%**
Miðgildi samþættra áfangastaða[2]		**3.604**	**3.531**	**20,7x**	**19,7x**	**5%**	**6%**
Bláa Lónið		**887[3]**	**926**	**16,0x[4]**	**12,8x[5]**	**6%**	**36%**

Heimild: FactSet – 3. nóvember 2026

1) Síðustu 12 mánuðir fyrir Tivoli og SBM
2) Samanburðarfélög með aðgangseyri, hótel og veitingastaði í hæsta gæðaflokki á einum og sama þekkta áfangastaðnum
3) Samanlagt eiginfjárvirði Bláa Lónsins miðað við 95 kr. á hlut, Arctic Adventures og 150 milljónum nýrra hluta sem gefnir eru út á 95 kr. á hlut
4) Pro forma EBITDA árið 2026 án kostnaðarsamlegðar og einskiptiskostnaðar
5) Pro forma EBITDA árið 2027 að meðtalinni 2,6 m. EUR kostnaðarsamlegð, fyrir innleiðingarkostnað. Full árleg kostnaðarsamlegð er metin 5,1 m. EUR og áætlað að hún náist á þriðja ári (árið 2029)

Samanburðarfélög – Blue Lagoon Skin Science

Þau samanburðarfélög sem vaxa hraðast eru jafnan metin á hærri kennitölum en samanburðarhópurinn í heild

m. EUR	Markaðsvirði eiginfjár	Rekstrarvirði (EV)	EV / Sala 2026	EV / Sala 2027	Tekjuvöxtur 2Y CAGR	Tekjuvöxtur 2Y CAGR (áætlun)
L'Oréal SA	230.180	226.380	4,8x	4,4x	3%	8%
Galderma Group AG	48.902	50.462	8,7x	7,3x	9%	22%
Estée Lauder Companies Inc.[1]	34.111	38.506	2,7x	2,6x	(9%)	7%
Beiersdorf AG	17.915	15.390	1,6x	1,6x	2%	0%
Puig Brands S.A.	10.973	11.734	2,2x	2,0x	8%	8%
Shiseido Company Limited	8.619	9.340	1,6x	1,6x	(6%)	1%
E.l.f. Beauty Inc.[2]	5.833	6.454	3,7x	3,3x	46%	17%
Amorepacific Corporation	5.327	4.799	1,5x	1,4x	(2%)	15%
Interparfums Inc.	3.350	3.486	2,6x	2,4x	2%	4%
Coty Inc.[1]	2.737	5.732	1,1x	1,2x	(1%)	(3%)
KOSÉ Holdings Corporation	1.936	1.636	0,8x	0,8x	(1%)	1%
Pola Orbis Holdings Inc	1.770	1.445	1,5x	1,5x	(7%)	(1%)
Meðaltal	**30.971**	**31.280**	**2,7x**	**2,5x**	**4%**	**7%**
Miðgildi	**7.226**	**7.897**	**1,9x**	**1,8x**	**1%**	**5%**
Blue Lagoon Skin Science					**63%**	**9%**

Heimild: FactSet – 3. nóvember 2026
1) Fjárhagsár endar 30. júní
2) Fjárhagsár endar 31. mars

Takk fyrir



BLÁA LÓNIÐ

Undirritunarsíða

F.h. Bláa Lónsins hf.
Grímur Karl Sæmundsen

Undirritað af:
Grímur Karl Sæmundsen
0402553979
Dags: 05.11.2026
Tími: 20:29:43
Ástæða: 2026
Útgefandalýsing Bláa Lónsins
Signet ID: 690998a1-37ec-4c80-8ba1-073932120c7a

F.h. Bláa Lónsins hf.
Sigríður Margrét Oddsdóttir

Undirritað af:
Sigríður Margrét Oddsdóttir
0605763359
Dags: 05.11.2026
Tími: 19:29:07
Ástæða: 2026
Útgefandalýsing Bláa Lónsins
Signet ID: 690998a1-37ec-4c80-8ba1-

F.h. Arctic Adventures hf., sbr. kafla 4.14 Yfi... [1)]
Jóhann Ásgeir Baldurs

Undirritað af:
Jóhann Ásgeir Baldurs
1711725439
Dags: 05.11.2026
Tími: 20:43:09
Ástæða: 2026
Útgefandalýsing Bláa Lónsins
Signet ID: 690998a1-37ec-4c80-8ba1-073932120c7a

Undirritun vegna pro forma yfirlýsingar f.h. ... [2)]
Ólafur Már Ólafsson

Undirritað af:
Ólafur Már Ólafsson
0903683469
Dags: 05.11.2026
Tími: 19:40:36
Ástæða: 2026
Útgefandalýsing Bláa Lónsins
Signet ID: 690998a1-37ec-4c80-8ba1-073932120c7a

1) F.h. Arctic Adventures hf., sbr. kafla 4.14 Yfirlýsing Arctic Adventures
2) Undirritun vegna pro forma yfirlýsingar f.h. KPMG